KONUR ÁHRIFAVALDAR
Björn Hlynur Haraldsson ólst upp meðal kvenna og skrifar undir handleiðslu konu
Viðtal **30**

HROTTAR Í HEIMI HINNA RÍKU
FÓLK **48**

Mín Borg
ferðablað Icelandair fylgir með Fréttablaðinu í dag.
GEYMIÐ BLAÐIÐ
ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

HELGARÚTGÁFA

28. mars 2009 — 76. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

ÞRIÐJA GRÁÐAN 52

Fegurðardrottning og fiðluleikari

HELGAREFNI 34

Þegar þjóðin lætur plata sig

HELGAREFNI 36

Ódæði þýskra hryðjuverka-samtaka

TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG

NYTSAMAR FERMINGARGJAFIR

LED borðlampi, **kr 5990**

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

Opið laugardag frá kl. 11-16

SVIPTINGAR Á SVIÐI STJÓRNMÁLANNA Ingibjörg Sólrún Gísladóttir flutti lokaræðu sína sem formaður Samfylkingarinnar þegar landsfundur flokksins var settur í Smáranum í Kópavogi í gær. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra klappaði Ingibjörgu lof í lófa að ræðu lokinni ásamt öðrum fundargestum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Áfram gjaldeyrishöft þó að vextirnir lækki

Seðlabankastjóri segir ljóst að ekki fari saman afnám gjaldeyrishafta og lækkun vaxta. Aðsteðjandi vandi er brýnastur, segir Svein Harald Øygard. Skrefin séu þau sömu hver sem gjaldmiðillinn er. Bankaþrot séu fram komin að mestu.

EFNAHAGSMÁL Mat seðlabankastjóra er að ekki sé hægt að gera hvort tveggja í einu, lækka stýrivexti og afnema gjaldeyrishöft.

„Gjaldeyrishöftin eru nokkurs konar stífla sem hindrar flæði gjaldeyris úr landi, þótt mikilvægt sé að koma þar á nokkrum sveigjanleika. Hátt vaxtastig, þrátt fyrir að vera óheppilegt fyrir efnahagslífið, stuðlar að stöðugleika. Ef bæði eru lækkaðir vextir og stíflan losuð, þá gætu afleiðingarnar orðið alvarlegar," segir Svein Harald Øygard seðlabankastjóri í viðtali við Fréttablaðið í dag.

Svein Harald segist þó hafa á því fullan skilning að margir vildu sjá hér hraðari breytingar og útilokar ekki að það geti orðið.

Sömuleiðis er það mat Sveins Haralds að taka þurfi á aðsteðjandi vanda áður en sjónum sé beint að krónunni. Hann leggur jafnframt áherslu á að ákvarðanir hvað varði framtíðarskipan peningamála hér séu á forræði stjórnmálanna. „Sama hver gjaldmiðillinn er þá þarf að sinna grundvallarþáttum hagstjórnarinnar, vinna að auknum stöðugleika, minni verðbólgu og skýrri sýn á ríkisfjármálin."

SPRON og Sparisjóðabankinn hafi verið teknir yfir af illri nauðsyn, að mati seðlabankastjórans. Eiginfjárstaða þeirra hafi verið óviðunandi í að minnsta kosti hálft ár. Sviptingar meðal fjármálafyrirtækja séu fram komnar að mestu.

Fram kemur í viðtalinu að Svein Harald sé störfum hlaðinn og megi hafa sig allan við í forgangsröðun. Hann hafi þó skráð sig í líkamsræktarstöð og ætli að hlaupa maraþon í haust. Fjölskylduna hefur hann bara séð einu sinni í þessum mánuði síðan hann tók við starfi seðlabankastjóra. - óká / sjá síðu 32

Miðborgarverðlaun ATCM: Reykjavík best

SVEITARSTJÓRNARMÁL Reykjavík hlaut í vikunni verðlaun alþjóðasamtakanna ATCM fyrir árangur við hreinsun og endurreisn miðborgarinnar á síðasta ári. ATCM eru alþjóðasamtök miðborgarstjórna 700 borga og aðila sem tengjast miðborgarrekstri. - jbg / sjá síðu 64



Skráning í sumarbúðir KFUM og KFUK hefst í dag kl. 12 á Holtavegi og í Sunnuhlíð á Akureyri

KFUM KFUK

Vatnaskógur - Vindáshlíð - Kaldársel - Hólavatn - Ölver

SPURNING DAGSINS

Sigurður, er ekki tímabært að breyta um nafn á skólanum?

„Nei, skólinn er alltaf ferskur.“

Sigurður Sævarsson er skólastjóri Nýja tónlistarskólans, sem fagnar þrjátíu ára afmæli sínu um þessar mundir.

Kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu:

Fimm nauðganir í rannsókn

LÖGREGLUMÁL Fimm nauðgunarmál eru nú til rannsóknar hjá kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þetta staðfestir Björgvin Björgvinsson, yfirmaður deildarinnar.

Þessar fimm nauðgunarkærur bárust allar fyrr í þessari viku. Nauðganirnar sem kærðar hafa verið áttu sér stað á höfuðborgarsvæðinu. Ýmist áttu þær sér stað í síðustu viku eða um helgina. Konurnar sem kærðu eru á aldrinum átján ára til fimmtugs.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins áttu nauðganirnar sér stað á veitingahúsum og í gleðskap í heimahúsum eftir veru á skemmtistöðum. Í fjórum tilvikum er einn gerandi kærður en í einu tilviki eru allt að fjórir kærðir. Þar er einnig um að ræða grun um misneytingu sem þýðir að til dæmis getur verið um að ræða ölvunarástand eða annmarka sem gera það að verkum að þolandi getur ekki spornað við verknaðinum.

Öll þessi nauðgunarmál eru enn á frumstigi hvað varðar rannsókn lögreglu á þeim. Í ljósi þess vildi yfirmaður kynferðisbrotadeildar ekki tjá sig um efnisleg atriði þeirra.

- jss

FÓRNARLAMB Kynferðisbrotadeild rannsakar nú fimm nauðgunarmál á höfuðborgarsvæðinu.

Kannabisræktun í Hafnarfirði:

Meintir ræktendur teknir

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði enn eina kannabisræktunina í umdæminu í gærdag. Hún var í Ásahverfi í Hafnarfirði.

Á fjórða hundrað plöntur reyndust vera þar inni, og voru þær allar á lokastigi ræktunar og nær tilbúnar til vinnslu.

Tveir karlmenn höfðu verið handteknir vegna rannsóknar málsins þegar blaðið fór í prentun í gærkvöldi. Þeir voru þá í yfirheyrslu hjá lögreglu. Ekki hafði verið tekin ákvörðun um hvort krafist yrði gæsluvarðhalds yfir þeim eða þeim sleppt að lokinni skýrslutöku.

- jss

Bæjarstjórnarforseti sem vék:

Vill snúa aftur í bæjarstjórnina

SVEITARSTJÓRNIR Kristján Sveinbjörnsson, sem í desember sagði af sér embætti forseta bæjarstjórnar Álftaness og dró sig í hlé sem bæjarfulltrúi Álftaneslistans hefur nú boðað endurkomu sína í bæjarstjórn. Þetta kemur fram í bréfi sem Kristján hefur sent bæjarfulltrúum. Kristján sagði af sér í kjölfar lögregluannsóknar sem leiddi í ljós að hann stóð á bak við nafnlausan óhróðurspóst sem birtist á vefsíðu sveitarfélagsins og fjallaði um eigendur lóðar framan við einbýlishús hans. Kristján segir í bréfinu að brotthvarf hans hafi ekki skapað frið í bæjarstjórninni eins og hann hafi vonast eftir.

- gar

Elsti íbúinn í Ölfusi fagnar:

Hundrað ára afmæli

FÓLK Mikil veisla verður í Ráðhúsinu í Þorlákshöfn í dag til heiðurs Margréti Ingibjörgu Halldórsdóttur sem varð eitt hundrað ára á miðvikudaginn. Að því er kemur fram á heimasíðu Ölfuss er hún elsti íbúi sveitarfélagsins. „Margrét er fædd að Litlu-Löndum í Vestmannaeyjum 25. mars 1909 en á heima á Mánabraut 16 Þorlákshöfn. Hún dvelur nú á Dvalarheimilinu að Blesastöðum. Margrét verður með afmælisveislu á laugardaginn í Ráðhúsinu í Þorlákshöfn og er vinum og vandamönnum boðið,“ segir á heimasíðu Ölfuss.

- gar

MARGRÉT INGIBJÖRG HALLDÓRSDÓTTIR

Einn hælisleitenda vill komast heim

Einn þeirra fimm hælisleitenda, sem átti að vísa til Grikklands í gær, vill fara heim til Albaníu, en óttast grísk yfirvöld. Hinir vilja ekki fara. Dómsmálaráðherra vill bíða upplýsinga um meðferð hælisleitenda í Grikklandi.

FLÓTTAMENN Einn hælisleitendanna fimm, sem átti að senda til Grikklands í gær, vill gjarnan komast heim til Albaníu í brúðkaup dóttur sinnar í júní, en vill ekki fara í gegnum Grikkland og ræða við þarlend yfirvöld. Hann óttist að þau hneppi hann í varðhald vegna þess að hann hafi verið ólöglegur innflytjandi þar. Maðurinn, sem vill ekki koma fram undir nafni, biður íslensk stjórnvöld að tryggja að hann verði ekki áreittur í Grikklandi, sendi þau hann þangað. Félagar hans vilja ekki fara til Grikklands, heldur vera hér.

Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra kom í fyrrakvöld í veg fyrir að hælisleitendurnir yrðu sendir burt. Ráðherra vill bíða upplýsinga um aðstæður hælisleitenda þar ytra, sem hafa verið gagnrýndar mjög, meðal annars af Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.

HAUKUR GUÐMUNDSSON

Mennirnir hafa verið á Íslandi síðan í fyrra. Tveir eru Írakar, tveir Afganar og einn frá Albaníu. Þá átti að senda aftur á grundvelli upprunareglu Dyflinnarsamkomulagsins.

Noordin Alazawi er nítján ára Íraki. Hann segir að honum hafi verið gert að yfirgefa Grikkland á sínum tíma.

„Ég á kærustu hér og ef ég má vera hér þá vil ég vera,“ segir hann. Noordin er ósáttur við aðferðir yfirvalda. Í marga mánuði hafi hann beðið í Reykjanesbæ eftir úrlausn sinna mála. Síðan hafi honum skyndilega verið tilkynnt af lögreglunni að hann þyrfti að fara.

„Pabbi minn var drepinn í Írak og hryðjuverkamenn þar ætluðu að drepa mig líka. Ég var að vinna í bandaríska sendiráðinu og þeir rændu mér og létu fjölskyldu mína borga mig úr haldi,“ segir hann. Hann hafi ekkert þangað að sækja lengur. Systkini hans og móðir séu nú flóttamenn í Belgíu og í Sýrlandi.

Haukur Guðmundsson, starfandi forstjóri Útlendingastofnunar, segir ákvörðun ráðherra eðlilega í því ljósi að í ráðuneytinu séu til meðferðar tvær kærur um að fólk hafi verið sent til Grikklands. Ráðuneytið vilji ljúka þeim málum, áður en fleiri verði sendir þangað.

Fyrir ári ráðlagði Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna Evrópusambandsríkjum að senda ekki hælisleitendur til Grikklands. Var þetta gert vegna bágra aðstæðna hælisleitenda þar í landi.

klemens@frettabladid.is, jse@frettabladid.is

NOORDIN ALAZAWI Segist eiga kærustu á Íslandi og vill ekki fara til Grikklands aftur. Fjölskylda hans sé sundruð um heiminn. Systir hans og móðir séu til dæmis í Sýrlandi, en bróðir hans í Belgíu.

MYND/KRISTJÁN CARLSSON GRÄNZ

MÓSAÍKTRÉ Fermingarbörn Hafnarfjarðarkirkju tóku þátt í gerð listaverksins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lífsins tré í Hafnarfirði:

Eitt blað á hvert fermingarbarn

MENNING Fermingarbörnin í Hafnarfjarðarkirkju hafa í vetur unnið að glæsilegu mósaíklistaverki með listakonunni Alice Olivia Clarke. Verkið heitir Lífsins tré en Alice hannaði verkið og bjó til stofn trésins og hvert fermingarbarn bjó til eitt laufblað á tréð.

Alice og börnin hafa staðið í ströngu við að klára verkið enda er fyrsta fermingin í kirkjunni á sunnudag.

Líkt og félagar þess í náttúrunni mun tréð vaxa og dafna en fermingarhópar næstu ára munu bæta laufblöðum á það.

- sg / sjá Heimili & hönnun

280.000 eldspýtna listaverk:

Eiffelturninn í Smáralind

LIST Fimm og hálfs metra há eftirlíking af Eiffelturninum í París, sem listamaðurinn Jón Guðmundsson smíðaði úr 280.000 eldspýtum, hefur verið sett upp í göngugötu Smáralindar og mun standa þar fram yfir páska hið minnsta.

Í tilkynningu frá Smáralind segir að það hafi tekið listamanninn fimm ár að setja turninn saman. Um mikla nákvæmnisvinnu sé að ræða, þar sem turninn sé í réttum hlutföllum við sjálfan Eiffelturninn í París.

- kg

HLUTHAFAFUNDUR
LANDIC PROPERTY HF.

Hluthafafundur Landic Property hf. verður haldinn í höfuðstöðvum félagsins, Kringlunni 4–12 í Reykjavík, laugardaginn 4. apríl 2009 nk. og hefst kl. 11.00.

Dagskrá:

- Stjórnarkjör
- Önnur mál

Stjórn Landic Property hf.

LANDIC PROPERTY

Nýjar niðurstöður starfshóps Seðlabankans um niðurfellingu íbúðalánaskulda:

Fjögurra milljóna niðurfelling dýrari

EFNAHAGSMÁL Flatar afskriftir skulda yrðu að vera bornar af ríkissjóði eða erlendum kröfuhöfum að fengnu samþykki þeirra. Þetta kemur fram í niðurstöðum starfshóps Seðlabankans um skuldir heimilanna, sem birtar voru í gær. Þá segir að fjárhagsstaða hins opinbera leyfi ekki svo mikla tilfærslu skulda yfir á hið opinbera, hvorki beint né í gegnum frekari endurfjármögnun bankakerfisins. Slíkar aðgerðir verður því að fjármagna að miklu leyti með skattahækkunum eða niðurskurði ríkisútgjalda.

Samkvæmt niðurstöðu hópsins yrði kostnaður við 20 prósenta flata niðurfellingu allra húsnæðisskulda um 285 milljarðar króna að meðtöldum lífeyrissjóðslánum. Kostnaður við fjögurra milljóna króna niðurfellingu húsnæðisskulda á hvert heimili yrði enn dýrari, eða um 320 milljarðar króna sé miðað við áttatíu þúsund heimili.

Starfshópurinn hefur haldið áfram að greina gögn um skuldir og eignir heimila síðan fyrstu bráðabirgðaniðurstöður voru birtar hinn 11. mars síðastliðinn.

Við greiningu á áhrifum ofannefndra tveggja aðferða við afskrift skulda var einungis skoðaður heildarkostnaður hverrar aðgerðar og hvernig afrakstur þeirra dreifist til ólíkra hópa út frá eiginfjárstöðu.

- kg

STARFSHÓPUR Starfshópur Seðlabankans um skuldir heimilanna kynnti nýjar niðurstöður sínar í gær.

Oft fylgir sími stóru eggi

GSM páskaegg er girnileg fermingargjöf

Í GSM páskaeggjunum frá Nóa Síríus leynist góð fermingargjöf. Flottur **Nokia 2630 Vodafone live!** sími með myndavél og útvarpi, ásamt málshætti og heilum hellingi af sælgæti.

Verð aðeins:

15.900 kr.

Ath. Takmarkað magn í boði

Tryggðu þér eintak í verslunum Vodafone. Gleðilega páska.

Lifðu núna

vodafone

Fíton/SÍA

GENGIÐ 27.03.2009

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	119,35	119,91
Sterlingspund	170,75	171,59
Evra	160,07	160,97
Dönsk króna	21,486	21,612
Norsk króna	18,180	18,288
Sænsk króna	14,758	14,844
Japanskt jen	1,2160	1,2232
SDR	178,78	179,84

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 194,9157

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

FIMM NÝIR MEÐ BÓKSTAF

A	Framfaraflokkurinn
B	Framsóknarflokkurinn
D	Sjálfstæðisflokkurinn
F	Frjálslyndi flokkurinn
L	Listi fullveldissinna
N	Samtök um réttlæti
O	Borgarahreyfingin
P	Lýðræðishreyfingin
S	Samfylkingin
V	Vinstri hr. - grænt framb.

Alþingiskosningarnar 25. apríl:

Tíu hafa fengið listabókstafi

STJÓRNSÝSLA Tíu hafa fengið listabókstaf vegna alþingiskosninganna 25. apríl. Auk þeirra fimm flokka sem nú eiga menn á þingi hafa fimm framboð fengið listabókstaf.

Frestur til að fá listabókstaf vegna framboðs í kosningunum rennur út 11. apríl. Dómsmálaráðuneytið fer með úthlutun listabókstafa eins og aðra umsýslu kosninganna. - bþs

Ítalskir feðgar handteknir:

Grunaðir um að nauðga dætrum sínum

ÍTALÍA Lögregla í borginni Tórínó á Norður-Ítalíu handtók í gær feðga, 63 og 40 ára gamla, vegna gruns um að þeir hafi nauðgað dætrum sínum. Ítalskir fjölmiðlar líkja málinu við mál hins austurríska Josefs Fritzl, sem hélt dóttur sinni fanginni í dýflissu í 24 ár og gat með henni sjö börn.

Á fréttavef BBC kemur fram að eldri maðurinn sé grunaður um að hafa haldið dóttur sinni fanginni í 25 ár og misnotað hana kynferðislega, auk þess að hvetja son sinn til að sýna af sér sömu hegðun gagnvart sinni eigin dóttur. Í ítölskum fjölmiðlum kemur fram að dóttir eldri mannsins sé nú 34 ára gömul og gangist undir sálfræðimeðferð vegna reynslu sinnar. - kg

Ríkisstjórnin samþykkti í gær vistvæna innkaupastefnu:

Vistvæn innkaup spara stórfé

UMHVERFISMÁL Ríkisstjórn Íslands undirritaði í gær nýja innkaupastefnu sem grundvallast á vistvænum innkaupum. Þau Kolbrún Halldórsdóttir umhverfisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra undirrituðu stefnuna á ráðstefnu um vistvæn innkaup sem haldin var í Reykjavík á fimmtudag og föstudag.

Um 240 gestir hvaðanæva að sóttu ráðstefnuna, en á henni var fullyrt að vistvæn innkaup gætu skapað hinu opinbera stórfé og dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda. Alþjóðasamtök sveitarstjórna um sjálfbærni, ICLEI, standa fyrir ráðstefnunni og Reykjavíkurborg hélt utan um hana fyrir þeirra hönd.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður umhverfis- og samgönguráðs, segir borgaryfirvöld hafa verið harðákveðin í því að standa við skuldbindingar sínar hvað ráðstefnuna varðar, þrátt fyrir efnahagsástandið. Það sýni mikilvægi þessa málaflokks hjá borgaryfirvöldum.

Þorbjörg segir mikla hugmyndavinnu hafa átt sér stað innan borgarinnar og í þeirri hagræðingarvinnu sem staðið hefur yfir hafi grænar áherslur verið áberandi. Starfsfólk hafi komið með sínar tillögur og oftar en ekki bent á grænar lausnir í sparnaðarskyni. „Þetta vakti mikla athygli hjá erlendu gestunum," segir Þorbjörg. - kóp

VISTVÆN INNKAUP Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra og Kolbrún Halldórsdóttir umhverfisráðherra undirrituðu samning um vistvæna innkaupastefnu í gær.

Fimmtugur maður dæmdur:

Var með barnaklám í tölvunni

DÓMSMÁL Fimmtugum karlmanni hefur verið gert að greiða 250 þúsund krónur í sekt vegna vörslu á barnaklámi í tölvu sinni.

Í ákæru var manninum gefið að sök kynferðisbrot með því að hafa haft í vörslu sinni á heimili sínu í Reykjavík, áttatíu ljósmyndir og áttatíu og átta hreyfimyndir á hörðum diski í Dell-turntölvu. Einnig fannst hjá manninum ein hreyfimynd á VHS-myndbandi. Allar sýndu þessar myndir börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Lögregla lagði hald á framangreinda muni á heimili mannsins 24. júní 2008. - jss

Skynjar áhuga ytra á ESB-aðild Íslands

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir segir nauðsynlegt að marka nýja peningamálastefnu með samningi við Evrópusambandið. Hún telur samtryggingu sjálfstæðismanna í fyrirtækjum og stjórnkerfi landsins hafa leitt til aga- og aðhaldsleysis.

STJÓRNMÁL Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fráfarandi formaður Samfylkingarinnar, segir áhuga meðal ríkja Evrópusambandsins á aðild Íslands að sambandinu. „Ég hef á undanförnum mánuðum rætt stöðu Íslands ítarlega í einkasamtölum við utanríkisráðherra helstu ríkja Evrópusambandsins og hef skynjað ríkan áhuga á aðild okkar," sagði hún í setningarræðu sinni á landsfundi Samfylkingarinnar í gær.

Ingibjörg sagði að hrinda þyrfti í framkvæmd heildstæðri sóknarstefnu fyrir íslenskt atvinnulíf og fylgja um leið metnaðarfullri félagslegri jafnaðarstefnu. „Þessum markmiðum verður erfitt að ná og halda meðan við búum við þær sveiflur sem fylgja okkar litla gjaldmiðli. Þess vegna verður ekki lengur undan því vikist að marka nýja peningamálastefnu með samningum við Evrópusambandið. Strax í upphafi aðildarviðræðna er hægt að leita samvinnu við ESB um aðgerðir til að auðvelda afnám gjaldeyrishafta og styðja við verðmyndun krónunnar," sagði Ingibjörg.

Hún fór yfir aðdraganda banka- og fjármálahrunsins og sagði að eftir á mætti greina ýmsa vá- og fyrirboða um það sem síðar varð. Enginn hafi vísvitandi skellt skollaeyrum við þeim merkjum en margir ekki kunnað að lesa í þau.

Nokkrar meginástæður taldi hún hafa leitt til kreppunnar á Íslandi. Viðeigandi varnir hafi ekki verið reistar samhliða alþjóðavæðingu fjármálakerfisins, ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hafi gert alvarleg hagstjórnarmistök og bankarnir hafi verið einkavinavæddir og eigendur þeirra og stjórnendur verið of gráðugir og reynslulitlir. Þá hafi alþjóðlegur fjármálafellibylur lokað fyrir lausafé til bankanna.

Ingibjörg sagðist halda að hennar stærsta yfirsjón hafi verið að gera ekki afdráttarlausari kröfur um breytingar á stjórnkerfinu við upphaf stjórnarsamstarfsins við Sjálfstæðisflokkinn. „Sjálfstæðismenn eru ráðandi jafnt í fyrirtækjum sem stjórnkerfi og sú samtrygging sem þannig hefur komist á leiðir til aga- og aðhaldsleysis," sagði hún og kvað mannabreytingar í Sjálfstæðisflokknum hafa slegið ryki í augu Samfylkingarmanna.

„Nýir og geðþekkari einstaklingar höfðu tekið við stjórninni og við bundum vonir við þá. Við horfðum fram hjá því við stjórnarmyndunina að vandamálið er ekki fólkið heldur flokkurinn." bjorn@frettabladid.is

Á LANDSFUNDI Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fráfarandi formaður Samfylkingarinnar kastar kveðju á flokksfélaga á landsfundi flokksins í gær. Rannveig Guðmundsdóttir, formaður framkvæmdastjórnar flokksins fylgist með. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON.

HUNDAR Þurfa nú að gangast undir hertara skapgerðarmat.

Innflutningur á hundum:

Hertar kröfur um skapgerð

DÝRSHALD Innflutningseftirlit hefur verið hert á ýmsum þáttum í innflutningi á hundum. Meðal annars eru nú gerðar strangari kröfur um skapgerðarmat fyrir innflutning á þeim, auk krafna um heilbrigði.

Þetta verður til umræðu á fræðslufundi Matvælastofnunar (MAST) um innflutningseftirlit á matvælum og lifandi dýrum þriðjudaginn 31. mars 2009 klukkan 15, að Stórhöfða 23. Á fundinum verður fjallað um innflutning á matvælum og lifandi dýrum til Íslands, stöðuna í dag og væntanlegar breytingar við innleiðingu nýrrar matvælalöggjafar. - jss

ÁRBORG

Lóðaskuld ekki til Intrum

Meirihluti bæjarráðs Árborgar felldi tillögu minnihlutans um að setja 45 milljóna skuld Miðjunnar ehf. vegna lóðakaupa í innheimtu hjá Intrum. Meirihlutinn segir viðræður í gangi um málið.

LÖGREGLAN

Fingralangur settur inn

Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 24. apríl. Maðurinn, sem var handtekinn í fyrrinótt með þýfi í fórum sínum, hefur ítrekað komið við sögu hjá lögreglu vegna auðgunarbrota.

Fermingargjöfin í ár er
Dúnsæng frá Dún og Fiður

DÚN & FIÐUR
Laugavegi 87 • sími: 511-2004

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

SNJÓKOMA, SLYDDA RIGNING

Í dag verður suðvestlæg eða suðlæg átt, 5-10 m/s. Úrkomulítið framan af degi austan til á landinu annars snjókoma eða slydda víða um land þegar líður á daginn en þó rigning syðst og vestast að deginum. Snjókoma austast síðdegis. Hitinn sunnan og vestan til verður á bilinu 0-5 stig, mildast úti við ströndina en yfirleitt frost norðan og austan til.



HEIMURINN

Alicante	19°
Amsterdam	8°
Basel	8°
Berlín	9°
Billund	6°
Eindhoven	9°
Frankfurt	9°
Friedrichshafen	5°
Gautaborg	7°
Kaupmannahöfn	7°
Las Palmas	20°
London	8°
New York	16°
Orlando	29°
Osló	2°
París	9°
Róm	16°
Stokkhólmur	4°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

HjartaHeill 25 ára
1983 - 2008
Hjartans mál

Byr styrkir beina útsendingu landssöfnunar sem Hjartaheill efnir til á Stöð 2, laugardaginn 28. mars í tilefni af 25 ára afmæli samtakanna.

Heilsan skiptir okkur öllu máli!

Hjartaheill efnir til landssöfnunar 28. mars 2009 í opinni dagskrá Stöðvar 2 frá kl. 20 til 23. Markmiðið er að safna fjármunum til kaupa á nýju hjartaþræðingartæki á Landspítala háskólasjúkrahús við Hringbraut.

Taktu þátt! – Starfsmannafélag Byrs sparisjóðs gefur 200.000 krónur til landssöfnunarinnar og hvetur landsmenn til þess að taka höndum saman og leggja söfnununni lið. **Heilsan skiptir okkur öllu máli.**

Með hjartans kveðju,
starfsfólk Byrs sparisjóðs

BYR
SPARISJÓÐUR

DYNAMO REYKJAVÍK

KJÖRKASSINN

Finnst þér í lagi að hægt sé að kaupa fjórhjól fyrir börn frá þriggja ára aldri?

Já	16.8%
Nei	83,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á að banna nektardans með lögum?

Segðu þína skoðun á visir.is

Varaformannskjör í Samfylkingunni og formannskjör í Sjálfstæðisflokknum:

Forystuskipti í dag og á morgun

STJÓRNMÁL Nýtt fólk verður valið til forystu í Samfylkingunni í dag og í Sjálfstæðisflokknum á morgun.

Jóhanna Sigurðardóttir sækist ein eftir að taka við formennsku af Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur í Samfylkingunni en tveir ásælast varaformannsembættið sem Ágúst Ólafur Ágústsson lætur af.

Kosið verður á milli Árna Páls Árnasonar alþingismanns og Dags B. Eggertssonar borgarfulltrúa. Kosning hefst klukkan tvö í dag og verður kjöri lýst klukkan hálf sex.

BJARNI BENEDIKTSSON

KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON

DAGUR B. EGGERTSSON

ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Á morgun kjósa sjálfstæðismenn sér nýjan formann í stað Geirs H. Haarde. Þingmennirnir Bjarni Benediktsson og Kristján Þór Júlíusson eru í framboði. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir óskar endurkjörs í varaformannsembættið.

Kosningin hefst klukkan þrjú og eiga niðurstöður að liggja fyrir um klukkustund síðar. - bþs

Ísraelskar orrustuþotur:

Gerðu árás á bílalest í Súdan

HERNAÐUR Bandaríska blaðið New York Times greindi frá því í gær að ísraelskar orrustuþotur hafi gert árás á bílalest í Afríkuríkinu Súdan í janúar síðastliðnum. Tilgangur árásarinnar var að stöðva vopnaflutninga til Gasa.

Blaðið hefur eftir ónafngreindum embættismönnum að Íranar hafi staðið fyrir vopnasendingunni, sem var ætluð Hamas-samtökunum. Talið er að yfir þrjátíu manns hafi farist í árásinni.

Ehud Olmert, fráfarandi forsætisráðherra Ísraels, hefur ekki viljað tjá sig en segir að Ísrael grípi til aðgerða hvar og hvenær sem þarf að verja landið. - kg

Í BREIÐHOLTI Aðeins rétt rúmur fjórðungur aðspurðra í nýrri könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 eru þeirrar skoðunar að ríkisstjórnin hafi gert mikið eða mjög mikið fyrir heimilin í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lítið aðhafst fyrir heimili og fyrirtæki

Tæp 47 prósent segja ríkisstjórnina hafa lítið eða mjög lítið gert fyrir heimilin í landinu, samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Aðeins fleiri, eða tæp 58 prósent segja ríkisstjórnina hafa lítið eða mjög lítið gert fyrir fyrirtækin.

SKOÐANAKÖNNUN 46,6 prósent segja ríkisstjórnina hafa lítið eða mjög lítið gert fyrir heimilin í landinu, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og fréttastofu Stöðvar 2. 33,0 prósent segja stjórnina hafa lítið gert, 13,6 prósent segja ríkisstjórnina hafa mjög lítið gert fyrir heimilin. Rúmlega fjórðungur, eða 25,7 prósent, telur hins vegar að ríkisstjórnin hafi gert mikið eða mjög mikið fyrir heimilin. 22,0 prósent segja stjórnina hafa gert mikið, en 3,7 prósent segja hana hafa gert mjög mikið. 27,7 prósent segja stjórnina hvorki hafa gert mikið né lítið fyrir heimilin í landinu.

Ef svarendur eru flokkaðir eftir stjórnmálaskoðun, eru það helst kjósendur Samfylkingar og Vinstri grænna sem telja stjórnina hafa gert mikið eða mjög mikið fyrir heimilin í landinu, um 50 prósent þeirra. Tæpum 64 prósentum kjósenda Sjálfstæðisflokks og 56 prósentum þeirra sem ekki gefa upp stuðning við stjórnmálaflokk finnst hins vegar að stjórnin hafi lítið eða mjög lítið gert fyrir heimilin.

Þá telja fleiri að lítið eða mjög lítið hafi verið gert fyrir fyrirtækin í landinu. 57,9 prósent telja að lítið eða mjög lítið hafi verið gert fyrir fyrirtækin, 37,1 prósent telur lítið hafa verið aðhafst og 20,9 prósent telja að mjög lítið hafi verið gert. 15,5 prósent telja að mikið eða mjög mikið hafi verið gert. 1,6 prósent telja að mjög mikið hafi verið gert, en 13,9 prósent telja að mikið hafi verið gert. 26,6 prósent telja að ríkisstjórnin hafi hvorki gert mikið né lítið.

Líkt og með heimilin eru það kjósendur Samfylkingar og Vinstri grænna sem líklegastir eru til að telja að mikið hafi verið gert fyrir fyrirtækin í landinu, um fjórðungur kjósenda Samfylkingar og þriðjungur Vinstri grænna. 73 prósent sjálfstæðismanna telja hins vegar að lítið hafi verið gert fyrir fyrirtækin og 65,6 prósent þeirra sem ekki gefa upp stjórnmálaskoðun sína eru sama sinnis. Hringt var í 800 manns miðvikudaginn 25. mars. Spurt var: Telur þú að núverandi ríkisstjórn hafi gert mikið eða lítið fyrir heimilin í landinu? og tóku 94,4 prósent afstöðu. Þá var spurt: Telur þú að núverandi ríkisstjórn hafi gert mikið eða lítið fyrir fyrirtækin í landinu? 87,4 prósent tóku afstöðu.

svanborg@frettabladid.is

HVERSU MIKIÐ HEFUR RÍKISSTJÓRNIN GERT FYRIR HEIMILIN?

Mjög mikið/mikið	25,7%
Hvorki né	27,7%
Mjög lítið/lítið	46,6%

HVERSU MIKIÐ HEFUR RÍKISSTJÓRNIN GERT FYRIR FYRIRTÆKIN?

Mjög mikið/mikið	15,5%
Hvorki né	26,6%
Mjög lítið/lítið	57,9%

Skv. könnun Fréttablaðsins og Stöð 2 25.03'09

Stjórnmálaflokkarnir á Alþingi sammælast um takmörkun á auglýsingakostnaði:

Verja 70 milljónum í baráttuna

STJÓRNMÁL Flokkarnir fimm sem eiga fulltrúa á Alþingi hafa gert með sér samkomulag um að stilla auglýsingum í kosningabaráttunni fram undan í hóf.

Heildarkostnaður hvers flokks vegna auglýsinga í dagblöðum, netmiðlum og ljósvakamiðlum má ekki verða hærri en fjórtán milljónir króna, samtals 70 milljónir.

Ámóta samkomulag var gert fyrir kosningarnar 2007 en þá var hámarkskostnaður 28 milljónir á flokk.

Samkomulagið á rætur að rekja til laga frá 2006 um starfsemi stjórnmálaflokkanna en í þeim er fjallað um fjármögnun flokka með það fyrir augum að gera fjármál þeirra opinber og gegnsæ. Settar eru skorður við fjáröflun en ríkisframlög hækkuð.

Flokkarnir sem standa að samkomulaginu eru Framsóknarflokkurinn, Frjálslyndi flokkurinn, Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkurinn og Vinstri hreyfingin - grænt framboð. Töldu flokkarnir rétt í því árferði sem nú er að helminga auglýsingafjárhæðina sem sammælst var um 2007. Tekur samningur þeirra gildi á mánudag en þá er landsfundum þeirra allra lokið. - bþs

ÚR ÞINGINU Stjórnmálaflokkarnir hafa komið sér saman um auglýsingafé í kosningabaráttunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Skóaðu þig upp!

skór á alla fjölskylduna

Afnemum VSK

af öllum skóm

Vincent™ a big step for small feet www.vincentshoestore.com SWEDEN · Be Wild! Footwear · VAGABOND · Clarks Shoes designed for living · ECCO · aze · Trigger · STUDIO London · FILANTO · bullboxer · VIKING Guaranteed waterproof footwear · true · DreamTeam · Reebok · grisport · LATI BÆR · Barbie · melania · Sanita · Waterland · SPIDERMAN · DORA

Gildir til 29. mars eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað heitir sjávarútvegsráðherra Noregs?*

2 *Hvaða Eurovision-fari syngur bakrödd hjá Jóhönnu Guðrúnu?*

3 *Hvaða kvikmynd eftir Þorfinn Guðnason og Andra Snæ Magnason verður frumsýnd í apríl?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 78

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra um aðild Íslands að ESB:

Þjóðaratkvæðagreiðsla fljótt

STJÓRNMÁL Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra telur að Íslendingar hljóti að sækja um aðild að ESB og halda þjóðaratkvæðagreiðslu „miklu fyrr“ en undir lok næsta kjörtímabils sé á annað borð alvara í því að sækja um ESB. Hún segist hafa þá tilfinningu að VG hafi opnað nægilega mikið á ESB til að ásættanleg niðurstaða náist.

„Við vonumst til þess að hægt verði að sækja fljótlega um aðild að ESB. Ef sama ríkisstjórn verður eftir kosningar þá vona ég að Vinstri grænn hafi sýnt þá opnun á sínum landsfundi um síðustu helgi að við getum unnið úr því saman þannig að sem fyrst verði farið í aðild að ESB. Vinstri grænn tala um að útkljá málið í þjóðaratkvæðagreiðslu og það er akkúrat það sem við viljum,“ segir Jóhanna.

Á NÆSTA KJÖRTÍMABILI Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra telur að ekki megi neinn tíma missa varðandi

Forsætisráðherra telur að ekki megi neinn tíma missa. „Við verðum að setjast yfir það hvernig við getum náð samstöðu verði þessi ríkisstjórn áfram eftir kosningar. Þetta er eitt af stóru málunum til að ná stöðugleika í efnahagslífinu og forsenda fyrir mörgu í okkar samfélagi.“

Forsætisráðherra kveðst hafa þá tilfinningu að Samfylking og VG geti náð ásættanlegri niðurstöðu. „Við erum að reyna að ná fram á Alþingi aðferðum við að breyta stjórnarskránni þannig að ekki þurfi þingrof og kosningar. Við þurfum breytingar á stjórnarskránni og þjóðaratkvæðagreiðslu ef við förum út í aðild að ESB. Ef við fáum þetta í gegn líka þá er ég jákvæð og bjartsýn á að við getum náð árangri,“ segir Jóhanna. - ghs

Lýðræðishreyfingin:

Fékk listabókstafinn P

STJÓRNMÁL Lýðræðishreyfingin hefur fengið úthlutað listabókstafnum „P“ fyrir næstu alþingiskosningar.

Á heimasíðu hreyfingarinnar segir að félagar í henni vilji moka út spillingu flokksræðisins og koma á persónukjöri til Alþingis. Kjósa eigi um lagafrumvörp á þjóðþingi, sem verði haldið tvisvar á ári. Kosningarnar fari fram í gegnum hraðbankakerfið.

Fækka eigi þingmönnum í 31 og ráðherrar ráðnir samkvæmt faglegum mælikvörðum. Þeir sitji ekki á Alþingi.

Hreyfingin heldur einnig úti útvarpsstöð, á FM 100,5. - kóþ

Vill hundruð milljóna fyrir nektardansbann

Eigandi Óðals sakar alþingismenn um rangfærslur með því að tengja íslenska nektardansstaði við mansal og aðra glæpastarfsemi. Hann segir að verði nektardans bannaður með lögum stefni í skaðabótamál upp á hundruð milljóna.

ÁRNI PÁLL ÁRNASON GRÉTAR BERNDSEN

FRÉTTABLAÐIÐ Í GÆR Eigandi Óðals segir að brotið verði á rétti nektardansstaða og starfsmanna þeirra með banni við nektardansi.

Nektarbann á að vernda dansmeyjar

Formaður allsherjarnefndar segir almannahagsmuni liggja að baki banni á nektardansi. Hann hafnar hugmyndum eiganda Óðals um bótakröfur upp á hundruð milljóna króna vegna réttindamissis.

STJÓRNMÁL „Við höfum ekki orðið varir við það að aðrir en eigendur þessara staða vilji viðhalda þessari starfsemi,“ segir Árni Páll Árnason, formaður allsherjarnefndar Alþingis, sem afgreitt hefur frumvarp um bann við nektardansi.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær telur eigandi Óðals, Grétar Berndsen, að ríkið eigi yfir höfði sér bótakröfur upp á hundruð milljóna króna verði bannið að lögum. Formaður allsherjarnefndar segir afar ólíklegt að slíkar kröfur eigi rétt á sér.

„Það eru ákveðnir almannahagsmunir í þessu máli og það er alveg heimilt samkvæmt lögum að takmarka atvinnustarfsemi í ljósi almannahagsmuna,“ útskýrir Árni Páll.

Almannahagsmuni segir Árni Páll annars vegar felast í almennum sjónarmiðum um persónuhelgi. „Síðan er auðvitað um að ræða starfsemi sem byggir að mestu leyti á vinnuafli sem fengið er frá erlendum heildsölum sem sérhæfa sig í útleigu á stúlkum af þessum toga. Eftir þeirri ráðgjöf sem við fáum frá löggæsluyfirvöldum þá eru þessi heildsalar í mörgum tilvikum tengdir alþjóðlegri glæpastarfsemi.“

Eigandi Óðals segir fullyrðingar um að glæpir tengist nektardansstöðum hér órökstuddar. „Það er gríðarlega erfitt að sanna það að um mansal sé að ræða eða misneytingu í hverju einstöku tilviki. Við þessar aðstæður teljum við einfaldlega meiri almannahagsmuni en minni af því að fella úr gildi þessa undanþáguheimild sem starfað er eftir,“ svarar Árni Páll og vísar á lögreglustjóraembættið í Reykjavík sem styðji að nektardansinn verði gerður óheimill.

Árni segir að grundvallarbreyting hafi orðið á starfsemi nektardansstaða. „Fyrir nokkrum árum mun hafa verið meira um að stúlkur voru í tímabundnu starfi við þetta og höfðu af því tekjur. Út af fyrir sig þá áttu þessi rök ekki við gagnvart þeirri starfsemi. En þegar um er að ræða einhvers konar gripaflutninga á fólki þá hljótum við sem stjórnvöld að þurfa að taka á því,“ segir Árni og ítrekar að lagabreyting sé gerð með hagsmuni nektardansmeyja í huga. „Það er gríðarleg erfitt að réttlæta það út frá einhverjum óskilgreindum atvinnufrelsissjónarmiðum að bjóða heim hættunni á því að um sé að ræða útgerð á manneskjum sem ekki séu fullkomlega sjálf sín ráðandi.“

gar@frettabladid.is

Marmaris
– perla Tyrklands

SUMAR 2009
ÚRVAL·ÚTSÝN

Bjartar og rúm-góðar íbúðir

Forum Residence ★★★★

Glæsilegt íbúðahótel, á góðum stað við aðalgötuna í Marmaris. Íbúðirnar eru bjartar og rúmgóðar og henta þeim sem vilja hafa nóg pláss í fríinu. Ströndin er í göngufæri og stutt er í að alla þjónustu eins og verslanir og veitingastaði.

VERÐDÆMI

89.660 kr.

á mann miðað við 2 með 2 börn í 1 viku. Brottför 31. maí.

Allt innifalið

Grand Cettia ★★★★

Fallegt fjölskylduhótel með bæði herbergi og íbúðir. Allt innifalið til kl. 23 á kvöldin; máltíðir, innlendir drykkir með mat og drykkir að degi eða kvöldi.

VERÐDÆMI

99.855 kr.

á mann miðað við 2 með 1 barn í 1 viku með öllu inniföldu. Brottför 31. maí.

Tyrkland er einstakt land sem er yndislegt heim að sækja og Marmaris er perla sem slegið hefur í gegn hjá Íslendingum.

Gestrisni heimamanna er rómuð og verðlag er sérlega hagstætt.

Veitingastaðir eru þekktir fyrir fjölbreytni og ferskleika. Möguleikarnir eru óþrjótandi í Marmaris, fjöldi spennandi skoðunarferða í boði og ótrúlega margt athyglisvert að sjá.

Það fer vel um fjölskylduna á fyrsta flokks gististöðum Úrvals-Útsýnar og börnin njóta sín vel.

ÚRVAL·ÚTSÝN
www.urvalutsyn.is

MasterCard VISA

Úrval-Útsýn – Lágmúla 4 – Reykjavík – Sími 585 4000

Verðdæmi miðað við 2 fullorðna á Forum Residence: 103.520 kr. **Innifalið:** Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

F1on/SIA

ZERVAS SYRGÐUR Yfir 200 manns, þar af margir meðlimir Hells Angels vélhjólagengisins, voru viðstaddir jarðarför hins 29 ára gamla Anthony Zervas í Sidney í Ástralíu í gær. Zervas var barinn til dauða í átökum vélhjólagengja á flugvellinum í Sidney síðastliðinn sunnudag. Lögregla rannsakar nú málið.

Tveir karlmenn dæmdir:

Smygluðu fljótandi kókaíni

DÓMSMÁL Tveir karlmenn hafa verið dæmdir fyrir að smygla fljótandi kókaíni hingað til lands frá Hondúras. Annar þeirra var dæmdur í átján mánaða fangelsi og hinn í tólf mánaða fangelsi.

Fíkniefnalögreglan hér fékk upplýsingar frá bandarísku fíkniefnalögreglunni um að rommflaska full af kókaínvökva væri á leið til Íslands með póstþjónustunni FedEx.

Lögreglan skipti efninu út fyrir annan vökva og lögreglumaður fór í dulargervi sendils til viðtakanda flöskunnar. Í kjölfarið var viðtakandinn handtekinn ásamt öðrum manni. Úr vökvanum mátti vinna hálft kíló af kókaíndufti.

- jss

Góðæri fyrir nýsköpun

Frá falli bankanna hafa um 130 nýsköpunarstörf orðið til hér á landi. Stefnt er að því að 300 til viðbótar verði til á þessu ári. Kjöraðstæður fyrir frumkvöðlafyrirtæki segir framkvæmdastjóri Nýsköpunarmiðstöðvar.

ATVINNUMÁL Um 130 störf við sprota- og nýsköpunarfyrirtæki hafa orðið til á vegum Nýsköpunarstofnunar Íslands frá því haust. Stefnt er að því að 270 til viðbótar verði til áður en árið er liðið.

Um sjötíu manns hafa fengið störf við átaksverkefnið Starfsorka sem Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Vinnumálastofnun ýttu úr vör í janúar síðastliðnum í samvinnu við félagsmálaráðuneytið og iðnaðarráðuneyti. Sigríður Ingvarsdóttir, framkvæmdastjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, segir stefnt að því að alls verði 300 störf til í þessu átaksverkefni.

Því er ætlað að hjálpa atvinnulausum við að komast aftur á vinnumarkað og er þannig háttað að fyrirtæki sem vinna að nýsköpun og þróun geta ráðið til sín fólk sem skráð er atvinnulaust. Vinnumálastofnun greiðir fyrirtækinu þá grunnatvinnuleysisbætur starfsmannsins ásamt átta prósenta mótframlagi í lífeyrissjóð. Fyrirtækið skuldbindur sig á móti til að greiða honum samkvæmt gildandi kjarasamningum í allt að eitt ár.

„Það er von okkar að eftir þann tíma sem starfsmaðurinn hefur unnið í verkefninu verði hann orðinn það dýrmætur að fyrirtækið kjósi að ráða hann," segir Sigríður.

Um 40 manns vinna í tveimur viðskiptasetrum sem stofnunin hefur komið á laggirnar í samvinnu við Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, Landsbankann og Íslandsbanka.

Þetta eru viðskiptasetrin Torgið sem var opnað í desember síðastliðnum í húsnæði Landsbankans í Austurstræti 16 og Kvosin sem var opnuð í febrúar í húsnæði Íslandsbanka í Lækjargötu. Þrettán fyrirtæki starfa í Torginu en tíu í Kvosinni. Þar vinna margir fyrrverandi starfsmenn bankanna sem misstu vinnuna í kjölfar bankahrunsins.

Loks segir Sigríður að um 20 manns starfi í átta fyrirtækjum í frumkvöðlasetrinu Eldey, sem hóf starfsemi á háskólasvæði Keilis síðastliðið haust. Flest þessara fyrirtækja þar vinna að nýsköpun í orkuiðnaði. Auk þess rekur miðstöðin frumkvöðlasetur að Keldnaholti en þar hafa nú tólf fyrirtæki aðstöðu.

Aðspurð hvort ekki sé erfitt fyrir ný fyrirtæki að fóta sig í þessu árferði segir hún að mun erfiðara hafi verið fyrir frumkvöðlafyrirtæki í góðærinu þegar þau urðu að keppa um starfsfólk við fjármálageirann sem borgaði afar há laun.

Þá hafi fjárfestar líka frekar freistast til að leggja fjármagn í hlutabréf en nýsköpun.

jse@frettabladid.is

130 NÝSKÖPUNAR- OG FRUMKVÖÐLASTÖRF FRÁ BANKAHRUNI

Starfsorka	70
Kvosin og Torgið	40
Eldey	20

MEÐ HUGVITIÐ Í HÖNDUNUM Sveinbjörn sýnir Sigríði hér svefngreiningarbúnaðinn sem er afrakstur af miklu nýsköpunarstarfi. Búnaðurinn er nú á leið á markað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SAGAN AF NOX MEDICAL

Árið 2006 flutti fyrirtækið Flaga starfsemi sína úr landi. Það hannar meðal annars svefngreiningarbúnað sem notaður er til að greina hvort fólk á við svefnraskanir að etja eður ei. Sveinbjörn Höskuldsson verkfræðingur var á meðal þeirra sem misstu þá vinnu sína og var útlit fyrir að þekking þeirra færi í súginn því enginn vettvangur var fyrir hana hér á landi. Hann og sex kollegar hans tóku sig saman, settu sig í samband við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og byrjuðu að hanna svefngreiningartæki fyrir börn, en slík tæki voru ekki til á markaði. „Ég man að við vorum álitnir hálf skrýtnir að vera frekar að berjast í þessu fyrir grunnlaun í stað þess að fara í fjármálageirann þar sem okkur stóð til boða að vinna fyrir himinhá laun," rifjar Sveinbjörn upp.

Nú hefur þetta nýsköpunarfyrirtæki þeirra, Nox Medical, lokið hönnun á tækinu og samið við annað fyrirtæki sem mun dreifa því um allan heim. Tækið kostar um 720 þúsund og talið er að heildarmarkaður sé fyrir um 7.000 stykki á ári. „Mér skilst það á dreifingarfyrirtækinu að þeir ætli sér að ná nokkuð stórri markaðshlutdeild," segir Sveinbjörn. „Það var alveg ómetanlegt að geta fengið þessa aðstöðu hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands því það gerði okkur kleift að einbeita okkur algjörlega að því sem við gerum best."

Ályktun af landsfundi:

VG vill ný fjölmiðlalög

FJÖLMIÐLAR Vinstri grænn vilja setja heildstæða fjölmiðlalöggjöf, sem tryggi réttindi og sjálfstæði blaðamanna, gagnsætt eignarhald og lýðræðislega umræðu.

Einnig vill flokkurinn tryggja sjálfstæði RÚV, endurskoða lagaumhverfi þess og „gera því kleift að verða að raunverulegu almannaútvarpi, sinna menningarhlutverki sínu og veita stjórnvöldum hverju sinni lýðræðislegt aðhald“.

Svo segir í lýðræðiskafla kosningastefnu flokksins, sem birt var í kjölfar landsfundar hans.

- kóþ

Forsætisnefnd Alþingis setur reglur til áréttingar þess að þingmálið sé íslenska:

Reglur vegna Øygard og Höskuldar

ALÞINGI Forsætisnefnd Alþingis hefur sett þinginu sérstakar starfsreglur til áréttingar þeirri óskrifuðu grundvallarreglu í störfum Alþingis að þingmálið sé íslenska.

Er það gert að gefnu tilefni.

Í reglunum segir að ef erlendir textar séu prentaðir í þingskjölum skuli íslensk þýðing fylgja. Noti ræðumaður tilvitnun á erlendu máli skuli hann jafnóðum þýða hana á íslensku. Skulu slíkar tilvitnanir vera stuttar, í hæsta lagi nokkrar setningar. Þá skal túlka mál gests sem ekki talar íslensku á formlegum fundi fastanefndar.

SVEIN HARALD ØYGARD

HÖSKULDUR ÞÓR ÞÓRHALLSSON

Guðbjartur Hannesson, forseti Alþingis, segir tilefni reglusetningarinnar tvö. Erlendur gestur hafi komið fyrir þingnefnd og talað annað mál en íslensku. Átti hinn norski Svein Harald Øygard seðlabankastjóri þar í hlut. Í hinu tilvikinu hafi þingmaður lesið upp á þingfundi langan texta á ensku sem ekki var þýddur. Var þar að verki Höskuldur Þór Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokks, sem í febrúarlok las dágóðan bút upp úr skýrslu frá Seðlabanka Evrópu.

Guðbjartur segir annað óviðeigandi en að þingið starfi eftir reglum sem þessum. Ekki skipti máli hversu góðir menn séu í erlendum málum; þingmálið sé íslenska. Að auki hafi Alþingi nýverið samþykkt íslenska málstefnu sem vert sé að þingið sjálft fylgi í hvívetna.

- bþs

Sérlega hættuleg árás:

Stakk mann tvisvar sinnum

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann á þrítugsaldri fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, þar sem hann stakk annan mann með hnífi.

Athæfið átti sér stað á gistiheimilinu að Dalshrauni 13 í Hafnarfirði aðfaranótt sunnudagsins 6. júlí 2008. Árásarmaðurinn veittist að öðrum manni og stakk hann tvisvar með hnífnum. Fórnarlambið hlaut stungusár á brjósthol og í handarkrika hægra megin.

Þess er krafist að árásarmaðurinn verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

- jss

Forsætisráðherra Finnlands:

Hefur trúlofast unnustu sinni

FINNLAND Finnski forsætisráðherrann Matti Vanhanen hefur trúlofast kærustu sinni til rúmlega eins árs, Sirkka Mertala. Þetta gerðist í kjölfar þess að finnskir fjölmiðlar upplýstruðu að forsætisráðherrann hefði sent tvíræðan tölvupóst til kvenkyns frambjóðanda í kosningunum í haust.

MATTI VANHANEN

Fjölmiðlaskýrandi segir í finnska ríkisútvarpinu YLE að Vanhanen hafi með jákvæðri frétt af einkalífi sínu viljað draga úr umræðunni um hann sem dómgreindarlausan forsætisráðherra. Hann telur að trúlofunin kæfi ekki fréttaflutning af ráðherranum. **- ghs**

Össur Skarphéðinsson ferðamálaráðherra á aðalfundi Samtaka ferðaþjónustunnar:

Ferðamönnum fjölgað um 60 prósent

FERÐAÞJÓNUSTA Ferðaþjónustureikningar Hagstofunnar hafa verið birtir í fyrsta sinn. Þar kemur fram að ferðamönnum til Íslands hafi fjölgað frá 303 þúsundum árið 2000 í samtals 485 þúsund á síðasta ári. Vöxturinn sé 60 prósent á þessum tíma.

Þá hafi gistinóttum fjölgað verulega. Hann benti á að með svo hárri gengisvísitölu og nú er skapist gríðarleg tækifæri.

Össur Skarphéðinsson ferðamálaráðherra ætlar að setja á fót Rannsóknar- og þróunarsetur í ferðamálum í samvinnu við Háskólann á Hólum og mun leggja fram frumvarp þar um.

Ráðuneytið mun leggja til fjóra starfsmenn auk þess sem kraftar Hólaseturs og Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála verða sameinaðir. Össur greindi frá þessu á aðalfundi Samtaka ferðaþjónustunnar.

„Erlendir ferðamenn munu sjá sér mikinn hag í að koma hingað og Íslendingar sjálfir munu ferðast minna út fyrir landsteinana,“ sagði Össur meðal annars á fundinum.

Össur hefur orðið við óskum ferðaþjónustunnar um að breyta reglum Tækniþróunarsjóðs þannig að hann geti veitt fjármunum til þróunarverkefna í ferðaþjónustu. Þá hefur hann beitt sér fyrir því að fjármunum verði veitt til uppbyggingar fjögurra öndvegissetra á næsta ári, þar af einu á sviði ferðaþjónustu.

Ráðuneyti ferðamála hefur ákveðið að veita 100 milljónir af byggðaáætlun til að styrkja innviði ferðamannastaða á næsta ári. Fénu verður fyrst og fremst varið til að bæta aðstöðu á fjölförnum ferðamannastöðum auk þess sem hluta fjárins verður beint til móttöku farþega á skemmtiferðaskipum.

- ghs

HAGUR Í AÐ KOMA „Erlendir ferðamenn munu sjá sér mikinn hag í að koma hingað,“ sagði Össur Skarphéðinsson, ráðherra ferðamála. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

LANDSSÖFNUN HJARTAHEILLA
í beinni, opinni dagskrá Stöðvar 2
á laugardagskvöld

3 mikilvæg símanúmer fyrir hjartað þitt

Hjartasjúkdómar hrjá marga, en snerta alla
Baráttan gegn þeim er hörð

Samstaðan skilar árangri

Lítið símtal frá þér eru stór skilaboð

Ef þú gefur fimm þúsund krónur, hringdu í síma:
903 5000

Ef þú gefur þrjú þúsund krónur, hringdu í síma:
903 3000

Ef þú gefur eitt þúsund krónur, hringdu í síma:
903 1000

Ef þú gefur aðra upphæð, hringdu í síma 551 9020

HjartaHeill
Öll þjóðin - eitt hjarta
LANDSSÖFNUN 28. MARS 2009

HORN / Haukur 03.09

Hjartaheill óskar landsmönnum heilla. Upplýsingasími Landssöfnunarinnar er 552 5744

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Íslenskur hópur stækkar ört á Fésbók:

Þúsundir vilja lögleiða kannabisefni

SAMFÉLAGSMÁL Tæplega fimm þúsund manns hafa skráð sig í hóp á Fésbók sem stefnir að lögleiðingu kannabisefna á Íslandi.

Hópurinn heitir Lögleiðum kannabis og skattleggjum neysluna. „Björgum fjárhag heilbrigðiskerfisins, lögreglunnar og Fangelsismálastofnunar og hættum að henda fjármunum út um gluggann“, segir á síðunni.

Með kannabisefnum er átt við hass og marijúana, sem gjarnan er neytt með reykingum. Þessi vímuefni hafa verið bönnuð á Íslandi síðan 1974. - kóþ

KANNABISPLÖNTUR

HAUKUR VIÐ PÓKERBORÐIÐ UMDEILDA Pókerborðið er aftur komið á sportveitingastaðinn Vaxon.

Lögreglan tók pókerborð og skilaði aftur

Athafnamaður á Bolungarvík íhugar að kæra lögregluna fyrir að taka af honum pókerborð. Eðlilega að málum staðið, segir lögreglan og skilaði borðinu.

LÖGREGLUMÁL Haukur Vagnsson, athafnamaður í Bolungarvík, er ósáttur við framgöngu lögreglunnar á Vestfjörðum sem tók pókerborð af sportveitingastað hans Vaxon í síðustu viku. Borðunum var skilað fyrr í þessari viku en Haukur hugleiðir að kæra lögregluna. Í fyrsta lagi fyrir að hafa tekið borðin án þess að fyrir liggi rökstuddur grunur um lögbrot og hins vegar fyrir ummæli Önundar Jónssonar, yfirlögregluþjóns á Vestfjörðum, en haft var eftir honum í kvöldfréttum sjónvarps að Haukur segði ósatt með því að fullyrða að hann hefði engar skýringar fengið á þessum aðgerðum lögreglunnar.

Í þriðja lagi segir Haukur þetta vera brot á jafnræðisreglu þar sem menn halda pókermót óáreittir en á Vestfjörðum geta þeir sem eiga pókerborð átt hættu á afskiptum lögreglu miðað við þessa framgöngu.

„Til að fara í svona aðgerðir verður lögreglan að hafa staðið menn að verki, vera með kæru í höndum eða að minnsta kosti hafa rökstuddan grun um að eitthvað ólöglegt eigi sér stað,“ segir Haukur. „Ekkert af þessu var fyrir hendi, ég hef enga skýringu fengið og hér hefur aldrei verið stundað fjárhættuspil. Þetta er eins og að handtaka mann fyrir að eiga bíl sem kemst upp í 200 á þeim forsendum að hægt sé að brjóta lög með bílnum.“

Hann segir að undarlega hafi verið að málunum staðið. „Ég fékk boð um það að borðunum yrði skilað klukkan sex síðdegis,“ segir hann. „Myndatökumenn voru meira að segja búnir að melda sig til að geta verið vitni að því þegar þeir kæmu. En þeir komu svo um klukkan hálf fimm, þegar enginn var við en þá fundu þeir opna hurð og snigluðust þá inn til að skila borðinu.“

Svo bætir hann við í glettni: „Ætli lögreglan hafi ekki bara verið með pókermót um síðustu helgi og vantað borð. Nei, ég segi svona, maður verður að halda húmornum þrátt fyrir allt saman.“ jse@fettabladid.is

GREIN GERÐ FYRIR AÐGERÐUM LÖGREGLU

ÖNUNDUR JÓNSSON

„Við studdumst við hegningarlögin og nýfallinn dóm Hæstaréttar [er segir að þriðji aðili megi ekki hagnast á fjárhættuspili],“ segir Önundur Jónsson, yfirlögregluþjónn lögreglunnar á Vestfjörðum.

„Við báðum hann að taka niður borðin meðan málið væri í rannsókn en hann gerði það ekki þannig að við lögðum hald á þau meðan verið var að kanna málið. Svo var þeim bara skilað aftur. Þetta er bara eðlilegur vinnuháti á öllum sviðum.“

Hann segir lögin um fjárhættuspil nokkuð loðin og teygjanleg og því erfitt að vinna eftir þeim. Hann segist ekki vilja svara gagnrýni Hauks um það að önnur lög gildi í höfuðborginni en á Vestfjörðum í þessum efnum. „En stjórnsýslulögin segja alveg skýrt fyrir hvernig við eigum að vinna; hvort sem er fyrir vestan eða sunnan,“ segir hann.

Varðandi ummæli sín í kvöldfréttum sjónvarpsins segir hann:

„Umsögnin sem fréttamaðurinn bar undir mig, um að Haukur fengi ekkert að vita hvað verið væri að gera og við hvað var stuðst, er hreinlega ósönn. Það er bara svoleiðis.“

Evrópuleið Sjálfstæðisflokks:

Gegn ESB-aðild en þjóðin kjósi

STJÓRNMÁL Sjálfstæðisflokkurinn telur hagsmunum íslensku þjóðarinnar betur borgið utan Evrópusambandsins en innan. Engu síður vill flokkurinn að þjóðin fái að skera úr um málið.

Á þessa leið ályktaði landsfundur flokksins um Evrópumál í gær.

Í meginatriðum var tillaga Evrópunefndar flokksins samþykkt en þó með lítils háttar breytingum.

Líflegar umræður fóru fram um málið á fundinum og vildi Pétur Blöndal alþingismaður til dæmis að flokkurinn segði hreint út að aðild væri ekki á dagskrá.

- bþs

Tveir karlmenn ákærðir fyrir rán, líkamsárás, stórþjófnaði og fleira:

Stal sparibauk, læri og grilli

DÓMSMÁL Tveir karlmenn hafa verið ákærðir fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir fjölda brota, sem þeir frömdu annaðhvort saman eða hvor í sínu lagi. Þar á meðal er rán og líkamsárásir, fjöldi þjófnaðarbrota og hylmingar.

Annar mannanna er meðal annars ákærður fyrir að hafa stolið sparibauk með tæpum tuttugu þúsund krónum af skemmtistaðnum Live Sportbar og gasgrilli úr Nóatúni. Í Fjarðarkaupum stakk hann svo með leynd inn á sig lambalæri. Í félagi við annan braust hann inn í íbúðarhúsnæði og stal þar munum fyrir fleiri hundruð þúsund.

Skaðabótakröfur á hendur honum eru samtals 845 þúsund krónur.

Hinn maðurinn er ákærður fyrir að hafa ráðist aftan að manni á Laugavegi, slegið hann niður og sparkað í hann. Árásarmaðurinn hirti farsíma, armbandsúr, gleraugu og veski með verðmætum í af fórnarlambinu. Sá síðarnefndi krefst rúmlega 600 þúsund króna í skaðabætur.

Saman brutust mennirnir svo inn í verslun Franks Michelsen í Reykjavík og stálu tuttugu og sex armböndum. Skaðabótakrafa á hendur þeim fyrir það mál nemur 996 þúsundum króna.

- jss

GRILL ÚR NÓATÚNI Annar mannanna stal grilli úr Nóatúni og stakk lambalæri inn á sig með leynd í Fjarðarkaupum.

Mál Josefs Fritzl:

Fritzl-mæðgin sögð samsek

AUSTURRÍKI Eiginkona og sonur Josefs Fritzl hafa verið ákærð fyrir að hafa átt þátt í að halda dóttur hjónanna fanginni í kjallarakompu í 24 ár.

Austurríska dagblaðið Kurier greindi frá því í gær að lögfræðingurinn Klaus Ulrich Groth hefði lagt fram kæru þess efnis. Groth telur sig hafa sannanir fyrir því að útilokað sé að eiginkonan og sonurinn, sem er 44 ára gamall, hafi ekki vitað af innilokuninni og nauðgununum sem áttu sér stað í kjallaranum. Auk þess að útilokað sé að ekki hafi heyrst neitt úr dýflissunni, sem var óhljóðeinangruð.

- kg

Viðskiptaráðherra:

Í leyfi sem formaður Samkeppniseftirlits

STJÓRNMÁL Eiríkur Tómasson prófessor segir að ekkert banni viðskiptaráðherra að vera í leyfi frá formennsku í Samkeppniseftirlitinu meðan hann gegnir ráðherraembætti.

EIRÍKUR TÓMASSON

Langsótt sé að gera athugasemdir við það. Hins vegar liggi ljóst fyrir að hann verði að láta af störfum meðan hann er ráðherra. „Það getur verið álitamál hvort hann hefði átt að segja af sér. Skoðanir geti verið skiptar um það," segir Eiríkur.

Í skráðum upplýsingum um hagsmunatengsl ráðherra og trúnaðarstörf kemur fram að Gylfi er í leyfi sem formaður Samkeppniseftirlitsins.

- ghs

Höfuðborgarsvæðið:

Í átaki gegn ölvunarakstri

LÖGREGLUMÁL Hafið er sérstakt átak lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, í samvinnu við embætti ríkislögreglustjóra, gegn ölvunarakstri í umdæminu. Mun það standa yfir í fjórar vikur.

Skipulegu eftirliti verður haldið úti á ýmsum tímum sólarhrings og á mismunandi stöðum. Markmið átaksins er að vekja athygli á þeirri hættu sem stafar af ölvunarakstri og hvetja til almennrar varkárni í umferðinni. Átakið nær einnig til aksturs undir áhrifum fíkniefna. Afleiðingar þess geta sömuleiðis verið skelfilegar. Vegna þessa mega ökumenn búast við því að verða stöðvaðir víðs vegar í umdæminu.

- jss

MENNTUN

Nýr skólastjóri Ísaksskóla

Sigríður Anna Guðjónsdóttir tekur við af Eddu Huld Sigurðardóttur sem skólastjóri Ísaksskóla hinn 1. apríl næstkomandi. Sigríður Anna hefur starfað sem verkefnastjóri hjá Samtökum verslunar og þjónustu undanfarin þrjú ár og hefur víðtæka reynslu af kennslu á öllum skólastigum.

ÁLFTANES

Vilja jarðhitaréttindi aftur

Bæjarráð Álftaness vill að Orkuveita Reykjavíkur skili til baka jarðhitaauðlindum, fundnum sem ófundnum, sem fylgdu með við sölu hitaveitu Bessastaðahrepps árið 1993. Bæjarráð segir að fella þurfi þetta ákvæði út þar sem engin greiðsla hafi komið fyrir þessi verðmæti.

Möguleikar á **styrkjum fyrir nemendur í meistara- og doktorsnámi** vegna vinnu við rannsóknarverkefni eru margskonar. Hér að neðan eru dæmi um styrki sem í boði eru:

Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild
- Styrkur til doktorsnáms í efnisfræði: Styrking á rafsegulvökvum með nanóögnum
- Styrkur til meistaranáms í tölvunarfræði: Marghátta notendaviðmót til að hjálpa blindum að læra stærðfræði
- Styrkur til meistaranáms í iðnaðarverkfræði: Aðgerðagreining og gæðastjórnun
- Styrkur til meistaranáms í véla- og iðnaðarverkfræði: Áhrif rafbílanotkunar á orkukerfið

Jarðvísindadeild
- Styrkur til doktorsnáms í jarðeðlisfræði: Efnishegðun jarðar – aflögun vegna breytilegs jökulfargs

Líf- og umhverfisvísindadeild
- Styrkur til doktorsnáms í erfðafræði: Stofnbygging og tengsl í erfðamengjagögnum
- Styrkur til doktorsnáms í sameindalíffræði: Stjórnun og genatjáning í náttúrulega ónæmiskerfinu

Rafmagns- og tölvuverkfræðideild
- Styrkur til doktorsnáms: Stýritækni
- Styrkur til doktorsnáms: Háaflspúlsuð segulspæta

Raunvísindadeild
- Styrkur til doktorsnáms í eðlisfræði: Þróun búnaðar til að rækta örbyggingar á yfirborði í vökva og gasfasa
- Styrkur til doktorsnáms í eðlisefnafræði: Ljóssundrun sameinda
- Styrkur til meistaranáms í lífefnafræði: Áhrif n-3 fjölómettaðra fitusýra úr fóðri á staðsetningu próteina í himnuflekum og boðflutninga adrenergra viðtaka í hjartavöðvafrumum úr rottum

Umhverfis- og byggingarverkfræðideild
- Styrkur til doktorsnáms í umhverfisverkfræði: Umhverfisrannsóknir í Lagarfljóti

Umhverfis- og auðlindafræði
- Styrkur til doktorsnáms í sjálfbærni: Þróun sjálfbærra samfélaga í Evrópu og þróunarlöndunum
- Styrkir til meistaranáms í sjálfbærni: Áætlun Háskóla Íslands í sjálfbærni skólans
- Styrkir til meistaranáms í sjálfbærni: Samfélagsleg áhrif á stóriðjusvæðum

Góð vinnuaðstaða
Kennarar í fremstu röð
Sterk tengsl við atvinnulífið

Skrifstofa Verkfræði- og náttúruvísindasviðs,
opin virka daga frá 10–16, sími 525 4700, www.verkognatt.hi.is

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA 094432

Baðvog
Bomann cb1400
5789943

999 KR

Vínáhaldasett
5 stk, stál.
2000097

999 KR

Vinnuhanskar 2 pör
sama stærð
Ninja með gúmmígripi.
5866370-3

2 PÖR
999 KR

Reykskynjari
Optískur
5877477

999 KR

Skálar og föt ýmsar gerðir
Anytime
2001902/2009497
2009501-04/514-517

999 KR/STK

Hitabrúsi
0.75 ltr.
2006153

999 KR

Ladylakk
Akrýl 0.45 ltr. Þekjandi lakk á glugga, hurðir og innréttingar. Blöndum alla liti
7118108

999 KR

Tangarsett
3 stk.
5052749

999 KR

Penslasett
3 stk.
7006084

999 KR

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana

999 KR DAGAR

Alla helgina
Í Húsasmiðjunni um land allt

Verkfærataska
12.5"
5024797

999KR

Litlar páskaliljur
(tet a tet)
3stk. potthlíf fylgir ekki með
10323020

3 STK
999KR
blómaval

Skrúfjárnasett
7 stk.
5010133

999KR

Túlipanar 15 stk

15 STK
999KR
blómaval

Reiðhjólahjálmur
Barna, bleikur/ blár
5872063/65

999KR

Pallurinn klár!
FÁÐU TILBOÐ Í PALLINN.

Timburráðgjöf Grafarholti, Skútuvogi og í verslunum okkar um land allt.

Pallaefni gagnvarin fura

21x95, lengdir 0.9 til 6.0 m **199** kr/m
621600

28x95, lengdir 0.9 til 4.5 m **259** kr/m
628601

Kaffigarður
Skútuvogi

GULRÓTARKAKA & KAFFI
190 kr.
í Skútuvogi

KJÖTSÚPA
190 kr
11:30-14:00

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

FRÉTTASKÝRING: Fylgi stjórnmálaflokka í aðdraganda kosninga

Margt getur breyst á einum mánuði

Ef skoðaðar eru kannanir mánuði fyrir kosningarnar 2003 og 2007 sést að staða flokkanna getur breyst aðeins á fjórum vikum. Í báðum tilfellum dalar Sjálfstæðisflokkurinn frá könnunum. Framsóknarflokkurinn fær hins vegar aðeins meira upp úr kjörkössunum en kannanir mánuði fyrr sögðu til um.

Fylgi stjórnmálaflokkanna

Samkvæmt könnunum Fréttablaðsins frá kosningum 1999 til 25. mars 2009.



Mánuði fyrir kosningarnar 2007 var Sjálfstæðisflokkurinn með yfirburðastöðu í könnun Fréttablaðsins. Rúmlega 43 prósent sögðust myndu kjósa flokkinn. Í kosningunum sem haldnar voru 12. maí það ár fékk flokkurinn hins vegar 36,6 prósent atkvæða. Á þessum mánuði dalaði flokkurinn því um tæp sjö prósentustig. Mánuði fyrir kosningarnar 2003 sögðust 39,0 prósent myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn en 33,7 prósent greiddu honum atkvæði sitt í kosningunum sem haldnar voru 14. apríl 2003, 5,3 prósentustigum minna en reiknað var með mánuði áður.

Framsóknarflokkurinn bætir hins vegar við sig fylgi síðasta mánuðinn bæði fyrir kosningarnar 2003 og 2007. Í kosningunum 2003 fékk flokkurinn 8,8 prósentustigum meira en könnun mánuði fyrr hafði gefið til kynna. Þann 14. apríl 2003 sögðust 8,9 prósent myndu kjósa flokkinn og óx fylgi hans jafnt og þétt fram að kjördegi, þegar 17,7 prósent greiddu þeim atkvæði sitt. Munurinn var minni fjórum árum síðar. Þá var fylgi flokksins 8,6 prósent mánuði fyrir kosningar en hann hlaut 11,7 prósent atkvæða.

Fylgi Samfylkingar breyttist nánast ekkert frá könnun Fréttablaðsins 14. apríl 2003 til kjördags 10. maí. Í könnuninni mældist flokkurinn með 31,1 prósent fylgi og fékk svo 30,9 prósent atkvæða. Fyrir kosningarnar 2007 bætti flokkurinn hins vegar við sig 4,5 prósentustigum á þessum fjórum vikum fyrir kosningar. Fóru úr 22,3 prósenta fylgi í 26,8 prósenta kjörfylgi.

Vinstri grænn styrktu sig aðeins í aðdraganda kosninganna 2003, um 1,4 prósentustig, en fyrir kosningarnar 2007 dalaði fylgið frá því mánuði fyrir kosningar fram að kjördegi um 2,4 prósentustig. Bæði árin var fylgið tveim mánuðum fyrir kosningar mun hærra.

Frjálslyndi flokkurinn dalaði hægt og rólega úr 10,5 prósenta fylgi niður í 7,4 prósenta kjörfylgi árið 2003. Fyrir síðustu kosningar tókst flokknum hins vegar að bæta við sig einu prósentustigi á sama tímabili; fór úr 5,8 prósenta fylgi í 7,3 prósenta kjörfylgi.

Af öðrum flokkum bætti Íslandshreyfingin við sig einu prósentustigi síðasta mánuðinn fyrir síðustu kosningar, fór úr 2,3 prósenta fylgi í 3,3 prósenta kjörfylgi. Baráttusamtök eldri borgara féllu hins vegar úr skaftinu á síðasta mánuðinn fyrir kosningar árið 2007 eftir að hafa mælst með 0,8 prósenta fylgi mánuði fyrir kosningarnar.

FRÉTTASKÝRING
SVANBORG SIGMARSDÓTTIR
svanborg@frettabladid.is

Fylgi og úrslit kosninga árið 2003

Könnun Fréttablaðsins 14.4.2003



Fylgi og úrslit kosninga árið 2007

Könnun Fréttablaðsins 14.4.2007



LAUSNIR FYRIR HEIMILIÐ

Við vinnum með þér
að lausnum fyrir heimilið

Landsbankinn býður upp á mörg úrræði fyrir heimili sem eiga við greiðsluerfiðleika að etja.
Við aðstoðum þig við að velja lausn sem kemur til móts við þínar þarfir.

410 4000 | landsbankinn.is

FBL-GREINING: SKÓLASKIP

Fljótandi þjálfunarbúðir

Gorch Fock, þrímastra skólaseglskip þýska flotans, leggst að bryggju í Reykjavík í dag. Það kom hingað síðast fyrir sjö árum.

■ Hvað er skólaskip?

Skólaskip eru til í flestum flotum heims. Á þeim fer fram þjálfun nýliða, einkum liðsforingjaefna. Annars vegar er um að ræða úr sér gengin skip sem höfð eru við landfestar og notuð sem kennslurými. Hins vegar eru hin eiginlegu þjálfunarskip, sem gjarnan eru gamaldags seglfreigátur þótt skipin séu jafnframt búin nútímabúnaði hvað varðar vélakost, siglingatæki og aðbúnað áhafnar.

■ Hver er saga Gorch Fock?

Upprunalega var skólaskip með þessu nafni smíðað fyrir þýska flotann árið 1933. Sovétmenn tók það herfangi við lok síðari heimsstyrjaldar og endurnefndu Tovarítsj. Skipið sem nú er til Íslands komið var smíðað í Blohm&Voss-skipasmíðastöðinni í Hamborg árið 1958, eftir upprunalegu teikningunum frá 1933. Nýja skipið var byggt á systurskipi hins upprunalega Gorch Fock, sem bar nafnið Albert Leo Schlageter. Nýja skipið var fyrst sjósett 23. ágúst 1958 og var tekið formlega í þjónustu (vestur-)þýska flotans 17. desember það ár.

Síðast þegar skipið sigldi til Íslands voru um borð 139 fastir áhafnarmeðlimir auk 59 undirforingjaefna úr þýska sjóhernum og tveggja liðsforingjaefna úr þýska landhernum. Sú sigling var þáttur í átta vikna námskeiði foringjaefnanna, en námskeiðið hófst með tveggja vikna þjálfun í skipinu þar sem það lá við bryggju í heimahöfn þess, Kiel.

■ Hvað læra menn á skólaskipi?

Námið fyrir liðsforingjaefnin miðast að því að gefa þeim tækifæri til að komast í návígi við náttúruöflin og til að kynnast því hvernig það er að búa með öðrum áhafnarmeðlimum í þrengslum og einangrun. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir að þeir leggi stund á flókin siglingafræði á þessum tíma enda er nærri fullmönnuð áhöfn þjálfaðra sjóliða um borð í skipinu.

Meistaranám í lýðheilsu
Master of Public Health (MPH)

er tveggja ára þverfræðilegt nám sem veitir hagnýta þekkingu á framkvæmd heilbrigðisrannsókna og útfærslu forvarnaraðgerða. Mikilvægur undirbúningur fyrir forystuhlutverk á hinum fjölmörgu sviðum heilbrigðismála.

Í boði er:

» Kennsla hjá helstu sérfræðingum Íslands á sviðum lýðheilsu.

» Valnámskeið úr fjölmörgum fræðasviðum Háskóla Íslands, þar á meðal: Heilsuhagfræði, heilsusálfræði, næringarfræði, opinberri stjórnsýslu, umhverfisfræði og vinnuvernd.

» Kennslu- og rannsóknarsamstarf við fremstu menntastofnanir heims, þar á meðal Harvardháskóla í Boston og Karolinskaháskólann í Stokkhólmi.

» Rannsóknarsamstarf við innlendar stofnanir, þar á meðal: Hjartavernd, Krabbameinsfélag Íslands, Landlæknisembættið, LSH og Lýðheilsustöð.

Kynningarfundur 3. apríl / Upplýsingar: www.publichealth.hi.is / sími: 5254956

Guðlaugur Birgisson, Sjúkraþjálfari
Meistaraverkefni:
Áhrif offitumeðferðar á Reykjalundi með og án skurðaðgerðar

Edda Björk Þórðardóttir, Sálfræðingur
Doktorsverkefni:
Eftirfylgd á tíðni einkenna áfallastreituröskunnar hjá þolendum snjóflóðsins í Súðavík 1995

Hanne Krage Carlsen, Fjölmiðlafræðingur
Meistaraverkefni:
Áhrif loftgæða í Reykjavík á notkun astmalyfja

Þórólfur Guðnason, Barnalæknir
Doktorsverkefni:
Smitsjúkdómar íslenskra leikskólabarna: Áhættuþættir og íhlutanir

Ólöf Elsa Björnsdóttir, Hjúkrunarfræðingur
Meistaraverkefni:
Áhrif uppeldisaðferða forelda á geðheilsu unglinga og trú á eigin getu

Kristín Einarsdóttir, Iðjuþjálfi
Meistaraverkefni:
Reynsla, daglegt líf og heilsufar palestínskra flóttakvenna eftir komu til Íslands

Þuríður Þorbjarnardóttir, Líffræðingur
Meistaraverkefni:
Hefur taka kvenhormónalyfja áhrif á nýgengi brjóstakrabbameins meðal íslenskra kvenna?

Verið velkomin í öflugan nemendahóp!

Umsóknarfrestur: 15. apríl 2009

ÍSLENSKA/SIA.IS/HSK 41972 04/08

Pantaðu ráðgjöf á landsbankinn.is
í útibúinu þínu eða í síma 410 4000

Landsbankinn



FRÉTTASKÝRING: Á landsfundi Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar

Fundir markaðir af kreppu og kosningum

Fréttablaðið leit við á landsfundi Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar síðdegis í gær og ræddi við fundargesti og kannaði stemninguna.

Jenný Þorkatla Magnúsdóttir:

Á fulla ferð inn í Evrópumálin

„Ég held að samhugurinn sé jafnvel meiri nú en oft áður í Samfylkingunni. Ég held að þessi erfiðleikar hafi jafnvel eflt samstöðuna og svo erum við að mælast vel í skoðanakönnun sem er nú ekki til að skemma fyrir svona skömmu fyrir kosningar." En efaðist hún aldrei um flokkinn þegar efnahagskerfið fór á hliðina á hans vakt. „Ég verð nú alltaf jafnaðarmaður en vissulega verðum við að viðurkenna að við gerðum mistök og ég held að enginn sé betur í stakk búinn til að reisa þetta aftur við en Samfylkingin.

Nú vil ég að við drögum vagninn í Evrópumálunum, eigum ekkert að hörfa frá því né bíða eftir því hver ætli að bjóða okkur í dans, við eigum bara að taka Evrópuslaginn."

Að þessu kveðnu varð hún að sinna dóttur sinni Eyrúnu Unu Arnarsdóttur sem lét sig ekki vanta á fundinn.

Þorsteinn Ingimarsson:

Frá mótmælum á landsfund

„Þessi landsfundur er frábrugðinn að því leyti að þetta ber brátt að, ástandið er síðan eins og það er og svo er stutt til kosninga. En þetta er stærsti landsfundurinn hingað til svo að okkur er greinilega að vaxa fiskur um hrygg. Nú ber okkur að draga vagninn í Evrópumálunum en síðan verðum við að tala meira um efnahagsmálin nú en oft áður."

Hann segir að þó hann hafi mætt á mótmælafundi á Austurvelli í vetur þá bitni það ekki á hollustu hans við flokkinn. „Þetta er einmitt styrkur Samfylkingarinnar að hann hefur umburðarlyndi gangvart skiptum skoðunum. Það sást best á fundinum fræga í Þjóðleikhúskjallaranum. En svo stöndum við sterkari á eftir sem sést á því að við erum nú á okkar stærsta landsfundi."

Erla Ruth Sandholt:

Lokaði stofunni og fór á fundinn

„Ég gekk í flokkinn árið 1956 svo ég hef verið á nokkuð mörgum landsfundum. Reyndar missti ég af þeim þó nokkrum þar sem ég varð að vinna en ég er með hágreiðslustofu. Nú er ég komin á þann aldur að ég hef bara lokað og allir eru bara sáttir við það og svo skelli ég mér á landsfundinn." En finnst henni eitthvað ólíkt með þessum landsfundi og þeim sem hún hefur áður verið á? „Já, ég finn sérstaklega fyrir því hvað það er mikill áhugi núna, ég er í hverfisfélagi og varð því vör við það að fólk kepptist við að fá að vera með. Áður þurfti að ýta við fólki en sú var ekki raunin að þessu sinni." Hún segist ekki hafa efast um flokkinn jafnvel þegar mestu ófarirnar voru að dynja yfir þjóðina með Sjálfstæðisflokkinn í ríkisstjórn. „Nei, aldrei og ég held að Davíð Oddsson eigi ekki dyggari stuðningsmann en mig."

Erla Steingrímsdóttir:

Fyrsti landsfundurinn

„Mér sýnist á öllu að þetta eigi eftir að vera góður landsfundur. Það er létt yfir fólki og góð stemning. Svo tel ég að Samfylkingin eigi eftir að fylkja sér á bak við nýjan formann og svo á að kjósa varaformann og hvað það varðar þá hef ég myndað mér skoðun.

Þetta er fyrsti landsfundurinn sem ég kem á. Ástæðan fyrir því að ég er hér er sú að ég hef mikinn áhuga á því að vera með í málefnahópavinnu og mér er mjög hugleikið almannatryggingakerfið þar sem ég þekki svolítið til. Svo nú er ég hér sem landsfundarfulltrúi og ætla að reyna að hafa áhrif."

Jón Atli Kristjánsson:

Kreppan setur mark á fundinn

„Ég vænti mjög mikils af fundinum. Það er góð stemning meðal landsfundarfulltrúa sem eru 1.900. Við erum að fara að kjósa okkur nýja formann og nýja forystusveit þannig að þetta eru mikil tímamót fyrir flokkinn.

Eins þurfum við að gera upp mörg mál fyrir framtíðina, landið fór á hausinn á vakt flokksins og það er ekki hægt að horfa fram hjá því. Við verðum að gera það upp og komast inn í nýja framtíð. Þannig að stefnan verður að vera kristalskýr þegar við höldum af þessum fundi."

Jón Atli hefur ekki töluna á þeim landsfundum sem hann hefur farið á en hann mun þó alltaf muna eftir þessum. „Þó að við höfum áður verið í kreppu þá hafa þær aldrei verið í líkingu við þessa og það markar auðvitað mannskapinn og fundinn."

Teitur Björn Einarsson:

Fundur með formannsslag

Það er tvennt sem kemur upp í huga Teits þegar hann er spurður hvað muni setja mest mark á landsfundinn að þessu sinni. „Það eru náttúrulega gríðarlega erfiðir tímar fram undan og það dylst engum hér. Við þurfum að marka stefnu sem mun hjálpa fyrirtækjum að komast af og koma skikkan á ríkisfjármálin aftur eftir áfallið. En svo fer í hönd fyrsta alvöru formannskosning síðan árið 1991 svo það er ákveðin spenna í loftinu þó að ég skynji nú að meðbyrinn er mun meiri Bjarna [Benediktssonar] megin."

Teitur er fyrsti varaformaður Sambands ungra sjálfstæðismanna.

VERJUM OG SÆKJUM ÞANN RÉTT SEM VIÐ EIGUM

KOMDU
Í MORGUNKAFFI
Á STÓRHÖFÐANN
þriðjudaginn 31. mars
milli 9 og 11

Ef þú ert atvinnuleitandi líttu þá við
og spjallaðu við félagana.
Kannaðu hvað möguleikar eru í boði.
Halldór Grönvold frá ASÍ
fer yfir stöðuna og hvað sé framundan

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

VIÐ VINNUM FYRIR OKKAR FÉLAGA!

ÞÉR BÝÐST EKKI MEIRA ÖRYGGI EN RÍKISÁBYRGÐ

RÍKISVÍXLASJÓÐUR

Nýr og traustur kostur fyrir einstaklinga, fyrirtæki og aðra fjárfesta. Ríkisvíxlasjóður er fyrir þá sem kjósa að fjárfesta í eignum sem tryggðar eru af ríkinu, vilja ávaxta fé sitt til þriggja mánaða eða lengur og halda sveiflum í lágmarki.

- Víxlar og stutt skuldabréf útgefin af eða með ábyrgð íslenska ríkisins. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta allt að 10% í innlánum
- Hentar þeim sem vilja fjárfesta í þrjá mánuði eða lengur
- Litlar sveiflur í ávöxtun
- Enginn binditími

Kynntu þér **Ríkisvíxlasjóð** á www.kaupthing.is, hafðu samband við Ráðgjöf Kaupþings í síma 444 7000 eða komdu við í næsta útibúi.

Ríkisvíxlasjóður er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Vakin er sérstök athygli á að almennt fylgir áhætta fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fyrri ávöxtun verðbréfasjóða gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar um sjóðina, þ.á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum þeirra, má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðanna sem nálgast má á www.kaupthing.is/sjodir

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta tryggir innlán að lágmarki fjárhæð sem samsvarar EUR 20.887. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 6. október 2008 eru „innstæður í innlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum og útibúum þeirra hér á landi tryggðar að fullu". Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er ekki kveðið á um gildistíma, en yrði hún felld úr gildi þá tæki við lágmarksvernd samkvæmt lögum nr. 98/1999, sem greinir frá að ofan. Tryggingarsjóðurinn tryggir ekki tjón sem verður vegna taps á undirliggjandi fjárfestingum verðbréfasjóða s.s. skuldabréfum eða víxlum. Sjá nánar lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, og heimasíðu sjóðsins, www.tryggingarsjodur.is

KAUÞING

ÍSLENSKA SÍA.IS KAU 45229 03/09

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

Fjöldi viðskipta: xxx **Velta:** x.xxx milljónir

OMX ÍSLAND 15 215 **-0,05%**

OMX ÍSLAND 6 663 **-0,25%**

MESTA HÆKKUN

CENTURY ALUM.	+7,66%
FØROYA BANKI	+0,42%

MESTA LÆKKUN

MAREL	-2,68%
BAKKAVÖR	-0,71%
ÖSSUR	-0,45%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 3,30 +0,00% ... Atlantic Airways 171,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 260,00 +0,00% ... Bakkavör 1,39 -0,71% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 120,00 +0,42% ... Icelandair Group 7,00 +0,00% ... Marel Food Systems 45,35 -2,68% ... Össur 88,5 -0,45%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Eyrir hagnast um 1,5 milljarða króna

Hugsanlegt að Marel Food Systems og Össur verði skráði í norrænar kauphallir á árinu.

„Við erum sátt við að skila lítils háttar hagnaði við erfiðar aðstæður," segir Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Eyris Invest. Merki eru um að hið versta sé að baki á mörkuðum og að viðskipti víða um heim séu að taka við sér eftir snögga og djúpa niðursveiflu, að hans sögn.

Félagið hagnaðist um 1,5 milljarða króna á síðasta ári samanborið við tæplega 797 milljóna króna hagnað í hittifyrra. Þar munar um að félagið greip til ýmissa aðgerða, svo sem að semja um framlengingu lána til 2011 og loka afleiðusamningum.

Hreinar rekstrartekjur námu 25 milljónum króna í fyrra samanborið við 1,2 milljarða árið á undan. Á sama tíma lækkuðu rekstrargjöld um tæp tólf prósent í rúmar 265,4 milljónir króna.

Eigið fé var 31,4 milljarðar króna í lok síðasta árs, laust fé og bankainnstæður námu 6,9 milljörðum og var eiginfjárhlutfallið 40,8 prósent.

ÁRNI ODDUR ÞÓRÐARSON

Nokkru munar um að Eyrir tók í nóvember yfir hlut Nýja Landsbankans í breska félaginu London Acquisition, sem með öðrum tóku yfir hollensku iðnsamsteypuna Stork. Í skiptum fékk bankinn 27,5 prósenta hlut í Eyri.

Eyrir Invest er kjölfestufjárfestir í Marel Food Systems og hefur verið næststærsti hluthafi Össurar síðustu ár. Fyrirtækin eru á meðal stærstu útflutningsfyrirtækja landsins og á meðal 30 prósenta af stærstu félögum sem skráð eru í kauphallir á Norðurlöndunum.

Að sögn Árna Odds hefur markaðsbrestur verið á hlutabréfamarkaði eftir hrun bankanna og sé það mat Eyris að tvíhliða skráning fyrirtækjanna endurspegli virði þeirra betur. Stefnt sé að því að skrá fyrirtækin í norrænar kauphallir á næstu sex til átján mánuðum.

Gangi skráning eftir yrði Marel líklegast skráð í Finnlandi eða Danmörku en Össur í Danaveldi og yrðu hlutabréf félaganna skráð í danskar krónur þar en íslenskar hér. Við það myndu félögin ekki óska eftir skráningu á hlutafé sínu hér í erlenda mynt.

jonab@markadurinn.is

Svartasta staða í 30 ár

Efnahagsaðstæður eru með versta móti í Bretlandi og Írlandi um þessar mundir og hafa menn ekki séð það svartara í tæp þrjátíu ár.

Írska hagkerfið dróst saman um 2,7 prósent á fjórða ársfjórðungi í fyrra. Samanlagður samdráttur á árinu öllu nemur 2,3 prósentum en slíkt hefur ekki sést síðan árið 1983. Á sama tíma dróst breska hagkerfið saman um 1,6 prósent. Viðlíka tölur hafa ekki sést þar í landi frá 1980.

Breska ríkisútvarpið (BBC) bendir á að Írland sé fyrsta evruríkið sem hafi lent í klóm kreppunnar og svelg verðhjöðnunar í kjölfarið.

Aðstæður þar eru erfiðar, að sögn BBC. Auk mikilla erfiðleika hjá fjármálafyrirtækjum hefur fasteignamarkaðurinn hrunið um fjórðung og atvinnuleysi aukist langt umfram svörtustu spár. Það mældist fimm prósent í byrjun síðasta árs. Nú er hins vegar talið að tíu prósent Íra séu án atvinnu. - jab

FORSÆTISRÁÐHERRANN Brian Cowen, forsætisráðherra Írlands, stendur frammi fyrir erfiðu verki vegna aðstæðna í írsku efnahagslífi nú um stundir. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Styðja aðild að Evrópusambandi

Það má þakka fyrir að Ísland var ekki þekkt sem fjármálamiðstöð og hafði ekki ímynd sem slíkt land, að sögn Árna Gunnarssonar, formanns Samtaka ferðaþjónustunnar, á aðalfundi samtakanna í gær.

Árni sagði alla umgjörð sem skapaða hafi verið um ferðaþjónustuna langt í frá ásættanlega, stýrivextir séu enn alltof háir og þjónusta við fyrirtæki óviðunandi. Meðal annars sé um að kenna seinagangi í uppbyggingu bankakerfisins. Nauðsynlegt sé að tryggja eðlilegan rekstur á næstu vikum, sérstaklega á þeim árstíma þegar mesta tekjumyndun fyrirtækja er fram undan, að hans sögn.

Árni vísaði til niðurstöðu könnunar á meðal félagsmanna samtakanna þar sem fram kom að meirihluti taldi hag sínum betur borgið innan Evrópusambandsins en utan. „Þessi niðurstaða ætti ekki að koma á óvart," sagði Árni og bætti við að samtökin myndu beita sér fyrir því að aðildarviðræður við ESB yrðu teknar upp. - jab

FRÁ FUNDINUM Formaður Samtaka ferðaþjónustu segir það ekki hafa komið á óvart að félagsmenn styðji aðild að ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

GRÆNLAND KALLAR

Stangveiði og hreindýraveiði

Láttu þig ekki vanta á kynningu á veiðiferðum til Grænlands **í Ellingsen í dag. Frábær tilboð í gangi.**

Grænland er sannarlega land veiðimannsins. Óteljandi silungsár og vötn iða af spriklandi sjóbleikju og hreindýr ganga í flokkum um heiðar og dali.

Stangveiði og hreindýraveiði í fylgd þrautreyndra leiðsögumanna í stórbrotinni náttúru.

Komdu við í Ellingsen í dag og kynntu þér ævintýraveiðiferðir til Grænlands sumarið 2009.

flugfelag.is / sími +354 570 3075 – hopadeild@flugfelag.is

Pakkaferðir til Narsarsuaq og Nuuk – samstarfsaðilar: Pálmi Gunnarsson, The Icelandic Fly Fishing Service, www.tiffs.is Nuuk-Tourism, www.nuuk-tourism.gl

ÍSLENSKA/SIA.IS/FLU 45172 03.2009

NÝJA ÞOTAN Finnair hefur tekið í notkun þá fyrstu af átta nýjum Airbus A330-300 þotum sem félagið á í pöntun. MYND/AIRBUS

Eyðslan fimmtungi minni

Finnair tók í gær á móti fyrstu Airbus A330-300 breiðþotunni af átta sem félagið hefur pantað. Er þar með hafin endurnýjun langdræga flota félagsins, að því er fram kemur í tilkynningu Airbus.

„Í flota Finnair eru nú samtals 35 Airbus-þotur af nánast öllum tegundum. Finnair var fyrsta flugfélagið sem pantaði hina nýju Airbus A350 XWB. Félagið hefur samtals pantað ellefu vélar af þeirri gerð og fær þá fyrstu afhenta árið 2014."

Fram kemur að nýja A330 þotan brenni fimmtungi minna eldsneyti en sú sem hún tekur við af. „Þetta er að sjálfsögðu hagkvæmt fyrir okkur auk þess sem umhverfisáhrifin eru minni," segir Jukka Hienonen, forstjóri Finnair. „Vegna þess hve hagkvæm vélin er og búin miklum þægindum teljum við A330 þotuna vera réttu flugvélina og þá sem samræmist því markmiði okkar að búa yfir yngsta og umhverfisvænsta flugvélaflotanum í Evrópu."

Airbus hefur nú fengið staðfestar pantanir á 390 A330-300 vélum frá 38 viðskiptavinum. **- óká**

Makaskipti í þriðjungi tilfella

„Tíðni makaskiptasamninga í fasteignaviðskiptum hefur stóraukist frá því um mitt síðasta ár en allt frá maímánuði í fyrra hafa makaskiptasamningar verið um eða yfir fimmtungi allra fasteignaviðskipta á markaði samkvæmt gögnum frá Fasteignaskrá Íslands," segir í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka.

Undanfarna þrjá mánuði hafa makaskiptasamningar hins vegar verið um þriðjungur fasteignaviðskipta. „Hlutfall makaskiptasamninga í fasteignaviðskiptum byrjaði að hækka samhliða því sem framboð lánsfjár til fasteignakaupa byrjaði að þrengjast verulega og umsvif á fasteignamarkaði tóku að dragast saman," segir þar, en með makaskiptasamningi er átt við kaupsamning þar sem hluti kaupverðs er greiddur með annarri fasteign. „Í febrúar voru gerðir 39 makaskiptasamningar í fasteignaviðskiptum, sem samsvarar því að 31 prósent fasteignaviðskipta þann mánuðinn hafi farið fram með skiptum á fasteignum að einhverjum hluta. Til samanburðar var þetta hlutfall 3,1 prósent í febrúar 2007." **- óká**

MBA

Kynntu þér MBA nám við Háskóla Íslands

Háskóli Íslands var fyrstur hér á landi til að bjóða upp á MBA nám. Ávallt hefur verið lögð áhersla á að efla einstaklinginn og auka færni hans. Kennslan tekur mið af íslensku atvinnulífi og vinna nemendur verkefni sem ávallt eru tengd raunverulegum viðfangsefnum í rekstri fyrirtækja og stofnana.

Haldnir verða þrír kynningarfundir á MBA námi við Háskóla Íslands.

> Þriðjudaginn 31. mars kl. 08:20-09:20
> Miðvikudaginn 15. apríl kl. 16:00-17:00
> Fimmtudaginn 30. apríl kl. 12:00-13:00

Fundirnir fara fram á Háskólatorgi í stofu 101. Endilega kíktu við!

Boðið verður upp á léttar veitingar.
Vonumst til að sjá þig.

www.mba.is

Frumkvæði
Færni
Forysta

H2 hönnun

VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD
HÁSKÓLA ÍSLANDS

HÁSKÓLI ÍSLANDS

410 4000 | landsbankinn.is

137 / VESTURBÆJARÚTIBÚ

Guðrún byrjaði að vinna í bankanum 14 ára gömul. Hún og 13 aðrir taka vel á móti þér í Vesturbænum.

- Við leggjum okkur fram um að veita þér persónulega þjónustu.
- Við förum yfir kjörin sem þér bjóðast og svörum spurningum þínum.
- Við veitum einstaklingum og fyrirtækjum aðstoð við að skipuleggja fjármálin.

Komdu við í Vesturbæjarútibúi við Hagatorg eða hringdu í okkur í síma 410 4000.

Landsbankinn

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FERSKUR KJÚKLINGUR 30%-40% AFSLÁTTUR

1679

HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2798 KR./KG.
40% afsláttur 1679 kr./kg.

489

BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 698 KR./KG.
30% afsláttur 489 kr./kg.

1689

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR
MERKT VERÐ 2598 KR./KG.
35% afsláttur 1689 kr./kg.

539

HOLTA FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
MERKT VERÐ 898 KR./KG.
40% afsláttur 539 kr./kg.

419

HOLTA BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR
MERKT VERÐ 698 KR./KG.
40% afsláttur 419 kr./kg.

1443

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2220 KR./KG.
35% afsláttur 1443 kr./kg.

359

498
HÁLFT KÍLÓ

359

129

VÍNBER RAUÐ 359 kr. VÍNBER GRÆN 359 kr. JARÐARBER 500g **498 kr.**
APPELSÍNUR *smáar en safaríkar* **129 kr./kg.** 15 tonn í boði á þessu verði.

50%
AFSLÁTTUR

SÆLGÆSTISBARINN
50% afsláttur alla daga
75 kr pr. 100g poki.

3598

SANYO HLEÐSLUTÆKI
+4 rafhlöður 3598 kr.
KOMA FULLHLAÐNAR OG HÆGT
AÐ ENDURHLAÐA ALLT AÐ 1000 SINNUM.

2598

SANYO HLEÐSLURAFHLÖÐUR
4 stk AA og AAA 2598 kr.
HÆGT AÐ ENDURHLAÐA ALLT AÐ 1000 SINNUM

398

BÓNUS PÁSKAEGG
Nr. 3 170g **398 kr.**
Nr. 4 315g **698 kr.**

SAMA VERÐ UM LAND ALLT

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 **SUNNUD:** 12:00-18:00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FERÐ Í BÓNUS Á KORPUTORG BORGAR SIG

Sanpellegrino sokkabuxur og sokkar.
25% afsláttur laugardag og sunnudag

NÝBAKAÐ Í BÓNUS NÝ BAKAÐ NÝBAKAÐ Í BÓNUS

598
GILLETTE FUSION RAKSTURSGEL
20% meira magn 240ml
598 kr.

198
BÓNUS KLEINUHRINGIR
2 STK 198 kr.

2598
GILLETTE RAKVÉLABLÖÐ
FUSION 2598 kr
8 stk pakki getur
dugað í 5 mánuði.

98
BÓNUS BAGUETTEBRAUÐ 98 kr.

198
BÓNUS MJÚKAR
KRINGLUR 4 STK 198 kr

198
BÓNUS KORNKUBBAR 4 STK 198 kr

198
BÓNUS 3JA
KORNABRAUÐ
198 kr.

SAMA VERÐ UM LAND ALLT

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00

skoðun

greinar@frettabladid.is

Stefnumótun fyrir komandi kosningarloforð:

Stund sannleikans rennur upp

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Við lok þessarar helgar munu tveir stærstu stjórnmálaflokkar landsins hafa lokið landsfundi sínum. Í fyrstu munu fréttir væntanlega fjalla nokkuð um hverjir voru kjörnir til forystu innan flokkanna. Það eru stjórnmál eins og venjulega og munu ekki miklu breyta upp á framtíðina. Það sem máli skiptir eru þær stefnur og áherslur sem flokksmenn ná saman um. Hvernig flokkarnir sjá fyrir sér að takast á við þær breytingar sem fram undan eru.

Frá því að íslenskt efnahagslíf hrundi í október hafa verið miklar sveiflur í fylgi stjórnmálaflokkanna. Eftir að ný ríkisstjórn tók við hefur þó náðst þar nokkur stöðugleiki, með Samfylkingu, Sjálfstæðisflokk og Vinstri grænn með fylgi upp á 20 til 30 prósent. Þessi stöðugleiki í fylgi hefur náðst, þrátt fyrir að enginn þessara flokka hafi komið fram og lýst sinni framtíðarsýn í breyttum veruleika.

Enginn þessara flokka hefur stigið fram og sagt þjóðinni hreinskilnislega hvernig hann vilji hækka skatta og skera niður í ríkisfjármálum.

Verulegur niðurskurður ríkisfjármála er fyrirsjáanlegur. Talað er um að 150-200 milljarða halla á ríkisfjármálum þurfi að brúa við næstu fjárlagagerð. Hvernig þetta verður brúað verður ein mikilvægasta spurningin fyrir næstu kosningar. Stjórnmálaflokkar geta því ekki leyft sér að ætla að bjóða þjóðinni framboð sem hefur ekki skýra sýn á hvernig þetta verður gert.

Fyrstu viðbrögð einhverra flokka verður að lofa dúsum til heimila og fyrirtækja sem þjást fyrir ástandið. Til að skila árangri þurfa þær að kosta mikið fé, sem verður þá að finna annars staðar í ríkisreikningnum. Aukalegt fjármagn er núna ekki til staðar. Því miður er það svo að hjóli tímans verður ekki snúið til baka og lífskjör munu skerðast í kjölfar hruns bankanna og efnahagslífs landsins síðastliðinn október. Þá munu sumir stjórnmálamenn bregðast við með því að ýkja ástandið, því þeir telja það sér til pólitísks framdráttar. Á sama tíma munu aðrir reyna að draga úr því sem gerst hefur. Best færi á því að reyna bara að segja fólki satt.

Þegar niðurskurðurinn verður jafn mikill og liggur fyrir er ekki verið að tala um flatan niðurskurð á öll ráðuneyti og á alla málaflokka. Þar þarf að ræða breiðu línurnar um hlutverk ríkisins og hvernig skuli stokka upp í kerfinu. Það þarf að ræða hreinskilnislega um uppstokkun á landbúnaðarkerfinu, menntakerfinu, heilbrigðiskerfinu og velferðarkerfinu og annars staðar þar sem hægt verður að skera niður. Skera þarf niður væntingar um að stofnað verði til nýrra fjárútláta ríkisins. Út úr þeirri umræðu þurfa að koma niðurstöður um hvað skuli verja og hvernig öðru verður sinnt. Eftir þá umræðu þarf að vera ljóst hver framtíðarsýn stjórnmálaflokkanna er. Íslendingar eru að fara að kjósa eftir mánuð og sjaldan hefur verið mikilvægara en nú að taka upplýsta ákvörðun í kosningum um framtíðarsýn. Þá er ekki verið að tala um hvernig eigi að stoppa í göt. Nú ríður á að leyfa fólki að velja á milli uppskrifta að framtíð landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

GARÐATORG
EIGNAMIÐLUN

SÖRLASKJÓL 50 – Frábært sjávarútsýni

Stórglæsileg nýuppgerð 100 fm. sér hæð (efsta hæð) Nýjar innréttingar, raflagir og gólfefni. Húsið er nýviðgert að utan og málað, nýtt járn á þaki og nýjar þakrennur. Risloft er yfir íbúðinni. Í kjallara er sameiginlegt þvotta- og þurrkherbergi. Á baklóð er sérgeymsla. **Verð 36 milj.**

Sölumaður Sigurður sími 8983708
Eign á besta stað í Reykjavík.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Minna á sig
Afnám verðtryggingar er allt í einu orðið eitt af stóru málunum í pólitíkinni og jafnvel Bjarni Benediktsson farinn að ræða slíka aðgerð. Af því tilefni rifjar Frjálslyndi flokkurinn nú upp að afnám verðtryggingar var eitt af stefnumálum hans í kosningabaráttunni 2007. „Verður þú gjaldþrota?“ spurðu Frjálslyndir í blaðaauglýsingu þá. „Mikil verðbólga og verðtrygging lána rústar fjárhag skuldugra fjölskyldna, einkum ungs fólks. Þannig getur lífið orðið óbærilegt. Afnám verðtryggingar lána er nauðsynleg fyrir heimilin í landinu“, sögðu þeir og bíða nú eftir að Bjarni taki upp stefnu þeirra um afnám kvótakerfisins.

Uggur
Það skýrist í dag og á morgun hverjir veljast til forystustarfa í Samfylkingunni og Sjálfstæðisflokknum. Samfylkingarfólk kýs sér varaformann í dag og sjálfstæðismenn kjósa sér formann á morgun. Kjörnefndafólki eru sendar óskir um farsæl störf en víst er að sumir eru á nálum vegna mistakanna hróplegu sem urðu á flokksþingi framsóknarmanna í janúar. Þá var Höskuldur Þór Þórhallsson lýstur formaður fyrir mistök.

Ónýt hugsjónabarátta
„Sjálfstæðisflokkurinn hefur látið undan síga á nær öllum hugmyndafræðilegum vígstöðvum sínum á síðustu árum. Að minnsta kosti ef hann telur sig hægriflokk með frjálslynd borgaraleg viðhorf.“ Svo segir Vefþjóðviljinn um Sjálfstæðisflokkinn. Og: „Ónýt barátta flokksins fyrir hugsjónum sínum í ríkisstjórn á undanförnum árum mun gera honum mjög erfitt fyrir í stjórnarandstöðu á næstu kjörtímabili… Hvernig á flokkurinn að vera trúverðugur í gagnrýni sinni á skatthækkanir og eyðslugleði vinstri stjórnar þegar hann er sjálfur búinn að hækka skatta og útgjöld?“ spyr Vefþjóðviljinn en lætur ógert að svara.

bjorn@frettabladid.is

Andi liðinna funda

Heimurinn stendur frammi fyrir djúpstæðum efnahagserfiðleikum sem margir málsmetandi menn telja alvarlegri en kreppuna miklu á millistríðsárunum. Fyrir 2008 töldu sérfræðingar engar líkur á að kreppa á borð við kreppuna miklu gæti endurtekið sig, þökk sé hinu sterka og samþætta alþjóðlega hagkerfi, sem byggt var upp eftir seinni heimsstyrjöld.

Yfirvofandi fundur 20 stærstu iðnríkja heims hefur því skapað gríðarlegar væntingar um að alþjóðahyggjan muni enn á ný vinna bug á urmul efnahagslegra vandamála. Því miður eru væntingarnar svo miklar að það eitt og sér er nær örugg ávísun á vonbrigði.

Fundarstaðurinn er óheppilegur í sögulegu ljósi; hann skírskotar til árangurslausrar tilraunar til að koma skikki á alþjóðahagkerfið í kreppunni miklu þegar Alþjóðlega efnahagsráðstefnan var haldin í Jarðfræðisafninu í London árið 1933, þar sem fundargesti frá 66 ríkjum um allan heim dreif að. Fundargestirnir í ár líta ef til vill ekki við á Jarðfræðisafninu, en engu að síður þurfa þeir að kljást við anda liðinna funda því þeir geta dregið mikilvægan lærdóm af fundinum sem brást árið 1933.

Dæmt til að mistakast
Fyrst skal nefna að rétt eins og með G-20 fundinn í ár, voru flestir búnir að afskrifa ráðstefnuna 1933 fyrirfram. Vinnubrögð undirbúningsnefndannna voru líka til þess fallnar að lama sjálfan allsherjarfundinn. Sérfræðingar í gjaldmiðilsmálum töldu til dæmis brýnt að komast að samkomulagi um stöðugleika á því sviði en til þess þyrfti að komast að samkomulagi um niðurfellingu á verslunarhöft – innflutningstollana og kvótana sem komið hafði verið á í kreppunni.

Um leið hittust sérfræðingar á sviði verslunar og lögðu fram spegilmynd af sömu rökum. Þeir voru sammála um að verndarstefna væri til vansa en meðan ekki væri meiri stöðugleiki í peningamálum væri hún nauðsynleg.

Það eina sem hefði mögulega getað bjargað fundinum var ef eitt stórveldanna hefði verið reiðubúið til að höggva á hnútinn og fórna vissum þjóðarhagsmunum til að losa málin úr þeirri sjálfheldu sem þau voru komin í. Líkurnar á svo skörulegu frumkvæði eru ekki meiri í ár en þær voru þá.

HAROLD JAMES
Í DAG | Iðnríkjafundurinn

Önnur lexía sem læra má af ráðstefnunni í London 1933 er að þegar erfiðleikar steðja að eru stjórnvöld treg til að færa fórnir sem fela í sér búhnykk til skamms tíma. Jafnvel þótt það leiddi til aukins stöðugleika til framtíðar þóttu hinar beinu og umsvifalausu pólitísku afleiðingar of óþægilegar. Stjórnvöld voru berskjölduð og óörugg í miðri heimskreppunni og máttu ekki við því að glata stuðningi almennings.

Önnur lexía sem læra má af ráðstefnunni í London 1933 er að þegar erfiðleikar steðja að eru stjórnveld treg til að færa fórnir sem fela í sér búhnykk til skamms tíma.

Leitað að blóraböggli
Í þriðja lagi má nefna að um leið og ljóst er að fundurinn mun ekki skila árangri hefst leitin að blóraböggli. Ráðstefnan 1933 minnti á dæmigerða leynilögreglusögu þar sem allir liggja undir grun. Bretar og Frakkar höfðu snúið baki við alþjóðahyggju og tileinkað sér stefnu sem hyglaði heimsveldum þeirra handan hafsins. Forseti Þýskalands var nýbúinn að skipa hina róttæku og herskáu ríkisstjórn Adolfs Hitlers. Alfred Hugenberg, sem fór fyrir þýsku sendinefndinni, var ekki nasisti en vildi engu að síður sýna fram á að hann væri einarðari þjóðernissinni en Hitler sjálfur. Ríkisstjórn Japans var nýbúin að senda herlið inn í Mansjúríu.

Af öllum stórveldunum í London virtust Bandaríkin sanngjörnust og langopnust fyrir alþjóðahyggjunni. Þar var nýkominn til valda forseti með mikla persónutöfra, þekktur Englandsvinur og heimsborgaralegur í hugsun. Franklin Roosvelt hafði þegar látið til sín taka í baráttunni gegn kreppunni og var að reyna að endurskipuleggja bankakerfið í Bandaríkjunum upp á nýtt.

Roosevelt vissi ekki hvaða stefnu hann átti að marka á ráðstefnunni og ráðgjafar hans voru ekki á einu máli. Að lokum þraut hann þolinmæðina og hann tilkynnti að Bandaríkin ætluðu sér ekki að grípa til ráðstafana til að koma stöðugleika á dollarann í bili. Þessi skilaboð, sem flutt voru 3. júlí 1933, voru kölluð „bomban“. Roosevelt talaði um þörfina á að endurreisa „efnahagslega innviði heillar þjóðar“ og fordæmdi „gamlar trúarkreddur svokallaðra alþjóðlegra bankamanna“.

Allir þóttust felmtri slegnir yfir því að alþjóðahyggjan hefði lotið í lægra haldi á fundinum. En um leið var þeim létt yfir að hafa fundið einhvern til að skella skuldinni á.

Tækifærið fari ekki til spillis
Árið 2009 stöndum við andspænis áþekkum kringumstæðum. Ágreiningurinn hefur verið markaður skýrt fyrirfram. Bandaríkin vilja að heimsbyggðin ráðist í þjóðhagfræðilegar björgunaraðgerðir og telja að flókin endurskipulagning á umsjón og eftirliti fjármálakerfisins geti beðið betri tíma. Mörg Evrópulönd hafa ekki efni á að ráðast í björgunaraðgerðir og vilja einbeita sér að því að endursemja alþjóðlegar reglur um fjármálastarfsemi.

Afsakanirnar liggja þegar fyrir. Það er ólíklegt að eftir fundinn verði ráðist í samræmdar björgunaraðgerðir á heimsvísu eða lögð fram nákvæm drög að skotheldu reglugerðarkerfi fyrir alþjóðlega fjármálastarfsemi. Meðan á fundi stendur munu fundargestir bíða þess að einn leiðtoganna (kannski Angelu Merkel?) þrjóti þolinmæðina og bendi á þá augljósu staðreynd að þetta sé tímasóun. Í kjölfarið fordæmi allir viðkomandi stjórnmálamann fyrir hreinskilnina og saka hann um að bregða fæti fyrir alþjóðahyggjuna.

Á fjórða áratugnum voru það hinar einráðu og herskáu ríkisstjórnir Þýskalands og Japans sem uppskáru mest af misheppnuðu ráðstefnunni í London. Ef ekki tekst betur til í ár verður það líklega vatn á myllu andstæðinga stjórnvalda stærstu ríkjanna á Vesturlöndum og notað sem röksemd fyrir nýrri tegund af ríkiskapítalisma.

Höfundur er prófessor í sagnfræði og alþjóðamálum við Skóla Woodrow Wilson hjá Princeton-háskóla í Bandaríkjunum. ©Project Syndicate. Millifyrirsagnir eru blaðsins.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Veldur stress krabbameini?

UMRÆÐAN

Halla Skúladóttir skrifar um orsakir krabbameins

HALLA SKÚLADÓTTIR

Undanfarið hefur mikið gengið á í íslensku þjóðlífi. Óvissan hefur verið mikil, fólk hefur misst vinnuna eða óttast að missa vinnuna og álagið á fjölskyldur hefur verið mikið. Það virðist vera almenn trú manna að stress valdi krabbameini, oft tengja nýgreindir sjúklingar myndun krabbameinsins við ákveðin alvarlegan lífsviðburð fyrr í lífinu. Getgátur hafa verið uppi um það að ónæmiskerfið bælist við stress og við það myndist færi fyrir krabbameinfrumur að vaxa upp sem annars væri haldið niðri af ónæmiskerfinu. Það hefur þó ekki verið sýnt fram á að þetta eigi sér raunverulega stað með óyggjandi hætti. Vegna þess hve oft ég hef verið spurð að því undanfarið hvort stress valdi krabbameini langar mig að greina frá þeim rannsóknum sem birtar hafa verið um þetta efni á undanförnum árum.

Hvað er stress?

Það hafa verið gerðar ýmsar rannsóknir til að kanna tengslin á milli stress og myndunar á krabbameini. Það er erfitt að skilgreina stress, en oft eru alvarlegir lífsviðburðir eins og skilnaður, andlát maka, alvarleg veikindi barns, missir vinnu og fleira sem veldur verulegu andlegu álagi notaðir sem mælikvarði um stress í rannsóknum.

Það er hægt að kanna tengslin á milli stress og myndunar krabbameins á mismunandi vegu. Sumar rannsóknir hafa lagt spurningalista fyrir hóp fólks, annars vegar þá sem greinst hafa með krabbamein og hins vegar viðmiðunarhóp sem ekki hefur greinst með krabbamein en líkist hinum hópnum að öðru leyti, það er hefur svipaða aldurs- og kyndreifingu. Þátttakendur eru svo spurðir hvort og hvenær þeir hafi upplifað alvarlegan lífsviðburð. Helsti gallinn við þessar rannsóknir er sá að þeir sem greinst hafa með krabbamein hafa oft reynt að leita skýringa á því hvers vegna þeir hafa veikst. Þeim er því í fersku minni andlega álagið sem þeir urðu fyrir einhverjum árum áður, en það sama er ekki hægt að segja um viðmiðunarhópinn og því verða þessar rannsóknir oft falskt jákvæðar, þ.e. þær sýna samhengi þó það sé raunverulega ekki til staðar. Þegar farið er yfir niðurstöður rannsókna þessarar gerðar benda sumar til þess að stress geti tengst myndun krabbameina og aðrar ekki, þannig að spurningunni verður ekki svarað með þeim.

Hvað segja hóprannsóknir?

Hóprannsóknir eru almennt taldar betri en spurningalistarannsóknir til þess að svara spurningum um orsakir krabbameina, en þær eru dýrar í framkvæmd því það verður helst að safna upplýsingum mörgum árum áður en krabbameinið greinist til þess að hægt sé að mæla áhættuþáttinn (stress) án truflunar. Hóprannsóknir eru mismunandi, stundum eru notaðir afmarkaðir hópar, t.d. starfsmenn stórra fyrirtækja og þeim fylgt eftir, stundum er fólk kallað inn til rannsókna með skipulögðum hætti líkt og gert er hjá Hjartavernd, þar sem það er beðið um að svara ýmsum spurningum af spurningalista. Til að svara spurningunni um það hvort stress valdi krabbameinum hefur til dæmis verið fylgst með hópum sem hafa lent í mjög erfiðri lífsreynslu eins og foreldrum sem misst hafa barn eða átt barn sem hefur orðið alvarlega veikt. Um er að ræða stórar rannsóknir með þúsundum þátttakenda. Tíðni krabbameina hefur verið reiknuð út hjá þessum hópum og borin saman við tíðni meðal annarra í sama þjóðfélagi og það hefur ekki verið sýnt fram á neina aukna hættu á krabbameinum í þeim hópi sem lent hefur í erfiðri lífsreynslu. Hins vegar hefur aðeins ein hóprannsókn verið birt þar sem upplýsingar um stress eða alvarlega lífsviðburði voru mældar með spurningalista áður en greining krabbameinsins var gerð og hópnum fylgt eftir í að meðaltali níu ár. Í hóprannsókninni tóku um 10.000 manns þátt og 1.100 fengu krabbamein á meðan hópnum var fylgt eftir. Þeir sem upplifðu alvarlega lífsviðburði fengu ekki oftar krabbamein en aðrir í rannsókninni.

Lífsstíllinn skiptir máli

Ef niðurstöður ofangreindra rannsókna sem til eru um þetta efni eru teknar saman, er svarið við spurningunni hér að ofan að ekki virðist ástæða til þess að óttast að alvarlegir lífsviðburðir valdi krabbameini. Hér að ofan var stress skilgreint sem alvarlegur lífsviðburður. Annars konar stress eins og við þekkjum það í almennu tali, þar sem of mikið álag og tímaskortur fer saman, ýtir hins vegar oft undir óholla lifnaðarhætti. Þess háttar stress tengist gjarnan hinum vestræna lífsstíl, það er auknum reykingum og kyrrsetulífi. Hinn stressaði neytir oftar óhollustu sem einkennist af orkuríku fæði, mettuðum fitusýrum, kolvetnum og síðast en ekki síst minnkar neyslan á ávöxtum og grænmeti. Þessi lífsstíll eykur áhættu á myndun krabbameins og ber að forðast hann.

Helstu heimildir:
Bergelt C ofl., British Journal of Cancer (2006) 95, 1579 – 1581
Roberts- FD ofl., Cancer (1996) 77, 1089-1093
Johansen C ofl., Br J Cancer (1997) 75, 144–148
Kvikstad A, Eur J Cancer (1994) 30A, 473–477

Höfundur er yfirlæknir lyflækningar krabbameina Landspítala

Íslandsbanki býður öllum krökkum á fermingaraldri á skemmtilegt fjármálanámskeið

Viðskiptavinir okkar hafa komið á framfæri ábendingum um mikilvægi þess að miðla fjármálaþekkingu til ungmenna. Til að bregðast við þessu mun Íslandsbanki bjóða öllum krökkum á fermingaraldri á fjármálanámskeið.

Námskeiðin verða haldin í samstarfi við Opna háskólann í Háskólanum í Reykjavík og er markmið þeirra að bæta fjármálafærni þátttakenda í raunhæfum og einföldum skrefum. Leiðbeinandi verður Þór Clausen, M.Sc. í fjármálum. Námskeiðin eru ókeypis og öllum opin.

Fjármálanámskeiðin verða haldin:

Fimmtudaginn 16. apríl í Reykjavík
Mánudaginn 20. apríl á Húsavík
Þriðjudaginn 21. apríl á Akureyri
Mánudaginn 27. apríl á Selfossi
Þriðjudaginn 28. apríl í Reykjanesbæ
Miðvikudaginn 29. apríl á Akranesi
Mánudaginn 4. maí í Reykjavík
Mánudaginn 11. maí á Egilsstöðum
Þriðjudaginn 12. maí á Reyðarfirði
Miðvikudaginn 13. maí í Reykjavík
Laugardaginn 16. maí á Ísafirði
Þriðjudaginn 26. maí í Vestmannaeyjum

Fjármálanámskeið fyrir fullorðna verða haldin á landsbyggðinni sama dag.

Nánari upplýsingar og skráning er á islandsbanki.is, opnihaskolinn.is eða í síma 599 6316.

OPNI HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

Kynntu þér sniðugar fermingargjafir hjá Íslandsbanka

Framtíðarreikningur Íslandsbanka
Framtíðarreikningur ber hæstu innlánsvexti bankans hverju sinni og er kjörinn fyrir þá sem vilja gefa fermingargjöf sem vex.

Gjafakort Íslandsbanka
Með gjafakortinu getur þú verið viss um að gefa fermingargjöf sem allir kunna að meta.

Íslandsbanki

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Lausnir fyrir okkur öll

UMRÆÐAN
Einar Skúlason skrifar um stjórnmál

EINAR SKÚLASON

Í janúar var ógnarástand í samfélaginu, mikil reiði og átök, dagleg mótmæli á Austurvelli sem gátu þróast í allar áttir. Í ofanálag var stjórnarkreppa, þar sem ríkisstjórn Samfylkingar og sjálfstæðismanna logaði í innbyrðis deilum og náði því ekki valdi á viðfangsefninu. Til þess að leysa þessar erfiðu aðstæður komum við framsóknarmenn með það tilboð þann 21. janúar að verja minnihlutastjórn VG og Samfylkingar falli gegn ákveðnum skilyrðum. Þau skilyrði snerust um að boðað yrði til kosninga ekki síðar en 25. apríl, að haldið yrði stjórnlagaþing sem myndi semja nýja stjórnarskrá fyrir Ísland og að strax yrði ráðist í aðgerðir til að koma til móts við skuldsett heimili og bæta rekstrarskilyrði íslensks atvinnulífs. Í því fólst m.a. að mörkuð yrði stefna í gjaldmiðilsmálum þjóðarinnar.

Strax við ríkisstjórnarmyndunina sáum við að það voru engar lausnir á borði nýrrar ríkisstjórnar um hvernig ætti að takast á við vanda heimila og fyrirtækja, heldur einungis almennt orðuð markmið. Það lá svo á að koma saman stjórn að framsóknarmönnum var boðið að koma með tillögupakka síðar og sagt að það myndi verða tekið vel á móti þeim. Við kynntum efnahagstillögur okkar í 18 liðum fyrir mánuði síðan og bjuggumst við samræðu um þær. Þess í stað brugðust forsvarsmenn VG og Samfylkingar ókvæða við og hafa talsmenn síðarnefnda flokksins oft á tíðum lagt lykkju á leið málflutnings síns til þess að hnýta í tillögur okkar.

Því miður þarf að horfast í augu við þá staðreynd að á þeim tveimur mánuðum sem eru liðnir frá því að ríkisstjórnin var mynduð, hefur afskaplega lítið verið um aðgerðir í málum sem varða stöðu heimila og fyrirtækja. Það ber þó að nefna að ríkisstjórnin kynnti atvinnumálapakka, sem á að innihalda 4.000 störf, en ljóst er að sá pakki nýtur bara stuðnings hluta þingmanna VG og Samfylkingar vegna þess að flest störfin snúast um stóriðju. Hvernig ætla flokkarnir að taka á atvinnuleysi 17.500 manna ef það næst ekki einu sinni samstaða um að skapa 4.000 störf? Þá vilja Samfylking og VG taka á vanda heimilanna með því að skoða hvert einasta heimili sem lendir í þroti hjá sýslumönnum, taka fyrir hjá dómara og skipa tilsjónarmann með heimilinu. Bjartsýnustu spár sem ég hef séð, gera ráð fyrir að 10% heimila lendi í þessari stöðu, 7.500 heimili. Hvað mun taka mörg ár að skoða mál 7.500 heimila, fyrir utan alla hina sem munu lenda í greiðsluerfiðleikum þótt þeir fari ekki í þrot? Ég er síður en svo á móti því að allra verst stöddu heimilin séu skoðuð sérstaklega, en það þarf fyrst að ráðast í miklu víðtækari og almennari leiðréttingu á kjörum fólks og svo má skoða þá sem verst standa sérstaklega.

Þá vilja Samfylking og VG setja á stofn eignarhaldsfélag ríkisins, sem eignist þau fyrirtæki sem standa illa en talið er mikilvægt að starfi áfram. Þessi útfærsla á ríkisvæðingu fyrirtækja er alls ekki skynsamleg eða nógu vel hugsuð hvað sem líður bankahruninu í haust. Það má ekki koma aftur á kerfi þar sem stjórnvöld handstýra atvinnulífinu út frá óljósu hagsmunamati. Við þetta má síðan bæta að aðildarviðræður við ESB eru á næsta leiti ef marka má vilja forsætisráðherra, en hvaða sannfæring er í því við samningaborðið þegar helmingur ríkisstjórnarinnar er á móti því að landa málinu?

Ef eitthvert vit á að vera í ríkisstjórn sem þessir tveir flokkar standa að, þá verður Framsókn að eiga þar aðild, sem flokkur skynsamlegra lausna fyrir okkur öll. Að öðrum kosti verður byggt upp nýtt Ísland eftir hugmyndafræði gömlu ráðstjórnarríkjanna, sem er ekki góð framtíðarsýn fyrir þjóðina.

Höfundur skipar 2. sætið á framboðslista Framsóknar í Reykjavíkurkjördæmi suður.

Fagor uppþvottavél

PIPAR • SÍA • 90535

A Orkunýtni
A Þvottahæfni
A Þurrkun

Fagor uppþvottavél
LJF-0310
5 þvottakerfi. Hljóðstig: 52dB(A).
Stærð HxBxD 85x60x60.
Tilboð 89.900

RÖNNING
Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200

Breyting á gengisvísitölu og vísitölu neysluverðs



Mynd 1

Vandi vegna gengis- eða verðtryggðra lána

UMRÆÐAN
Haraldur L. Haraldsson skrifar um

HARALDUR LÍNDAL HARALDSSON

Á liðnu ári hækkaði gengisvísitalan um 80% og vísitala neysluverðs um 20%. Gengisvísitalan hefur lækkað í byrjun þessa árs, en vísitala neysluverðs hækkað. Þannig hefur hækkun sem varð á gengistryggðum lánum frá falli bankanna til ársloka 2008 nánast gengið til baka. Frá janúar 2004 hefur vísitala neysluverðs hækkað um 46% og gengisvísitalan um 58%, miðað við febrúar s.l. Mynd 1 sýnir þróun gengisvísitölu og vísitölu neysluverðs miðað við að vísitölurnar séu settar á 100 í janúar 2004.

Mynd 1

Það vekur athygli að frá janúar 2004 til júlí 2008 hækkuðu gengistryggð lán minna en verðtryggð. Styrkist gengið áfram mun sá sem tók gengistryggt lán í janúar 2004 verða betur settur en sá sem tók verðtryggt. Þannig er líklegt að verðtryggða lánið muni halda áfram að hækka en möguleiki á því að gengistryggða lánið komi til með að lækka.

Það liggur ljóst fyrir að þessi mikla hækkun á gengisvísitölu og vísitölu neysluverðs á liðnu ári stafar fyrst og fremst af því að bankar voru að taka stöðu gegn krónu til að bæta eiginfjárstöðu sína. Þetta kom berlega í ljós á liðnu ári þar sem krónan féll mikið í lok hvers ársfjórðungs. Tafla 1 sýnir hvaða afleiðingar þetta hefur haft á skuldir heimila, en þar er gerð grein fyrir skuldum heimila við lánakerfið frá árinu 2004.

Eins og taflan sýnir jukust skuldir heimila á milli ára árin 2004 til og með 2007 að meðaltali um 224 ma. kr. Ekki er vitað hverjar skuldir heimila voru í árslok 2008, en vitað hverjar þær voru í lok sept. 2008. Á tímabilinu frá janúar til september 2008 jukust skuldirnar um 342 ma. kr., eða 118 ma. kr. meira en að meðaltali á ári frá árinu 2004. Frá september til desember 2008 hækkaði neysluverðsvísitalan um 5,5% og gengisvísitalan um 13,3%. Til að áætla stöðuna í árslok eru skuldirnar í sept. 2008 framreiknaðar miðað við framangreindar hækkanir. Skv. því hafa skuldir heimila við lánakerfið hækkað um 458 ma. kr. á árinu 2008, eða rúmlega tvöfalt á við það sem gerðist árin á undan. Á tímabilinu september til desember 2008, að gefnum framangreindum forsendum, hækka skuldir heimila um 116 ma. kr., sem svo til eingöngu má rekja til mikils falls krónunnar. Þetta gerist þrátt fyrir mikinn samdrátt í hagkerfinu. Hækkunin sem átti sér stað á gengistryggðum lánum á tímabilinu september til desember 2008 hefur nú að mestu gengið til baka. Hins vegar hefur það ekki gerst hvað varðar verðtryggð lán, þar sem varanleg hækkun á vísitölunni er að mælast vegna þess að bankar voru að taka stöðu gegn krónu. Einnig er vísitalan að taka mið af neyslu eins og hún var þegar þensla var hvað mest. Í dag er neyslumynstrið allt annað en vísitalan er byggð á.

Brostnar forsendur

Með vísan til framanritaðs er ljóst að forsendur fyrir útreikningi vísitölu neysluverðs eru brostnar og beinlínis rangar. Því verður að telja eðlilegt að útreikningur vísitölunnar verði tekinn til endurskoðunar, þar sem áhrif af gengisfalli krónunnar verði metin, þar sem bankar voru að taka stöðu gegn henni. Einnig verði áhrif bankahrunsins metin svo og breytt neyslumynstur. Á grundvelli þessa verði vísitalan endurmetin og framreikningur á skuldum heimila og fyrirtækja endurreiknaður. Hvernig er hægt að færa rök fyrir því að heimilin taki á sig rúmlega 100 ma. kr. hækkun á skuldum frá sept. til des. 2008 vegna hruns banka? Hér er um að ræða rúmlega 30% af því sem gert er ráð fyrir að ríkisjóður leggi nýju bönkunum til.

Vandi þeirra heimila sem eru með lán sín í erlendri mynt virðist ekki vera sá sami miðað við þróun mála, sjá mynd. Íslandsbanki hefur boðið viðskiptavinum sínum, sem eru með skuldir í erlendri mynt, raunhæfa aðgerð í skuldamálum þeirra. Takist stjórnvöldum að styrkja gengi krónunnar má ætla að lausn í þá veru sem Íslandsbanki býður sé fullnægjandi. Takist það ekki er líklegt að vandi þeirra sem eru með erlend lán verði mikill og lausn Íslandsbanka dugi ekki. Gengi íslensku krónunnar er góður mælikvarði á því hvort aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum eru að takast. Falli gengið er ljóst að efnahagsaðgerðir stjórnarinnar eru ekki að ganga upp.

Margir áhættuþættir

Margir áhættuþættir eru tengdir íslenskri krónu. Þar ber hæst mikil skuldsetning íslenskra fyrirtækja í erlendri mynt, þ.m.t. fyrirtæki í opinberri eigu. Greinarhöfundur hefur á öðrum vettvangi varað við mikilli skuldsetningu íslenska ríkisins í erlendri mynt. Á vef Seðlabankans kemur fram að gengistryggð útlán banka til fyrirtækja í lok september s.l. voru 2.806 ma. kr. Skuldir Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar í erlendri mynt eru um 500 ma. kr. Mikil umræða hefur verið um þrýsting jöklabréfa á gengið. Mikil skuldsetning ríkisins og skuldir fyrirtækja í erlendri mynt er ekki síður ógn við íslensku krónuna.

Með vísan til framanritaðs er lagt til að lánastofnanir bjóði upp á leið Íslandsbanka hvað varðar afborganir af erlendum lánum og að vísitala neysluverðs verði leiðrétt. Áhrifum af spákaupmennsku með krónur verði eytt og tekið tillit til breytts neyslumynsturs. Ekki er um að ræða að fella niður skuldir heldur sanngjörn leiðrétting á verðtryggingu vegna áhrifa af spákaupmennsku og hruni efnahagskerfisins. Þegar leikreglur voru settar með verðtryggð lán var ekki gert ráð fyrir að lántakendur þyrftu að standa frammi fyrir þeim vanda sem nú er upp kominn.

Höfundur er hagfræðingur.

Í m. kr. á verðlagi hvers árs.	2004	2005	2006	2007	September 2008.	Áætlaðar skuldir í lok árs 2008
Skuldir heimila í íslenskum krónum	877.044	1.083.639	1.308.432	1.471.060	1.734.091	1.829.727
Skuldir heimila í erlendri mynt	14.480	77.559	156.283	177.134		
Skuldir heimila við lánakerfið, samtals	877.044	1.083.639	1.322.912	1.548.619	1.890.374	2.006.860
Aukning skulda heimila á ári hverju	206.595	239.273	225.706	341.755*	458.242	

Tafla 1, Heimild: Seðlabanki Íslands
* Aukning til loka september 2008

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Við erum sammála

um að sækja eigi um aðild að ESB

Við erum sammála um að hagsmunum íslensku þjóðarinnar verði best borgið innan ESB og með upptöku evru. Þess vegna viljum við að þegar verði sótt um aðild að ESB og gengið frá aðildarsamningi þar sem heildarhagsmunir þjóðarinnar eru hafðir að leiðarljósi.

Um þetta erum við sammála þrátt fyrir að vera hópur fólks með margar og ólíkar skoðanir um flest annað. Við erum sammála hvert á eigin forsendum og höfum fyrir því okkar eigin ástæður og rök.

Við erum sammála um að aðildarsamning á að bera undir þjóðina til samþykktar eða synjunar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá munum við, eins og aðrir Íslendingar, gera endanlega upp hug okkar um hvort við erum enn sömu skoðunar og fyrr og greiða atkvæði í samræmi við það.

Við erum sammála um að ríkisstjórnin sem tekur við völdum að loknum kosningum 25. apríl eigi að hafa það eitt af sínum forgangsverkefnum að skilgreina samningsmarkmið og sækja um aðild að ESB.

Adolf Friðriksson forstöðumaður Fornleifastofnunar Íslands, **Aðalheiður Birgisdóttir, Aðalheiður Héðinsdóttir** forstjóri Kaffitárs, **Aðalheiður Jónsdóttir** sérfræðingur á alþjóðasviði Rannís, **Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir** heimspekingur, **Aðalsteinn Leifsson** lektor og forstöðumaður, **Aðalsteinn Rúnar Óttarsson** tæknilegur framleiðandi hjá CCP, **Alfreð Hauksson** verkfræðingur og bankastarfsmaður, **Andrés Pétursson** formaður Evrópusamtakanna, **Andri Þór Guðmundsson** forstjóri Ölgerðarinnar, **Anna Árnadóttir, Anna Guðrún Björnsdóttir** sviðstjóri, **Anna Margrét Guðjónsdóttir** forstöðumaður í Brussel, **Anna-Lind Pétursdóttir** lektor við HÍ, **Ari Jónsson** véltæknifræðingur, **Ari Skúlason** hagfræðingur, **Arna H. Jónsdóttir** lektor við HÍ, **Arnar Guðmundsson** menningarfræðingur, **Arnbjörn Ólafsson** alþjóðafulltrúi RES-Orkuskólans, **Arney Einarsdóttir** lektor og framkvæmdastjóri HRM, **Auður Jónsdóttir** rithöfundur, **Axel Hall** hagfræðingur og lektor HR, **Ágúst Hjörtur Ingþórsson** forstöðumaður Rannsóknaþjónustu HÍ, **Ágústa Ýr Þorbergsdóttir** sérfræðingur þróunarsjóði EFTA, **Árni Finnsson** formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, **Árni Guðmundur Guðmundsson** húsasmiður, **Árni Kjartansson** arkitekt, **Árni Snævarr** blaðamaður, **Árni Steinar Stefánsson** EURES-ráðgjafi, **Árni Vilhjálmsson** hrl., **Ásdís Ingþórsdóttir** húsameistari, **Ásgeir Eiríksson** rekstrarhagfræðingur MBA og leiðsögumaður, **Ásgeir Jónsson** hagfræðingur, **Ásgeir Þór Ólafsson** tæknifræðingur, **Ásta Dís Óladóttir** forseti Viðskiptadeildar Háskólans á Bifröst, **Baldur Þórhallsson** prófessor við HÍ, **Benedikt Ármannsson** viðskiptafræðingur, **Benedikt Jóhannesson** framkvæmdastjóri Talnakönnunar hf., **Benedikt Stefánsson** hagfræðingur, **Bergljót Tulinius Gunnlaugsdóttir** safnstjóri, **Bergur Bragason** háskólanemi, **Bergur Felixson, Bergþóra G. Bergsteinsdóttir** fv. ríkisstarfsmaður, **Birgir Sigurðsson** rithöfundur, **Bjarni Guðnason** fv. prófessor, **Bjarni Líndal Snorrason** deildarstjóri verkeftirlits OR, **Björg Einarsdóttir** sjúkranuddari, **Björgvin Valur Guðmundsson**, **Bogi Þór Siguroddsson** stjórnarformaður Johan Rönning, **Bryndís Hlöðversdóttir** aðstoðarrektor Háskólans á Bifröst, **Börkur Steingrímsson** tölvunarfræðingur, **Dagbjört Hákonardóttir** laganemi, **Davíð Guðjónsson** framkvæmdastjóri Handpoint ehf., **Davíð Lúðvíksson** forstöðumaður stefnumótunar og nýsköpunar hjá SI, **Davíð Stefánsson** forstöðumaður viðskiptaþróunar Geysir Green Energy, **Dr. Douglas A. Brotchie** tónlistarmaður, **Dröfn Haraldsdóttir** verkefnastjóri EURES og mastersnemi við HÍ, **Dröfn Þórisdóttir** markaðsráðgjafi, **Dögg Pálsdóttir** hrl., **Edda Rós Karlsdóttir** hagfræðingur, **Dr. Eggert Claessen** framkvæmdastjóri Frumtaks GP ehf., **Einar Benediktsson** fv. sendiherra, **Einar Jörundsson** dýralæknir, **Einar Kárason** rithöfundur, **Einar Stefánsson** prófessor og yfirlæknir, **Einar Örn Sigurdórsson** auglýsinga- og markaðsfræðingur, **Eiríkur Hilmarsson** framkvæmdastjóri Vísindagarða HÍ, **Elfa Ýr Gylfadóttir** deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, **Elías Gunnarsson** framkvæmdastjóri, **Elísabet M. Andrésdóttir** stjórnmálafræðingur, **Elísabet Einarsdóttir** kennari, **Ellen Ingvadóttir** löggiltur dómtúlkur og skjalaþýðandi, **Elsa D. Gísladóttir** myndlistamaður, **Elva Dögg Kristinsdóttir** myndlistarkona og laganemi við HR, **Erna Bryndís Halldórsdóttir** lögg. endurskoðandi, **Eyjólfur Guðmundsson** aðalhagfræðingur CCP, **Felix Bergsson** leikari, **Finnbogi Jónsson** framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, **Finnur Oddsson** framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, **Freyja Lárusdóttir** markaðshagfræðingur, **Friðsemd Dröfn Guðjónsdóttir** framhaldsskólakennari, **Fríða Bjarney Jónsdóttir** verkefnastjóri hjá Leikskólasviði Reykjavíkurborgar, **G. Valdimar Valdemarsson** form. málefnanefndar miðstjórnar Framsóknarflokksins, **Geir G. Gunnlaugsson** verkefnastjóri HÍ, **Gerður Bjarnadóttir** framhaldsskólakennari, **Gísli Gíslason** framkvæmdastjóri Blómasmiðjunnar ehf., **Dr. Gísli Hjálmtýsson** starfandi stjórnarformaður Thule Investments, **Gísli Karel Halldórsson** verkfræðingur, **Gísli Tryggvason** talsmaður neytenda, **Grétar Þorsteinsson** fv. forseti Alþýðusambands Íslands, **Gróa Dagmar Gunnarsdóttir** Landsbanka NBI hf., **Guðbjörg Ásbjörnsdóttir** sölustjóri, **Guðbjörg Guðmundóttir** fv. ritari og sjúkraliði, **Guðbrandur Einarsson** formaður Verslunarmannafélags Suðurnesja og bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ, **Guðfinna Bjarnadóttir** þingmaður, **Guðjón Eiríksson** húsvörður, **Guðjón Guðmundsson** framkvæmdastjóri Sambands ísl. Sparisjóða, **Guðlaug Magnúsdóttir** félagsráðgjafi forstöðumaður Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, **Guðlaug Sigurðardóttir** framkvæmdastjóri hugbúnaðarsviðs Stika, **Guðmundur Andri Thorsson** rithöfundur, **Guðmundur Gunnarsson** formaður Rafiðnaðarsambands Íslands, **Guðmundur Hallgrímsson** lyfjafræðingur, **Guðmundur Hálfdanarson** prófessor við HÍ, **Guðmundur Vignir Óskarsson** verkefnastjóri framkvæmda- og eignasviði Reykjavíkurborgar, **Guðmundur Örn Jónsson** verkfræðingur/viðskiptafræðingur, **Guðný Aradóttir** einkaþjálfari, **Guðrún Hulda Gunnarsdóttir** sjúkraliði, **Guðrún Rögnvaldardóttir** framkvæmdastjóri STRÍ, **Guðrún S. Matthíasdóttir** menntaskólakennari, **Gunnar Bogi Borgarsson** arkitekt, **Gunnar Helgi Kristinsson** prófessor við HÍ, **Gunnar Hólmsteinn Ársælsson** stjórnmálafræðingur, **Dr. Gunnar B. Ólason** efnafræðingur, **Gunnar S. Valdimarsson** verkstýring OR, **Gunnar Örn Harðarson** framkvæmdastjóri Árnason Faktor ehf., **Gunnar Örn Sigurðsson** arkitekt, **Gunnhildur Óskarsdóttir** dósent við HÍ, **Gylfi Aðalsteinsson** verkefnastjóri hjá HÍ, **Gylfi Arnbjörnsson** forseti Alþýðusambands Íslands, **Gylfi Zoega** hagfræðingur, **Hafdís Ingvarsdóttir** dósent HÍ, **Hafdís Jónsdóttir** framkvæmdastjóri Laugar Spa, **Halldór Guðmundsson** rithöfundur, **Halldór Halldórsson** bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, **Halldór Jónsson** sviðstjóri vísindasviðs HÍ, **Halldór Pétursson** framkvæmdastjóri Admon ehf., **Hallgrímur Helgason** rithöfundur, **Hallgrímur Kristinsson** Vice President hjá Samtökum bandarískra kvikmyndaframleiðanda, **Hallmundur Albertsson** lögfræðingur, **Hanna Björg Sigurjónsdóttir** lektor í fötlunarfræði HÍ, **Hannes Sverrisson** verkfræðingur, **Hans Jakob Beck** læknir, **Haraldur Flosi Tryggvason** lögfræðingur og sjálfstætt starfandi ráðgjafi, **Haraldur I. Þórðarson** framkvæmdastjóri fjárstýringar, **Haraldur Líndal Pétursson** forstjóri Johan Rönning, **Harpa Lind Kristjánsdóttir** iðjuþjálfi, **Hákon Gunnarsson** rekstrarhagfræðingur, **Helga Jónsdóttir** bæjarstýra, **Helga Vala Helgadóttir** laganemi, **Helgi Magnússon** formaður SI, **Helgi Már Halldórsson** arkitekt, **Helgi Pétursson** fv. borgarfulltrúi, **Hermann Haukur Aspar** upplýsingatæknifræðingur, **Héðinn Skarphéðinsson** trésmíðameistari, **Hildur Petersen** stjórnarformaður, **Hildur Ragnars** lyfjafræðingur, **Hilmar V. Pétursson** framkvæmdastjóri CCP, **Hjördís Einarsdóttir**, **Hjördís Hendriksdóttir, Hólmfríður Sveinsdóttir** stjórnsýslufræðingur, **Hrafnkell Ásólfur Proppé** meistaranemi í skipulagsfræðum, **Hrafnkell Óskarsson** héraðsdómslögmaður, **Hrund Einarsdóttir** viðskiptafræðingur, **Hulda Anna Arnljótsdóttir** framkvæmdastjóri, **Hörður Arnarson** fv. forstjóri Marel Foods Systems, **Hörður Hilmarsson** skrifstofustjóri Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, **Dr. Indriði Benediktsson** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins Brussel, **Ingibjörg S. Guðmundsdóttir, Ingibjörg Þorsteinsdóttir** lögfræðingur og dósent við Háskólann á Bifröst, **Ingólfur Margeirsson** rithöfundur og sagnfræðingur, **Ingvar Kristinsson** framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar Marel Foods Systems, **Irma Erlingsdóttir** forstöðumaður, **Ína Salóme Hallgrímsdóttir** myndlistakona, **Jóhann Friðgeir Valdimarsson** óperusöngvari, **Jóhann Páll Valdimarsson** bókaútgefandi, **Jóhanna María Gunnarsdóttir** eigandi Unique hár og spa, **Jóhannes Finnur Halldórsson** cand. oecon., **Jóhannes Gunnarsson** formaður Neytendasamtakanna, **Jón Guðmundsson** arkitekt, **Jón Hrafn Hlöðversson** byggingafræðingur BFÍ, **Jón Karl Helgason** bókmenntafræðingur, **Jón Ólafsson** heimspekingur prófessor Bifröst, **Jón Sigurðsson** forstjóri Össurar hf., **Jón Sigurðsson** lektor HR, **Jón Steindór Valdimarsson** framkvæmdastjóri SI, **Jónas Haralz** hagfræðingur, **Jónas Jóhannsson** héraðsdómari, **Jórunn Sjöfn Guðlaugsdóttir** sérfræðingur NBI, **Jórunn Tómasdóttir** framhaldsskólakennari, **Karl Þór Sigurðsson** fjármálastjóri Icepharma hf., **Katrín Ólafsdóttir** hagfræðingur og lektor við HR, **Katrín Valgeirsdóttir** sérfræðingur á alþjóðasviði Rannís, **Kjartan Árnason** arkitekt, **Kolfinna Baldvinsdóttir** LLM í alþjóðalögum og fv. starfsmaður ESB, **Kristín Gunnlaugsdóttir** myndlistarmaður, **Kristín Pétursdóttir** forstjóri Auðar Capital, **Kristján E. Gíslason** skipstjóri, **Kristján G. Gunnarsson** formaður SGS og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis, **Kristján Guðmundsson** rekstrarhagfræðingur og útibússtjóri, **Kristján E. Guðmundsson** framhaldsskólakennari, **Kristján Vigfússon** forstöðumaður Evrópufræða við HR, **Kristrún Heimisdóttir** lögfræðingur, **Lárus R. Haraldsson** verkefnastjóri, **Lárus Vilhjálmsson** leikstjóri og fjármálastjóri, **Lárus Ýmir Óskarsson** leikstjóri, **Linda Björk Ólafsdóttir** framkvæmdastjóri Módelhúsa ehf., **Loftur Árnason** forstjóri Ístaks, **Magnús Diðrik Baldursson** gæðastjóri HÍ, **Magnús Már Harðarson** ráðgjafi, **Magnús Siguroddsson** rafmagnstæknifræðingur og löggildur raflagnahönnuður, **Margrét Guðmundsdóttir** forstjóri Icepharma hf., **Margrét K. Sverrisdóttir** varaborgarfulltrúi, **Margrét Kristmannsdóttir** framkvæmdastjóri Pfaff og formaður SVÞ og FKA, **Margrét S. Björnsdóttir** forstöðumaður HÍ, **Maria Elvira Mendez Pinedo** lektor í Evrópurétti við Lagadeild HÍ, **Nanna Rögnvaldardóttir** ritstjóri, **Nathan Richardsson** framkvæmdastjóri framleiðslusviðs CCP, **Dr. Njörður P. Njarðvík** prófessor emeritus & rithöfundur, **Októ Einarsson** stjórnarformaður Ölgerðarinnar, **Ormur Arnarson** Tríton ehf., **Orri Hlöðversson** framkvæmdastjóri Frumherja hf., **Ólafur H. Guðgeirsson** rekstrarhagfræðingur MBA, **Ólafur Ísleifsson** hagfræðingur og lektor HR, **Ólafur Oddgeirsson** forstöðumaður, **Ólafur Pétursson** efnaverkfræðingur, **Ólafur Tr. Þorsteinsson** forstöðumaður tölvudeildar Íslandspósts, **Ósk Vilhjálmsdóttir** myndlistarmaður og ferðaskipuleggjandi, **Óskar Aðalsteinn Hjartarson** íþróttakennari, **Páll Eyjólfsson** umboðsmaður, **Páll Gunnlaugsson** arkitekt, **Páll Kr. Pálsson** framkvæmdastjóri, **Páll Sigurjónsson** verkfræðingur, **Páll Valdimarsson** prófessor í vélaverkfræði við HÍ, **Pálmi Guðmundsson** arkitekt FAÍ, **Pálmi Magnússon** framhaldsskólakennari, **Pétur Einarsson** hagfræðingur, **Pia Hansson** forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar HÍ, **Ragnheiður Jóna Jónsdóttir** framhaldsskólakennari, **Rakel Pálsdóttir** forstöðumaður almannatengsla SI, **Rúnar Geirmundsson** útfararstjóri, **Rúnar Óskarsson** klarinettuleikari, **Sif Einarsdóttir** dósent HÍ, **Sigfús Þ. Sigmundsson** stjórnmálafræðingur, **Sigríður Arnardóttir** félags- og fjölmiðlafræðingur, **Sigríður Einarsdóttir** verkefnastjóri við HÍ, **Sigríður Margrét Vigfúsdóttir** framkvæmdastjóri MEDIA, **Sigríður Þorgeirsdóttir** dósent í heimspeki, HÍ, **Sigrún Jóhannesdóttir** kennslufræðingur Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, **Sigurdís Haraldsdóttir** ritari, **Sigurður Darri Skúlason** hugbúnaðarverkfræðingur og ritari Hollvinafélags Oxford- og Cambridgeháskóla, **Sigurður Hafsteinsson** byggingatæknifræðingur, **Sigurður Harðarson** rekstrarhagfræðingur og Managing Partner, Capacent Glacier, **Sigurður Kiernan** framkvæmdastjóri Investum, **Sigurþóra Bergsdóttir** deildarstjóri, **Sjöfn Vilhelmsdóttir** stjórnmálafræðingur, **Skarphéðinn Smith** framkvæmdastjóri S. Guðjónsson ehf., **Skúli Thoroddsen** framkvæmdastjóri SGS, **Snjólfur Ólafsson** prófessor við Háskóla Íslands, **Steingrímur Þ. Gröndal** viðskiptafræðingur og aðalbókari, **Steinunn Björg Birgisdóttir** grunnskólakennari, **Steinunn M. Guðmundsdóttir** arkitekt, **Svana Helen Björnsdóttir** forstjóri Stika, **Svanborg Sigmarsdóttir** blaðamaður Fréttablaðinu, **Svavar Tryggvi Óskarsson** viðskiptastjóri hjá OR, **Sveinn Hannesson** framkvæmdastjóri Gámaþjónustunnar hf., **Sæmundur E. Þorsteinsson** verkfræðingur, **Tolli** listamaður, **Torfi H. Tulinius** prófessor við HÍ, **Torfi Rafn Halldórsson** lyfjafræðingur - viðskiptaþróun Medis, **Thomas Möller** hagverkfræðingur, **Tryggvi Haraldsson** stjórnmálafræðingur, **Úlfar Hauksson** stjórnmálafræðingur við HÍ og vélfræðingur, **Valdimar Harðarson** arkitekt, **Valdimar Ólafsson** fv. endurskoðandi PwC, **Valdimar Tryggvi Hafstein** lektor í þjóðfræði við HÍ, **Valdís Gunnarsdóttir** húsfreyja í Brussel, **Valgerður Sverrisdóttir** þingmaður, **Vésteinn Benediktsson** fjármálastjóri Kaffitárs ehf., **Viðar Helgason** fiskifræðingur, **Vilborg Einarsdóttir** framkvæmdastjóri Mentors, **Vilhjálmur Þorsteinsson** frumkvöðull á sviði upplýsingatækni, **Vilmundur Jósefsson** framkvæmdastjóri Gæðafæðis og vararformaður SA, **Þorbjörg Þorvaldsdóttir** deildarstjóri barnadeildar Myndlistaskólans í Reykjavík, **Þorbjörn Guðmundsson** framkvæmdastjóri Samiðnar, **Þorgeir Ólafsson** sendifulltrúi, **Þorgerður Einarsdóttir** félagsfræðingur, dósent við HÍ, **Þorlákur Karlsson** deildarforseti HR, **Þorsteinn Brynjar Björnsson** sérfræðingur hjá Rannís, **Þorsteinn Helgason** dósent við HÍ, **Þorsteinn Víglundsson** forstjóri BM Vallá, **Þorvaldur Finnbjörnsson** sviðstjóri greiningarsviðs Rannís, **Þorvaldur Gylfason** prófessor, **Þór Sigfússon** forstjóri Sjóvár, **Þóra Ásgeirsdóttir** ráðgjafi hjá Kná, **Þóra Björk Smith**, **Þórarinn Leifsson** rithöfundur og myndskreytir, **Þórður Friðjónsson** forstjóri NASDAQ OMX á Íslandi, **Þórður H. Þórarinsson** fjármálastjóri Handpoint ehf., **Þórður Magnússon** stjórnarformaður Eyris, **Þórey Sigþórsdóttir** leikkona, leiklistarkennari og leiðsögumaður, **Þórhallur Ólafsson** framkvæmdastjóri 112, **Þórir Stephensen** fv. Dómkirkjuprestur og staðarhaldari í Viðey, **Þórólfur Árnason** forstjóri Skýrr, **Þórólfur Matthíasson** prófessor í hagfræði við HÍ, **Þórunn Sigurðardóttir** bókmenntafræðingur, **Þröstur Ólaf Sigurjónsson** lektor HR, **Ögmundur Skarphéðinsson** arkitekt, **Örn Erlendsson** forstjóri Tríton ehf., **Örn Leifsson** heimspekingur, tónlistarnemi og póstur

www.sammala.is

Páskaveisla

HÚSGAGNAHALLARINNAR ALLA DAGA FRAM AÐ PÁSKUM

Fjöldi tilboða, glæsilegur ferðaleikur og teiknisamkeppni fyrir börnin.
Komdu strax og gerðu ótrúleg kaup!

NÚNA
40%
AFSLÁTTUR

SKÁPUR
269.980
ÁÐUR: 449.980

BORÐSTOFUBORÐ
139.980
ÁÐUR: 239.980

ENCHANTMENT borðstofuborð B:112 L:151 stækkanlegt upp í 242 cm H:77 cm. **ENCHANTMENT** borðstofuskápur B:147 D:50 H:204 cm.
ENCHANTMENT armstóll m/áklæði kr. **32.980** áður kr. ~~54.980~~. **ENCHANTMENT** borðstofustóll m/áklæði kr. **29.980** áður kr. ~~49.980~~

30% AFSLÁTTUR

RIALTO tungusófi B:234 D:91/153 H:71 cm, WASHLINE áklæði sem hægt er að taka af öllum sófanum, bæði sessunum og sófagrindinni og setja í þvottavél. Litir: Coffee eða cappucino.

124.980
ÁÐUR: 179.980

24.990
ÁÐUR: 49.980

50% AFSLÁTTUR

CALYPSO sjónvarpsskápur B:122 D:48 H:36 cm, eik, hnotu, eða svartur. Hvítur kr. **19.990**

SÓFASETT 3+2
199.980
ÁÐUR: 339.980

40% AFSLÁTTUR

LARAMIE SÓFASETT 3 sæta + 2 sæta B:220/170 D:95 H:95 cm. Microfiber áklæði.

2 SÆTA
149.980
ÁÐUR: 219.980

3 SÆTA
199.980
ÁÐUR: 289.980

VERONA 3 sæta sófi B:205 D:90 H:85 cm, **VERONA** 2 sæta B:155 D:90 H:85 cm. Stóll B:95 D:90 H:85 cm, kr. **99.980** áður kr. ~~159.980.~~ Ekta ítalskt leður, antík brúnt.

EXPO

OPIÐ: Virka daga 10 – 18 • Laugardag 12 – 18 • Sunnudaga 13-17.

HÚSGAGNAHÖLLIN

NÚNA
50%
AFSLÁTTUR

LIVORNO 3 sæta sófi B:194 D:85 H:56 cm, svartur. Fæst einnig **2½ SÆTA** B:178 D:85 H:56 cm. Kr. **59.980** áður kr. ~~129.980.~~

NÚNA
69.980
verð áður 149.980
LIVORNO 3 SÆTA

14.980
ÁÐUR: 21.980

30% AFSLÁTTUR
DALLAS barstóll svartur leður/króm.

NÚNA
20%
FLEXA
BARNAHÚSGÖGN

ÞÚ GETUR UNNIÐ FERÐ TIL FÆREYJA MEÐ NORRÆNU

PÁSKALEIKUR HÚSGAGNAHALLARINNAR
TAKTU ÞÁTT!

Í páskaleik Húsgagnahallarinnar getur þú unnið skemmtiferð fyrir 4 til Færeyja.

Komdu í Húsgagnahöllina og taktu þátt, dregið strax eftir páska.

FJÖLSKYLDUFERÐ FYRIR 4
taktu bílinn með í fríið og skapaðu ógleymanlegar minningar.

SMYRIL LINE

100.000
kr. ferðapeningur fylgir

TEIKNISAMKEPPNI
Páskakanínunnar

PÁSKAEGGJALEIKUR FYRIR BÖRNIN!

Barnið teiknar meðan þú skoðar þig um.

10 teikningar valdar í hverri viku fram að páskum.

Stórt páskaegg frá Góu í verðlaun.

Dregið alla laugardaga.

Góa
Stofnað 1968

ÞAKKAR SYSTUR SINNI MARGT „Hún lokaði mig inni í þvottahúsi þegar ég var strákur ef ég hagaði mér ekki vel. Hún er hrein og bein í því sem hún gerir og það er ekki efst í hennar huga hvað öðrum finnst um hana, eins og oft vill verða hjá fólki," segir Björn Hlynur Haraldsson leikari. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Konur hafa ráðið í mínu lífi

Móðir og eldri systur sáu um uppeldi leikarans **Björns Hlyns Haraldssonar**. Örlögin höguðu því svo þannig að hann á einnig dóttur og kærustu sem eru duglegar að segja honum til. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* hitti leikarann sem situr við skriftir, leikur í Þjóðleikhúsinu, horfir á matreiðsluþætti og langar í hænur.

Björn Hlynur fer ekki eins og kötturinn í kringum grautinn í samskiptum. Hann er fremur afdráttarlaus og beinskiptur. Það væri hægt að auðkenna það sem hroka en kemur þó ekki heim og saman við þær sögur sem samstarfsfólk hans í leikhúsheiminum segir af honum – sem segja hann, þvert á móti, viðmótsþýðan, blíðan og góðan í samstarfi – einn af þeim bestu að vinna með. Björn Hlynur segist eiga gott að gjalda Soffíu systur sinni fyrir að vera sá sem hann er. „Hún lokaði mig inni í þvottahúsi þegar ég var strákur ef ég hagaði mér ekki vel. Hún er hrein og bein í því sem hún gerir og það er ekki efst í hennar huga hvað öðrum finnst um hana, eins og oft vill vera hjá fólki. Ég sé sjálfan mig sem fremur einfaldan og vil hafa hlutina einfalda."

Hafði aldrei skrifað neitt

Það er óþarfi að fara yfir farsælan feril leikarans. Hann þekkja flestir. Margir hafa kannski opnað augu og eyru fyrir því að fyrir um ári var fyrsta eigið leikrit Björns Hlyns, Dubbeldusch, frumsýnt og var það helst merkilegt fyrir þær sakir að Björn Hlynur hafði ekki skrifað svo mikið sem eitt ljóð áður. Hann segir sjálfur að hann hefði getað setið og hugsað og pælt hvort hann ætti að skrifa og hvernig, en eflaust hefði aldrei neitt orðið til þá. Hann hafi stungið sér til sunds og ekki verið of mikið að stúdera sundtökin fyrr en hann var kominn að landi. Skrifin hefðu flætt og hefði hann setið og ritskoðað sig hverja einustu mínútu væri hann eflaust enn úti í miðri laug að velta hlutunum fyrir sér. Woody Allen hefur lýst yfir svipaðri skoðun og Björn Hlynur á skrifum og að því ætlum við að koma síðar. En allt í réttri röð. Björn Hlynur þarf fyrst að fæðast og alast upp.

Pabbinn kom með fyrsta örbylgjuofninn til landsins

Árið 1974 fæddist Björn Hlynur og eyddi fyrstu fjórum árunum í Garði á Suðurnesjum. Faðir hans, Haraldur Gíslason, var sveitarstjóri þar en þar áður hafði fjölskyldan meðal annars búið á Vopnafirði og starfaði Haraldur mikið að sveitarstjórnarmálum en hann var viðskiptafræðingur að mennt. Hann lést þegar Björn Hlynur var ungur, árið 1983, og konurnar í fjölskyldunni tóku yfir.

> Pabbi var með ýmsar skemmtilegar hugmyndir og langaði til að mynda til að vera fyrstur á markað á Íslandi með snögga rétti eins og 1944 eru kannski. Ég ætla nú ekki út í það en veitingastaður, með góðu, íslensku hráefni, er á dagskrá.

Hann segist hafa eitt og annað frá föður sínum og til að mynda hafi hann sjálfur fengið brennandi áhuga á mat og matreiðsluþáttum fyrir um tveimur árum og rekur það til föður síns. „Pabbi lærði viðskiptafræðina úti í Boston og starfaði með skólanum á veitingastöðum og endaði sem lúxuskokkur. Hann var mikill matmaður og átti alltaf þann draum að opna eigin veitingastað en á þessum árum var erfitt að koma slíku í verk þegar aðgangur að lánsfé og slíku var ekki jafnsjálfsagður og er, eða var, hér síðustu árin. En hann var mjög nálægt því og kom ýmsu skemmtilegu í verk. Hann var til dæmis maðurinn sem kom með fyrsta örbylgjuofninn til landsins." Móðir Björns Hlyns lét henda ofninum út þegar hún heyrði einhvers staðar að tólið væri talið skaðlegt augum. Örbylgjuofninn fór og börnin héldu sjóninni.

Mun opna veitingastað

Faðir Björns Hlyns var mikill matmaður og gefinn fyrir allt það góða sem lífið hafði upp á að bjóða og af óbeinum sökum þess lést hann. „Hann var til að mynda með áunna sykursýki og var of þungur. Hann átti erfitt með að neita sér um góða hluti." Draum föður síns um að opna veitingastað er Björn Hlynur staðráðinn í að láta rætast. „Fyrr en síðar. Pabbi var með ýmsar skemmtilegar hugmyndir og langaði til að mynda til að vera fyrstur á markað á Íslandi með snögga rétti eins og 1944 eru kannski. Ég ætla nú ekki út í það en veitingastaður, með góðu, íslensku hráefni, er á dagskrá. Með einfaldri og stælalausri matreiðslu. Því verður án efa komið í verk." Björn Hlynur fluttist í bæinn eftir dvölina á Suðurnesjum og ólst upp og bjó í Vogahverfinu. Hann spilaði fótbolta með Þrótti og fór í Menntaskólann við Sund eftir grunnskóla en fór fljótt að leiðast þófið í skólanum, hætti eftir tvö ár og fór að vinna ýmis störf. „Ég hafði ekki áhugann á þessum tíma. Það er svo eiginlega engin tenging á milli fortíðarinnar og af hverju ég dúkkaði upp í inntökuprófinu í Leiklistarskólanum. Mér finnst stundum eins og maður ákveði ekkert sjálfur og eitt gerist bara af öðru í lífinu. Ég trúi því líka að í hverjum manni blundi einhver leikaradraumur. Það eru bara frekar fáir sem viðurkenna það. Ég komst inn og stend því hér í dag."

Hélt að allir aðrir vissu betur

Björn Hlynur er þó ekki alveg forfeðralaus í leikhúsinu því Guðmundur Kamban, leikari og leikskáld, var afabróðir hans. Hann var þó vitaskuld uppi langt fyrir tíð Björns Hlyns en var, eins og frægt er, myrtur af andspyrnuhreyfingunni í Danmörku sem taldi Kamban hafa gengið erinda nasismans. Hann var skotinn fyrir framan dóttur sína á veitingahúsi í Kaupmannahöfn. „Að öðru leyti var ég eitt af þessum dæmum sem eiga enga foreldra eða afa og ömmur í leikhúsinu eins og oft er með marga kollega mína. Að byrja á núllpunkti fannst mér bara ágætt. Aftur á móti hélt ég oft að allir aðrir vissu eitthvað sem maður sjálfur vissi ekki. Þegar ég leit í fyrsta skipti á stundatöfluna mína í skólanum og sá að þar voru tímar sem kölluðust „Alexanderstækni" var ég viss um að ég væri sá eini sem vissi ekki hvað það væri. Ég spilaði bara með: „Einmitt, Alexanderstækni. Þá er ég bara farinn í Alexanderstækni." Svo þegar ég mætti í tímann var það náttúrulega eitthvað allt annað en ég hélt." Þéttur leikferill tók við strax frá útskrift og Björn Hlynur segist vel vita að hann hafi verið heppinn.

Sædýrasafnið skemmtilega undarlegt

Í gærkvöldi var verkið Sædýrasafnið frumsýnt í Þjóðleikhúsinu en í því leikur Björn Hlynur eitt af aðalhlutverkunum. Leikritaskáldið, Marie Darrieussecq, er mjög þekktur rithöfundur í Frakklandi en fyrsta skáldsaga hennar sló í gegn þar í landi og hefur verið þýdd á mörg tungumál. Okkar kanóna, Sjón, þýðir svo verkið, Barði Jóhannsson sér um tónlistina og Erna Ómarsdóttir um sviðshreyfingar. „Mér líður stundum eins og ég sé staddur í David Lynch-mynd í þessu verki. Dálítið skrítnir hlutir og alls ekkert borðliggjandi eða eins og allt á að vera. Það er mjög gaman að snúa svona upp á hlutina og prófa verk sem er allt öðruvísi en það sem maður hefur kynnst." Sædýrasafnið, sem er eins konar framtíðartryllir, fjallar um tvær fjölskyldur sem eiga engra annarra kosta völ en að dvelja í Sædýrasafni vegna stríðsástands. Verkið verður sýnt í Kassanum en Björn Hlynur og félagar hans í verkinu, Margrét Vilhjálmsdóttir, Elva Ósk Ólafsdóttir, Stefán Hallur Stefánsson og fleiri, munu svo fara út til Frakklands og sýna verkið í ríkisleikhúsinu í Orléans.

Vill vera afkastamikill

Björn Hlynur segist fá mikið út úr því að leika en skrifin metti hann þó á annan máta. Dubbeldusch hefur verið sýnt í heilt ár og annað handrit er í smíðum. „Ég hafði alltaf lúmskan grun um að ég ætti eftir að gera eitthvað af því að skrifa. Ég hélt að ég hefði ekki innsæi í það og hafði hugsað mér að fá einhvern til að skrifa fyrir mig en leikstýra sjálfur. Ég ákvað hins vegar eftir smáumhugsun að láta vaða og ef ég væri sáttur myndi ég bera verkið fram. Woody Allen sagði í viðtali um daginn að áttatíu prósent af allri velgengni væri að mæta í vinnuna. Hann hefur gert eina mynd á ári, í þrjátíu og fimm ár, og hann segist ekki vera sáttur við neina þeirra. Eina leiðin sé samt að halda áfram. Hann sé engu bættari þótt hann hugsi og stúderi eitthvað eitt handrit í tíu ár í staðinn fyrir að framleiða það bara. Á hans ferli má finna margar frábærar myndir og aðrar slæmar. Ég er samt ekki að leggja það til að fólk geri bara „eitthvað“. Ég vel og hafna úr því sem ég kem á blað og hef hugmyndina frekar skýra í kollinum áður en ég byrja. Og svo kemur maður sjálfum sér oft á óvart – er kominn út í senu sem maður hafði ekki hugmynd um að myndi enda þar.“

Framleiðandinn rífur kjaft

Tvö verk eru á borði Björns Hlyns. Annað þeirra fjallar um hið togstreitukennda fyrirbæri sem samband mæðgna getur verið. Náin, flókin fjölskyldubönd. Hitt er að sögn Björns Hlyns hugarfóstur sambýliskonu hans, Rakelar Garðarsdóttur. Kvikmyndahandrit sem byggt er á sjálfsævisögulegri skáldsögu Hreins Vilhjálmssonar, Bæjarins verstu. Hreinn hefur lifað lífi útigangsmanns og skrifar um skrautlegheitin á götunni. „Ég skrifa og hún rífur kjaft! Hún er auðvitað framleiðandinn að myndinni og það er ekkert grín, get ég sagt þér, að vera með framleiðandann yfir sér dag og nótt. Hún hefur mikinn metnað fyrir þessu. Takmarkið hjá okkur er meðal annars að gera íslenska mynd sem nær því að vera 90 mínútur – það virðist vera að íslenskar kvikmyndir geti aldrei náð því að vera lengri en 84 mínútur – hefurðu tekið eftir því? Nei, að öllu gríni slepptu þá finnst mér saga þeirra sem hafa klúðrað svona hlutunum, og misst allt, áhugaverð. Hefur oft langað að vita þegar ég sé þessa félaga í Austurstræti hvernig þeir enduðu þar. Og það er gott að vinna með Rakel. Hún er drífandi og skemmtileg í samvinnu.“

Lítill æsingamaður

Spjallið teygir sig í allar áttir. Björn Hlynur segist gjarnan vilja sjá leikhús sem venjulegt fólk geti tengt sig meira við. Að fólk geti farið og fundið þar hluti sem það þekkir úr eigin lífi. Nýtt efni inn í leikhúsið finnst honum bráðnauðsynlegt. Hann vilji einfalda hlutina á margan hátt og viti oft ekki alveg hvort leikstykki, sem leikararnir sjálfir þurfi þrjár vikur í að stúdera til að skilja hvað verið er að fara með orðræðunni, eigi alltaf erindi við leikhúsgesti. Kannski þurfi nútíminn meira að koma þangað inn. Hann segist einnig ætla að halda ótrauður áfram að skrifa, nota sumarnæturnar sem koma bráðum, elda og jafnvel láta undan þrýstingi Rakelar og fá sér hænur. Sú hugmynd hafi í það minnsta komið upp á heimilinu. Hann er rólyndismaður að eigin sögn og það sé einhver dútlari í honum, sem þrái hæglæti og engan æsing. „Ég er til dæmis orðinn þannig að ég hef mjög litla þörf fyrir að tjá skoðanir mínar lengur. Ég hugsa mitt en hef lært að bera virðingu fyrir smekk annarra. Ef hlutir eru unnir af heilindum er óþarfi að rífa það niður. Mér getur auðvitað misboðið og læt heyra í mér en ef við eigum að ræða hluti eins og bloggið, þá finnst mér nútíminn orðinn fullur af ótrúlegri þörf fólks fyrir að vera eilíflega að fjasa og henda drulluklessum út í loftið. Það er svo auðvelt að sitja á rassinum og setja út á hlutina í staðinn fyrir að standa upp og gera eitthvað.“

➜ FERILLINN Á HUNDAVAÐI

- Björn Hlynur Haraldsson útskrifaðist árið 2001 úr leiklistardeild Listaháskóla Íslands.
- Hann stofnaði Vesturport ásamt öðrum. Verkin sem þau hafa sett upp eru meðal annars Rómeó og Júlía, Woyzeck og Brim. Verkin hafa verið sýnd erlendis sem hér heima.
- Hann lék í Sölumaður deyr hjá Leikfélagi Reykjavíkur, Gestinum og Þíbylju. Hann hefur einnig leikið í Pétri Gaut og Sumarljósi.
- Björn Hlynur lék í Blóðbrúðkaupi í Almeida Theatre í London.
- Af hlutverkum hans í kvikmyndum má nefna Reykjavík Guesthouse: Rent a bike, Kaldaljós og aðalhlutverk í Strákarnir okkar. Hann lék einnig stórt hlutverk í Mýrinni.
- Verk hans, sem hann skrifaði sjálfur og leikstýrði, Dubbeldusch, var meðal annars tilnefnt til Menningarverðlauna DV.
- Björn Hlynur var valinn sem Shooting Star árið 2006 og fetaði þar í fótspor leikara eins og Daniel Bruhl, Daniel Craig og Franka Potente.
- Verkið Sædýrasafnið var frumsýnt í gærkvöldi í Kassanum í Þjóðleikhúsinu en þar leikur Björn Hlynur eitt aðalhlutverkanna.

HUGSAR SITT EN ÞEGIR OFTAST „Ég hugsa mitt en hef lært að bera virðingu fyrir smekk annarra.“

Fjármálaráðgjöf fyrir þig

ÍSLENSKA SIA.IS KAU 44539 01/09

Kynntu þér úrræðin

KAUÞING

Starfsfólk **Kaupþings** aðstoðar þig við allt sem tengist fjármálum heimilisins og breyttum aðstæðum og leitar hentugra úrræða fyrir þig.

- Heimilisbókhald
- Úrræði í greiðsluerfiðleikum
- Stöðumat
- Sparnaðarleiðir
- Netdreifing/útgjaldadreifing
- Lífeyris- og tryggingamál

Kynntu þér málin á **www.kaupthing.is**, hafðu samband í síma **444-7000** eða komdu við í næsta útibúi **Kaupþings**.

Þótt dimmt sé yfir heiminum skiptir vinnan hér heima mestu

Svein Harald Øygard seðlabankastjóri er maraþonhlaupari og sleggjukastari sem hefur bara einu sinni séð fjölskyldu sína frá því að hann hóf hér störf fyrir rúmum mánuði. Hann hefur trú á að með dugnaði geti þjóðin unnið sig út úr vandræðum sínum og vill leggja sitt lóð á vogarskálarnar á þeirri leið, síðan sé annarra að taka við. *Óli Kristján Ármannsson* ræddi við **Svein Harald**, sem telur ekki fara saman vaxtalækkun og afnám hafta. Þá þurfi að taka á öðrum málum áður en hugað sé að krónunni.

Svein Harald Øygard seðlabankastjóri er vinalegur maður með traust og þétt handtak. Hann segist hafa verið ráðinn til Seðlabanka Íslands vegna sérþekkingar á mörgum þeim vandamálum sem þjóðin stendur nú frammi fyrir.

„Ég tók að mér þetta millibilshlutverk og það nægir mér," segir hann spurður um hvort hann gæti hugsað sér að sinna starfinu áfram, stæði það til boða þegar fram í sækti. „Og vitanlega er fjöldi hæfra Íslendinga sem geta tekið að sér starfið," segir hann og brosir. „Ég hef hins vegar þekkingu á sviðum sem nú reynir á, hafandi starfað við bankakreppur, tekið á fjárhagsáföllum heimila, og tekist á við gjaldmiðlaáföll og eftirleik gjaldeyriskreppu. Svo hef ég starfað við leiðandi norræn og evrópsk fyrirtæki í viðskiptum og þessa reynslu og hæfileika hef ég fram að bjóða og vona að þeir komi að gagni í því umbreytingaferli sem hér er í gangi."

Er vanur langhlaupi

Ekki þarf að efast um að í Sveini Haraldi er að finna bæði kraft og þrautseigju. Kíminn viðurkennir hann að þótt ekki beri hann það með sér þá stundi hann maraþonhlaup. „Ég ætla að hlaupa í New York-maraþoninu í nóvember og hljóp líka í fyrra." Besti tími hans er þrír tímar og tólf mínútur og verður það að teljast harla vel af sér vikið. „Ég hef ekki enn hlaupið maraþon hér á landi en tek kannski þátt í Reykjavíkurmaraþoninu í ágúst ef tækifæri gefst. Því þori ég samt ekki að lofa."

Þá æfði Svein Harald sleggjukast á árum áður og grínast með að þetta sé sjálfsagt sjaldgæf blanda, langhlaup og sleggjukast. Ekki þarf þó mikið ímyndunarafl til að draga líkingar milli íþróttanna og verkefnanna sem fyrir liggja hjá seðlabankastjóranum og kalla sjálfsagt bæði á úthald og styrk.

Þeir eðlisþættir sem nýst hafa Sveini Haraldi á íþróttasviðinu koma eflaust að góðum notum nú, enda hlýtur að reyna á að standa frammi fyrir jafnflóknum viðfangsefnum fjarri vinum og fjölskyldu. Frá því að Svein Harald hóf hér störf í febrúarlok hefur hann einu sinni haft tækifæri til að skjótast heim til Noregs að hitta konu sína og tvo syni, 17 og 21 árs gamla. Sjálfur verður Svein Harald Øygard 49 ára í sumar.

„En ég reyni nú samt að vera í sambandi við fólk hér og er til dæmis búinn að skrá mig í líkamsræktarstöðina í Laugum, svona til að halda mér í formi," segir hann og þykir nokkuð til bæði aðstöðu og fólks koma. „Krafturinn og einbeitingin hjá fólkinu er svo mikil, ég hef aldrei séð nokkuð þessu líkt." Um leið bætir Svein Harald við að mjög lítill tími sé aflögu þegar vinnudegi lýkur og frítími því af skornum skammti. „Starfið tekur á og margar ákvarðanir sem taka þarf á degi hverjum."

Svein Harald segist gera sér far um að ræða hér við sem flesta, bæði til að kynnast landi og þjóð og kynnast um leið ólíkum sjónarmiðum sem snerta viðfangsefni Seðlabankans. „Þannig hefur maður á meiru að byggja en talnagögnum einum," segir hann og telur mikilvægt að taka þátt í umræðum svo sem hjá samtökum atvinnuvega. „Ég hef reynt að halda opnum samskiptaleiðum milli bankans og þeirra sem ákvarðanir hans snerta. Mér finnst að seðlabanki þurfi að setja fram skýr markmið á gagnsæjan hátt og leita sjónarmiða víða. Um leið er svo ábyrgðin okkar að taka ákvarðanir, en þær ættu að vera eins vel undirbyggðar og kostur er."

Seðlabankinn hefur hins vegar yfir þeim tækjum að ráða sem þarf til ákvarðanatökunnar, að mati Sveins Haralds. Hann segir spálíkan bankans mjög gott og ráða vel við að meta verðbólguþróun og þróun hagstærða. „Tækin og aðferðafræðin hér er nokkuð góð," segir hann og hefur samanburð af fyrri störfum við spálíkan sem byggt var á í norskri hagstjórn, en skömmu eftir að hann lauk námi árið 1986 hafði Svein Harald umsjón með verðbólgugreiningu þar.

Haftaafnámið bíður

Svein Harald kveðst hafa skilning á vonbrigðum þeirra sem væntu meiri lækkunar stýrivaxta á síðasta ákvörðunardegi. „Við þurfum hins vegar að hafa í huga heildarmyndina. Ein aðaláherslan er að ná niður verðbólgunni og styrkja krónuna. Það kemur til með að skipta heimili og fyrirtæki hér á landi máli því þannig er unnið á móti frekari skuldabyrði. Í annan stað erum við nú í miðju ferli endurskipulagningar fjármálageirans. Mikilvægt er að vel takist til í þeirri uppbyggingu, um leið og hugað er að hagþróun og minnkandi verðbólgu sem þar með gefi svigrúm til vaxtalækkana. Við töldum hins vegar að betra væri að taka fleiri smá skref, fremur en að taka stórt stökk út í óvissuna."

Svein Harald kveðst hins vegar meðvitaður um ólík sjónarmið sem uppi séu hvað varðar hraða vaxtalækkunarferlisins. „Mér finnst mikilvægt að taka ákvarðanir sem byggja á reynslu, en ekki bara vonum og væntingum."

Ákvarðanir um vaxtalækkanir áréttar Svein Harald að séu á hendi peningastefnunefndarinnar sem næst kynnir ákvörðun sína 8. apríl. „Að öðru leyti tjái ég mig ekki um væntanlegar vaxtaákvarðanir, þótt vitanlega búumst við við því að verðbólga gangi mjög hratt niður og að 2,5 prósenta verðbólgumarkmiði bankans verði náð snemma árs 2010."

Það er hins vegar mat seðlabankastjórans að ekki fari saman að gera hvort tveggja á sama tíma, lækka vexti og aflétta gjaldeyrishöftum. „Gjaldeyrishöftin eru nokkurs konar stífla sem hindrar flæði gjaldeyris úr landi, þótt mikilvægt sé að koma þar á nokkrum sveigjanleika. Hátt vaxtastig, þrátt fyrir að vera óheppilegt fyrir efnahagslífið, stuðlar að stöðugleika. Ef bæði eru lækkaðir vextir og stíflan losuð, þá gætu afleiðingarnar orðið alvarlegar."

Hvað tímasetningu ferlisins varðar segist Svein Harald fullan skilning hafa á því að margir vildu sjá hraðari breytingar og útilokar ekki að það gæti orðið. „Ég hef í umfjöllun um þessi mál dregið upp mynd af verkefnum sem ljúka þarf í fjórum þrepum fyrir lok annars fjórðungs þessa árs. Í fyrsta lagi þarf afgang á viðskiptum við útlönd og það hefur þegar gerst. Við þurfum að sjá vaxtalækkun, sem einnig hefur átt sér stað. Við þurfum frekari lagfæringar á skipulagi fjárlaga til næstu ára, sem þegar er unnið að og við þurfum að ljúka ákveðnum þáttum í endurskipulagningu fjármálakerfisins sem einnig er í gangi núna. Með þetta í huga er hægt að horfa fram á tilslakanir í peningamálastjórn og við lok annars ársfjórðungs ætti betur starfhæft bankakerfi að vera komið á laggirnar og þar með betri yfirsýn yfir stöðu mála."

MEÐ VERKEFNIN Á HREINU Svein Harald Øygard seðlabankastjóri hefur skipt helstu viðfangsefnum sem við er að fást í hagstjórn hér í fjóra liði sem hann vinnur skipulega að. Hann segir framtíðarskipan peningamála vera á verksviði stjórnmálanna og ekki hluta af brýnustu verkefnunum nú. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Mín upplifun er að ráðleggingar AGS séu gefnar með hagsmuni íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi.

Aðsteðjandi vandi brýnastur

Seðlabankastjórinn er jafnframt meðvitaður um að unnið sé að þessum umbótum í skugga mikillar fjárfestingar í krónubréfum, en telur að draga muni úr hættu á flótta fjármagns úr kerfinu eftir því sem lengra dregur. „Þegar fjárfestar sjá verðbólguna minnka og skýrari mynd kemst á skuldastöðu ríkisins um leið og horfur á stöðugleika og hagvexti hér á landi batna þá verður um leið minna aðlaðandi fyrir þá að hverfa af landi brott. En auðvitað tekur tíma að koma hlutum í það horf að allt gangi upp og afnám gjaldeyrishafta er ekki það allra fremsta í aðgerðaröðinni."

Þá áréttar Svein Harald að Seðlabankinn hafi forræði yfir eigin málaflokkum og að peningastefnunefnd taki ákvarðanir í peningamálum, en ekki Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS). „En á sama tíma njótum við vitanlega ráðgjafar AGS hvenær sem okkur þykir það við hæfi og við teljum framlag sjóðsins mjög mikilsvert. Og mín upplifun er að ráðleggingar AGS séu gefnar með hagsmuni íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi."

Sömuleiðis er það mat Sveins Haralds að taka þurfi á aðsteðjandi vanda hagstjórnarinnar áður en sjónum sé beint að stöðu krónunnar sem þjóðargjaldmiðils. Hann leggur jafnframt áherslu á að ákvarðanir hvað varði framtíðarskipan peningamála hér séu á forræði stjórnmálanna, hann gefi ekki upp eigin afstöðu til þess hvort krónan gagnist þjóðinni til lengri tíma. „En sama hver gjaldmiðillinn er þá þarf að sinna grundvallarþáttum hagstjórnarinnar, vinna að auknum stöðugleika, minni verðbólgu og skýrri sýn á ríkisfjármálin. Þetta er jafngilt hvort sem gjaldmiðillinn er króna, evra, dollar eða norsk króna. Skrefin sem stíga þarf næstu sex mánuði eru þau sömu."

Svein Harald segist vitanlega munu taka þátt í umræðum um hvernig best verði komið á langtímastöðugleika hér á landi, en nú sinni hann þeim verkefnum sem mest séu aðkallandi.

Svein Harald Øygard telur að með falli Straums og svo SPRON og Sparisjóðabankans um síðustu helgi séu komnar fram að mestu þær sviptingar sem vænta megi meðal íslenskra fjármálafyrirtækja.

„Áherslan er nú á enduruppbyggingu fjármálafyrirtækja," segir hann. Staðan hafi hins vegar fyrir margt löngu verið orðin alvarleg hjá fyrirtækjunum sem tekin voru yfir um síðustu helgi. „Eigið fé SPRON hafði því miður lækkað verulega þegar um páskaleytið í fyrra. Staða sjóðsins versnaði svo í október og sömuleiðis staðan hjá Sparisjóðabankanum, sem hafði átt í vandræðum síðan þá. Bæði fyrirtækin hafi í að minnsta kosti hálft ár búið við óviðunandi eiginfjárstöðu. Síðan hafi lausafjárgrunnur þeirra veikst þrátt fyrir viðleitni Seðlabankans til að koma þar til aðstoðar."

Fundaði með Ingimundi

Svein Harald segir Seðlabankann hafa verið kominn í mjög þrönga stöðu og honum hafi í raun ekki verið fært að veita lausu fé til fyrirtækja sem skorti nauðsynlegan eiginfjárgrunn. „Það er leitt að svona skyldi þurfa að fara og við teygðum okkur mjög langt og höfum átt í margháttuðum viðræðum við bæði stjórnendur þessara fyrirtækja og kröfuhafa þeirra. Allir hefðu viljað sjá aðra niðurstöðu, en þegar upp er staðið þá reiða bankar sig á eiginfjárgrunninn og lausafé."

Hvað varði lærdóm sem draga megi af mistökum fortíðar, þá kveðst Svein Harald ekki vilja tjá sig um hvar menn kunni að hafa farið út af sporinu í hagstjórninni. „En Seðlabankinn verður eftir megni innan handar þeim nefndum sem rannsaka þessi mál og ég geri ráð fyrir að þau geri grein fyrir niðurstöðum sínum." Aukinheldur segir Svein Harald að vegna allra þeirra verkefna sem nú eigi hug hans allan eigi hann erfitt með að kafa hér djúpt í hagsöguna, þótt vitanlega kynni hann sér málin að því marki sem nauðsynlegt sé. „Einhvern tímann þarf ég að sofa," segir hann og hlær.

Svein Harald upplýsir þó að sama dag og hann tók til starfa hafi hann sest niður með Ingimundi Friðrikssyni, einum þriggja bankastjóra Seðlabankans og fengið hjá honum yfirlit um stöðuna sem hann væri að taka við. „Við áttum góðar viðræður," segir hann.

Þá kveðst Svein Harald nokkrar áhyggjur hafa af efnahagsþróun annars staðar í heiminum. „Mikil vafi leikur á hversu hagfelld þróunin verður í alþjóðahagkerfinu og aukin vandræði þar gera stöðuna ekkert auðveldari hér á landi. En um leið tel ég áhrifin á Ísland ekki svo afgerandi. Viðbrögðin við þróuninni ytra eru hlutir sem hér þarf að gera hvort eð er. Batinn hér kemur til með að byggja á mikilli vinnu Íslendinga. Mæta þarf áskorununum hér innanlands, sama hvað gerist annars staðar í heiminum. Ég hafði orð á þessu á fyrsta degi í embætti. Ísland er nú á alþjóðavettvangi táknmynd dýptar alþjóðlegu fjármálakrísunnar. Ég ber hins vegar líka í brjósti þá von að Ísland geti á ný líka orðið táknmynd endurreisnar og vaxtar. "

> Ein aðaláherslan er að ná niður verðbólgunni og styrkja krónuna. Það kemur til með að skipta heimili og fyrirtæki hér á landi máli því þannig er unnið á móti frekari skuldabyrði.

Sparaðu krónurnar

... verslaðu í Nettó!

40% afsláttur

KJÚKLINGABRINGUR, SKINNLAUSAR

1.678 kr/kg

~~2.796~~ kr/kg



35% afsláttur

RAUÐVÍNSKRYDDAÐ LAMBALÆRI

1.494 kr/kg

~~2.298~~ kr/kg

50% afsláttur

NETTÓ BRAUÐ

99 kr/stk.

~~198~~ kr/stk.

33% afsláttur

LÉTTREYKTUR HUNANGSGRÍS

1.339 kr/kg

~~1.998~~ kr/kg

CAPRI SÚKKULAÐIBITAR 200g

155 kr/pk.

~~189~~ kr/pk.

RED BULL ORKUDRYKKUR 250ml

159 kr/ds.

FREYJU HRÍSKÖKUR 4 í pk.

179 kr/pk.

LITTLE COOK NÚÐLUR 85g KJÚKLINGA EÐA BEEF

49 kr/pk.

FANTA 2l

129 kr/stk.

NÁTTÚRA APPELSÍNU-, EPLA- EÐA ACE SAFI 1l

99 kr/stk.

~~136~~ kr/stk.

Birt með fyrirvara um prentvillur.

Ný verslun í Hverafold

www.markhonnun.is

TILBOÐIN GILDA 26. - 29. MARS EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

www.netto.is

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

netto

- ódýrara en þú heldur

HVAR ER ÞINN AUÐUR?

Nú getur Auður Capital séð um séreignarsparnað þinn.

FRAMTIÐAR AUÐUR SÉREIGN

Við hvetjum þig til að standa vörð um viðbótarlífeyrissparnað þinn til að auka fjárhagslegt öryggi og lífsgæði við starfslok.

Auður Capital veitir **óháða** ráðgjöf á sviði fjárfestinga með **áhættumeðvitund** að leiðarljósi.

Við tölum hreint út og viljum að hlutirnir séu **gagnsæir** og auðskiljanlegir.

Við bjóðum þér á kynningarfund:

Staður: Fundarsalur Maður Lifandi, Borgartúni 24.

Stund: Mánudaginn 30. mars kl. 17:15 og á sama tíma mánudagana 6., 20., og 27. apríl.

Nánari upplýsingar í síma: 585-6500 og á **audur.is**

AUÐUR CAPITAL

1. apríl á afslætti

Á miðvikudaginn rennur eini dagur ársins upp þar sem heimurinn fær sólarhringsundanþágu frá áttunda boðorðinu: Þú skalt ekki ljúga. Fjölmiðlum hleypur jafnan kapp í kinn og reyna þennan dag að fá fólk til að hamstra bensín eða mæta í áheyrnarprufur. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* skautaði léttilega yfir nokkur af aprílgöbbum fyrri áratuga.

Afsláttur, afsláttur!

Götumyndin varð heldur kyndug 1. apríl 1960 þegar fólk sást arka með könnur og koppa að Áfengisverslununni í Reykjavík. Tíminn tók sig nefnilega til þann dag og auglýsti að ef fólk kæmi með eigið ílát gæti það fengið ódýran sopa af smyglaðu rommi og portvíni sem tekið hafði verið af smyglurum á bannárunum í kringum 1920. Ekki væri lengur pláss í geymslunni fyrir vínið og því stóð þetta kostatilboð þennan dag að sögn blaðsins.

Árið 1980 greindu dagblöðin frá því að 300 japanskar bifreiðar, af nýrri gerð, Mihitzu 200, yrðu seldar í Hafnarfirði þann dag á kostaverði. Ástæðan væri örlítill útlitsgalli á lakki en slíkt gengi ekki í Evrópu (en var einhverra hluta vegna nógu gott fyrir Íslendinga). Bílarnir áttu að vera til sýnis hjá Lýsi og mjöli í Hafnarfirði og gekk grínið svo langt að settir voru upp vegvísar í Hafnarfirði. Þúsundir mættu til að líta gripinn, sumir alla leið ofan úr Borgarnesi, en þetta var í fyrsta skipti sem dagblöðin höfðu samvinnu með aprílgabbið.

Árið 1993 flykktust landsmenn í Miklagarð eftir að Tíminn hafði sagt frá því að stórmarkaðurinn hefði selt húseign sína í skyndi og neyddist til að rýma húsið. Ekki gæfist tími til að finna vörunum geymslustað og því fengju landsmenn allar vörur á tilboði sem ekki þekktist í íslenskri verslunarsögu – eða á 90 prósenta afslætti.

Bensín hefur nokkru sinni verið

KLASSÍKERINN BENSÍN Á AFSLÆTTI Svo oft hefur þjóðin verið göbbuð með bensínbrandaranum að víst má þykja að fáir myndu í dag fara á næstu stöð til að fylla bílinn á fyrsta apríl þótt þeir heyrðu af tilboði.

auglýst á spottprís. Eitt best lukkaða bensíngabbið þykir vera frá árinu 1995 þegar Fréttastofa Stöðvar 2 auglýsti bensín á Esso-stöðvunum á góðu verði því bandaríska olíufyrirtækið Irving Oil væri að kaupa fyrirtækið. Mikið var lagt í grínið og ein bensínstöð Esso var meðal annars skreytt borðum og öðru með áletruninni Irving Oil til að gera þetta sem raunverulegast.

Söngkonan Ruth Reginalds tekin í gegn af útlitssérfræðingum árið 2004 og fór meðal annars í brjóstaaðgerð. Stöð tvö fylgdist með yfirhalningunni og aprílgabb sjónvarpsþáttarins Íslands í bítið var því tileinkað brjóstastækkun. Fimm konum bauðst ókeypis aðgerð, að sögn þáttastjórnenda, mættu þær fyrir klukkan níu um morguninn í afgreiðslu Stöðvar 2 að Lynghálsi. Margar konur hlupu víst 1. apríl þennan dag.

Aprílgabb í auglýsingum

Það eru ekki aðeins fréttastofur sjónvarps og dagblaða sem geta hagað sér púkalega á 1. apríl. Stundum eru það nefnilega fyrirtæki úti í bæ sem taka upp á því að auglýsa einhvern óskunda. Hollywood auglýsti 1. apríl árið 1981 að loka ætti staðnum og því væru síðustu forvöð að koma og sletta úr klaufunum það sama kvöld. Í tilefni síðasta kvöldsins átti að vera á boðstólum ný gerð af Coca Cola-drykknum, eins konar íslensk útgáfa, sem væri mjallahvít á lit og í gömlum mjólkurbrúsum sem Mjólkursamsalan hafði gefið Vífilfellsverksmiðjunni.

Í fyrra var svo eitt umfangsmesta aprílgabbið sannarlega í takt við tíðarandann en Bílasalan Bílamarkaðurinn í Kópavogi auglýsti í Fréttablaðinu að nýr fjármögnunaraðili í bílalánum, Brabus Invest, væri kominn á íslenskan markað og hygðist bjóða bílalán á þýskum vöxtum eða 4,15 prósent. Netþjónninn sprakk undan álagi þegar lánsumsóknir fóru að berast inn á vef Bílasölunnar í hundraða tali.

HVÍTT KÓK Í HOLLYWOOD Skemmtistaðurinn Hollywood sagði frá því í auglýsingu, 1. apríl 1981, að þá um kvöldið byðist gestum að bragða á Coca Cola í nýrri útgáfu en drykkurinn væri hvítur á litinn.

Þegar allt varð brjálað

Útvarpsstöðin Rót, sem rekin var á 9. og 10. áratug síðustu aldar, mældist með fremur litla hlustun á þeim tíma sem hún var rekin. Þrátt fyrir það náði hún að setja þjóðfélagið á annan endann 1. apríl árið 1988. Útvarpsstöðin sagði frá því að búið væri að upplýsa að Kristur hefði alls ekki verið krossfestur heldur hengdur. Í kjölfarið átti að eyðileggja alla krossa landsins. Skemmst er frá því að segja að kirkjunni þótti brandarinn ekki fyndinn og mátti í nokkrar vikur lesa greinar, svo sem í Velvakanda, um „guðníð“.

ÞETTA VAR EKKI APRÍLGABB!

Árið 1970 birti Vísir frétt um það að halastjarnan Bennett myndi sjást á austurhimni í aprílmánuði, milli klukkan þrjú og fimm að nóttu til. Síminn stoppaði ekki hjá Þorsteini Sæmundssyni stjarnfræðingi sem fréttin var höfð eftir þar sem fólk tilkynnti honum að það ætlaði sko ekki að vakna um miðja nótt til að sjá aprílgabbið.

ÞEGAR FJÖLMIÐILLINN SJÁLFUR LÉT GABBAST

2. apríl árið 2001 birti DV frétt um það á baksíðu blaðsins að Samherjamenn hygðust reisa millilandaflugvöll á Húsavík. „Menn hjá Flugmálastjórn setti hljóða þegar við komum með þetta tilboð. Við höfum einnig verið í sambandi við þingmenn Norðurlands eystra vegna þessa máls. Þá setti að vísu ekki hljóða enda hafa alþingismenn víst atvinnu af því að tala,“ sagði Kristján Vilhelmsson, aðaleigandi Samherja, í viðtali við blaðamann DV en fréttin var byggð á samtali við Kristján. Í þetta sinn var það þó ekki fjölmiðillinn sem lék á landsmenn heldur var Kristján þarna að stríða blaðamanni í tilefni af 1. apríl með þeim afleiðingum að frétt þessa efnis birtist daginn eftir.

MILLILENT Á HÚSAVÍK DV lét Samherjabræður gabba sig 1. apríl árið 2001 þegar blaðamaður ræddi við aðaleiganda fyrirtækisins í símann. Eigandinn tók upp á því í tilefni dagsins að segja blaðamanni að þeir hygðust opna flugvöll fyrir millilandaflug á Húsavík. Fréttin birtist daginn eftir.

➜ ERLEND APRÍLGÖBB ÞAR SEM ÍSLAND ER NOTAÐ:

Íslenskir vínakrar í bresku útvarpi

Þann 1. apríl, árið 1988, hlustuðu um 100 milljónir manna á þátt um vínræktun Íslendinga í útvarpsþætti BBC World Service eða heimsþjónustu breska ríkisútvarpsins. „Vínsérfræðingur“ nokkur sagðist vera með flösku undir höndum sem í væri vín frá Íslandi en fáir gerðu sér grein fyrir að vegna þess hve sól væri hátt á lofti hér á landi yfir sumartímann væri að finna þessa fínu vínakra í suðurhlíðum íslenskra fjalla. Í beinni útsendingu þóttust útvarpsmennirnir svo smakka á „Hraunvíni úr hlíðum Heklu“ og tóku til við að greina bragðið eins og í sönnum vínsmökkunarþáttum – kölluðu vínið „feimið“ og „óráðið“.

ÍSLENSKIR VÍNAKRAR Bretar notuðu Ísland í aprílgabbi sínu á útvarpsstöðinni BBC World Service og þóttust vera að smakka á íslensku víni í þættinum og bragðgreindu það. Þeir héldu því fram að á Íslandi væri mikil vínrækt.

Útrásarvíkingar reisa óperuhús

Þegar útrásin stóð sem hæst, árið 2006, og Danir voru að fá sig fullsadda á nýríkum Íslendingum sem keyptu upp verslanir þeirra og hönnunarhús, birtist frétt í Berlingske Tidende um að nú ætluðu Íslendingarnir enn einu sinni að valta yfir Danann. Samkvæmt gabbfréttinni hugðust Íslendingar núna ætla að reisa óperuhús í Kaupmannahöfn. Til að kóróna yfirganginn og frekjuna átti íslenska óperuhúsið að vera staðsett við hlið þess danska.

Auglýsingasími
512 5050

– Mest lesið

HELGARFERÐ Í SMÁRALIND FYRIR PÁSKANA

Betra verð
en í þekktustu verslunarborgum heims

ENGINN GJALDEYRIR | EKKERT VEGAB | F 23 STIGA HITI

Helgarferð sem borgar sig

Helgarferðarstemningin er nú allsráðandi í Smáralind. Verðlagið og hitastigið gerist ekki betra í helstu verslunarborgum heims og við höfum okkar eigin Effeilturn sem er 5 m hár og byggður úr rúmlega 300 eldspýtum. Hvergi nema í Smáralind býðst þér að taka þátt í páskaleik Smáralindar, Nóa Síríusar og Iceland Express. Þú gætir unnið ferð fyrir 2 til Evrópu, gjafakort í Smáralind eða gómsætt páskaegg. Komdu í helgarferð í Smáralind og njóttu alls þess sem við höfum upp á að bjóða um leið og þú gerir góð kaup fyrir páskana.

OPIÐ TIL KL. 18 Í KVÖLD

Smáralind

ENNEMM / SÍA / NM37411

Vildu afhjúpa andlit fasismans

Þýska Óskarsverðlaunamyndin **Baader-Meinhof Komplex** verður frumsýnd hér á landi um næstu helgi. Hún segir sögu Rauðu herdeildanna, hóps borgarskæruliða sem spruttu upp úr róttækni sjöunda áratugarins. Þrátt fyrir blóðuga sögu og fjölda morða hlaut málstaður hryðjuverkamannanna töluverðan hljómgrunn. *Kolbeinn Óttarsson Proppé* rýnir í sögu samtakanna.

„Við höfum bundið enda á spillta og ömurlega tilvist Hanns-Martins Schleyers, eftir 43 daga.“ Þannig hófst tilkynning sem barst franska blaðinu Libération 19. október 1977. Tilkynningin kom fáum á óvart, líflíkur Schleyers voru ekki miklar eftir að hryðjuverkamenn Rauðu herdeildanna rændu honum rúmum mánuði fyrr. Hann var líka fráleitt fyrsta fórnarlamb samtakanna, 20 manns höfðu verið drepnir frá árinu 1971 og fimm lögreglumenn höfðu látið lífið í átökum.

Rauðu herdeildirnar, Rote Arme Fraktion, voru gjarnan kenndar við tvo mest áberandi leiðtoga þeirra; Andreas Baader og Ulriku Meinhof. Sú síðarnefnda gekk þó síðar til liðs við hópinn og þótti mörgum, þar með talið Gudrun Ensslin, unnustu Baaders, sem hennar hlutur væri gerður helst til mikill. En Ulrika Meinhof var vel þekkt andlit, vinstrisinnaður pistlahöfundur sem gaf borgaralegt líf sitt upp á bátinn, þar með talið tvö ung börn, til að gerast borgarskæruliði.

Andreas Baader var eirðarlaus unglingur og komst snemma í kast við lögin. Hann hætti í skóla á menntaskólaaldri og lifði lífi smákrimmans. Hann smitaðist af hinu róttæka andrúmslofti sem einkenndi seinni hluta sjöunda áratugarins og dróst að vinstrisinnuðum stúdentafélögum. Hugmyndafræðin var honum að skapi, en það var ekki síst spennan og æsingurinn sem heilluðu.

Í byrjun júní 1967 kom shahinn af Íran í opinbera heimsókn til Berlínar. Hann beitti þegna sína miskunnarlaust ofbeldi og stúdentahreyfingin þýska mótmælti komu hans. 2. júní voru mikil mótmæli og vestur-þýska lögreglan brást við af mikilli hörku. Hún skaut á mótmælendur og Benno Ohnesorg, 27 ára nemi og nýbakaður faðir, var drepinn. Með því öðlaðist stúdentahreyfingin sinn píslarvott og fylgi við hugmyndir hennar jókst mjög.



BAADER OG ENSSLING Þau Gudrun Enssling og Andreas Baader kynntust undir lok sjöunda áratugarins. Þeim þótti lítið varið í endalaust tal um breytingar og byltingu og vildu aðgerðir. Baader var leiðtogi hópsins og Enssling stóð honum næst, þó hún hafi fallið í skuggann á Meinhof. Franski heimspekingurinn Jean-Paul Sartre heimsótti Baader í fangelsi og fannst ekki mikið til vitsmuna hans koma og kallaði hann fífl.

> Mótmæli eru að segja að mér hugnist ekki eitthvað. Andstaða er þegar ég tryggi að það sem mér hugnast ekki gerist ekki aftur. *Ulrika Meinhof*

Píslarvottur

Morðið á Ohnesorg var fyrir mörgum staðfesting á þeirri staðreynd að grunnt væri á leifum fasismans eftir fall þriðja ríkisins. Róttæklingar töldu að stjórnvöld hefðu í raun lítið breyst frá tímum Hitlers; þau fælu fasismann á bak við grímu lýðræðis og borgararéttinda. Um leið og þeim væri ögrað, líkt og með mótmælum, sýndu þau sitt rétta andlit eins og lík Ohnesorg væri glöggt dæmi um. Sú skoðun fékk byr undir báða vængi þegar borgarstjórnin í Vestur-Berlín bannaði öll mótmæli í kjölfar morðsins.

Stúdentum, einkanlega vinstrisinnuðum, þykir fátt skemmtilegra en að tala. Baader og Ensslin fengu hins vegar leiða á öllum hugmyndafræðilegum deilum. Þeim fannst einboðið að grípa yrði til beinna aðgerða til að ríkisvaldið sýndi sitt rétta andlit á ný. Sæi þýska þjóðin þá ásjónu myndi hún losa sig við fasistastjórnina.

Skötuhjúin létu hendur standa fram úr ermum og 2. apríl 1968 kveiktu þau, í félagi við Horst Söhnlein og Thorwald Proll, í verslunarmiðstöð í Frankfurt am Main. Enginn slasaðist en gríðarlegt eignatjón varð. Lögreglan handtók fjórmenningana og þau voru dæmd í þriggja ára fangelsi hvert.

Farið í felur

Ulrika Meier hafði getið sér góðs orðs sem pistlahöfundur. Hún gagnrýndi samfélagið á beittan hátt og varð æ sannfærðari um að mikilla breytinga væri þörf. Henni fannst hún ekki áorka nægu með skrifum sínum. Árið 1969 skildi hún við eiginmann sinn og flutti til Berlínar. Í júní var fjórmenningunum sleppt til reynslu, en dómstóll krafðist þess í nóvember að þau yrðu sett inn aftur. Þau voru hins vegar flúin til Ítalíu.

Í febrúar 1970 laumuðust Baader og Ensslin aftur til Berlínar og fengu þá inni hjá Meier. Baader var handtekinn skömmu síðar. Ulrika Meier samþykkti að taka þátt í áætlun um að frelsa hann. Hún þóttist vera að taka viðtal við hann og hann var færður í húsnæði þar sem öryggisgæsla var minni. Þangað komu fjórir vopnaðir vitorðsmenn og einn vörður varð fyrir skoti. Baader stökk út um glugga og Ulrika Meier fylgdi honum og stökk um leið úr samfélaginu og í felur sem eftirlýstur glæpamaður.

MYRTUR Hanns-Martin Schleyer var formaður Samtaka atvinnulífsins í Vestur-Þýskalandi og Sambands þýskra iðnrekanda. Hann var myrtur daginn eftir dauðanóttina eftir 43 daga í varðhaldi.

Bankarán og morð

Á næstu árum fjölgaði í hópnum og fjöldi hreyfinga spratt upp til hliðar og utan við Rauðu herdeildirnar. Af þeim var Hreyfingin 2. nóvember virkust, en hún kenndi sig við dánardægur Benny Ohnesorg. Félagar frömdu fjölda glæpa, rændu banka, sprengdu sprengjur og í átökunum lét fjöldi fólks lífið.

Hluti hópsins fór í þjálfunarbúðir hryðjuverkamanna í Jórdaníu og þjálfaðist þar í vopnameðferð og sprengjugerð. Þá lærðu þau að breyta útliti sínu, lifa lífinu í felum og falsa skilríki.

Morð, sprengingar, flugrán og mannrán einkenndu starfsemi samtakanna. Þegar yfir lauk lágu 32 fórnarlömb Rauðu herdeildanna og tengdra samtaka í valnum, fimm særðust alvarlega og tveimur var rænt en skilað ómeiddum.

Hóparnir gátu af sér nýja hópa. Í hvert sinn sem leiðtogar voru fangelsaðir beið ungt, reitt og örvæntingarfullt fólk eftir að fylla skarð þeirra. Síðasta hryðjuverk tengt samtökunum varð þegar nýtt kvennafangelsi í Wieterstadt var sprengt upp árið 1993. Síðan hefur hópurinn ekki framið hryðjuverk.

Hinn meinti fasismi

Lögregluyfirvöld í Vestur-Þýskalandi tóku hryðjuverkasamtökin engum vettlingatökum. Landið skiptist upp í fjölda sambandslanda og innan hvers og eins var sérlöggæsla. Þrátt fyrir tregðu til samvinnu og tilhneigingar til að vernda eigin svæði var komið á fót sameiginlegri hryðjuverkalögreglu.

Í raun tókst hryðjuverkafólkinu ætlunarverk sitt; að afhjúpa valdbeitingu ríkisins. Settir voru upp vegartálmar og handahófskenndar leitir fóru fram víða um landið. Gríðarlega vel vopnum búin lögregla var á vappi í helstu borgum og brynvarðir bílar, sem líktust helst skriðdrekum, urðu algeng sjón. Vald ríkisins – fasisminn eins og vinstrimenn nefndu það – var því öllum ljós.

Gallinn var bara sá að í ljós kom að hinn venjulegi borgari mat eigið öryggi framar lífi án valdboða. Vísitölufjölskyldan vildi frekar bíða í biðröðum á hraðbrautunum, sýna vopnaðri lögreglu skilríki sín og vera meinaður aðgangur að vissum hverfum ef það þýddi að sprengingar, skotbardagar og íkveikjur heyrðu sögunni til.

Samúð með málstaðnum

Engu síður var viss samúð með málstað Rauðu herdeildanna og skyldra samtaka. Ekki má gleyma þeim tíðaranda sem samtökin spruttu upp úr. Byltingarandinn sveif yfir vötnum og allt sem áður var álitið greypt í stein var nú véfengt. Ný samfélagsgerð var boðorð dagsins. Og þó að menn fordæmdu ofbeldið og morðin þá var mikill fjöldi sem hafði skilning á því sem bjó þeim að baki.

Í júlí 1971 gerði þýska fyrirtækið Allensbach, sem sérhæfði sig í skoðanakönnunum, ekki ósvipað Gallup, skoðanakönnun. Í henni kom fram að um 20 prósent fólks undir þrítugu höfðu ákveðna samúð með málstað hryðjuverkamannanna. Að sönnu var könnunin gerð áður en blóðugasta skeið samtakanna rann upp, en hlutfallið er engu síður ótrúlega hátt. Þegar líkin hrönnuðust upp fjaraði hins vegar undan samúðinni.

Ungt fólk víða um heim sá baráttu borgarskæruliðanna hins vegar sem framhald af eigin baráttu. Að sönnu ekki endilega rökrétt framhald, en margir af yngri kynslóðinni deildu skoðunum hópsins á nauðsyn á gjörbreyttu samfélagi. Eftir dauða helstu forsprakkanna í fangelsi flykktist ungt fólk út á götur Vestur-Þýskalands, fullvisst um að ríkið hefði tekið þá af lífi.

Dauðanóttin

Ulrika Meinhof fannst látin í klefa sínum á mæðradag 1976. Hún hafði hengt sig í reipi sem hún gerði úr handklæði sem hún reif í ræmur. Talið var að hún hafi farið að efast um tilganginn og eigin þátttöku og þeim aðferðum sem beitt var.

Aðfaranótt 18. október 1977 varð síðar nefnd dauðanóttin. Um morguninn fundust lík Baader, með byssukúlu í hnakkanum, og Enssil, hangandi í snöru. Jan-Carl Raspe, fannst í sínum klefa við dauðans dyr af völdum skotsára og lést síðar. Irmgard Möller, sú eina sem lifði af, hafði stungið sig fjórum sinnum í bringuna með hníf, eða hvað?

Tveimur dögum fyrir dauðanóttina höfðu palestínskir hryðjuverkamenn rænt flugvél Lufthansa og lent henni í Sómalíu og kröfðust frelsis félaga í Rauðu herdeildinni. Aðgerðin fór út um þúfur og yfirvöld staðhæfðu að fregnir af því hefðu borist föngunum og þeir hrint sjálfsmorðsáætluninni í framkvæmd.

Sú skýring var hins vegar strax dregin í efa, ekki síst af þeim sem voru hliðhollir málstað róttæklinganna. Rannsóknir og krufningar gáfu þó ekki annað til kynna en að um sjálfsmorð hefði verið að ræða. Sagan um morð stjórnvalda hefur hins vegar aldrei horfið.

Áhrifa gætti víða

„Menn töldu að það hefði verið gengið frá þeim. Í fjölmiðlum hafði því verið spáð að þau óttuðust að þau yrðu drepin. Menn höfðu persónulega samúð með þeim, frekar en að þeir hefðu samúð með aðferðum þeirra,“ segir Össur Skarphéðinsson, núverandi utanríkisráðherra. Össur sótti fund sem haldinn var í Árnagarði í kjölfar dauðanæturinnar. „Mér er tvennt minnisstætt; Birna Þórðardóttir hélt aðalræðu fundarins og svo það að það var troðfullt út úr dyrum. Þarna hafa verið nokkur hundruð manns og staðið var með veggjum og langt fram á gang.“

Hann segir hópinn hafa verið að berjast gegn kapítalismanum og sú barátta hafi hlotið mikinn hljómgrunn á meðal ungs fólks um allan heim, líka hér á landi. Menn hafi hins vegar fordæmt ofbeldið. „Íslenskir stúdentar beittu aldrei ofbeldi,“ segir Össur.

RÁÐUNEYTI TEKIÐ Íslenskir stúdentar „hertóku“ menntamálaráðuneytið á áttunda áratugnum. Engu ofbeldi var beitt. Össur Skarphéðinsson situr fremstur í flokki.

NÝTT!

28. MARS – 5. APRÍL

ELDHÚSDAGAR *í* ORMSSON

... þú færð það aðeins ***betra*** *hjá* HTH

20% afsláttur

af öllum *HTH* innréttingum!

OPIÐ HÚS

UM HELGINA: LAUGARDAG FRÁ 11–16 og SUNNUDAG FRÁ 13–17

20% afsláttur af hágæða AEG eldhústækjum*

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

* með kaupum á HTH eldhúsinnréttingum

ELDHÚSIÐ ER HJARTA HEIMILISINS

HTH er metnaðarfullt danskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu innréttinga í eldhús og baðherbergi auk fataskápa.

HTH er einn stærsti framleiðandi innréttinga í Evrópu, enda er dönsk hönnun og handverk eftirsótt og mikils metið um heim allan.

Komdu og upplifðu af eigin raun þá snilld þegar saman fer listræn sýn hönnuða, nákvæmar og framúrstefnulegar lausnir og framleiðsla sem stenst fyllilega allan samanburð og uppfyllir ströngustu gæða- og umhverfisstaðla.

Velkomin í **OPIÐ HÚS** um helgina í glæsilegan sýningasal okkar að Lágmúla 8 og kynnist því nýjasta í eldhúsinnréttingum frá HTH – og því heitasta í AEG eldhústækjum.

ORMSSON

KVIKA

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800

Barnið er sameiginlegt verkefni

Norðlingaskóli hlaut Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins í flokknum sem nefndur er Frá kynslóð til kynslóðar. Verðlaunin hlaut skólinn vegna þess margvíslega frumkvöðlastarfs sem þar er stundað. Norðlingaskóli starfar í völundarhúsi sambyggðra skála en búið er að steypa plötu nýs skólahúss. ***Steinunn Stefánsdóttir*** heimsótti skólann í vikunni. Hún spjallaði við nemendur, kennara og foreldra og leitaði einnig svara við spurningunni um það að hvaða leyti Norðlingaskóli væri frábrugðinn öðrum skólum.

Starf Norðlingaskóla grundvallast á því lífsviðhorfi að hverjum einstaklingi skuli búin námsskilyrði svo hann megi, á eigin forsendum, þroskast og dafna og útskrifast úr grunnskóla sem sjálfstæður, sterkur og ekki síst lífsglaður einstaklingur.

Áhersla er lögð á að nemendum líði vel og að nám og starf sérhvers þeirra miðist við þarfir hans og getu sem og sterkar hliðar. Byggt er á einstaklingsmiðuðum starfsháttum og samvinnu.

Hér á eftir er lýst nokkrum þáttum sem einkenna starf Norðlingaskóla.

Áform

Allir nemendur gera einstaklingsbundnar námsáætlanir eða áform. Áform eru ýmist gerð vikulega eða hálfsmánaðarlega. Á áformsdegi hitta nemendur umsjónarkennara sína, fara yfir hvernig síðasta vika gekk og setja sér markmið fyrir þá næstu.

Áhugasvið

Litið er á áhugasvið sem orkulind. Þess vegna er í hverri viku skipulagður tími þar sem nemendur vinna með sterkar hliðar sínar, annaðhvort einir og sér eða í hópum. Gerðir eru sérstakir áhugasviðssamningar þar sem nemandinn setur fram hvaða markmiðum hann ætlar sér að ná og eftir hvaða leiðum. Þá er samið um aðkomu kennarans eða skólans að vinnunni og með hvað hætti nemandinn hyggst skila henni af sér.

Björnslundur

Björnslundur er útikennslustofa í skógarlundi í nágrenni skólans. Þar er gert ráð fyrir að hægt sé að kenna allar námsgreinar skólans undir berum himni. Í Björnslundi fara einnig fram stærri samkomur skólans, að minnsta kosti þar til nýtt skólahús er risið.

Foreldrasamstarf

Rík áhersla er á foreldrasamstarf í skólanum. Litið er svo á að vinna með nemendur sé sameiginlegt viðfangsefni foreldra og starfsfólks skólans. Því standa dyr skólans ævinlega opnar fyrir foreldrum og þeir eru velkomnir, hvort sem er inn í tíma til barna sinna eða til skrafs og ráðagerða við starfsfólk.

Fyrsti skóladagur að hausti kallast skólaboðunardagur og fer fram heima hjá nemendunum. Þá sækja starfsmenn skólans nemandann og fjölskyldu hans heim og ræða um starfið á komandi vetri.

Á foreldraskóladögum setjast foreldrar á skólabekk hjá börnum sínum. Með því fá þeir innsýn í vinnu barnanna og kynnast daglegum viðfangsefnum þeirra. Foreldraskóladagar eru haldnir tvisvar á vetri.

Foreldrakaffi er nýjung í foreldrasamstarfinu. Þá er foreldrum hvers hóps boðið í morgunkaffi með starfsfólki skólans við upphaf skóladags barnanna.

Samkennsla árganga

Kennt er í aldursblönduðum námshópum, tveimur eða fleiri árgöngum saman án varanlegrar aðgreiningar eftir aldri eða námsgetu. Markmiðið er að hver nemandi fái nám og kennslu við sitt hæfi um leið og nemendahópurinn á samleið sem hópur eða bekkjarheild. Nemendur eru á saman tíma að vinna að mismunandi markmiðum og þjálfast bæði í að vinna sjálfstætt og hjálpast að.

Smiðjur

Smiðjur eru meðal þess sem einkennir starf Norðlingaskóla. Þær eru nokkurs konar verkstæði þar sem nemendur ganga í smiðju til starfsmanna skólans. Megináhersla er lögð á skapandi vinnu og þar er list- og verkgreinum fléttað saman við bóklegar námsgreinar. Smiðjur eru vikulega og þar blandast allir árgangar skólans. Í smiðjum er lögð áhersla á að koma að námsþáttum aðalnámskrár en um leið að gæta þess að áhugasvið nemenda eigi ávallt sinn sess.

Teymisvinna

Allt starfsfólk Norðlingaskóla vinnur í teymum. Þannig er kennari aldrei einn með nemendahóp sem eykur verulega sveigjanleika í skólastarfinu. Sömuleiðis nýtist margbreytileiki starfsfólks nemendum betur með þessu móti. Hvert teymi hefur skipulagða samráðstíma í hverri viku þar sem kennslan er skipulögð.

Dæmi um teymi skólaárið 2008-2009:

Teymið sem vinnur með 1. og 2. bekk er sett saman af fjórum almennum kennurum, sérkennara og tveimur stuðningsfulltrúum.

Í list- og verkgreinateymi eru þrír kennarar (myndlistar-, textíl- og hönnunar-) og smíðakennarar.

Vinnusvæði

Engar eiginlegar kennslustofur eru í Norðlingaskóla. Bóklegt nám fer fram á vinnusvæðum hvers námshóps. Þar vinna sumir einir og sér og aðrir saman. Góður vinnukliður er á svæðunum en ekki er liðið að hann þróist í hávaða. Svæðin eru stór en þó er að finna þar kima sem geta hentað þeim sem vilja meira næði.

FRAMHALD Á SÍÐU 43

SJÓRÆNINGJAÞEMA Í síðustu viku lauk lestrarspretti í Norðlingaskóla. Á lokadeginum mættu allir í sjóræningjabúningum og er hér verið að afhenda verðlaun.

MYNDIR/ÁGÚST ÓLASON

ÁVEXTIR Eftir að skólastjórnendur höfðu lesið niðurstöður rannsóknar sem sýndi fram á betri námsárangur hjá börnum sem hefðu aðgang að ávöxtum á skóladeginum var ákveðið að hafa ávexti á vinnusvæðum nemenda. Auk þess geta börnin gengið í mjólk og vatn að vild meðan þau vinna. Kostnaður heimilanna nemur um 9.000 krónum fyrir allt skólaárið.

Nokkrar staðreyndir um Norðlingaskólat

Skólinn er á fjórða starfsári.
Skólinn er heildstæður grunnskóli frá 1. upp í 10. bekk.
250 nemendur eru í skólanum.
Þar starfa rúmlega 40 manns, þar af 15 karlar.
Á unglingastigi skólans eru 70 unglingar. Þeir hafa áður verið í alls 39 skólum.

Ekki bara nýr skóli heldur ný tegund af skóla

KENNARARNIR Ragna Karlsdóttir sérkennari, Fanney Snorradóttir umsjónarkennari í 5. til 7. bekk og Björn Gunnlaugsson umsjónarkennari á unglingastigi.

Björn Gunnlaugsson, Fanney Snorradóttir og Ragna Karlsdóttir kenna öll við Norðlingaskóla. Björn er umsjónarkennari á unglingastigi, Fanney í 5. til 7. bekk og Ragna er þroskaþjálfi og sérkennari. Öll hafa þau kennslureynslu úr öðrum skólum. Þau voru því beðin að lýsa því á hvern hátt Norðlingaskóli væri frábrugðinn.

„Það eru fyrst og fremst viðhorfin og starfsandinn," segir Björn. „Stefnan hér hefur verið að hugsa í lausnum fremur en að líta á vandamál sem vegartálma." Björn bendir á að Norðlingaskóli sé nýr skóli og að lagt hafi verið upp með að þar væri ástundað framúrstefnulegt skólastarf. „Ég held að þeir sem starfa hér hafi allir vitað að hverju þeir gengu og ákveðið að koma hingað vegna þess hvernig skólinn er og þeir völdust hingað vegna þessa áhuga, ekki bara á að byggja upp nýjan skóla heldur nýja tegund af skóla."

Ragna er ein þeirra sem réðu sig að skólanum í upphafi með Sif Vígþórsdóttur skólastjóra. Hún bendir á að Sif hafi áður verið kennari og skólastjóri í sveit í 20 ár og að það hafi áhrif á andann í skólanum. „Mér finnst þetta allaf vera eins og í sveitinni. Það eru allir alltaf velkomnir," segir hún og er sérstaklega ánægð með hversu vel hefur tekist að viðhalda þeirri stefnu. „Við fórum af stað með skólaboðunina í upphafi þar sem við förum í heimsókn inn á hvert heimili og við gerum þetta enn. Fyrsta jólaskemmtunin var skemmtun fyrir allt hverfið og við höldum því. Árshátíðin er líka skemmtun fyrir alla fjölskylduna og sömuleiðis skólasetning og skólaslit. Ég held að allir í hverfinu upplifi að þeir séu velkomnir hingað í skólann," segir Ragna.

Öll taka þau undir að allt þetta starf styðji vel við farsælt og gott foreldrasamstarf. Aðgengið á báða bóga sé gott og að það skipti afar miklu máli varðandi velferð nemandans. „Samkennslan hjálpar líka mikið til að geta farið einstaklingslega í mál," segir Fanney og á þá við að þegar nokkrir bera ábyrgð á hópnum þá sé meira svigrúm til að sinna einstaklingum heldur en þar sem aðeins einn kennari sé í hverri kennslustofu.

Í Norðlingaskóla hafa kennarar fastan vinnutíma frá átta á morgnana til fjögur og fimm á daginn. Viðmælendurnir eru sammála um að vinnutímafyrirkomulagið sé afar gott. Allt samstarf verði skilvirkara þegar hópurinn er allur á staðnum eftir að nemendurnir eru farnir heim. „Mér finnst þetta æðislegt og að vera sérkennari og hafa hér eðlilegan vinnudag, það er bara allt annað," segir Ragna.

2009

MÍN BORG

ICELANDAIR



HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

NÝR ÁFANGASTAÐUR FRÁ OG MEÐ 22. JÚLÍ 2009

SEATTLE

KYNNINGARVERÐ *frá 36.900 kr.*

Borgarperla, sköpunarkraftur, hafið bláa hafið, hátignarleg fjöll og hrífandi náttúrufegurð þar sem þér líður eins og þú sért heima að heiman.

Borgarlukkuleikurinn

TAKTU ÞÁTT!

Þú getur unnið flugferð fyrir tvo

Hver vann síðast?

Nafn vinningshafa síðustu helgar er birt í þessu blaði

GEYMIÐ BLAÐIÐ

Náttúruparadís skíðamanna

Í fjöllunum í grennd við Seattle eru mörg af bestu skíðasvæðum í Washington. **Snoqualmie** (*www.summitatsnoqualmie.com/winter*) er vinsæll skíðastaður aðeins 45 mín. akstur austur frá borginni. Í Snoqualmie eru fjögur megin-svæði og góður snjór á veturna.

Crystal Mountain (*www.skycrystal.com*) er eilítið lengra frá borginni en Snoqualmie. Þetta er stærsta skíðasvæðið í Washington og kjörinn staður fyrir skíða- og snjóbrettafólk; flestar brekkur eru auðkenndar með bláu (meðalerfiðar), en þarna finna allir brekkur við sitt hæfi og gönguskíðamenn hafa úr mörgum slóðum að velja.

Önnur skíðasvæði upp frá Pugetsundi og ekki svo ýkja langt frá Seattle eru **Stevens Pass**, stórt svæði með brekkum sem henta allt frá byrjendum til snillinga, og Hurricane Rodge, minna svæði en ekki síður töfrandi staður í Olympic-þjóðgarðinum.

Mission Ridge-skíðasvæðið (*www.missionridge.com*) er talið hið besta í Washington og sá staður sem helst er hægt að jafna við Vail og Telluride í Colorado eða Alta og Snowbird í Utah. Mission Ridge er efst í austurhlíðum Cascade-fjalla í tæplega 1.400 metra hæð yfir sjávarmáli og liggur ekkert skíðasvæði í ríkinu hærra en Mission Ridge. Frá Seattle til skíðasvæðisins eru um 240 km og að vetrarlagi er við það miðað að taki um 2 og hálfa klst. að aka þangað frá borginni.

Washingtonvín

Áhugamenn um vínsmökkun og áður lítt þekktar vínlendur ættu að gera sér ferð til Washington þegar sumri fer að halla. Það kemur ókunnugum eflaust á óvart en vínræktarsvæði í Washington eru í öðru sæti á eftir vínræktarsvæðunum í Kaliforníu þegar kemur að vínframleiðslu.
Nú munu vera nærri tvö hundruð vínræktar- og víngerðarfyrirtæki í Washington, langflest þeirra í Walla Walla-sýslu, í suðausturhluta ríkisins, og í Yakimadal þar sem einnig er umfangsmikil epla- og humlarækun. Merlotþrúgan er vinsælust á meðal vínræktarbænda í Washington.

Gæðabjór á gráum degi

Seattle snýr móti vestan- og suðvestanvindum frá Kyrrahafi svo að á öllum árstímum má gera ráð fyrir að það gerist oftar en ekki að „detti úr lofti dropar stórir“. Síattelítar hafa lært að bregðast við því eins og við Íslendingar og kunna að láta sér líða vel innandyra. Þar er það t.d. ríkari þáttur í daglegu lífi en víða annars staðar í Bandaríkjunum – og raunar mætti kalla það hefð á meðal heimamanna – að fá sér pintu af öli. Byrjað var að brugga á þessum slóðum þekktar tegundir af bandarískum bjór eins og Redhook, Maritime Pacific og Pyramid Ales. Á Seattlesvæðinu eru einnig allmörg lítil bjórgerðarhús og sönnum áhugamönnum um bjór og öl bjóðast mörg tækifæri til að gæða sér á „heimabrugguðum“, nýjum og ferskum bjór á notalegum kránum í Seattle.

MÍN SEA

GÓÐIR NÁGRANNAR Í NORÐRI:

Vancouver, Vancouver Island, Victoria

Vancouver, Vancouver Island, Victoria Seattle, nágrannabyggðir hennar og Washington-ríki hafa meira en nóg í boði fyrir ferðamenn. Samt er sjálfsagt að benda á að fyrir þá, sem hafa áhuga á að heimsækja þriðju stærstu borg Kanada og að margra dómi hina fegurstu þeirra, Vancouver, er hægt um hönd að bregða sér þangað frá Seattle. Hægt er aka en verður þá að hafa í huga að oft getur verið býsna mikil bið við kanadísku landamærin. Einnig er hægt að taka lest (Amtrak Cascades) til Vancouver en langskemmtilegast og þægilegast er að taka hraðferju (BC-Ferries - British Columbia Ferry Services) frá Bryggju 69 (Pier 69) í Seattle, skeiða með henni um Pugetsund, njóta stórkostlegs útsýnis af sjónum og koma svo í höfn í Victoria, höfuðborg Bresku Kólumbíu, syðst á Vancouver Island, eftir 2 til 3 klst. siglingu. Frá Victoria er svo hægt að taka aðra BC-ferju til Vancouver; siglingin tekur um 1 og hálfa klst. og ferjur ganga á milli 8 til 10 sinnum á dag. – Vert er að minna hér á að árið 2010 verða vetrarólympíuleikar haldnir á hinum glæsilega skíðadvalarstað Whistler, skammt frá Vancouver, einni þekktustu og vinsælustu skíðaparadís í Norður-Ameríku.

Hlið að vesturríkjunum
Í samstarfi við Alaska Airlines, stærsta flugfélagið í Seattle, er stefnt að því í sumar að bjóða samdægurs tengiflug frá Seattle til borga eins og Las Vegas, Los Angeles, San Francisco og fleiri. Seattle er einnig kjörinn upphafsstaður fyrir þá sem langar til að aka suður vesturströnd Bandaríkjanna, meðfram Klettafjöllum, og heimsækja t.d. Portland í Oregon og San Fransisco og Los Angeles í Kaliforníu.

Besta verðið okkar*

Amsterdam	frá 16.900 kr.	
Bergen	frá 14.500 kr.	
Barcelona	frá 16.900 kr.	
Berlín	frá 16.900 kr.	
Boston	frá 28.630 kr.	
Düsseldorf	frá 16.900 kr.	
Frankfurt	frá 16.900 kr.	
Glasgow	frá 14.500 kr.	
Halifax	frá 24.800 kr.	
Helsinki	frá 16.900 kr.	
Kaupmannahöfn	frá 14.500 kr.	
London	frá 14.500 kr.	
Madrid	frá 16.900 kr.	
Manchester	frá 14.500 kr.	
Milano	frá 16.900 kr.	
Minneapolis	frá 28.630 kr.	
München	frá 16.900 kr.	
New York	frá 28.630 kr.	
Orlando	frá 30.130 kr.	
Osló	frá 14.500 kr.	
París	frá 16.900 kr.	
NÝTT Seattle	frá 36.900 kr.	KYNNINGARVERÐ
Stavanger	frá 14.500 kr.	
Stokkhólmur	frá 14.500 kr.	
Toronto	frá 24.800 kr.	

+ Bókaðu á www.icelandair.is

ICELANDAIR

Allt verð miðast við lægsta verð í verðskrá og getur á einhverjum tímapunkti verið uppseld.

*Verð aðra leiðina með sköttum og gjöldum.

fjölskyldan

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA]

mars 2009

Draumurinn rættist

Svanhildur Sif Haraldsdóttir rekur sumarbúðirnar Ævintýraland. SÍÐA 6

Góð skemmtun

Nokkrar myndir sem öll fjölskyldan getur horft á. SÍÐA 7

NORDICPHOTOS/GETTY

Ævintýrin eru mikilvæg

Starfsemi Waldorfsskólans í Lækjarbotnum byggist á uppeldisfræði náttúruvísindamannsins og heimspekingsins Rudolfs Steiner. Skólinn hefur starfað í nær tvo áratugi og markmið kennslunnar er að efla þroska hugar, handa og hjarta.

Við sem störfum hér við skólann erum á þeirri skoðun að öllum börnum sé mikilvægt að hafa smá ævintýri í lífinu, að lífið sé ekki of skipulagt og alvarlegt öllum stundum," segir Kerstin Andersson, kennari við Waldorfsskólann í Lækjarbotnum. Skólinn, sem er sjálfstæður grunnskóli, hefur verið starfandi frá árinu 1990 og fagnar því tuttugu ára afmæli sínu á næsta ári. Starfsemin byggist á uppeldisfræði austurríska náttúruvísindamannsins og heimspekingsins Rudolfs Steiner, og yfirlýst markmið skólans er að leggja áherslu á þroska hugar, handa og hjarta. Í sama húsnæði í Lækjarbotnum er rekinn leikskóli sem byggist á sömu stefnu, og er mikið samstarf milli skólastiganna tveggja.

Listiðkun og handverk

Að sögn Kerstinar er meginmarkið kennslunnar við Waldorfsskólann að efla alla helstu þætti manneskjunnar. Liður í þeirri viðleitni er mikil áhersla á handverk og listiðkun ýmiss konar. „Við höfum það að leiðarljósi að halda góðu jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms af öllu tagi. Til að mynda leikur handverk stórt hlutverk í allri starfseminni. Útfærslur þess fara að sjálfsögðu eftir aldri nemendanna, en hér er til dæmis kennd málmsmíði, formteiknun, saumar, tálgun og ýmislegt fleira. Slík vinna

FRAMHALD Á SÍÐU 4

SYRUSSON

Íslensk hönnun - Íslensk framleiðsla

Syrusson - opið hús alla helgina

Frá 13:00-17:00

HönnunarMars 2009

Velkomin í sýningarsal okkar að Hamraborg 5, Kópavogi (neðanverðu)

Syrusson hönnunarstofa | Hamraborg 5 | sími: 588-4555 | www.syrusson.is

Sigríður Tómasdóttir skrifar

Leikföng í hverjum krók og kima

Mér líður stundum eins og ég gæti opnað litla leikfangaverslun heima hjá mér án þess að ég þyrfti að kaupa eitt einasta leikfang. Heima hjá mér er mjög mikið af dóti, mjög mikið. Og þar sem stærð heimilins er innan við 90 fermetrar, sem sagt ekkert fáránlega rúmgott fyrir fjögurra manna fjölskyldu, þá er oft dót úti um öll gólf þegar líður á daginn og dót í hverju horni þegar börnin eru farin að sofa.

Þetta byrjaði allt saman mjög rólega, ég held að frumburðurinn hafi verið orðinn margra mánaða þegar fyrsta leikfangið birtist á heimilinu. Svo smátíndist til af leikföngum, og á fyrstu jólum og afmæli fékk hann ógurlega mikið. Sem þó er bara brot af því sem er á heimilinu núna. Það hafa auðvitað verið nokkrir afmælisdagar og jól síðan þetta var, og nýtt barn bæst við. Þar fyrir utan verð ég að játa að hafa geymt töluverðan slatta af leikföngum æsku minnar og sama á við um húsbóndann. Við þetta bætist heil hrúga frá stórum frænda og útkoman er – heill hellingur.

Ég hef reyndar verið nógu sniðug til þess að geyma talsvert af leikföngum í geymslunni, sumt hafa börnin ekki séð enn, sumt hef ég dregið fram og svo til baka. Einstaka sinnum hef ég tekið eitthvað úr umferð um skeið og sannreynt að það góða ráð að láta dót „hverfa“ gerir það sem nýtt þegar það er svo tekið fram síðar. Það góða trix virkar afskaplega vel, „nýja“ dótið verður mest spennandi og efniviður leikja.

Þrátt fyrir þetta stend ég sjálfa mig að því að hugsa um alls konar leikföng sem mér finnst börnin vanta – eldhús, brúðuleikhús, töfrasett, eitt og annað sem mig langar ógurlega til þess að þau eigi, sennilega því að mig langaði svo í það þegar ég var lítil!

En ég reyni að hemja mig. Á meðan heimilið lítur að jafnaði út fyrir það að loknum kvöldmat að þar hafi verið kastað sprengju, er kannski ekki málið að kaupa meira dót, fyrir utan peninginn sem það kostar. Og eins og það getur vafist fyrir öllum heimilismeðlimum að ganga frá dótinu á sinn stað er kannski ekki á það bætandi. Þar fyrir utan er ekki endilega mest gaman alltaf að leika með leikföng, venjulegir pottar duga oft vel eða koppar og kirnur ýmiss konar.

Svo má ekki gleyma því að ætlunin var aldrei að fylla heimilið af leikföngum. Nei, í draumum mínum ætlaði ég að velja vel fáein gæðaleikföng úr fyrir börnin að leika sér með. En svona getur maður verið ósamkvæmur sjálfum sér þegar á hólminn er komið.

Fjölskyldan kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins. Ritstjórn: Sigríður Björg Tómasdóttir og Roald Eyvindsson Hönnun: Silja Ástþórsdóttir Forsíðumynd: Nordicphotod/Getty Images Pennar: Hrefna Sigurjónsdóttir, Kjartan Guðmundsson, Ragnheiður Tryggvadóttir, Sólveig Gísladóttir og Vera Einarsdóttir Ljósmyndir: Fréttablaðið Auglýsingar: *Benedikt Jónsson benediktj@365.is*

Listræn fjölskylda Jón og synir hans Emil og Kári eru saman í Suzuki-fiðlunámi hjá Tónskóla Sigursveins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jákvætt og hvetjandi tónlistarumhverfi

„Fiðlunámið býður okkur feðgunum upp á fastan tíma sem við getum eytt saman og það er auðvitað hið besta mál,“ segir Jón Thoroddsen, forritari hjá hugbúnaðarfyrirtækinu Simdex. Jón og synirnir Emil, átta ára og Kári, sex ára, hafa í nokkur ár stundað saman Suzuki-fiðlunám hjá Tónskóla Sigursveins.

Suzuki-tónlistarnám byggir á hugmyndafræði japanska fiðlukennarans Dr. Shinichi Suzuki. Kennsluaðferðin nefnist móðurmálsaðferðin, og byggir hún meðal annars á því að skapa jákvætt og hvetjandi tónlistarumhverfi fyrir unga nemendur og gera foreldrana að virkum þátttakendum í náminu. Suzuki-deild hefur verið starfrækt í Tónskóla Sigursveins frá árinu 1987, og kennt er á fiðlu, selló og píanó.

Synir Jóns hófu fiðlunám ásamt föður sínum fjögurra og fimm ára gamlir. Spurður hvernig námið sækist hjá þeim feðgum segir Jón það ganga vel, þótt hver þeirra búi yfir mismunandi hæfileikum eins og gengur og gerist. „Ég reyni til dæmis að halda í við eldri soninn. Það er dálítið erfitt,“ segir hann og hlær. „Ég lærði smávegis á píanó sem strákur og er frekar fljótur að læra lögin. En vegna þess að hann er ungur þá er eins og hann tileinki sér öll smáatriðin mun auðveldar. Þannig að meðan ég er að gera mjög strúktúreraðar æfingar til að ná þessum litlu atriðum eins og réttri slökun í hendinni og fleiru í þeim dúr, þá kemur það bara náttúrulega hjá honum. Þegar kemur að því að spila lögin hratt eða ná ákveðinni mýkt í spilamennskuna og slíkt, þá er hann alltaf kominn langt á undan mér. Þá bendir hann mér vinsamlegast á að fara inn í herbergi til að æfa mig,“ bætir Jón við og skellir upp úr.

Að sögn Jóns eyða feðgarnir hver um sig í kringum fjórum klukkustundum á viku í tímasókn og æfingar á fiðluna, en auk þess er boðið upp á hóp- og hljómsveitartíma aðra hvora viku. Æfingarnar snúast að langmestu leyti um sígilda tónlist. „Yngri sonurinn hefur nú þegar bitið í sig að hann ætli sér að verða rokktónlistarmaður þegar hann verður stór. Frændi hans lærði á fiðlu á sínum yngri árum og er góður bassaleikari í dag, og við notum það sem gulrót fyrir strákinn; Að ef hann er duglegur að æfa sig á fiðluna verði hann rosalega góður gítarleikari þegar fram í sækir.“

En hvernig skyldi Fjólu, mömmunni á heimilinu, ganga að umbera þrjá fiðlunemendur með tilheyrandi háværum æfingum? „Það er ekkert mál þegar strákarnir eru að æfa sig, en þegar ég er að gera tækniæfingarnar mínar aftur og aftur passar hún bara upp á að vera hinum megin í húsinu,“ segir Jón Thoroddsen.

- kg

BARNVÆNT

Spýturóló Göngutúrar eru gott fjölskyldusport og ekki verra ef áfangastaðurinn er heillandi fyrir börnin í fjölskyldunni. Ýmsar skemmtigöngur má fara innanbæjar og leggja leið sína á leikvelli borgarinnar í leiðinni, til að fá útrás fyrir klifur- og rennibrautarþörf ungviðis sem og eldri fjölskyldumeðlima. Í Vesturbæ Reykjavíkur, við Eiðisgranda, er skemmtilegur leikvöllur, spýturóló, þar sem gaman er að klifra í öðruvísi leiktækjum en eru á flestum leikvöllum. Fullorðnir geta líka reynt á hæfileikana í þessum tækjum þar sem hægt er að þjálfa handstyrk með því að lesa sig eftir bjálkunum. Mikilvægt er þó að ofmeta ekki eigin hæfni, því þótt klifurhæfileikar hafi verið til staðar á barnsaldri er ekki víst að þeir séu enn til staðar á fullorðinsárum.



TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími 552 1185 • www.tonastodin.is

góð næring

undirstaða heilbrigðs lífernis…

HOLLUSTA Í MÁL Gott er að brýna snemma fyrir ungdómnum mikilvægi þess að neyta hollrar fæðu. Á www.islenskt.is má finna upplýsingar um grænmeti, næringargildi þess og fleira sem gott er að hafa til hliðar.

HREYFING

Skemmtileg hreyfing Eitt L.Í.F. er heitið á 7 vikna líkamsræktarnámskeiðum fyrir krakka á aldrinum níu til þrettán ára yfir kjörþyngd. Námskeiðin eru á vegum Heilsuakademíunnar og eru kennd í Egilshöll.

Í námskeiðslýsingu sem er að finna á vefsíðu Heilsuakademíunnar er námskeiðið sagt uppbyggilegt lífsstílsnámskeið fyrir krakka sem ekki hafa fundið sig í almennum hóp- eða einstaklingsíþróttum, en vilja stunda líkamsrækt og skemmta sér með jafningjum.

Kennt er tvisvar í viku, þriðjudaga og fimmtudaga, klukkutíma í senn. Meðal annars er farið yfir rétt fæðuval, líkamsrækt kennd og farið í skemmtilega leiki innahúss og utan. Námskeiðin hefjast 7. apríl og standa til 21 maí.

Einnig býður Heilsuakademían upp á einstaklingsmiðaða þjálfun í fámennum hópum.

Verð á námskeiðin er 12.500 krónur. Heilsuakademían er aðili að frístundakorti ÍTR. *- rat*

Mannleg gildi Kennslan tekur mið af því að rækta umburðarlyndi.

Handverk Tálgun er eitt af því sem nemendur skólans læra.

Samvinna Mikil samvinna er millil grunn- og leikskóla Waldorfsskólans.

List Börnin eru stolt af handverkinu.

krefst mikillar athygli og einbeitingar barnanna, því þau eru jafnvel að vinna með brennandi heitt járn og slíkt, og því má ekkert út af bregða. En þessi vinna borgar sig heldur betur, því nemendurnir eru svo stoltir þegar þeir hafa lokið við að prjóna sína eigin vettlinga, sauma buddu eða þar fram eftir götunum. Það er mikilvægt að gera börnunum kleift að læra að nýta þá hæfileika sem þau búa yfir.“ Leiklist er einnig nýtt mikið í starfi allra aldursstiga og söngurinn hljómar um sali skólans daglega. Slíkt hjálpar til við að þroska fegurðarskynið, að sögn Kerstinar.

Stolt af nemendunum

Nemendur í Waldorfsskólanum læra sama námsefni og nemendur hefðbundinna grunnskóla í sumum tilfellum. Yngstu nemendur skólans búa þó til sínar eigin námsbækur eingöngu, og helst sú venja fram eftir námsferlinum að einhverju leyti. Kerstin segir kennsluaðferðir skólans frábrugðnar flestum öðrum grunnskólum að því leyti að kennslan fer mikið til fram í lotum. „Mannkynssaga, trúarbragðafræði eða landafræði eru til dæmis kennd í öllum morguntímum í tvær til þrjár vikur, og svo er það hvílt á milli. Þannig gefst nemendunum kostur á að melta námsefnið betur milli lotna. Við leggjum líka mikla áherslu á að forvitni barnanna á námsefninu sé vakin áður en byrjað er að kenna, með sýnikennslu og lifandi frásögnum kennaranna.“

Að sögn Kerstinar hafa nemendur sem útskrifast úr tíunda bekk Wardolfsskólans átt greiða leið í þá menntaskóla sem þeir hafa kosið sér að námi loknu. „Þeim hefur gengið vel og við erum mjög stolt af þessum krökkum. Þau virðast líka vera vel búin undir lífið eftir námið hér. Til dæmis má nefna að rannsókn sem gerð var í Svíþjóð sýndi fram á að minna bar á kynþáttafordómum meðal nemenda sem stunduðu nám í Waldorfsskólum en í hefðbundnum grunnskólum. Enda viljum við kenna umburðarlyndi, að við séum öll manneskjur þrátt fyrir mismun á húðlit og trúarskoðunum,“ segir Kerstin.

Lækjarbotnar Kerstin kenndi við leikskólann áður en hún hóf grunnskólakennslu við Waldorfsskólann.

Ný eldsmiðja í býgerð

Kerstin hóf störf á Waldorfsleikskólanum í Lækjarbotnum árið 1991 og færði sig nokkrum áður síðar yfir í grunnskólakennslu. Síðasta ár var metár í sögu skólans hvað varðar aðsókn nemenda, en aðsóknin er örlítið minni í ár, að sögn Kerstinar. Ástæðu þess telur hún liggja í breyttum þjóðfélagsaðstæðum. „En samfara því finnum við fyrir breyttu hugarfari á þann hátt að fólk virðist reiðubúið að prófa nýjar leiðir og leita nýrra aðferða. Íslendingar eru kannski að gera sér grein fyrir því að gömlu gildin, sem þóttu svo sjálfsögð, eru ekki upphaf og endir alls. Mannlegu gildin eru í sókn, og það rímar vel við áherslur Waldorfsskólans.“

Eins og áður sagði fagnar skólinn tuttugu ára afmæli sínu á næsta ári. Af því tilefni er í smíðum ný eldsmiðja við skólann. „Við viljum gera járnsmíði hærra undir höfði en áður hefur verið og höfum hug á að bjóða smiðjuna til afnota fyrir aðra grunnskóla og fólk úr öllum þjóðfélagsstéttum sem hafa áhuga á lifandi handverki,“ segir hún. *- kg*

Súrefniskremin frá

Karin Herzog

Switzerland

Silhouette líkamskremið vinnur á appelsínuhúð og með notkun Tonus B12 samhliða fæst enn betri virkni þar sem að það stinnir og styrkir líkamann og hjálpar honum að losa sig við óæskileg efni

Om SNYRTIVÖRUR

Tunguvegur 19 108 Reykjavík Sími 568 0829

om@om.is www.om.is

Útsölustaðir: Hagkaup Kringlunni og Smáralind, Reykjavíkur Apótek og Apóteki Vesturlands

Aðrir Waldorfsskólar á Íslandi

Auk Waldorfsskólans og Waldorfsleikskólans Ýls, sem báðir eru í Lækjarbotnum, er starfandi hér á landi Waldorfsskólinn Sólstafir við Hraunberg, Waldorfsleikskólinn Sólstafir við Grundarstíg og Höfn við Marargötu.

Sérstaða Waldorfsuppeldisfræðinnar á leikskólastiginu er sú að hún gerir ráð fyrir því að barnið fylgi líkamlegum eðlishvötum sínum og löngunum til þess að þroskast.

Gott samstarf ríkir milli allra ofantalinna skóla.

EINSTÖK AÐ GÆÐUM
Íslenskt hugvit og hráefni einkennir framleiðslu Ullarvinnslunnar Frú Láru.
BLS. 4

GULUR LJÓMI
Verslanir fyllast óðum af ýmsum munum og blómum í páska litunum.
BLS. 4

heimili&hönnun

FRÉTTABLAÐIÐ LAUGARDAGUR 28. MARS 2009

FER EIGIN LEIÐIR

Kolbrún Hjartardóttir safnar sérstæðum munum á heimili sitt. BLS. 6-7

HEIMILISHALD
SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR

Ævintýraheimur stigagangsins

Ég bjó í blokk sem barn ásamt bræðrum mínum tveimur. Í blokkinni bjuggu fleiri börn og minnist ég þess að eitt aðaltómstundagaman okkar, sérstaklega í vondum veðrum, hafi verið að leika okkur á stigaganginum. Við fórum í eltingarleik með tilheyrandi látum upp og niður stigana en efsti stigapallurinn var stikk. Þegar æsingurinn varð of mikill og aðrir íbúar blokkarinnar létu í sér heyra þustum við niður í kjallara og kúrðum okkur undir neðsta stiganum og hvísluðum um heima og geima.

Í hjólageymslunni dvöldum við margar stundir og man ég sérstaklega þegar við lögðum geymsluna undir okkur í metnaðarfullri tombólusöfnun. Held ég að dótið sem safnaðist hafi einmitt dagað upp í viðkomandi geymslu foreldrum okkar til lítillar gleði. Við litli bróðir gerðum líka fræðandi tilraunir á lýsispillum sem við skárum í bita svo lýsið lak niður handriðið en því fylgdi vissulega allsérstök lykt. Af hverju þessar tilraunir fóru fram á stigaganginum er erfitt að segja, líklega var erfiðara að rekja ódæðin til okkar en ef við hefðum gert eitthvað viðlíka á heimilinu. Það var því eitthvað heillandi við þennan stigagang sem þjónaði sem nokkurs konar félagsmiðstöð.

> Við gerðum líka fræðandi tilraunir á lýsispillum sem við skárum í bita svo lýsið lak niður handriðið á stigaganginum.

Og tíminn leið. Fjölskyldan flutti í einbýli í úthverfi og maður vandist því að þurfa ekki að deila neinu með neinum. Sameignarþrif og skipti á ruslatunnum heyrðu sögunni til.

Og tíminn leið enn. Dóttirin flutti að heiman og eignaðist sína eigin fjölskyldu, litla dóttur og tvær stálpaðar stjúpdætur og öll bjuggu þau í sátt og samlyndi í blokk í Árbænum.

Svo áttaði ég mig á því um daginn að ég væri orðin gömul þegar ég þaut fram á stigapallinn og gargaði á krakkana að vera ekki með þessi læti á stigaganginum því hann væri ekki staður til að leika sér á. „Drífið ykkur bara út í góða veðrið," hrópaði ég og fann gráu hárin spretta úr kollinum.

Stigagangurinn hefur nefnilega ekki misst neitt af sjarma sínum gagnvart börnum. Þau trampa upp og niður stigana, rífast um hver hafi verið leiðinlegur við hvern, skilja svo skóna sína og úlpur eftir á víð og dreif. Og allt fer þetta gríðarlega í taugarnar á gömlu konunni mér. Kannski þarf ég oftar að rifja upp gamlar syndir áður en ég hef upp skammarræðuna og temja mér umburðarlyndi. Reyni það næst.

● **Forsíðumynd:** Gunnar V. Andrésson tók mynd á heimili Kolbrúnar Hjartardóttur **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.

Alice Olivia Clarke er í óða önn að klára mósaíklistaverkið Lífsins tré. Hún hefur fengið dygga hjálp frá fermingarbörnum Hafnarfjarðarkirkju en hvert þeirra útbjó eitt laufblað á tréð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fermingarbörnin hjálpa til við að móta lífsins tré

● Hvert laufblað á Lífsins tré endurspeglar eitt fermingarbarn sem fermist í Hafnarfjarðarkirkju í vor. Alice Olivia Clarke á veg og vanda að hinu metnaðarfulla listaverki.

Listakonan Alice Olivia Clarke hefur undanfarnar vikur staðið í ströngu við uppsetningu á mósaíklistaverki í Hafnarfjarðarkirkju. Listaverkið heitir Lífsins tré. „Dóttir mín er að fermast í vor og mig langaði að gera eitthvað sérstakt sem myndi tengja fermingarbörnin betur við kirkjuna," segir hún og hefur fengið góða hjálp frá fermingarbörnunum við gerð listaverksins en hvert þeirra hefur fengið að búa til eitt laufblað á hið íðilfagra tré. „Lífsins tré er því í raun samsafn margra listaverka þar sem ég bý til stofninn en börnin búa til laufblöðin."

Síðasti spretturinn var nú í vikunni enda þurfti tréð að vera fullaufgað fyrir fyrstu ferminguna sem fram fer á morgun, 29. mars. Það er einnig afmælisdagur Alice og því skemmtileg afmælisgjöf sem hún gefur sjálfri sér, að ljúka við þetta verkefni sem hefur tekið blóð, svita og tár.



Dóttir Alice, Signý, mun fermast í Hafnarfjarðarkirkju í vor og hefur aðstoðað móður sína við gerð listaverksins ásamt félögum sínum í fermingarfræðslunni.

Alice segir það hafa veitt sér mikla gleði að vinna með fermingarbörnunum og ekki síst dóttur sinni sem hefur verið nokkurs konar aðstoðarstúlka hennar en hún mun einnig fermast í vor.

Líkt og félagar þess í náttúrunni mun lífsins tré vaxa og dafna. Á næsta ári er ætlunin að næsti hópur fermingarbarna muni bæta við laufblöðum á tréð og svo verður enn bætt við tréð árið 2011 en þá býst Alice við að verkinu verði lokið að fullu.

- sg

„Djöfullegir en dásamlegir." Evening Standard

TIGER LILLIES
Á LISTAHÁTÍÐ

„Þessi dásamlega myrki kabarett er eins og Kurt Weill meitlaður af Aleister Crowley og útkoman er gjörsamlega gallalaus. Stórfenglegt." The Guardian

29. maí
Íslenska óperan

2009 15.–31. MAÍ
LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL

Miðasala hafin
á www.listahatid.is
www.midi.is
og í síma 552 8588

Velkomin í Klúbb Listahátíðar!
sjá www.listahatid.is

Iceland Express Radisson SAS SAMSKIP FRÉTTABLAÐIÐ

RÝMINGARSALA – 20-70% AFSLÁTTUR!

Opið: Laugardag kl. 11-16 og sunnudag kl. 12-16

LOKUM VERSLUNINNI Í ASKALIND 30. MARS

OPNUM GLÆSILEGA VERSLUN Í HOLTAGÖRÐUM Í MAÍ

Natuzzi | Askalind 2 | Kópavogi | Sími 564 4477 | www.natuzzi.is

NATUZZI

It's how you live

Þórdís Bergsdóttir, framkvæmdastjóri Ullarvinnslunnar Frú Láru á Seyðisfirði, segir tækifæri búa í íslenskri ull. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hágæðaframleiðsla

● Ullarvinnslan Frú Lára á Seyðisfirði hefur sérhæft sig í að þæfa íslenska ull. Nú hefur vinnslan tekið í notkun sérhannaða þæfingarvél.

„Við höfum einbeitt okkur að ullarþæfingu síðan 2001 og létum nýlega smíða þæfingarvél fyrir okkur hér á staðnum," útskýrir Þórdís Bergsdóttir, eigandi Ullarvinnslunnar Frú Láru, en Hallgrímur Jónsson, uppfinningamaður og þúsundþjalasmiður á Seyðisfirði, hannaði vélina og smíðaði.

Þórdís segir íslenskt hugvit og hráefni einkenna alla vinnslu Frú Láru en verksmiðjan er í samstarfi við íslenska listamenn og hönnuði. „Við vinnum með Ingibjörgu Hönnu Pétursdóttur fatahönnuði en hún hefur markaðssett sínar vörur í Evrópu og nú í Bandaríkjunum. Hún hannar efnin og við framleiðum." Einnig er Frú Lára í samvinnu við listakonuna Bryndísi Bolladóttur sem hefur hannað ýmiss konar heimilisvörur í þæfða ull, svo sem lampaskerma og diskamottur.

Verksmiðjan vinnur í hreina lambsull sem er fínni en ull af fullorðnu fé. Þórdís segir ullina einstaka að gæðum og það skorti því ekki tækifærin með vinnslu úr íslenskri ull, vinnan strandi helst á fjármagni. „Þróunarferlið hefur verið langt en við renndum blint í sjóinn með þetta. Það er líka mikil vinna að fjármagna svona nýsköpunarverkefni og ég veit að margir með góðar hugmyndir gefast upp vegna þess," segir Þórdís. „Við getum þó hæglega aukið við okkur og framleitt fyrir fleiri ef okkur tekst að útvega fjármagn, því nýja vélin er stór og afkastamikil." *- rat*

Bekkur eftir Bryndísi Bolladóttur en Ullarvinnslan Frú Lára þæfði áklæðið á bekkinn. MYND/BRYNDÍS BOLLADÓTTIR

Páskar í nánd

● Gulir og grænir litir boða komu vorsins. Margan er farið að lengja eftir að sjá græðlingana kíkja upp úr jörðinni og marka þar með lok vetrar. Þangað til er hægt að ylja sér við falleg ljós og luktir í litum vorsins.

1. Klassísk lukt úr versluninni Ylvu. Hana er bæði hægt að fá í grænu og svörtu og kostar 2.490 krónur.

2. Teljós í flösku sem hengja má upp innan dyra eða á svölunum. Fæst í Húsgagnahöllinni á 690 krónur.

3. Páskagul kerti standa alltaf fyrir sínu á þessum árstíma. Fæst í Húsgagnahöllinni á 1.390 krónur.

4. Gulur og glær olíulampi lýsir upp hug og hjörtu. Fæst í Húsgagnahöllinni á 990 krónur.

5. Olíuljós úr fallega mótuðum kristal prýðir hvaða heimili sem er. Hægt er að fá mismunandi liti af olíum. Þessi klassísku ljós fást í versluninni Gegnum glerið á 7.850 krónur.

6. Grænni birtu stafar frá þessu sæta teljósi sem er handskorið. Hægt er að fá það í ýmsum litum og fæst það í versluninni Gegnum glerið og kostar 1.680 krónur.

Formfagrar innréttingar

● Það er liðin tíð að hesthús angi af hrossataði. Í dag vilja hestamenn hafa hátt til lofts, og ferskt loft í húsakynnum hesta sinna enda eru þar oft á tíðum geymdir miklir gullmolar.

Hin síðari ár hefur fjöldi hestamanna ráðist í endurgerð hesthúsa sinna eða jafnvel byggt nýtt frá grunni. Erna Árnadóttir innanhússarkitekt og faðir hennar, Árni Matthías Sigurðsson, hafa frá lok ársins 2003 hannað og smíðað innréttingar í hesthús. Innréttingarnar eru stílhreinar og formfagrar með bogum úr ryðfríu stáli sem er glerblásið og endist því vel.

Fyrirtæki þeirra feðgina, Króm og stál, hefur séð um smíði innréttinganna en þau Erna og Árni hafa innréttað um 25 til 30 hús í allt. Hægt verður að skoða hesthús með innréttingum þeirra í dag, milli 15 og 17 í opnu hesthúsi sem haldið verður að Kaplaskeiði 17 í hesthúsahverfi Sörla í Hafnarfirði. *- sg*

Erla gengur úr skugga um að allt sé í lagi með innréttingarnar fögru. Hægt verður að skoða hesthús með innréttingum Króms og stáls í dag, laugardag, milli 15 og 17 í svokölluðu opnu hesthúsi sem haldið verður að Kaplaskeiði 17 í hesthúsahverfi Sörla í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

SUNNUDAGAR ERU BARNADAGAR í aðalsafni Borgarbókasafnsins. Á morgun, 29. mars, klukkan þrjú mun Sigrún Jóna Kristjánsdóttir, barnabókavörður í Sólheimasafni, vera með brúðusögustund. Brúðurnar hjálpa henni að segja frá Sokknum sem týndist. Einar Áskell, Greppikló, Elmar og fleiri þekktar sögupersónur koma við sögu.

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

GLÓFAXI HF.
Ármúla 42 - Simi 581 2900
glofaxi@simnet.is

Bílskúrs-, útidyra- og iðnaðarhurðir
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

HVEITIKÍM
Náttúruleg vítamín- og próteinbomba

Kynning í dag í Fjarðarkaupum, Hagkaup Skeifu og Smáralind, Krónu Granda og Yggdrasil.

Uppskriftabæklingur fylgir með í verslunum
" Sjá nánari upplýsingar um hveitikím og uppskriftir á www.yggdrasill.is"

- Náttúruleg fjölnæring
- 27% prótein
- 0% kólesteról
- Trefjaríkt
- Ríkt af andoxunarefnum
- Talið bæta þol og styrkja starfsemi hjarta- og æðakerfis
- Frábært fyrir uppbyggingu vöðva

Fæst í eftirfarandi verslunum:
blómaval, FK Fjarðarkaup, Hagkaup, Kasko, maður lifandi, Melabúðin, Yggdrasill, nettó, Krónan, Veó

Atli Rafn Sigurðarson, leikari og leikstjóri, leitar nú eftir mexíkóskum höttum fyrir uppsetningu á leikritinu Frida. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Auglýsir eftir mexíkóskum sombrerohöttum og slám

Leikarinn Atli Rafn Sigurðarson ætlar sér að slaka á um helgina. Fara á hestbak, elda góðan mat og fylgjast svo, líkt og svo oft áður, með konu sinni leika í uppsetningu á Brák á sunnudaginn.

„Brynhildur, hvað ætlum við að gera um helgina?“ kallar leikarinn og leikstjórinn Atli Rafn Sigurðarson til konu sinnar þegar hann er inntur eftir helgarplönum sínum af blaðamanni. Eftir að hafa leitað ráða hjá Brynhildi sinni svarar Atli Rafn því til að laugardagurinn verði heldur rólegur hjá sér. „Um helgar leyfi ég mér að sofa örlítið út en síðan geri ég allt eins ráð fyrir því að skella mér í útreiðatúr,“ segir Atli Rafn sem geymir gæðinga sína, þá Gjafar og Jökul, í hesthúsi í Kópavogi. „Það er virkilega hressandi að fara í hesthúsið,“ útskýrir Atli Rafn sem deilir húsnæðinu í Kópavogi með nokkrum öðrum leikurum. meðal annarra Jóhanni Sigurðarsyni og Hilmi Snæ Guðnasyni.

Atli Rafn er góður kokkur að eigin sögn og stefnir á að elda eitthvað gott á laugardagskvöldið. „Það er fastur liður nánast á hverju kvöldi,“ segir Atli Rafn sem sér að mestu leyti um matreiðslu á heimilinu. Í gríni bendir Atli á að Brynhildur fái varla að stíga inn í eldhús nema til að vaska upp.

„Á sunnudaginn fer ég svo með Brynhildi upp í Borgarnes þar sem sýningar á Brák standa enn yfir,“ segir Atli Rafn en hann hefur ekki tölu á öllum þeim skiptum sem hann hefur séð Brák. „En það er alltaf jafn spennandi,“ segir hann glaðlega.

Atli Rafn undirbýr nú næsta verkefni sitt sem verður að leikstýra verkinu Fridu. „Leikritið fjallar um Fridu Kahlo og verður frumsýnt á stóra sviði Þjóðleikhússins í september,“ segir hann en Brynhildur Guðjónsdóttir, kona hans, leikur aðalhlutverkið. Alls verða leikararnir tíu auk tveggja hljóðfæraleikara.

„Nú erum við einmitt að hefjast handa við að safna mexíkóskum höfuðfötum og ponsjoum sem við ætlum að nota í sýningunni,“ segir Atli Rafn en verður mjög dulur þegar hann er inntur eftir því í hvað flíkurnar verði notaðar. „Það á eftir að koma í ljós. Við þurfum alveg helling og þetta má vera í hvaða ástandi sem er,“ segir Atli en þeir sem luma á slíkum höttum og skikkjum geta haft samband við Kristrúnu Hauksdóttur í Þjóðleikhúsinu með því að senda póst á kristrun@leikhusid.is.

solveig@frettabladid.is

Örfá herbergi í boði – fyrstur kemur fyrstur fær!

Heimsferðir bjóða frábært sértilboð á allra síðustu sætunum í helgarferð til Búdapest 23. apríl. Búdapest er ein fegursta borg Evrópu og á vorin skartar hún sínu fegursta og þá er einstakur tími til að heimsækja borgina. Búdapest býður einstakt mannlíf, menningu og skemmtun að ógleymdri getrisni Ungverja auk frábærra veitinga- og skemmtistaða. Bjóðum örfá herbergi á völdum gististöðum á frábærum sértilboðum. Fararstjórar Heimsferða gjörþekkja borgina og kynna þér sögu hennar og heillandi menningu.

Verð kr. 49.990 – helgarferð
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi í 3 nætur á Hotel Platanus *** með morgunmat.

Aukagjald fyrir einbýli kr. 10.000. Sértilboð 23. apríl.
Gisting á Hotel Tulip Inn *** kr. 4.000 aukalega. Aukagjald fyrir einbýli kr. 10.000. Sértilboð 23. apríl.
Gisting á Hotel Promenade ***+ kr. 10.000 aukalega. Aukagjald fyrir einbýli kr. 13.000. Sértilboð 23. apríl.
Gisting á Hotel Novotel Centrum **** kr. 14.000 aukalega. Aukagjald fyrir einbýli kr. 13.000. Sértilboð 23. apríl.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

HELGIN

KÓR MENNTASKÓLANS VIÐ HAMRAHLÍÐ verður í Skagafirði 28. til 30. mars. Kórinn heldur tónleika í félagsheimilinu Höfðaborg á Hofsósi í dag kl. 16. Á sunnudaginn syngur kórinn við messu í Hóladómkirkju og sama dag verða tónleikar í Miklabæjarkirkju kl. 17.

Silfur & Stál

Fallegar fermingagjafir fyrir drengi & stúlkur.
Ný sending af silfur og stál skartgripum.

GULL-ÚRIÐ • MJÓDDINNI
Álfabakka 16 • sími 587 4100
Axel Eiríksson úrsmíðameistari

Sunnudagur er fyrsti dagur vikunnar og er nefndur eftir sólinni sem einnig heitir sunna. Allir mánuðir sem hefjast á sunnudegi innihalda föstudaginn þrettánda.

www.wikipedia.is

Byggt á brotinni styttu

Þeir sem leggja ætla leið sína á bókasafn um helgina ættu að líta við í Artóteki í Borgarbókasafninu á Tryggvagötu en þar opnaði nýverið sýningin Fyrirgefðustyttur eftir myndlistarmanninn Guðjón Ketilsson.

Sýning Guðjóns Ketilssonar myndlistarmanns í Grófarhúsinu við Tryggvagötu nefnist Fyrirgefðustyttur og samanstendur meðal annars af postulínsstyttum sem límdar hafa verið saman. Þegar Guðjón er inntur eftir því hvaðan titillinn komi segir hann það tengjast æskuminningu.

„Fyrirgefðustytturnar eru byggðar á gamalli minningu en ég braut postulínsstyttu fyrir mömmu minni þegar ég var eitthvað um tíu ára. Ég hafði reynt að líma hana saman og það kom einhver óskapnaður út úr því. En styttan var sett upp á hillu aftur og var lengi til á heimilinu," útskýrir Guðjón.

„Ég sýndi postulínsstytturnar fyrst á Nýlistasafninu árið 2006 eftir að ég fór að velta fyrir mér hugmyndinni um endurnýjun og einhverju nýju upphafi í skrautgrip. Í Artótekinu á Borgarbókasafninu sýni ég tvær seríur, annars vegar Fyrirgefðustytturnar og hins vegar Englaflækju sem er lítill postulínsgripur þar sem eru límd saman brot úr englastyttum í einhvers konar barrokk-hnoðra. Englaflækjan snýst hægt um sjálfa sig á hillu á sýningunni og svo sýni ég einnig blýantsteikningar unnar upp úr þeirri styttu."

Guðjón heldur vinnustofu á Vitastíg þar sem hann vinnur að gerð teikninga og skúlptúra. Verk hans snúast gjarnan um hversdagsleg tengsl okkar við líkamann, allt frá fötunum sem við klæðumst, hárgreiðslu og skófatnaði, sem breytist og aðlagast stærð, lögun, hitastigi og hreyfingum líkamans, eins og kemur fram í sýningarskrá Artóteks.

Guðjón hefur einnig unnið talsvert með framlengingu á líkamanum, svo sem verkfæri og sögu verkfæra sem heimild um ástand mannsins. Guðjón hefur hlotið viðurkenningar fyrir list sína en árið 2000 hlaut hann Menningarverðlaun DV og árið eftir hlaut hann Verðlaun Listasafns Einars Jónssonar. Guðjón hefur sýnt verk sín víða bæði hér á Íslandi og erlendis á hátt í þrjátíu einkasýningum auk samsýninga.

Sýningin stendur til 26. apríl og er opið mánudaga frá klukkan 10 til 21, þriðjudaga til fimmtudaga frá klukkan 10 til 19, föstudaga frá klukkan 11 til 19 og um helgar frá klukkan 13 til 17. Sjá nánar um sýninguna á www.artotek.is.

heida@frettabladid.is

Guðjón Ketilsson myndlistarmaður á vinnustofu sinni en hann sýnir um þessar mundir í Artótekinu á Borgarbókasafninu við Tryggvagötu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fyrirgefðustyttur byggir Guðjón á atviki úr æsku sinni þegar hann braut postulínsstyttu móður sinnar og límdi saman aftur. MYND/ÚR EINKASAFNI

KOLAPORTIÐ

Kolaportið er OPIÐ laugardaga og sunnudaga frá kl. 11⁰⁰-17⁰⁰

Tryggvagötu 19 • 101 Reykjavík
Sími 562 5030 • www.kolaportid.is

Gólfdúkur skynsamleg, smekkleg og hagkvæm lausn

Eldhúsið
hjarta heimilisins

Svefnherbergið
þægilegt andrúmsloft

Forstofan
einfaldara verður það ekki

Heimilisdúkur, sígild lausn:
-léttur í þrifum
-auðveldur í lögn
-glæsilegt úrval
-fæst í 2, 3 og 4 m rúllum.

Sérverslun með gólfdúk og teppi

forbo FLOORING SYSTEMS

KJARAN GÓLFBÚNAÐUR
SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

Sunnudagurinn verður erilsamur í Hafnarborg en þá er síðasti dagur sýningarinnar Verund þar sem líta má verk eftir Helga Gíslason auk þess sem listsmiðja er opin fyrir alla sýningargesti. Auk þessa verður boðið upp á tvenna tónleika.

Egill Ólafsson ríður á vaðið í síðdegisdjasstónleikaröð sem haldin er í Hafnarborg í samstarfi við Mann lifandi. Með honum í för eru Björn Thoroddsen og Jón Rafnsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Viðburðaríkt í Hafnarborg

Mikið verður um að vera í Hafnarborg á morgun. Þá er síðasti dagur sýningarinnar VERUND og tvennir tónleikar með landsþekktu tónlistarfólki.

Á sýningunni VERUND eru verk eftir Helga Gíslason, nýjar lágmyndir, skúlptúrar og teikningar auk listsmiðju sem er opin fyrir alla sýningargesti og vakið hefur mikla lukku.

Fyrstu tónleikarnir í síðdegisdjasstónleikaröð, sem haldin er í samstarfi við Mann lifandi, verða um helgina en þeir verða haldnir síðasta sunnudag í hverjum mánuði klukkan 15 og er enginn aðgangseyrir. Þeir sem ríða á vaðið eru Egill Ólafsson söngvari, Björn Thoroddsen á gítar og Jón Rafnsson á kontrabassa.

Síðustu tónleikar vetrarins í tónleikaröð Tríós Reykjavíkur í samvinnu við Hafnarborg verða einnig haldnir á morgun klukkan 20. Tríóið skipa Gunnar Kvaran selló-leikari, Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari og Peter Maté píanóleikari. Gestir tríósins verða Helga Þórarinsdóttir víóluleikari og Richard Korn kontrabassaleikari. Þau ætla meðal annars að frumflytja verk eftir Karólínu Eiríksdóttur og Silungakvintettinn eftir Schubert. Miðasala er í Hafnarborg í síma 585 5790. Nánari upplýsingar má finna á www.hafnarborg.is.

- hs

Á sunnudaginn slær Tríó Reykjavíkur botninn í tónleikaröð sína í vetur sem haldin er í samvinnu við Hafnarborg.

FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR ÓLASON



Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

INNRÉTTINGATILBOÐ
SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF!
30% afsláttur af öllum Nettoline innréttingum í 3 vikur
30%
EINNIG 25% AFSLÁTTUR AF RAFTÆKJUM
OPIÐ
Mán. - föst.kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16
www.friform.is
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

Páskatilboð í Mótormax
Frábær tilboð á vélsleðum
Veglegur fatnaður frá Scott (að verðmæti 80.000 kr) fylgir hverjum vélsleða*
*25% afsláttur af vetrarvörum gildir ekki með vélsleðatilboðum
25% afsláttur af völdum vetrarvörum
MotorMax
Mótormax • Kletthálsi 13 • Sími 563-4400 • www.motormax.is

HJÁ VIA UNIVERSITY COLLEGE (VITUS BERING DENMARK) Í HORSENS BJÓÐUM VIÐ UPP Á MARGVÍSLEGA MENNTUN

Í BOÐI ER:

Á ENSKU OG DÖNSKU
- Byggingafræði
- Véltæknifræði
- Byggingaiðnfræði
- Markaðshagfræði
- Byggingatæknifræði

Á ENSKU
- Tölvutæknifræði
- Framleiðslutæknifræði
- Útflutningstæknifræði

Á DÖNSKU
- Véltækni
- Landmælingar
- Aðgangsnámskeið

Fulltrúi skólans Johan Eli Ellendersen, verður á Íslandi: 27.03-04.04.2009. Áhugasamir geta haft samband í síma 8458715.

WWW.VIAUC.DK

VIA UNIVERSITY COLLEGE
CHR. M. ØSTERGAARDS VEJ 4
DK-8700 HORSENS
TEL. +45 8755 4000
FAX: +45 8755 4001
MAIL: TEKMERK@VIAUC.DK

VIA UNIVERSITY COLLEGE

Skírnargjafir

Fjölbreytt úrval af skírnargjöfum: Baukar, myndaalbúm, hnífapara sett, armbönd og hálsmen

GULL-ÚRIÐ • MJÓDDINNI
Álfabakka 16 • sími 587 4100
Axel Eiríksson úrsmíðameistari

Unnur Gísladóttir framkvæmdastjóri Spíral-dansflokksins segir Sundhöllina sjálfa í aðalhlutverki enda um magnaða byggingu að ræða.

Í sundlauginni verður haldið opnunarpartý í anda fjórða áratugarins en í búningsklefunum verður öllu drungalegri stemning. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Dulúðlegt dansleikhús í vatni

The Opening með Spíral-dansflokknum verður sýnt í Sundhöll Reykjavíkur á morgun. Verkið byggist á opnun Sundhallarinnar árið 1937 og því andrúmslofti sem ríkti á þeim tíma. Það teygir anga sína um alla Sundhöllina. Niður í búningsklefa og upp á hæsta stökkbrettið.

Spíral-dansflokkurinn, sem er skipaður háskólastúdentum, sýnir verkið The opening eftir Andreas Constantinou í Sundhöll Reykjavíkur á morgun en verkið var frumsýnt í gær. Um er að ræða dansleikhúsverk þar sem tónlist, dans og gjörningur mætast. Verkið teygir anga sína út um alla Sundhöll og er því ætlað að skapa magnað andrúmsloft, dulúð, töfra og brjálæði.

„Verkið byggist á opnun Sundhallarinnar árið 1937 og því andrúmslofti sem ríkti á þeim tíma. Í búningsklefunum á neðri hæðinni verður brugðið upp mynd af aðstæðum og aðbúnaði geðsjúkra á þessum árum en í sundlauginni sjálfri verður allt annað upp á teningnum. Þar verður haldið brjálað opnunarpartí og munu prúðbúnir dansarar líða um vatnið í öllum skrúðanum. Gestir átta sig þó um síðir á myrkum undirtón. Þeir fá frelsi til þess að reika um Sundhöllina og fylgja hvaða þema eða flytjanda sem er," segir Unnur Gísladóttir, framkvæmdastjóri dansflokksins, og dregur enga dul á það að Sundhöllin sjálf sé í aðalhlutverki enda um magnaða byggingu að ræða.

Spíral-dansflokkinn skipa tíu konur sem allar eiga það sameiginlegt að vera í akademísku háskólanámi. „Okkur fannst þó þurfa karlmenn í þetta verk og fengum þrjá stráka og tvær stelpur úr Stúdentaleikhúsinu til liðs við okkur." Þessum skapandi dansflokki er ætlað að efla menningarlíf stúdenta og stuðla að listsköpun ungra dansara og eru inntökupróf á hverju ári.

Prúðbúnir dansarar munu líða um í vatninu ásamt því að dreifa sér um alla króka og kima Sundhallarinnar.

Flottir skór á fínu verði

Vandaðir herraskór úr leðri, skinn-fóðraðir og með vatnsþolnum sólum.
Stærðir: 41 - 47
Litur: kastaníu brúnn
Verð: 7.875.-

Sérlega mjúkir og þægilegir herrasandallar úr leðri með hælbandi.
Litur: svart
Stærðir: 40 - 47

Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Persónur tveggja ólíkra sagna

Kvikmyndasafn Íslands sýnir mynd Woodys Allen, Crimes and Misdemeanors, á laugardaginn klukkan 16.

Kvikmyndasafn Íslands sýnir eina margbrotnustu mynd Woodys Allen, Crimes and Misdemeanors, í dag klukkan 16. Þetta er ein þeirra mynda sem vekur nýjar spurningar um mannlífið og tilveruna við hvert áhorf.

Í Crimes and Misdemeanors fylgjast áhorfendur með persónum tveggja ólíkra sagna sem tengjast ekki við fyrstu sýn. Í annarri sögunni glímir augnlæknirinn Judah Rosenthal við afleiðingar framhjáhalds en ástkonan, Dolores, hótar að segja eiginkonunni frá öllu saman. Spennan stigmagnast uns Judah grípur til örþrifaráða og atburðarásin fer að kallast á við skáldsögu Dostojevskís, Glæpur og refsing. Í hinni sögunni kynnast áhorfendur heimildarmyndagerðarmanninum Cliff Stern sem á erfitt með að hafa ofan í sig og á þrátt fyrir listræna hæfileika. Hann lendir í siðferðilegri spennu þegar honum býðst að gera mynd um mág sinn sem er kvikmyndaframleiðandi og stendur fyrir allt sem Cliff fyrirlítur. Crimes and Misdemeanors er allt í senn ástarsaga, spennumynd og gamanmynd. Hennar má einnig njóta vegna myndatökunnar en hún er í höndum Sven Nykvist sem starfaði með Ingmar Bergman að flestum þekktustu myndum hans.

Sýningin er í Bæjarbíói, Strandgötu 6, Hafnarfirði. Miðasala er opnuð um hálftíma fyrir sýningu og er miðaverð 500 krónur. *- hs*

Crimes and Misdemeanors er allt í senn ástarsaga, spennumynd og gamanmynd.

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Keppni hársnyrtiskóla

Alþjóðleg keppni hársnyrtiskóla fer fram í Tækniskólanum á Skólavörðuholti laugardaginn kl. 13.00. Keppt er í 3 tegundum uppgreiðslu auk tískulínu herra. 6 íslenskir keppendur sem koma frá Hársnyrtiskólanum, undirskóla Tækniskólans.

Komið og fylgist með spennandi keppni í spennandi skóla.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS

Samgönguráðuneytið óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa í ráðuneytinu.
Upplýsingar um starfsemi ráðuneytisins má finna á heimasíðunni www.samgonguraduneyti.is

Æskilegar menntunar og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Tölvísi og nákvæmni
- Þekking á fjárhags- og mannauðskerfi Oracle

Helstu verkefni:
- Bókhald Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
- Rekstraráætlanagerð og eftirfylgni
- Framsetning gagna og miðlun upplýsinga
- Mannauðsmál

Um fullt starf er að ræða. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um auglýst starf.

Nánari upplýsingar veitir Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri og Elín Pálsdóttir forstöðumaður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í síma 545 8200

Umsóknir berist í Samgönguráðuneytið, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík eða á tölvupóstfang ráðuneytisins postur@sam.stjr.is.

Umsóknarfrestur er til 8. apríl nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Hársnyrtistofa DÓRA
Hárgreiðslu- og rakarastofa
Sími 568 5775
Langholtsvegi 128

Klippari

Vantar þig vinnu? Ertu til í að klippa herra? Ef svo er, þá höfum við vinnuna fyrir þig.

Áhugasamir hafi samband við Ingu í síma: 863-7949, 568-5775 eða doriinga@talnet.is

Deildarstjóri

Staða deildarstjóra við ferðamálaadeild Háskólans á Hólum

er laus til umsóknar. Spennandi og krefjandi starf fyrir metnaðarfullan einstakling. Allar nánari upplýsingar má finna á vefsíðu skólans, **www.holar.is. Umsóknarfrestur til 6. apríl.**

» Ráðningarþjónusta

Mjólkurtæknifræðingur/ Mjólkurfræðingur

Vegna aukinna umsvifa og skipulagsbreytinga óskar rótgróið sölu- og framleiðslufyrirtæki eftir að ráða mjólkurtæknifræðing/mjólkurfræðing til starfa.

Um fullt starf er að ræða.

» Hæfniskröfur

- Menntun á sviði mjólkurtæknifræði/mjólkurfræði
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður og frumkvæði í starfi

Nánari upplýsingar veita **Hulda Helgadóttir (hulda@hhr.is)** og **Sigurborg Þórarinsdóttir (sigurborg@hhr.is)** hjá HH Ráðgjöf Ráðningarþjónustu í síma **561 5900.** Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu HH Ráðgjafar **www.hhr.is**

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

Are you interested in working in a global environment?

Actavis is one of the world's leading players in the development, manufacture and sale of first-class generic pharmaceuticals. The Company has led an assertive programme of growth through the development and launch of new products and strategic acquisitions. Actavis has over 10,000 employees in around 40 countries.

Actavis provides extensive training to bring out the best in all its employees. We pride ourselves on providing excellent opportunities for those who wish to expand and develop their careers.

Actavis aims to recruit and retain people that share the Company's core values, which we call The Orange Way. When you walk The Orange Way you think smarter, look beyond, keep simpler and are connected.

Actavis Group is looking to expanding the international IT team. The team is responsible for designing, developing and implementing solutions that support our business in all global planning, data consolidation and management reporting activities. Some travel activity should be anticipated.

Actavis is looking for individuals who have:
- A degree in computer science or equivalent
- Knowledge of Cognos Transformer and Cognos 8 tools
- Experience with Oracle Data Warehouse Builder or similar tools
- Knowledge and experience of SQL
- Ability to understand business drivers / requirements
- Ability to work in a team where team members are in different locations
- Excellent communication skills – effective at all levels, fluency in English is a must

Developer – Data Warehouse

Main responsibilities:
- Maintain and monitor the Actavis Global Data Warehouse (Oracle database)
- Design, implementation, documentation and monitoring of ETL processes between the Actavis group Data Warehouse and Actavis subsidiaries
- Participation in Data Warehouse development projects and implementations
- Development of interfaces to other corporate systems
- Change management and control

IT Project Manager – Business Intelligence

Main responsibilities:
- Global and/or local projects that support the companies financial process such as Financial Consolidation, budget planning and Management Reporting
- Lead part of an international BI specialists team
- Internal IT processes such as Change management and Testing
- Goal setting for the group, develop training and promote best practices

Cognos BI Specialist – Based in London

Main responsibilities:
- Design, develop and implement solutions that supports our business in all global planning, data consolidation and management reporting activities
- Developing MOLAP Data marts (Cubes), ROLAP Framework Models and Cognos 8 Reports

To apply go to www.actavis.is. For further information contact Guðrún Lind Halldórsdóttir, ghalldorsdottir@actavis.com

Actavis Group Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði t 535 2300 f 535 2301 @ actavis@actavis.com w www.actavis.com

actavis
creating value in pharmaceuticals

ÍSTAK

Framkvæmdagleði í fyrirrúmi

MÁLMIÐNAÐARMAÐUR

ÍSTAK óskar eftir að ráða málmiðnaðarmenn í fjölbreytt verkefni á járnsmíðaverkstæði fyrirtækisins. Viðkomandi þurfa að hafa iðnmenntun sem hæfir starfinu auk þess sem suðupróf eru æskileg.

Skilyrði er að viðkomandi hafi starfað a.m.k. 5 ár í greininni og búi yfir reynslu af smíðum úr ryðfríu stáli, svörtu stáli og tankasmíði.

Í boði eru fjölbreytt verkefni við nýsmíði, viðhald og uppsetningu stálvirkja í mjög góðri vinnuaðstöðu á Tungumelum í Mosfellsbæ.

Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl 2009.

Upplýsingar um starfið og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.

ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 500 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.
ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.

NAPA / Nordens institut i Grönland är en del av Nordisk Ministerråds organisation.

NAPA söker nu en

INSTITUTIONSCHEF

Som skall stå för den dagliga ledelsen av institutionen och tillsammans med personalen och styrelsen ansvara för NAPA´s verksamhet. Instutionschefen skall ha relevant utbildning och dokumenterad erfarenheter av ledningsuppgifter. Tjänsten är en heltidstjänst med lön efter överenskommelse. Tjänsten skall tillträdas 1 mars 2010. Frågor om tjänsten och NAPA´s verksamhet kan ställas till styrelsens ordförande Vivian Moen, Kultur- og kirkedepartementet i Norge, tel +47 22 24 80 06 eller e-mail: vivian.moen@kkd.dep.no samt rådgivare Joachim Clausen, Nordisk Ministeråd, tel +45 33 96 02 00 eller mail: jc@norden.org

Ansökan med CV och lönekrav skall vara NAPA tillhanda senast den 3 maj 2009 samt märkas med “Direktöransökning”. Ansökan kan postförsändas eller faxas samt e-mailas på följande adresser: NAPA, Box 770, 39 00 Nuuk, Grönland, DK. Fax: +299 32 57 33.
Mail: dir.ans@napa.gl
Ansökaren skall vara beredd på att möjligtvis bli inkallad till en första arbetsintervju i Köpenhamn i perioden 8-10 juni samt en andra arbetsintervju i Nuuk, Grönland i perioden 17-20 augusti 2009.

napa norden

För ytterligare information än ovanstående och utförligare ställningsbeskrivelse om tjänsten, besök adresserna; www.napa.gl eller www.norden.org

---

Stilling

VEFFORRITARI

Stilling hf. var stofnað árið 1960 sem sérhæft hemlaverkstæði en rekur nú sex öflugar verslanir með vara- og aukahluti í bíla. Stilling er eitt elsta varahlutafyrirtækið á markaðnum í dag. Fyrirtækið veitir viðskiptavinum sínum um land allt vandaða þjónustu og er nú með útibú í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Selfossi, Akureyri og á internetinu.

Stilling óskar eftir að ráða öflugan vefforritara sem mun hafa yfirumsjón með vefmálum fyrirtækisins.

Starfssvið
- Sjá um innri og ytri veflausnir fyrir fyrirtækið
- Kerfisstjórnun og almennt viðhald á tölvukerfum
- Önnur tölvutengd störf

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, sambærileg menntun eða starfsreynsla
- Reynsla af forritun, þá sérstaklega í vefumhverfi
- Þekking á helstu forritunarmálum s.s. PHP, Java, Python, Django, SQL
- Hafa víðtæka þekkingu á Apache, Mac OS X, Linux og Windows
- Geta til að vinna sjálfstætt
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum

Umsjón með starfinu hafa Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Landsvirkjun

STÖÐVARSTJÓRI
MÝVATNSSVÆÐI

Landsvirkjun er orkufyrirtæki sem leggur grunn að nútíma lífsgæðum. Fyrirtækið stefnir að því að verða öflugt á alþjóðavettvangi og starfar af ábyrgð í anda sjálfbærrar þróunar. Landsvirkjun er helsti vinnsluaðili raforku á Íslandi. Fyrirtækið styðst við fjölbreytt rannsóknarstarf á sviði náttúruvísinda, verkfræði og orkumála og rekur umfangsmikla fjármálastarfsemi á alþjóðamarkaði. Landsvirkjun vill vera í fararbroddi í framsækinni stjórnun og leggur áherslu á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun.

Landsvirkjun óskar eftir að ráða stöðvarstjóra Mývatnssvæðis. Aflstöðvar Landsvirkjunar við Laxá, Kröflu og Bjarnarflag, ásamt veitumannvirkjum, tilheyra Mývatnssvæði.

Starfssvið
Stöðvarstjóri hefur yfirumsjón með stjórn og rekstri aflstöðva og veitumannvirkja á Mývatnssvæði. Hann ber ábyrgð á að verkefni stöðvanna séu unnin á faglegan hátt og í samræmi við samþykktar áætlanir. Hann undirbýr og ber ábyrgð á rekstraráætlunum stöðvanna.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Tæknimenntun á rafmagns- og/eða vélasviði
- Stjórnunarþekking og reynsla
- Frumkvæði, skipulag og sjálfstæð vinnubrögð
- Leiðtogahæfileikar og geta til að leiða og taka þátt í uppbyggilegu hópstarfi ásamt hæfni til að miðla og leiðbeina
- Gott vald bæði á íslensku og ensku í rit- og talmáli, sem og hæfni til tjáningar
- Reynsla á sviði gæðastjórnunar, umhverfisstjórnunar, verkefnisstjórnunar, öryggisstjórnunar og áætlanagerðar er kostur

Í boði er
- Fyrirmyndar starfsaðstaða og góður vinnuandi
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar
- Gott íbúðarhúsnæði

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um ofangreint starf.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 12. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Störf hjá Garðabæ

Laus störf hjá Garðabæ eru auglýst á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is

Hægt er að sækja um auglýst störf með því að fylla út atvinnuumsókn á vefnum.

Upplýsingar og aðstoð veitir þjónustuver Garðabæjar, Ráðhúsinu Garðatorgi 7, í síma: **525 8500**, netfang: gardabaer@gardabaer.is

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Leikskólinn Hæðarból
ATFERLISMÓTUN

Fagmenntaður starfskraftur óskast í vinnu við atferlismótun barns með einhverfu.
Leikskólinn Hæðarból er þriggja deilda leikskóli sem leggur áherslu á vellíðan barna, virkni, sköpun og tjáningu. Í leikskólanum hefur verið unnið frumkvöðlastarf í atferlismótun barna með einhverfu í alþjóðlegu verkefni í samstarfi við Greiningarstöð ríkisins.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til 6. apríl 2009.

Upplýsingar veitir Ingibjörg Gunnarsdóttir, leikskólastjóri ingibjorggu@leikskolarnir.is s. **565 7670/692 9402** og Margrét H. Þórarinsdóttir, sérkennslufulltrúi mh@gardabaer.is s. **525 8500**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Fræðslu- og menningarsvið

SVÆÐISSTJÓRI

Vegna aukinna umsvifa óskar Samkaup hf eftir að ráða svæðisstjóra til starfa.

Samkaup hf. rekur fjölda verslana um land allt. Um áhugavert og krefjandi starf er að ræða hjá traustu fyrirtæki.

Samkaup hf. rekur um 50 verslanir undir merkjunum Samkaup Úrval, Samkaup Strax, Kaskó og Nettó.

Hjá fyrirtækinu starfa um 850 manns og margir með langan starfsaldur.

Upplýsingar veitir starfsmannastjóri, Dómhildur Árnadóttir á domhildur@samkaup.is

Umsóknarfrestur er til 7. apríl, umsóknir berist á sama netfang.

nettó
Samkaup úrval
Samkaup strax
KASKÓ

Helstu verkefni:

Heimsóknir í verslanir og almenn aðstoð við verslunarstjóra og stjórnendur.
Um er að ræða eftirfarandi:

- Framstillingar og verðmerkingar
- Útlit og ásýnd verslana
- Vörutalningar og eftirlit með rýrnun
- Mönnun verslana og þjálfun starfsmanna
- Miðlun upplýsinga til stjórnenda um starfsemi verslana

Hæfniskröfur:

- Rekstrarmenntun
- Reynsla af verslunarstörfum og/eða öðrum rekstri skilyrði
- Leiðtogahæfni.
- Hæfni til að miðla og leiðbeina

Samkaup

Í Seattle er sjálfsagt að bregða sér í einhverja af hinum fjölmörgu skoðunarsiglingum sem eru í boði um sundin og vötnin í borgarlandinu. Með Harbor Cruise má t.d. sigla um Elliot Bay sem liggur inn á milli Seattle og Alkistrandar, strandlengju með göngugötu sem er margar mílur að lengd. Skoðunarferð um Lake Washington er einnig vinsæl en þar má skoða hús ýmissa auðmanna; þeirra frægastur að sjálfsögðu er Bill Gates hjá Microsoft.

Pike Place Market
Pike Place Market er frægur, gamall markaður í miðborg Seattle sem allir gestkomandi heimsækja. Þar er alltaf líf og fjör og markaðurinn er ekki síður sóttur af heimamönnum en aðkomufólki. Þar tíðkast að fleygja laxi á milli manna og bregður mörgum við að fá heilan, stóran lax í fangið. Meðfram ströndinni fyrir neðan Pike Place Market eru útiveitingastaðir og skemmtilegar búðir þar sem seldar eru vörur og listaverk eftir indíána sem búa í Seattle.

Ballard
Í Ballard liggur skipastiginn sem fyrrum var nefndur „The Locks“. Þar má sjá laxinn stökkva og skip „ganga upp stigann“ frá Pugetsundi til hafnar á vötnunum í borgarlandinu. Ballard er smábærinn á þessum slóðum þar sem flestir Norðurlandabúar settust að þegar þeir komu til Seattle. Þar er safnið Nordic Heritage Museum (Safnið um norræna menningararfleifð) þar sem hver Norðurlandaþjóð hefur sitt eigið safnherbergi. Þar er einnig rakin saga Vesturfaranna. Við Íslendingar eigum okkar litla herbergi í NHM með safnmunum frá Vestur-Íslendingum og munum sem gefnir hafa verið að heiman.

Nálin
Nálin, The Needle, sem svo er kölluð, er mannvirki sem var reist í Seattle í tilefni af heimssýningunni árið 1962. Hún stendur á hæð og er 183 metra há svo að þaðan er mikið útsýni. Þarna er veitingastaður sem snýst hægt í hring líkt og Perlan heima. Einnig er hægt er að fara upp á efsta þilfar til þess að skoða útsýnið. Seattle Center er svæði, sem einnig varð til fyrir heimssýninguna, og er ekki ofsögum sagt að þar megi verja heilum degi í skoðunarferð því að svo margt er að sjá.

Söfnin
Söfn eru hér úti um allt og má þar nefna Flugvélasafn Boeing-fyrirtækisins, Jimmy Hendrix- safnið, listasafnið Seattle Art Museum og minjasöfn þar sem rakin er saga Seattle. Sjávardýrasafnið í Seattle er við Pike Place Market. Hér á undan minntist ég svo á Norræna safnið, Nordic Heritage Museum, í Ballard.

Menning og næturfjör
Mikið mannlíf er í miðborg Seattle að næturlagi. Jassbönd er að finna á næstum hverju horni á litlum veitingastöðum og börum, t.d. á Tula's Restaurant and Jazz Club og Jazz Alley.

Smábátaborgin
Íbúar í Seattle eiga ósköpin öll af smábátum og við vötnin eru margar smábátahafnir. Í ágúst er haldin hátíð, sem kallast Seafair, og þá er mikið um að vera. Öllum fleytum, sem flotið geta, er þá siglt um vötnin í einskonar skrúðsiglingu, alla vega skreyttum, og blásið í lúðra. Bláu Englarnir koma og sýna listflug og keppt er á hraðskreiðum bátum sem ná ótrúlegum hraða. Þessi hátíð stendur í nokkra daga og er hápunktur sumarsins.

Skoðunarferðir
Hjá ferðaskrifstofum og ferðaþjónustufyrirtækjum er minnsta mál að panta stuttar skoðunarferðir með ferjum um sundin og vötnin, allt frá einnar klukkustundar ferðum upp í dagsferðir. Sem dæmi um slíkar ferðir get ég nefnt ferð til Tilicum Village, þar sem indíánar bjóða í mat, ferð til Snoqualmie Falls, þar sem er góður veitingastaður (hreinlega hangir í berginu), með góðu útsýni yfir fossinn og fjöllin í kring, og dagsferð til Mt. Rainier, þessa háa og tignarlega fjalls sem er einstaklega svipmikið með hvítan tind og minnir mig alltaf á Snæfellsjökul.

Smábæir við Pugetsund – Tjaldútilegur
Sundið á milli Seattle og Olympic-fjallgarðsins í vestri heitir Puget Sound og ferjur ganga frá Seattle til ótal smábæja við sundið. Það er skemmtileg dagsferð að taka ferjuna frá Seattle til Bremerton, aka meðfram ströndinni og koma við í þessum litlu bæjum, Port Orchard, Port Angeles og Port Townsend. Ef farið er alla leið til Whidbey-eyju má aka þaðan á fastalandinu til baka til Seattle. Ég mæli samt með því að að gista á litlu hóteli í einhverjum af þessum smábæjum og upplifa stemminguna á staðnum. – Freistandi útivistarsvæði eru nálægt borginni og stutt í græn skóglendi með göngustígum upp til fjalla. Tilvalið er að bregða sér í tjaldútilegu því að hér er mikið af skipulögðum tjaldstæðum með öllum þæginum, grilli, borðum, stólum og jafnvel sturtum.

Veitingastaðir

Ray's Boat House
Þetta er minn uppáhaldsstaður. Þarna er stór verönd svo að hægt er að sitja úti og horfa á skipin koma inn í skipastigann. Maturinn er frábær en ef til vill betri í fiskréttum en steikum.

Salty's
Við Alkiströnd hinum megin við Elliot Bay. Þaðan er dásamlegt útsýni yfir miðborg Seattle, sérstaklega á kvöldin þegar borgin skartar öllum ljósunum. Er með dýrustu stöðum hér í Seattle.

Palisades
Við Elliot Bay og mikið útsýni yfir borgina. Frábær matur en alldýr.

Ivar's Salmon House
Góður veitingastaður við Lake Union. Steikhús

Í Seattle eru margir góðir veitingastaðir sem sérhæfa sig í ljúffengum, safaríkum steikum, t.d. Daniel's Broiler, við Lake Union, Outback, Black Angus og El Goucho.

TIL HAMINGJU
MEÐ BORGINA ÞÍNA!

Vinningshafi í Borgarlukkuleiknum um síðustu helgi var Steingerður Katla Harðardóttir sem fær í vinning tvo farseðla á Economy Class til einhvers af áfangastöðum Icelandair í Evrópu. Hún starfar hjá Prentmeti, Suðurlandi og er búsett á Selfossi. Steingerði Kötlu langar helst til að fara annað hvort til Parísar eða Kaupmannahafnar með manninum sínum.

SAGA SHOP
NÝR SUMARBÆKLINGUR AÐ KOMA ÚT!

Styðjum veik börn
og fjölskyldur þeirra

Vildarbörn Icelandair er ferðasjóður fyrir langveik börn og börn sem búa við sérstakar aðstæður.

Þú getur lagt þitt af mörkum til Vildarbarna með því að:

- Gefa afgangsmynt, áður en þú ferð frá borði að lokinni flugferð með Icelandair.
- Setja peninga í söfnunarbaukinn í höfuðstöðvum félagsins við Reykjavíkurflugvöll.
- Gefa árlega ákveðinn fjölda ferðapunkta, sem þú safnar sem félagi í Vildarklúbbi Icelandair, til Vildarbarna.

WWW.VILDARKLUBBUR.IS

VISSIR ÞÚ ...
AÐ VILDARKLÚBBSFÉLAGAR ICELANDAIR GETA GIST Á HILTON, MARRIOTT OG RADISSON HOTELS&RESORTS Í SEATTLE FRÁ AÐEINS 15.000 VILDARPUNKTUM?

Kynntu þér málið á www.vildarklubbur.is

Vildarklúbbur

BORGARLUKKUPOTTUR
VINNINGUR: **FLUGFAR FYRIR TVO TIL EINHVERS AF ÁFANGASTÖÐUM ICELANDAIR Í EVRÓPU**

Þú finnur rétt svör við þremur spurningum. Síðan geturðu gert annað hvort:

1) Farðu inn á www.icelandair.is og svaraðu spurningunum þar. Skilafrestur til og með 1. apríl.
2) Merktu við rétt svör og skrifaðu síðan nafn og símanúmer. Klipptu seðilinn út og sendu hann til okkar, merkt:

   Icelandair
   Mín borg/spurningaleikur
   Reykjavíkurflugvelli
   101 Reykjavík

Skilafrestur er til og með 1. apríl
Við drögum úr pottinum á fimmtudaginn kemur, 2. apríl, og nafn vinningshafans verður birt í ferðablaði Icelandair sem fylgir með Fréttablaðinu um næstu helgi (laugard. 4. apríl).

SETJIÐ X VIÐ RÉTT SVAR:

1. **Hvaða heimsfrægur auðmaður á hús við Lake Washington?**
   ☐ Carlos Slim Helu.
   ☐ Bill Gates.
   ☐ Ingvar Kamprad.
2. **Hvaða ár var „Nálin“ reist í Seattle?**
   ☐ 1964.
   ☐ 1973.
   ☐ 1962.
3. **Hvar er Sjávardýrasafnið í Seattle?**
   ☐ Við Pike Place Market.
   ☐ Í Ballard.
   ☐ Við Lake Union.

*Flug aðra leiðina með sköttum. Ferðatímabil 22. júlí til og með 30. september. Sölutímabil til og með 3. apríl.

Icelandair áskilur sér rétt að leiðrétta villur sem kunna að leynast í blaðinu eða gera breytingar á flugáætlun og verði. Gengi miðast við janúar 2009. Almennir ferðaskilmálar gilda. Sjá www.icelandair.is/skilmalar

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 45669 03/09

FRAMHALD AF SÍÐU 38

Norðlingaskóli er bestur

Tveir nemendur skólans verða nú fyrir svörum. Það eru þau Andri Fannar sem er í 7. bekk og Ester Sara í 8. bekk. Þau hófu bæði sína skólagöngu annars staðar. „Það er mikill munur," segir Andri Fannar þegar hann er beðinn um að bera saman skólareynslu sína. „Hér er allt miklu einstaklingsmiðaðra."

„Við fáum miklu meira að ráða hvað við gerum," tekur Ester Sara undir.

Krakkarnir eru þó alls ekki á því að frjálsræðið leiði til þess að hægt sé að komast af með litla vinnu. Gerð eru áform vikulega og þar er gert ráð fyrir lágmarksframvindu í hverri grein. Þeir sem eru duglegir séu svo hvattir til að gera meira. „Þú verður að vinna," segir Andri Fannar. „Það má bæta við sig eins miklu og maður getur en það má ekki minnka við sig."

Ester Sara er sérstaklega ánægð með árganga-blöndunina. „Við í unglingadeildinni erum með fyrsta bekk í smiðjum og svo alveg upp úr. Það er öllum blandað saman," segir hún og telur kost hversu vel allir nemendur skólans tengjast með þessum hætti.

„Mér finnst mjög gaman að vera með bæði eldri og yngri," tekur Andri Fannar undir. „Mér finnst maður læra mjög mikið af því. Krakkarnir í fyrsta bekk eru stundum farnir að kenna mér."

Ester Sara segir aðgengi foreldra að skólastarf-inu mjög gott og að foreldrar fylgist mjög vel með því sem fram fer þar. „Það er allt mjög opið. Foreldrarnir mega koma hvenær sem er. Maður er bara vanur að sjá eina og eina mömmu."

Eitthvað að lokum? „Norðlingaskóli er bestur," segir Andri Fannar og svo hlæja þau bæði.

ESTER SARA Aldursblöndunin er meðal þess sem Ester Sara er ánægð með í Norðlingaskóla.

ANDRI FANNAR Námið er einstaklingsmiðaðra en Andri Fannar átti að venjast í fyrri skóla.

Barninu er ekki bara mætt eins og hægt er heldur alveg

Helga B. Helgadóttir og Ida Semey eiga báðar börn í Norðlingaskóla. Sonur Helgu er í 9. bekk og dóttir Idu í 6. bekk.

Helga segir vilja stjórnenda standa til þess að vera stöðugt að bæta skólastarfið og að samvinna við heimilin skipti þar miklu máli. „Þú finnur um leið og þú kemur inn um dyrnar hér hvað þessi skóli er einstakur," segir Helga. „Þetta er ekki eins og stofnun heldur frekar eins og heimili."

Ég valdi Norðlingaskóla fyrir barnið mitt," segir Ida um aðkomu sína að skólanum en fjölskylda hennar á ekki heima í Norðlinga-holti. Ida er sjálf kennari og hlust-aði á kynningu á Norðlingaskóla á ráðstefnu. „Ég hugsaði strax með mér að þetta væri rétti skólinn fyrir dóttur mína."

FORELDRARNIR Helga B. Helgadóttir og Ida Semey.

Ida segir að ekki sé beðið eftir að vandamálin birtist heldur fari vinnan og einstaklingsáætl-unin þannig fram að leitast sé við að koma í veg fyrir vandamál. „Hver einstaklingur er skoðaður á sínum forsendum, án þess að taka forsögu hans með, og síðan er bara sest niður og ákveðið hvernig á að mæta barninu. Vinnustaðurinn er ekki bara í skólanum heldur er verkefnið sameig-inlegt og verkefnið er barnið, að það plumi sig og nái þeim markmiðum sem það á að ná.

Helga og Ida segja mikla markmiðssetningu einkenna skólastarfið og að sú markmiðssetning taki ekki bara til námsins heldur snúi einnig að persónuþroska og samskiptum. Þær eru afar ánægðar með að vera alltaf velkomnar í skólann og að eiga þess kost að setjast inn í kennslu-stundir ef þær hafa áhuga á því. „Hér er þannig umhverfi að allir foreldrar finna að það er hægt að tala við skólastjóra og kennara um það sem manni liggur á hjarta varðandi barnið," segir Ida.

„Svo er þessi gleði sem hér ríkir líka einstök," segir Helga og Ida bætir við: „Mottóið er að hér eru engin vandamál heldur er hver einstaklingur eins og hann er. Og honum er ekki bara mætt eins og hægt er heldur alveg."

Sendu persónuleg skeyti með bi
eigin

Ný vara frá Póstinum gef
sendendum skeyta tækifa
á að nota myndasafnið á
skemmtilegan og skapand

Á hverjum degi taka eigendur s
myndavéla ótalmargar ljósmyndir. E
verður um þessar myndir? Hversu
prenta þær út, deila þeim á Netinu
þær til þess að gleðja vini og ættingja í
tölvupósti. Nú geta þeir sem taka m
notað myndirnar á skeyti og búið til v
verðmæti úr stafrænum skrám. Skrá
annars búa við stöðuga hættu af disk
veirusýkingum, mannlegum mistökum
úreldingu skjalasniða og brennanlegra
Rétti uppi hendi sá lesandi sem enn
aðgang að SCSI-drifum, ZIP-diskum
JAZ-diskum. Persónulegu skeytin mun
vissulega aldrei koma í staðinn fyrir f
albúm með útprentuðum myndum en sk
með fallegri mynd á tvímælalaust erin
ísskápinn og jafnvel innrammað upp á v

Ömmur, afar, gamlir frændur og aldra
frænkur sem sjaldan heimsækja veralda
vefinn eiga án efa eftir að gleðjast yfir falleg
mynd af fjölskyldumeðlimum og hnyttnu
texta. Skarpir pennar geta leikið sér að því a
blanda saman mynd og texta og skapað me
því óvænt samhengi. Þar sem allt viðmót
persónulegu skeytanna er á Netinu er þægileg
að gera tilraunir með ólíkan texta eða jafnvel
líma inn texta úr öðrum skjölum í öðrum
forritum. „Byrði betri berat maður brautu
að… ". Hver gæti t.d. ekki hugsað sér að líma
inn nokkur vel valin kvæði úr Hávamálum í
heillaóskaskeyti til fimmtugs frænda. Einnig
má ímynda sér að listhneigðir skeytasend-
endur notfæri sér þessa nýju tækni til að senda
eigin myndskreytingar því það er vissulega
jafn auðvelt að senda inn innskönnuð listaverk
eða tölvuteikningar og ljósmyndir.

SKEYTIN mín

PÓSTURINN allur pakkinn

Hafa skal það sem fyndnara reynist

Gísli Rúnar Jónsson gaf glæstan en brokkgengan leiklistar- og uppistandsferil upp á bátinn. Sá heimur er Gísla þó ávallt ofarlega í huga. Hann fæst við ritstörf úti í henni Kaliforníu, einkum þýðingar og staðfærslu leikrita samhliða því sem hann safnar gamansögum úr leikhúsinu sem ráðgert er að gefa út á bók í haust. ***Jakob Bjarnar*** ræddi við Gísla um þetta hlægilega verkefni.

Já, þessi saga er oft rifjuð upp hér í Sonja Diego í Kaliforníu. Og þá hermir Stefán Karl listavel eftir Erlingi og ég aðeins ver eftir Jónasi Jónassyni og svo börnum við söguna og barnabörnum hana og spinnum við uns við erum orðnir helsjúkir af hlátri," segir Gísli Rúnar Jónsson rithöfundur.

Gísli Rúnar hefur einsett sér að senda frá sér bók í haust sem inniheldur skemmtisögur úr leikhúsinu og uppákomur frá ýmsum skemmtunum. Sagan sem hann er að tala um hér að ofan er ein þeirra sem gengið hefur lengi í leikhúsinu og var Gísli inntur eftir því hvort hún verði ekki örugglega í bókinni. Sagan er eitthvað á þá leið að Stefán Karl fer mikinn baksviðs í Þjóðleikhúsinu og er þá á bólakafi í baráttunni miklu gegn einelti. „Já, nei," segir Gísli Rúnar. „Sú saga er góð út af fyrir sig og gæti þess vegna átt heima í „anekdótu"-bók (anecdotes) af næstum hvaða vinnustað sem er en það er ekkert í henni sem snertir upptroðslur. Hún á ekki erindi með því sem ég er að setja saman í þessari bók."

Val á fórnarlömbum

„Þetta eru þessar skemmti- og leiðindasögur sem upptroðarar eru sífellt að segja sjálfum sér og öðrum til skemmtunar eða ama, af mistökum og/eða einhverju öðru sem fyndið eða fróðlegt getur talist fyrir skruddu af þessu tagi og gerst hefur í tengslum við iðju upptroðara og aðstoðarfólks þeirra í leikhúsi, kvikmyndum, hljóðvarpi, sjónvarpi, óperu og ballett," segir Gísli Rúnar og veður á honum þegar verkefnið er til tals. Segist hann hafa haldið ýmsu til haga og eigi orðið dágott safn. „En betur má ef duga skal og þar sem ég veit fyrir víst að margir þeirra sem staðið hafa í sviðsljósinu eða skugga þess á síðustu áratugum luma á góðum anekdótum, hef ég gert nokkrum þeirra orð, en val mitt á fórnarlömbum hefur auðvitað helgast af því hversu feitt ég hef talið vera á viðkomandi skepnu."

Rithöfundurinn segir einkum tvö siðferðisspursmál hafa vafist fyrir sér: Hvort hafa skyldi það sem sannara reynist og á hinn bóginn í hvaða tilvikum væri viðeigandi að láta nöfn fylgja sögunni. „Að ætla að halda öllu „satt og rétt" til haga er varðar svona atvikssögur, getur orðið gríðarlega tafsamt verk, sumsé að elta uppi heimildir um raunverulegar kringumstæður, nákvæmt orðalag eða hvort sagan á yfirhöfuð við minnstu rök að styðjast. Og þar sem efni þessarar bókar er ekki ætlað að flytja lesendum sagnfræði, nema þá í besta falli „amatörsagnfræði", komst ég fljótlega að niðurstöðu varðandi fyrra spursmálið, sumsé að grundvallarreglan skyldi verða sú að hafa það sem fyndnara reynist," segir Gísli.

Nafnbirtingar kosta andvökunætur

Hitt álitamálið hefur haldið fyrir Gísla vöku, þetta með nafnbirtingarnar. Í mörgum tilvikum getur góð atvikssaga gert sig prýðilega, án þess að nokkur sé nefndur á nafn. En svo er sem búið sé að ganga í skrokk á efni sögunnar, með því að sættast á orðalag á borð við „leikari nokkur" eða „tveir ónefndir dagskrárgerðarmenn voru" – og svo framvegis.

„Á hinn bóginn vil ég í lengstu lög komast hjá því að fella skugga á orðspor nokkurs manns, nema ef til vill þeirra er starfa við að leggja opinbera mælistiku á störf okkar sem staðið eða setið höfum í sviðsljósinu, sumsé gagnrýnenda, þótt þeir leggi raunar sjálfir þyngstu lóðin á vogarskálarnar í því sambandi." Gísli hefur hvergi farið leynt með að hann hefur lítið álit á gagnrýnendum og þeir mega búast við því að fá á baukinn. „Ég hef fyrir satt að flestir þeir sem troða upp muni nær orðrétt verstu opinberu ummælin sem þeir hafa hlotið um dagana, að minnsta kosti get ég um það vitnað úr eigin ranni – og hef ég í hyggju af því tilefni að greina í það minnsta frá einni harkalegri umsögn um mig sjálfan, sem skapraunaði mér mjög á sínum tíma, en ég læt mér nú orðið í léttu rúmi liggja, þótt ég hafi engu að síður geymt boðskapinn um áratuga skeið orðréttan í minni mínu."

Bókin lengi í gerjun

Gísli Rúnar er kominn með útgefanda sem er Guðjón Ingi hjá Hólum. En bókin hefur í sjálfu sér verið lengi í gerjun. Nánast í orðsins fyllstu merkingu. „Ég hef gengið með það í maganum, við skulum segja á rólegheitastað einhvers staðar í innmatnum, að einhvern tíma í fyllingu tímans myndi ég nota ellilífeyrinn minn, ef nokkuð verður þá eftir af honum eftir útrásarsukk landa minna, til að gefa út bók með anekdótum af vettvangi upptroðslukúnsta, því aldrei hefur það svo mikið sem hvarflað að mér að það fyndist forleggjari sem vildi leggja út fyrir prentun og bandi, hvað þá að greiða mér dagpeninga meðan ég væri að færa sögusafn mitt í letur. En svona eru nú tilviljanirnar í þessu lífi, að leiðir okkar Guðjóns lágu saman, að vísu ekki í „fleski" eins og konan sagði (in the flesh), en „on-line" sem ekki er verra og ég hef setið og staðið við skriftir af og til frá því skömmu eftir áramót."

Höfundurinn hefur sem sagt tekið til óspilltra málanna: „Ég hef þegar sent allnokkrum fyrrverandi kollegum mínum og skákollegum, fólki úr sviðsljósi upptroðslukúnstanna, ósk um liðsinni, auk þess sem ég hef einnig leitað á náðir fólks úr röðum annarra uppistandara sem ég hef í hyggju að skaffa pláss í bókinni, en það eru auk leikara og þeirra sem starfa í leikhúsi, upptroðarar af vettvangi skemmtibransans, grínistar, tónlistarmenn og álíka kúnstnerar, óperusöngvarar og þeir sem starfað hafa að upptroðslum í óperuhúsum, sjónvarps- og hljóðvarpsstarfsmenn, kvikmyndagerðarmenn og balletdansarar."

Pennalöt bókmenntaþjóð

Heimtur eru að vísu ekki eins drjúgar og Gísli hafði vonast til. En lítið við því að gera. „Ég held að bókmenntaþjóðin sé svona þegar flest er talið nokkuð pennalöt og ég er nær sannfærður um að heimtur yrðu betri ef ég væri með fætur á Fróni og gæti tekið hús á fólki. En svo er nú ekki." Að þessu sögðu og í krafti þeirrar sannfæringar að bókmenntaþjóðin sé orðin pennalöt misnotar Gísli Rúnar aðstöðu sína blygðunarlaust og auglýsir eftir sögum sem fallið gætu að áðursagðri kríteríu. Verkefnið stendur þó hvorki né fellur með þátttöku hjálparkokka þó allar ábendingar og tillegg séu vel þegin. „Það vill svo vel til að ég á dágott safn, enda hef ég verið að safna þessum sögum frá því ég settist fyrst á skólabekk til að nema upptroðslukúnst hjá Ævari Kvaran, þá sextán ára gamall næmgeðja piltur, sumsé ég sjálfur, ekki Ævar – hann var kominn yfir fimmtugt þegar þarna var komið sögu, en blés ekki úr nös, bara saug – einkum þegar hann tók í nefið. Auðvitað þigg ég endalaust sögur sem tengjast sviðinu, þótt ég eigi auðvitað mest af þeim, en sannleikurinn er sá að mér hefur gengið erfiðast að nálgast sögur úr ballettinum og af vettvangi kvikmyndagerðar. Framan af var óperukaflinn býsna gisinn, en það er nýbyrjað að rætast úr honum, þótt ég sé enn ekki kominn með fullt hús þeim megin hryggjar og vonast ég til að fá eitthvað meira úr þeim ranni."

> …hef ég verið að safna þessum sögum frá því ég settist fyrst á skólabekk til að nema upptroðslukúnst hjá Ævari Kvaran, þá sextán ára gamall næmgeðja piltur, sumsé ég sjálfur, ekki Ævar – hann var kominn yfir fimmtugt þegar þarna var komið sögu…

GÍSLI RÚNAR JÓNSSON Við ritun bókarinnar stóðu tvö siðferðisspursmál í sagnaritaranum: Hvort hafa bæri það sem sannara reynist og hvort nefna ætti nöfn þeirra er við sögu koma.

FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN MAACK

➜ SÖGUR AF UPPTROÐSLUM

Fréttablaðið fékk að gægjast í bók Gísla Rúnars og óhætt er að fullyrða að hún lofar góðu. Bókin er vitanlega á vinnslustigi og hefur titill ekki verið valinn en vinnutitillinn er „Eins og hann sagði það – Gísli Rúnar segir sögur af upptroðslum". Hér eru dæmi en rétt að taka fram að hér er um handrit að ræða:

Mörgum leikaranum hefur verið skemmt yfir sögunni um gagnrýnandann sem yfirgaf leikhúsið strax eftir fyrsta þátt af því að í leikskránni stóð: Annar þáttur gerist viku síðar.
„Að spyrja leikskáld hvað því þykir um gagnrýnendur er eins og að spyrja ljósastaura hvað þeim finnist um hunda."
– Christopher Hampton

STEFÁN KARL OG GÍSLI RÚNAR Þeir hittast oft úti í Kaliforníu og þá eru heldur betur rifjaðar upp fyndnar sögur úr bransanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þetta er eflaust lygasaga eins og flest annað í þessari bók. En hefnd gagnrýnandans getur líka verið sæt. Í leikhússannál einum segir af gagnrýnanda sem var síður en svo skemmt á frumsýningu sem hann mátti sitja undir. Á einum stað leiksins hringdi sími hátt og snjallt á sviðinu, sem á því augnabliki var galtómt. „Ég held að þetta sé til mín," sagði gagnrýnandinn stundarhátt, stóð upp og gekk út úr leikhúsinu.

„Leikritið endaði vel, einkanlega fyrir áhorfendur, sem gátu loksins farið heim, þ.e. þessir örfáu sem einhverra hluta vegna voru ekki farnir." (Úr gagnrýni)

Úr kafla sem heitir „Leikferðir":
Einhverju sinni sem oftar var Leikfélag Reykjavíkur á leikför um landsbyggðina með eina af uppfærslum sínum er fella þurfti niður sýningu í fámennu sjávarplássi vegna ónógrar aðsóknar. Þá mun Haraldur Björnsson hafa sagt, „Þetta lofaði svo góðu. Það var meira að segja komin röð fyrir utan miðasöluna í dag. Ef þrjár rosknar piparjúnkur geta kallast röð. Synd að þurfa að endurgreiða þeim; þær hafa líkast til þurft að upplifa næg vonbrigði í lífinu."

Maður einn vék sér að þjóðkunnum skemmtikrafti á barnum og sagði við hann, „Mig langar bara til að segja þér frá því hvað mér finnst þú frábær."
„Nú, þakka þér fyrir," sagði leikarinn sem reyndi að virðast hógvær meðan hann beið átekta eftir meira af svo góðu. En þá söðlaði aðdáandinn skyndilega um og tók að tala um sjálfan sig. Og hélt langa einræðu um eigin farir, súrar sem sætar. Eftir um það bil hálfa klukkustund var skemmtikraftinum nóg boðið, greip fram í og sagði, „Fyrirgefðu, en ég hélt að þú ætlaðir að segja mér hvað þér fyndist ég frábær?"
Þá sagði aðdáandinn undrandi, „Já, var ég ekki búinn að því?"

Kostur við að vera frægur: Fullt af fólki þekkir mann og gengst við því.

Veitingahús Nings kynna:

Byltingarkennda nýjung á Íslandi

Tofu

DETOX NÚÐLUR

EKKERT kólesteról
EKKERT glúten
ENGINN sykur

Tofu DETOX NÚÐLURÉTTUR NINGS

Við bjóðum nú tófú-núðlurétt með "shitake"-sveppum, ferskum aspas, vorlauk, spergilkáli, blómkáli, gulrótum og spínati. Kryddað er með hvítlauk, engiferrót og chillipipar.

Enn á ný kynnum við hjá Nings nýjung í heilsusamlegri matreiðslu.

Næringa- og matvælafræðingar hafa þróað einstaka afurð: Núðlur unnar úr tófú og heilsujurtinni "konnyaku". Tófú-núðlur eru bragðgóðar og hollar. Þær henta öllum þeim sem láta sig varða líkamlega heilsu sína.

Tófú-núðlur eru kalk- og próteinríkar, kolvetna- (einungis 3g af kolvetnum í hverjum 100g) og hitaeiningasnauðar (einungis 20 hitaeiningar í hverjum 100g). Að auki eru þær án nokkurs sykurs, kólesteróls og glútens og innihalda auðvitað hvorki mjólkurafurðir né dýrafitu.

Ath. Allir heilsuréttir Nings eru eldaðir án nokkurs salts eða sykurs.

NINGS

Suðurlandsbraut 6 • Hlíðasmára 12 • Stórhöfða 17 • **S. 588 9899**

Heimshöfin súrna jafnt og þétt

Aukin koltvísýringslosun hefur ekki bara áhrif á hitastig andrúmsloftsins, heldur einnig á efnajafnvægið í sjónum. Hvaða áhrif súrnun hafsins hefur á lífríki sjávar er mönnum enn hulin ráðgáta. *Guðsteinn Bjarnason* og *Auðunn Arnórsson* kynntu sér málið.

Hlýnun andrúmslofts jarðar vegna brennslu jarðefnaeldsneytis hefur valdið mönnum vaxandi áhyggjum, en færri hafa leitt hugann að áhrifum svonefndra gróðurhúsalofttegunda á höfin. Þekking vísindamanna á þessari hlið málsins er þó smám saman að aukast.

Mestu munar þar um koltvísýring sem veldur því að hafið súrnar. Súrnun hafsins hefur síðan margvísleg áhrif á lífríkið í höfunum, þótt enn sé ekki ljóst nákvæmlega hver þau áhrif eru.

Vísindamenn, sem fást við rannsóknir á áhrifum súrnunar hafs á lífríki sjávar, telja mikilvægt að unnið verði markvisst gegn frekari súrnun hafsins og allt rannsóknarstarf á þessu sviði verði eflt til muna. Það gæti orðið afdrifaríkt að sinna ekki þessu verkefni.

Helmingurinn í hafið

Talið er að helmingur af öllum þeim viðbótarkoltvísýringi, sem borist hefur út í andrúmsloftið síðan iðnvæðing hófst um miðja átjándu öld, hafi farið í hafið. Þetta hefur nú þegar valdið því að sýrustig hafsins hefur lækkað um 0,1 stig, nefnilega úr 8,2 stigum á pH-kvarðanum, sem talið er „eðlilegt“ sýrustig hafsins miðað við ástand þess fyrir iðnvæðingu, niður í 8,1 stig.

Vísindanefnd Sameinuðu þjóðanna, sem hefur rannsakað gróðurhúsaáhrifin, spáir því að sýrustig sjávar muni að meðaltali lækka um 0,14 til 0,35 stig á þessari öld, sem þýðir að um næstu aldamót verði sýrustigið væntanlega orðið um það bil 7,8 stig. Milljónir ára eru síðan sýrustig hafsins var svo lágt.

Þessar tölur virka kannski ekki mjög afdrifaríkar, en þá má benda á að hækkun eða lækkun upp á 0,1 stig þýðir í raun 30 prósenta breytingu, þannig að hér er ekki um neinar smáhreyfingar að ræða á pH-skalanum.

Menn eru að vakna

„Menn byrjuðu fyrst að átta sig á þessu fyrir um það bil áratug, eða jafnvel aðeins fyrr,“ segir Jón Ólafsson, hafefnafræðingur hjá Hafrannsóknastofnun Íslands.

„Síðan hafa menn vaknað upp og það sem hefur gerst er að menn hafa hrundið af stað stórum rannsóknarverkefnum, bæði í Ameríku og Evrópu.“

Íslendingar eiga aðild að einu slíku evrópsku rannsóknarverkefni sem heitir EPOCA, eða European Project on Ocean Acidification. Tuttugu og sjö evrópskar rannsóknastofnanir taka þátt í því verkefni, þar á meðal Hafrannsóknastofnunin hér á landi.

Jón er meðal frumkvöðla í þessum rannsóknum, því strax árið 1983 byrjaði hann að mæla koltvísýring í sjónum umhverfis Ísland. Mælingar eru gerðar ársfjórðungslega, og nokkuð góð mynd er til af þróuninni hér við land.

Hraðar breytingar hér

„Við sjáum vissulega að sýrustig er að falla hér við land,“ segir Jón. „Í samanburði við önnur hafsvæði er það að falla hraðar hér en annars staðar. Það er út af því að hér við land, sérstaklega norðan við landið, tekur hafið í sig mikið af koldíoxíði.“ Ástæðurnar fyrir því að þetta gerist hraðar í sjónum í kring um Ísland eru að mestu kunnar, að sögn Jóns. Þær tengist meðal annars straumakerfi Norður-Atlantshafsins.

Jón segir að breytingarnar á sýrustiginu verði hraðastar þar sem heimshöfin taka mest í sig af koltvísýringi. „Það er bara það gjald sem þarf að greiða fyrir þetta. En sýrustigsbreytingarnar eru í sjálfu sér bara breytingar á efnajafnvægjunum, eða hliðrun efnajafnvægjanna, ekkert annað.“

Hvaða áhrif þetta hefur síðan á lífríkið í hafinu kringum Ísland er mönnum hulin ráðgáta. Um það er nákvæmlega ekkert vitað enn þá, segir Jón. Frekari rannsókna er því þörf.

SÚRNUN HAFS

Þegar koltvísýringur í andrúmslofti eykst kemst jafnframt aukið magn af honum í snertingu við yfirborð sjávar sem tekur til sín hluta af honum með myndun nýrra efnasambanda. Jafnframt fjölgar vetnisjónum í hafinu, sem um leið lækkar sýrustig þess á pH-kvarðanum.

KÓRALRIFJUM HNIGNAR Japanskir vísindamenn sjást hér taka borkjarnasýni úr sjúku kóralrifi við Filippseyjar. Súrnun hafanna vegna aukinnar bindingar sjávar á koltvísýringi virðist hafa sérstaklega skaðleg áhrif á kóralrif og aðrar kalkmyndandi sjávarlífverur og þar með keðjuverkandi áhrif á lífríki sjávar. NORDICPHOTOS/AFP

> Kóralar eru til dæmis farnir að líða fyrir þetta strax, og þetta er ein ástæðan fyrir því að kóralrifum er að hnigna.

Hnignun kórala

Jón segir hins vegar áhrifin af auknu magni koltvísýrings í höfunum vera tvíþætt: „Annars vegar lækkar sýrustig sjávar og hins vegar lækkar kalkmettun.“

Minni kalkmettun í höfunum hefur bein áhrif á kalkmettandi lífverur, en það eru lífverur sem mynda stoðvef eða skeljar úr kalki. Þetta eru til dæmis kóralar og skeldýr ýmis konar.

„Kóralar eru til dæmis farnir að líða fyrir þetta strax, og þetta er ein ástæðan fyrir því að kóralrifum er að hnigna. Þessar kalkmyndandi plöntur og dýr eru reyndar mjög mikilvægur þáttur í vistkerfum hafsins og skemmdir á þeim eða hreinlega eyðilegging þeirra mun hafa mikil áhrif á vistkerfið í heild.“

Skorað á ráðamenn

Nú í lok janúar sendu meira en 150 vísindamenn frá 26 löndum, sem allir starfa á sviði hafrannsókna, frá sér yfirlýsingu þar sem skorað er á stjórnvöld allra ríkja heims að grípa strax til aðgerða til að stöðva þessa þróun.

Þar segjast vísindamennirnir hafa miklar áhyggjur af hröðum breytingum undanfarið á efnasamsetningu hafsins sem innan fárra áratuga gætu haft „alvarleg áhrif á lífríki sjávar, fæðuvef, líffræðilega fjölbreytni og sjávarútveg.“

Yfirlýsingin var samþykkt að loknni alþjóðaráðstefnu um málið, sem haldin var í Mónakó í október síðastliðnum, og er því jafnan nefnd Mónakó-yfirlýsingin. Meðal þeirra vísindamanna, sem undirrita yfirlýsinguna, er Jón Ólafsson frá Hafrannsóknastofnun Íslands.

Í yfirlýsingunni segir að hraði þessarar þróunar sé mikill en erfitt verði að snúa henni við. Enn sé þó tími til að grípa inn í: „Fyrst og fremst verða stjórnmálamenn að átta sig á því að súrnun hafsins er ekkert aukaatriði. Þetta er hin hliðin á koltvísýringsvandanum, sem við verðum að takast á við ásamt loftslagsbreytingum,“ segir í Mónakó-yfirlýsingunni.

Komið á dagskrá

Lengi vel var súrnun hafsins lítið til umræðu á meðal vísindamanna eða stjórnmálamanna, þrátt fyrir sívaxandi umræður um gróðurhúsaáhrif og hlýnun jarðar. Til dæmis lítið á hana minnst í Kyoto-bókuninni árið 1997, en nú er þetta komið á dagskrá hjá Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) sem í síðustu matsskýrslu sinni spáir frekari súrnun næstu áratugina.

Í Kaupmannahöfn var fyrr í þessum mánuði haldin alþjóðleg ráðstefna þar sem rætt var um það sem nýtt hefur komið fram í loftslagsrannsóknum frá því IPCC gaf út síðustu skýrslu sína árið 2007. Ráðstefnan var liður í undirbúningi fyrir leiðtogafund SÞ um loftslagsmál sem haldin verður í Kaupmannahöfn í desember.

Súrnun hafanna er einn þessara nýju þátta, sem vísindamenn gefa nú meiri gaum að sögn Jóns Ólafssonar, sem sat ráðstefnuna fyrir hönd Hafrannsóknastofnunar. Jón segist þess fullviss að áhrif loftslagsbreytinga á heimshöfin muni framvegis hafa meira vægi í alþjóðlegum samningaviðræðum um loftslagsmál og honum þykir líklegt að þeim verði gefið meira vægi í næstu skýrslu IPCC.

JÓN ÓLAFSSON Hafefnafræðingur á Hafrannsóknastofnun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SÝRUSTIG

Sýrustig efna er mælt á svonefndum pH-kvarða, sem nær frá 0 og upp í 14. Súr efni eru á bilinu 0 og upp í 7, þar sem 0 er súrast, en basísk efni eru á bilinu 7 og upp í 14. Hlutlaus efni, sem hvorki eru súr né basísk, mælast á miðju kvarðans, hafa sem sagt gildið 7. Ómengað vatn er nálægt því að vera hlutlaust, en nú á tímum er sjór að meðaltali með gildið 8,1. Strangt til tekið eru því höfin ekki að súrna, þótt gildið lækki úr 8,2 niður í 7,8, því enn verður hann á basíska hluta kvarðans. Hins vegar færist hann nær súra hlutanum, og því er talað um súrnun hafs.

Geymsla koltvísýrings undir hafsbotni

Meðal mögulegra leiða til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda er að binda koltvísýring á vökvaformi og geyma hann þannig undir hafsbotni, þar sem hitastig er nógu lágt og þrýstingur nógu mikill. Sumir óttast að slík dæling koltvísýrings niður í hafdjúpin muni geta leitt til enn hraðari súrnunar hafanna.



Staðarval:
Lykillinn er að finna stað þar sem þrýstingur og lágt hitastig gera fljótandi koltvísýring eðlisþyngri en sjó, svo að hann haldist undir hafsbotninum.

HEIMILD: TECHOLOGY REVIEW © GRAPHIC NEWS

Geymsla CO2 undir hafsbotni?

Meðal leiða sem vísindamenn eru nú að kanna til að draga úr losun koltvísýrings út í andrúmsloftið er að binda hann á vökvaformi við mikinn þrýsting og lágt hitastig, og dæla honum þannig til geymslu niður undir hafdjúpin, þar sem aðstæður eru þannig að hin fljótandi gróðurhúsalofttegund haldist þar til langframa. Jón segir spurður út í þetta að þessi aðferð sé bara á rannsóknastigi, og ýmsir aðilar, þar á meðal alþjóðleg umhverfisverndarsamtök, hafi lýst sig andvíga henni vegna óvissunnar um langtímaáhrifin.

Jón bendir reyndar á að vert sé að geta þess að verið er hérlendis að gera tilraunir með að dæla koltvísýringi uppleystum í vatni niður í borholur í jarðhitaorkuverum, með það fyrir augum að nýta borholurnar til langtímageymslu koltvísýrings.

At the heart of the image

Nikon PRO vörur – á Íslandi

"the Nikon D700 is currently the most interesting DSLR camera. You get enhanced quality for an affordable price, a priceless combination; what else do you want"

Mark Peters | www.letsgodigital.org

"The D3X sensor shows exceptional dynamic range with a max DR of 13.7 bits in "Print" mode. And it is quite an amazing performance compared to all other cameras with similar sensor technologies..."

www.dxomark.com

"For a sports camera, Nikon D3 is also a surprisingly good studio and landscape camera, and if there's a better DSLR out there for photojournalists and red carpet paps we've yet to meet it."

Simon Joinson and Phil Askey
www.dpreview.com

- Sami skynjari og í D3
- Live view-forskoðun
- Létt og auðveld í meðförum

- 24,5 Megapixlar
- Óviðjafnanleg myndgæði
- Sveigjanleg

- Hröð – 9 rammar á sekúndu
- Ótrúleg myndgæði við hátt ljósnæmi
- 12,2 Megapixlar

Hinar margverðlaunuðu Nikon vörur fyrir atvinnufólk er nú hægt að skoða og prófa og hjá söluaðilum á Íslandi, Velkomin!

D700 | D3x | D3

Ekki bara myndavél. Þetta er Nikon.

SÖLUAÐILAR: Beco Langholtsvegi 84, Reykjavík • **Fotoval** Skipholti 50, Reykjavík

Ofbeldi í heimi hinna frægu

Heimilisofbeldi er í huga margra eingöngu bundið við lægri stéttir þjóðfélagsins og óreglufólk. Sagan hefur hins vegar kennt okkur að staðreyndin er önnur og hefur stétt eða staða lítt með vandamálið að gera en það er helst að vandamálið sé oft betur falið á „fínni“ heimilum. Nema þegar þú býrð kannski í Holllywood og færð þig hvergi falið fyrir ljósmyndurum og sviðsljósinu. *Freyr Gígja Gunnarsson* fór baksviðs og kynnti sér sorglegar sögur í heiminum þar sem allt á að vera slétt og fellt.

Fríða og dýrið

Mike Tyson og Robin Givens

Mike Tyson og Robin Givens voru oft nefnd „Fríða og dýrið“ í bandarískum fjölmiðlum. Enda Tyson einhver höggþyngsti einstaklingur sem gengið hefur á þessari jörð og hálfgert skrímsli í augum andstæðinga sinna. Givens var hins vegar fíngerð leikkona sem vakið hafði athygli fyrir leik sinn í gamanþáttunum Head of Class.

Bandarískur almenningur tók hins vegar andköf þegar Givens og Tyson birtust í viðtali við Barböru Walters í sjónvarpsþættinum 20/20. Givens var ekkert að skafa utan af hlutunum í viðtalinu þótt Tyson sæti við hlið hennar og héldi í hönd hennar, sagði hjónabandið vera helvíti á jörðu, það versta sem hún hefði upplifað og bætti því við að hnefaleikakappinn væri þunglyndur og notaði geðlyf. Mánuði seinna sótti Givens um skilnað frá Tyson og sagði hann hafa beitt sig síendurteknu heimilisofbeldi. Givens fór ekki vel út úr skilnaðinum því blökkumannasamfélagið sneri baki við henni og sakaði hana um að hafa eyðilagt feril Mikes Tyson. Hann var skömmu eftir skilnaðinn dæmdur fyrir hrottalega nauðgun.

Í sambúð með hrotta

Ike og Tina Turner

Ike Turner var ágætlega þekktur tónlistarmaður þegar hann tók hina ungu Anne Mae Bullock upp á sína arma í byrjun sjöunda áratugar síðustu aldar og hóf að kenna henni sitthvað um tónlist. Anne Mae og Ike felldu hugi saman enda virtist ekkert annað benda til þess en að Ike væri fínn náungi. Þau giftu sig í Mexíkó 1962 og skömmu seinna hófst mikil frægðarför þessa dúetts ásamt hljómsveit.

En þegar vinsældirnar tóku að dvína fór Ike að sýna sitt rétta andlit. Líkt og kvikmyndin What love got to do with it? sýnir hvað best var Ike fauti af verstu gerð og lamdi eiginkonu sína af minnsta tilefni. Ike átti samfara því erfitt með að hemja áfengis- og kókaínfíkn sína og sambúðin varð því fljótlega hreinræktað helvíti. Tina flúði frá manni sínum eftir miklar barsmíðar í júlímánuði 1976 í Dallas og hafði þá ekkert annað í vasanum en 36 sent og bensínstöðvarkort. Framhaldið þekkja flestir; Ike hvarf af sjónarsviðinu en stjarna Tinu er kirfilega fest á himnafestingu tónlistarheimsins.

Hinn seki

O.J. Simpson og Nicole Brown

O.J. Simpson átti mikilli velgengni að fagna með ruðningsliðinu San Fransisco 49ers í bandarísku ruðningsdeildinni NFL. Hans verður þó sennilega alltaf helst minnst sem sakbornings í einum mest umtöluðu réttarhöldum síðari tíma, þegar hann var sýknaður af morði á eiginkonu sinni, Nicole Brown-Simpson, og vini hennar, Ronald Goldman.

Forsagan er sú að O.J. var handtekinn og kærður fyrir að beita eiginkonu sína ofbeldi árið 1989. Í kjölfarið skildu þau að skiptum. Fjórum árum síðar fundust Nicole og Ronald látin en O.J. hafði tekið skilnaðinum ákaflega illa.

Líf O.J. hefur síðan þá verið eitt allsherjar klúður og nú síðast var hann handtekinn og dæmdur til langrar fangelsisvistar fyrir vopnað rán á hótelherbergi í Las Vegas.

Stormasamt og ofbeldisfullt

Sean Penn og Madonna

Samband Sean Penn og poppstjörnunnar Madonnu vakti mikla athygli á níunda áratugnum. Enda var Penn á hraðri uppleið sem leikari í Hollywood en Madonna hafði fest sig í sessi sem einhver vinsælasta söngkona þess tíma.

Penn átt hins vegar í miklum erfiðleikum með að höndla pressuna í bókstaflegri merkingu því hann lamdi ljósmyndara götublaðanna í hvert skipti sem hann náði til þeirra. Hjónaband Madonnu og Sean var einnig ákaflega stormasamt og á meðan á hjónabandi þeirra stóð kærði Madonna hann fyrir heimilisofbeldi. Penn fékk skilorðisbundinn dóm; þau skildu skömmu síðar, eða 1989.

Undarleg blanda

Liza Minelli og David Gest

Eitt undarlegasta hjónaband seinni tíma var hjúskapur söng- og leikkonunnar Lizu Minelli og tónleikahaldarans Davids Gest. Þau voru gift í um það bil eitt ár eftir að hafa verið á stefnumótum í hálft ár.

Þegar þau ætluðu að skilja eftir stormasamt samband og mikla fjölmiðlaumfjöllun lagði David fram kæru á hendur Lizu og sakaði hana um að hafa beitt sig ofbeldi meðan á sambandinu stóð. Í kærunni kom fram að Liza hafi átt erfitt með að hemja skap sitt þegar áfengi var haft um hönd og átti hún, samkvæmt Gest, það til að beita hann ofbeldi. Kærurnar voru hins vegar látnar niður falla þegar gengið var frá skilnaðinum.

Ákall frá umheiminum

Chris Brown og Rihanna

Breska poppstjarnan Rihanna var á góðri leið með að verða ein fremsta poppsöngkona heims þegar nafn hennar lenti á forsíðu heimspressunnar vegna miður skemmtilegrar lífsreynslu. Henni og unnustanum, Chris Brown, lenti saman eftir Grammy-verðlaunaafhendinguna með þeim afleiðingum að Brown lamdi hana. Myndir af Rihönnu eftir árásina fóru eins og eldur í sinu um Netið og Brown breyttist á örskammri stundu úr efnilegum rappara í óþokka.

Þegar fjölmiðlar komust svo á snoðir um að Rihanna hefði tekið Brown aftur í sátt varð allt brjálað í Bandaríkjunum. Oprah Winfrey biðlaði til Rihönnu um að segja skilið við Brown, menn sem legðu hendur á konu sína einu sinni gerðu það yfirleitt aftur og málið rataði alla leið til spjallþáttastjórnandans Larrys King á CNN en þar hvatti meðal annars Robin Givens söngkonuna til að pakka saman og fara frá unnusta sínum. Svo virðist sem viðvörunarorðin hafi borið árangur því ef marka má síðustu fréttir vill Rihanna ekkert meira með Brown hafa.

Í viðjum vímunnar

Whitney Houston og Bobby Brown

Eitt umdeildasta og mest umtalaða hjónaband síðari ára er án nokkurs vafa samband Whitney Houston og Bobbys Brown. Stjarna Whitney skein bjart en ásókn þeirra beggja í eiturlyf á borð við krakk og kókaín varð þó fljótlega til þess að frægðin og framinn yfirgaf hjónakornin á svipstundu.

Þótt bæði reyndu að blása af öllum mætti á eiturlyfjasögur og hjónaerjur þá lagði Whitney fram kæru á hendur Bobby í maí 2004 fyrir heimilisofbeldi. Hún hefur boðað endurkomu sína á tónlistarsviðið og kom meðal annars fram á góðgerðarsamkomu í febrúar á þessu ári og þótti standa sig vel. Bobby og Whitney skildu í apríl 2007 og samkvæmt dómsúrskurði þarf Whitney ekki að greiða fyrrverandi eiginmanni sínum krónu og hefur fullt forræði yfir dóttur þeirra.

LYFJA
- Lifið heil

www.lyfja.is

+ með hjartað á réttum stað

Þú ert með hjartað á réttum stað í verslunum Lyfju. Þar getur þú styrkt hjörtu landsmanna og þitt eigið með því að kaupa merki Hjartaheilla. **Merkið kostar 1.000 kr. en ágóðinn af söfnuninni rennur til kaupa á hjartagreiningartæki fyrir Landspítala - háskólasjúkrahús.**

ÍSLENSKA SÍA.IS LYF 45588 03/09

Hvernig er þrýstingurinn?

Við í Lyfju mælum í þér blóðþrýsting og blóðfitu. Þannig færðu mikilvægar vísbendingar um heilsufar þitt. Með því tekur þú ábyrgð á eigin heilsu og getur gripið inn í með breyttu líferni til að bæta líðan þína.

Láttu hjartað ráða för og pantaðu skoðun í Lyfju Lágmúla eða Smáratorgi.

Af hverjum seldum mæli renna 500 kr. til Hjartaheilla.

+15% afsláttur í mars MICROLIFE blóðþrýstingsmælir
Sjálfvirkur, einfaldur í notkun og nákvæmur. Minni: 30 niðurstöður.

Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Setbergi - Spönginni - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Blönduósi - Hvammstanga
Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík

Það vorar fyrr en varir

Eftirlætisárstími margra er að renna upp. Með túlípönum, lóunni, sundferðum og ísbíltúrum. Þótt enn sé hret úti fór *Júlía Margrét Alexandersdóttir* í gegnum myndaalbúm gamalla reykvískra vora.

BARN Í BEISLI Tvær frúr með hatta og barn í beisli á Austurvelli. Árið er 1989.

PYLSUSTUND Þrjár eldri konur gæða sér á pylsum á torginu fyrir neðan Lækjarbrekku árið 1988. MYND/365/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Fagor þvottavél

PIPAR • SÍA • 90535

A+ Orkunýtni

A Þvottahæfni

B Þeytivinda

Fagor þvottavél

3F-111

1100 snúninga þeytivinda.
5kg hleðsla.

Tilboð 75.900

RÖNNING

Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200

FASTUR LIÐUR EINS OG VENJULEGA Það vissi á sumar þegar útitafl Jóns Gunnars Árnasonar var dregið fram við Lækjargötu.

LÉTTKLÆDD AÐ LEIK Börn á barnaheimilinu Ósi við Bergþórugötu árið 1999. Frá vinstri eru Hermann Gunnarsson, Pétur Karlsson og Bergur Gunnarsson Nordal til hægri.

SÓLBAÐSSTAÐURINN AUSTURSTRÆTI Árið 1986 var Gleðibankaárið mikla. Og eins og sjá má lék veðrið þarna við gesti Austurstrætis.

STUND MILLI STRÍÐA Starfsmaður Reykjavíkurborgar slappar af rétt áður en hann heldur áfram til við að hreinsa götur borgarinnar árið 1989.

Skemmtilegustu ferminga afirnar

Apple iPod Nano

Þynnsti iPod Nano hingað til. Falleg hönnun á þessu öfluga tæki. Hægt er að horfa á kvikmyndir, ljósmyndir, spila tölvuleiki eða bara hlusta á tónlist.

- 8 GB geymslupláss
- 2'' skjár (320x240pix upplausn)
- Líftími rafhlöðu allt að 24 klst
- Spilar ACC. Mp3, Mp3 VBR, Audible, Apple L
- Hreyfiskynjari gerir það mögulegt að skipta um lag með því að hrista spilarann



35.999

~~38.999~~

MP3 spilari

SanDisk

Sandisk Sansa Clip
Ótrúlega nettur MP3 spilari með skjá, útvarpi með stöðvaminni inbyggðum diktafón.
Sansa Clip MP3 spilari
- LCD skjár
- Spilar MP3 og WMA
- FM útvarp
- Diktafónn með innbyggðum míkrafón
- 15 klukkustunda rafhlöðuending

2GB **8.999**

4GB KR. 12.999

Margmiðlunarspilari

SanDisk

Sandisk Sansa Fuze
Flottur margmiðlunarspilari sem spilar video, tónlist og ljósmyndir. Er með útvarpi og möguleika á stækkun með minniskorti.
- 1.9" LCD litaskjár
- Spilar MP3 og WMA
- FM útvarp
- Spilar Videó, tónlist og ljósmyndir
- Diktafónn með innbyggðum míkrafón
- Tekur microSD kort
- 24 klukkustunda rafhlöðuending



8GB KR. 22.999

4GB **17.999**

Sjónvarpsflakkari

ARGOSY
margmiðlunarspilari
- 500GB SATA,
- USB2 margmiðlunarspilari,
- 720p upscaling,
- SCART, HDTV, Coaxial ofl.

29.999

Ný sending
Nú með HDMI tengi

Minnislykill

SanDisk

Sandisk Cruzer Minnislykill
Ótrúlega lítill og flottur USB minnislykill frá Sandisk sem gerir þér kleyft að taka gögnin þín með þér hvert sem þú ferð.
- LED ljós sem lýsir þegar kveikt er á honum
- Flott hönnun
- USB 2.0, Styður Vista Ready Boost
- Virkar fyrir PC og Mac

4GB **2.799**

8GB KR. 4.499

Margmiðlunarspilari

SanDisk

Sandisk Sansa View
Stórglæsilegur margmiðlunarspilari með 2.4" skjá sem spilar video, tónlist og ljósmyndir.
- 2.4" LCD litaskjár (320x240)
- Spilar MP3, WMA, AAC, WAV og Audible
- FM útvarp
- Sýnir ljósmyndir og kvikmyndir
- Endist í allt að 35 tíma í tónlist og 7 tíma af kvikmyndum
- Stækkanlegur með microSDHC
- Innbyggður diktafónn

16GB KR. 39.999

8GB **29.999**

TOSHIBA

L300D-14Y
- AMD Dual Core X2 QL-62 Turion64 örgjörvi, 2.0GHz
- 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400RPM harðdiskur
- 15.4" WXGA TruBrite skjár með 1280x800 upplausn
- 256MB ATI Radeon 3100 PCI-E16X skjástýring með HyperMemory
- 0.3MP vefmyndavél sem þekkir andlit
- Windows VISTA Home Basic

99.999



James Bond Quantum of Solace fylgir Toshiba tölvunum hér að ofan

FYLGIR

149.999

TOSHIBA

P300-1DA
- Intel Pentium Dual-Core T3200 2.0GHz
- 3 GB DDR 800 MHz
- 250GB SATA 5400rpm diskur
- 17" WXGA TRUBRITE 8ms Skjár
- 256MB ATI HD3470 Skjákort HDMI
- 1.3 MP vefmyndavél sem greinir andlit
- Windows Vista Home Premium

BT

BT Smáralind • BT Akureyri • www.bt.is • Sími 550 4444

Flaug á hausinn í hvítum galakjól með fiðluna í fanginu

Ungfrú Reykjavík, **Magdalena Dubik**, er af tónlistarfólki komin í báðar ættir en faðir hennar er, líkt og hún sjálf, fiðluleikari. Þar til fegurðarsamkeppni Íslands verður haldin í vor starfar Magdalena á Elliheimilinu Grund samhliða tónlistarnámi. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* fékk Magdalenu í yfirheyrslu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ELSKAR FIÐLUSÓNÖTU CESARS FRANCK Magdalena Dubik segist geta spilað fiðlusónötu Francks út í það óendanlega.

ÞRIÐJA GRÁÐAN

FULLT NAFN: Magdalena Dubik

FÆÐINGARÁR: 8. nóvember 1987

Á HUNDAVAÐI: Hefur unnið sem fiðluleikari undanfarin ár. Spilað sem aukamaður í Sinfóníuhljómsveit Íslands, Óperunni og öðrum uppákomum. Hefur starfað í Háskólabíói og var þjónustustúlka á veitingastaðnum Skólabrú

Vandræðalegasta augnablikið? Það var án efa þegar ég var úti í Þýskalandi að fara að spila einleik með hljómsveit á stórum galatónleikum. Ég var í þessum fallega, hvíta síðkjól en því miður flækt-ist hann í einhverjum snúrum, þar sem tónleikarnir voru hljóðritaðir, og ég flaug beint á hausinn með fiðluna í fanginu. Ég þakkaði bara guði fyrir að hafa ekki brotið fiðluna né bogann í öllu þessu. Ég hef aldrei spilað jafnvel og ég gerði á þessum tónleikum en það var eflaust út af því að allt stressið og feimnin var farin eftir þetta vandræðalega atvik.

Gáfulegustu orð sem þú hefur heyrt? Fyrirgefning sparar útgjöld reiðinnar, byrði hatursins og sóun orkunnar.

Hvaða íslensku tónlistarmenn finnst þér standa fremstir í dag? Það hefur alltaf verið Sigur Rós.

Vorið er skemmtilegt því þá… …er náttúran að vakna til lífsins.

Ef ég fengi hlutverk í bíómynd yrði það hlutverk að vera… …létt og skemmtilegt eins og t.d. Rachel í Friends.

Það sem heillar mig í fari fólks er… …heiðarleiki og lífsgleði.

Næst þegar ég fer út að borða ætla ég að… …fara á Caruso og fá mér góðan pastarétt.

Ef þú yrðir að vera einhver fræg manneskja í einn dag, hver myndi það vera? Angelina Jolie, það er ábyggilega frábær tilfinning að geta hjálpað öðrum og látið svo mikið gott af sér leiða eins og hún hefur gert. Fyrir utan það væri ekkert slæmt að geta kysst Brad Pitt.

Þú ferð í skemmtiferð til Akureyrar. Hvað ætlarðu að gera? Fara í Kaldbaksferð, borða á Bautanum, fara í bátsferð í Eyjafirði og á skíði í Hlíðarfjalli.

Yfir hverju hefurðu mestar áhyggjur í augnablikinu? Eðlisfræðiprófinu.

Hvaða kæki ertu með? Ég læt braka eða smella í liðamótum, til dæmis í puttum.

Þú ert að fara á grímuball. Í hverju ferðu? Ég færi sem Jasmín úr Aladdin.

Hvað er það besta sem þú hefur bragðað um ævina? Tíramísú-ið hans pabba.

Eftirlætissjónvarpsþáttur? Grey's Anatomy, Bones og Friends. Þessir þrír eru í miklu uppáhaldi hjá mér.

Hvaða frasa ofnotar þú? „Sko málið er…"

Frægasti ættinginn þinn? Hún mamma mín, Alina Dubik.

Hverju ertu hrifnust af í eigin herbergi? Rúminu mínu.

Eftirlætistónskáld? Cesar Franck og fiðlusónatan sem hann skrifaði. Ég fæ aldrei nóg af henni, get spilað og hlustað á hana endalaust.

Eftirlætislitir á klæðnaði? Svartur og rauðbleikur.

Eftirlætisfegurðardrottning fyrr og síðar? Unnur Birna.

Og að lokum – fallegasti veraldlegi hlutur sem þú hefur séð? Landmannalaugar er fallegasti staður sem ég hef séð hingað til.

HEFUR HAFT AÐALSTARF SEM FIÐLULEIKARI UNDANFARIN ÁR. Magdalena hefur hlaupið í skarðið í Sinfóníuhlómsveit Íslands þegar vantað hefur fiðluleikara síðustu árin.

SJÚKRATRYGGINGAR ÍSLANDS
LAUGAVEGI 114-116
150 REYKJAVÍK

Sjúkratryggingar Íslands

Átt þú rétt á endurgreiðslu vegna læknskostnaðar?

Þessa dagana eru Sjúkratryggingar Íslands að endurgreiða yfir 14.000 manns kostnað vegna læknisþjónustu á árinu 2008.

Skráðu þig inn á **www.tryggur.is** með sama aðgangsorði og þú notar hjá skattyfirvöldum og kannaðu hvort þú átt rétt á endurgreiðslu.

Nánari upplýsingar um forsendur endurgreiðslu eru á **www.tr.is**. Einnig má hafa samband við þjónusturáðgjafa í síma **560-4460**.

Sjúkratryggingar Íslands leggja sitt af mörkum til að lágmarka kostnað við opinbera stjórnsýslu og senda því ekki bréf um rétt til endurgreiðslu á lækniskostnaði að sinni. Þess í stað eru endurgreiðslur lagðar beint inn á bankareikninga rétthafa. Ef upplýsingar um bankareikning eru ekki fyrirliggjandi hjá stofnuninni má skrá þær á **www.tr.is** eða hringja í síma **560-4460**.



Steingrímur J. Sigfússon:

Nú er tími til framkvæmda

Stjórnvöld hafa ýtt ýmsum úrræðum úr vör til að styðja við atvinnulífið, vinnumarkaðinn og heimilin í þeirri efnahagslægð sem nú ríkir. Þær aðgerðir sem hér eru kynntar er ætlað að hvetja til aukinna framkvæmda í byggingariðnaði og að slíkar framkvæmdir séu gefnar upp. Með þessari hvatningu vilja stjórnvöld styðja við byggingariðnaðinn, efla atvinnu í landinu og auðvelda heimilum viðhald og uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Aukin endurgreiðsla virðisaukaskatts gagnast ekki síður húsfélögum og sveitarfélögum og lækka verð á viðhaldi og byggingarkostnaði. Þessar aðgerðir eru tímabundnar og því er lag að nýta tækifærið og hefja framkvæmdir nú.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts af vinnu við nýbyggingar og viðhald

Alþingi samþykkti nýverið lög um 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu á byggingarstað, bæði íbúðarhúsnæðis og sumarhúsa. Nýju lögin eru tímabundin ráðstöfun og gilda til 1. janúar 2011. Sérstök athygli er vakin á því að lögin ná til nýframkvæmda og viðhalds sumarbústaða.

Brettum upp ermar og látum verkin tala

Marga iðnaðarmenn vantar vinnu og það er margt sem má laga og bæta. Nú slá þeir sem vilja og geta tvær flugur í einu höggi. Fá vinnufúsum höndum verðug verkefni á heimilum sínum og sumarhúsum - verkum sem sum hver hafa dregist um of. Næstu tvö árin þarf ekki að borga virðisaukaskatt af vinnu iðnaðarmannanna og trúlega hefur sjaldan eða aldrei verið auðveldara að fá þá til starfa. Nú er tækifæri fyrir þá sem geta að leggja lóð sín á vogarskálarnar og taka þátt í endurreisn a tvinnulífsins. Margt smátt gerir eitt stórt.

Íbúðaeigendur!

Látið vaskinn ekki fara í vaskinn, fáið hann endurgreiddan

Auk vinnu iðnaðarmanna á borð við málara, smiði, pípara, múrara, dúklagningamenn, rafvirkja, skrúðgarðyrkjumeistara o.s.frv. tekur endurgreiðslan til vinnu hönnuða, arkitekta, verkfræðinga, tæknifræðinga og löggiltra eftirlitsaðila.

Meistarafélög

Innan raða Samtaka iðnaðarins eru starfandi fjölmörg félög og fyrirtæki sem hafa á að skipa löggiltum fagmönnum til hvers kyns framkvæmda.

Mannvirki - félag verktaka
Félag blikksmiðjueigenda
Félag skrúðgarðyrkjumeistara
Málarameistarafélagið
Meistarafélag byggingarmanna á Norðurlandi
Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði
Meistarafélag Suðurlands

NÚ ER RÉTTI TÍMINN

Nú er rétti tíminn til að ráðast í nýjar framkvæmdir og huga að endurbótum og viðhaldi. Út næsta ár geta eigendur íbúðahúsnæðis fengið VSK af vinnu á byggingastað endurgreiddan og nú þarf enginn að stunda nótulaus viðskipti til að spara sér eyrinn. Góðir iðnaðarmenn í öllum greinum bjóða fram vinnufúsar hendur og hugvit. Á liðnum árum hefur nánast verið ógjörningur að fá góða fagmenn til að sinna nauðsynlegum verkum vegna stórra og viðamikilla verkefna. Nú eru aðrir tímar og kjörið tækifæri fyrir íbúðaeigendur að láta hendur standa fram úr ermum og laga þakið, endurnýja drenlagnir, endurnýja glugga og gler, pússa parket, yfirfara raflagnir, færa skilveggi, opna rými eða loka þeim. Ekkert verkefni er of smátt og ekkert of stórt. Reglur um tímabundna endurgreiðslu VSK af vinnu gagnast öllum óháð umfangi.

Veljið rétt, veljið meistara til verksins

Ábyrgð meistara í byggingariðngreinum er lögbundin. Það er því ótvíræð gæðatrygging fyrir viðskiptavininn að skipta við meistara og fagmenn sem hafa tilskilin réttindi. Því vilja Samtök iðnaðarins hvetja fólk til að skipta aðeins við löggilta meistara með tilskilin réttindi.
Þegar skipt er við aðra en iðnaðarmenn er engin trygging fyrir gæðum verksins. Slík viðskipti eru því miður oft nótulaus og þá getur verið erfitt fyrir verkkaupa að leita réttar síns ef eitthvað út af ber. Meistarinn ber stoltur ábyrgð á verki sínu. Forðist fúsk! Veljið rétt, veljið meistara til verksins.

Dæmi um endurmálun íbúðar

Heildarkostnaður: 480.000 kr.
Þar af vinna á staðnum: 321.000 kr.
Endurgreiðsla: 63.300 kr.

Endurgreiðsla VSK jafngildir 10 til 15%* af heildarframkvæmdakostnaði

*Fer eftir umfangi vinnuliðar

Allar nánari upplýsingar um endurgreiðslu virðisaukaskatts og nauðsynleg eyðublöð er að finna á
www.si.is/vsk/

VIRGINIA WOOLF LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1941.

„Megnið af mannkynssögunni hefur konan verið nafnlaus.“

Breski rithöfundurinn Virgina Woolf var í hópi áhrifamestu rithöfunda 20. aldar.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 28 MARS ÁRIÐ 1875

Gríðarlegt gos í Öskju

Þennan dag árið 1875 varð gríðarlegt gos í Öskju í Ódáðahrauni. Víða í Ódáðahrauni rísa hæðir og fjöll. Meðal þeirra fjalla má nefna Dyngjufjöll, sem eru megineldstöð og talið er að eldgos í þeim hafi verið tíð allt frá ísaldarlokum. Fjöllin mynda eina öskju eða Öskju í Ódáðahrauni.

Lítið er vitað um gos í Öskju en hún var nánast óþekkt eldstöð þar til eldgosið hófst þar 29. mars árið 1875. Gosið var nefnt Öskjugos eða Dyngjufjallagos og hafði mikil áhrif á Austurlandi. Áhrifin voru í raun slík að stór hópur fólks af Austfjörðum flutti til Vesturheims eftir gosið.

Askja hefur nokkrum sinnum látið á sér kræla á þessari öld en síðasta gosið var árið 1961.

MERKISATBURÐIR

1797 Einkaleyfi fæst fyrir fyrstu þvottavélinni í Bandaríkjunum.

1881 Tveir menn ganga á hafís alla leiðina frá Siglufirði til Akureyrar.

1909 Safnahúsið við Hverfisgötu (sem nú heitir Þjóðmenningarhúsið) er vígt. Í upphafi hýsti húsið Forngripasafnið, Landsbókasafnið, Landsskjalasafnið og Náttúrugripasafnið.

1930 Nöfnum tyrknesku borganna Konstantínópel og Angóra er breytt í Istanbúl og Ankara.

1986 Sex þúsund útvarpsstöðvar um allan heim spila lagið We are the world samtímis til styrktar aðgerðum gegn hungursneyð í Afríku.

AFMÆLISBÖRN

MAGNÚS SÆMUNDSSON, fyrrverandi oddviti og hreppstjóri í Kjós, er 75 ára.

BIRGITTA JÓNSDÓTTIR KLASEN náttúrulæknir er 57 ára.

ÁSTA ARNARDÓTTIR jógakennari er 45 ára.

HARPA ARNARDÓTTIR leikkona er 45 ára.

80 ára afmælí

Þann 29. mars verður

Olgeir Olgeirsson

vélstjóri áttræður.

Í tilefni af því þætti honum vænt um að vinir og ættingjar samgleddust með honum laugardaginn 28. mars milli kl. 16 og 18 í sal Sjálfstæðismanna, Álfabakka 14 á 3. hæð.

90 ára afmælí

Kristján Helgi Guðmundsson

frá Bílduhóli á Skógarströnd, bóndi á Minna-Núpi í Gnúpverjahreppi, verður 90 ára þriðjudaginn 31. mars. Hann verður að heiman.

Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson · Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990



Erfidrykkjur af alúð

Hótel Saga annast erfidrykkjur af virðingu og alúð. Fágað umhverfi, góðar veitingar og styrk þjónusta.

Sími: 525 9930
hotelsaga@hotelsaga.is
www.hotelsaga.is

Radisson SAS SAGA HOTEL, REYKJAVÍK

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.** Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

GUÐMUNDUR EGGERTSSON: FJALLAR UM DNA-LÍKAN WATSONS OG CRICKS

Fáa óraði fyrir þeim ótal möguleikum sem opnuðust

Byltingamenn vísindanna er yfirskrift á fyrirlestraröð á vegum Félags áhugamanna um heimspeki. Í dag mun Guðmundur Eggertsson, prófessor í líffræði, gera framlagi þeirra James D. Watson og Francis Crick skil en þeir settu fram líkan af DNA-kjarnsýrunni árið 1953.

„Í fyrirlestrinum verður fyrst rakinn aðdragandi þess að þeir Watson og Crick settu fram DNA-líkanið. Böndin höfðu þá borist að DNA sem erfðaefni lífvera eftir að prótín höfðu lengi verið talin líklegri til að gegna því hlutverki. Hvort tveggja finnst í litningum og menn vissu að litningar báru genin. Hins vegar var óljóst með öllu hvernig bæði byggingu og starfsemi DNA væri háttað. Líkan Watsons og Cricks lyfti hulunni af byggingu DNA-sameindarinnar og gaf sterkar vísbendingar um starfsemi hennar,“ segir Guðmundur.

Þeir félagar höfðu einbeitt sér að DNA-sameindinni um tveggja ára skeið en Guðmundur segir athyglisvert að þeir gerðu engar tilraunir sjálfir heldur nýttu sér þær upplýsingar sem voru fyrir hendi. „Aðalatriðið er að þeir komu fram með líkan sem var mjög sannfærandi. Það var svo fallegt að margir sögðu að þess vegna hlyti það að vera rétt en það var ekki að fullu sannað þegar þeir settu það fram.“

Líkanið opnaði dyr fyrir margvíslegar rannsóknir á starfsemi frumunnar. „Þó að bygging sameindarinnar væri ljós tók við að skýra hvernig erfðaefnið gegndi hlutverki sínu. Í ljós kom að röð eininga í DNA-sameindinni ákvarðar röð eininga í prótín-sameindum sem eru helstu starfssameindir frumunnar. Samsvörunin á milli þessara raða er kallað erfðatáknmálið,“ segir Guðmundur.

Síðar hefur tækninni fleytt fram og fundu menn aðferðir til að fást við DNA með erfða- eða líftækni. „Nú er hægt að raðgreina erfðaefni manns á nokkrum dögum. Eins geta menn rannsakað DNA úr löngu látnu fólki og jafnvel löngu útdauðum tegundum. Þegar líkanið var sett fram á sínum tíma dreymdi fáa um að nokkurn tímann yrði hægt að raðgreina erfðaefni tegunda,“ segir Guðmundur.

MIKILVÆG UPPGÖTVUN Guðmundur segir fáa hafa dreymt um að nokkurn tímann yrði hægt að raðgreina erfðaefni tegunda er DNA-líkanið var sett fram um miðja 20. öld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Guðmundur segir merkilegt hvað erfðafræðin var komin langt í að skilgreina starfsemi gena án þess að vita úr hverju þau voru gerð áður en uppgötvun Watsons og Cricks var kunngjörð. „Erfðafræðingar voru búnir að rannsaka gen í langan tíma og vissu hvernig þau erfðust og stjórnuðu erfðaeiginleikum lífvera. Þeir vissu bara ekki úr hverju þau voru eða hvernig þau störfuðu. Þeirra framlagi var því ekki kollvarpað með uppgötvun Watsons og Cricks heldur var hún nauðsynleg viðbót.“ Oft er talað um að bylting hafi orðið í líffræðinni þegar líkanið var sett fram og mun Guðmundur staldra við þá fullyrðingu.

Fyrirlesturinn fer fram í sal tvö í Háskólabíói klukkan eitt í dag. Síðasti fyrirlesturinn í fyrirlestraröðinni verður svo laugardaginn 4. apríl en þá fjallar Eyja Margrét Brynjarsdóttir heimspekingur um Thomas Kuhn og vísindabyltingar almennt.

vera@frettabladid.is

Útfararþjónusta Davíðs Ósvaldssonar ehf.

Davíð Ósvaldsson
Útfararstjóri
S. 896 6988 / 553 6699

Óli Pétur Friðþjófsson
Útfararstjóri
S. 892 8947 / 565 6511

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar systur okkar og mágkonu,

Sigríðar Guðbjörnsdóttur

Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, áður til heimilis að Reynimel 92.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hlíðarbæjar, L1 Landakoti og Hjúkrunarheimilisins Skógarbæjar fyrir góða umönnun.

Gyða Guðbjörnsdóttir **Stefán Björnsson**
Sigurlaug Guðbjörnsdóttir.

NAFNIÐ MITT: BOGEY RAGNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR

Þykir vænt um nafnið

„Mér hefur alltaf þótt mjög vænt um nafnið. Ég var skírð í höfuðið á móður minni sem lést áður en ég var skírð, eða þegar ég var um eins árs," segir Bogey Ragnheiður Jónsdóttir sjúkraliði, en aðeins ellefu kvenmenn heita þessu nafni samkvæmt þjóðskrá, en líklega er meirihluti kvennanna skyldur Bogeyju, því hún á bæði frænkur og tvö barnabörn sem heita þessu nafni.

Að sögn Bogeyjar var móðir hennar með þeim fyrstu sem var gefið þetta nafn. „Móðir mín var skírð í höfuðið á hjónum sem amma mín og afi unnu hjá í Hringsdal fyrir vestan. Maðurinn hét Bogi og konan Ragnheiður. Foreldrar mínir ákváðu að bæta ey fyrir aftan bog til að breyta því í kvenmannsnafn. Mér hefur fundist á þeim sögum sem ég hef heyrt að þetta hafi verið eitthvað sem þau fundu upp hjá sjálfum sér. Þó getur vel verið að nafnið hafi þekkst áður."

Hún segir marga hvá þegar þeir heyra nafnið fyrst og þurfi oft að fá að heyra það aftur. „Sumir halda í fyrstu að það sé jafnvel útlenskt en aðrir vilja bæta í það aukastöfum eins og Borgey."

ÁNÆGÐ Bogey Ragnheiður Jónsdóttir var skírð í höfuðið á móður sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

---

†

Okkar elskulegi faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Hákon Þorsteinsson
Lindargötu 57, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum Landakoti deild K2 fimmtudaginn 26. mars. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 3. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Umhyggju, Félag langveikra barna, s. 552 4242.

Guðrún R. Ingibergsdóttir
Sigþór Hákonarson
Hákon Hákonarson
Margrét Hákonardóttir
Baldvin Einarsson
Lilja Bragadóttir
Kristín Kristjánsdóttir
Eyjólfur Jóhannsson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

---

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Halldór Viðar Pétursson
bryti, Hrafnistu í Hafnarfirði, áður til heimilis að Gullsmára 8, Kópavogi,

lést laugardaginn 21. mars. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 31. mars kl. 15.00.

Vilhjálmur Örn Halldórsson
Kolbrún Halldórsdóttir
Elín Huld Halldórsdóttir
Sigrún Halla Halldórsdóttir
Pétur Már Halldórsson
Svanfríður Ásgeirsdóttir
Ágúst Pétursson
Gunnar Theodór Þorsteinsson
Sigurlína Margrét Magnúsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Okkar ástkæri sonur, bróðir, unnusti og vinur,

Kristinn Guðbjartsson
Flétturima 33, Grafarvogi,

lést á heimili sínu laugardaginn 21. mars. Útförin fer fram í Grafarvogskirkju fimmtudaginn 2. apríl kl. 13.00.

María Baldursdóttir Guðbjartur J. Sigurðsson.
Grétar Örn Valdimarsson, Páll Valdimarsson,
Vilhjálmur Valdimarsson, Margrét Valdimarsdóttir,
María Ósk Guðbjartsdóttir, Alexander Aron Guðbjartsson,
Íris Ísberg.

---

†

Ástkær móðir okkar,

Fjóla Bjarnadóttir
Kirkjuvegi 5, Reykjanesbæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, fimmtudaginn 26.mars. Útförin auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,
Stefán Haraldsson
Guðrún Haraldsdóttir

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Þórdís Hansen
Mosabarði 6, Hafnarfirði,

lést 22. mars á Hrafnistu í Hafnarfirði. Sálumessa verður sungin frá St. Jósefskirkju í Hafnarfirði þriðjudaginn 31. mars kl. 13.00.

Ólafur Árni Torfason
Jón Marías Torfason
Helena Högnadóttir
Viktoría Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samhug og vinarþel við andlát og útför okkar kæra

Ásgríms Pálssonar
frá Engidal, Kleifarási 2, Reykjavík.

Læknunum Birni Einarssyni og Jóni Eyjólfi Jónssyni, starfsfólki í Maríuhúsi og á deild L-4, Landspítala, Landakoti, er þökkuð hlýja og virðing við umönnun og einstök elskusemi. Sr. Sigurði Jónssyni þökkum við styrkan stuðning.

Guðrún Svava Bjarnadóttir
Bjarni Ásgrímsson
Aris Bjarnadóttir-Miller
Diane Miller

---

†

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Árni Lárusson
Lindarsíðu 4, Akureyri,
áður Hvammi, Dalvík,

lést á Kjarnalundi Akureyri fimmtudaginn 26. mars. Jarðarför auglýst síðar.

Jóhann Páll Árnason
Guðmundur Árnason
Óskar Árnason
María Jansdóttir
Snjólaug Gestsdóttir
Elísabet Hallgrímsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Þökkum auðsýnda samúð og hlýju vegna fráfalls ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Ernu Jónsdóttur
Pósthússtræti 3, Keflavík,

sem lést 2. mars sl. Sérstakar þakkir fá starfsfólk D-álmu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og sr. Sigfús B. Ingvason.

Kristján Valtýsson
Valtýr Kristjánsson
Árnína Steinunn Kristjánsdóttir
Ólafur Már Kristjánsson
Helga Lúthersdóttir
Kristján Árni Jakobsson
Berglind Helga Matthíasdóttir
og barnabörn.

---

†

Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegrar,

Huldu Einarsdóttur
frá Eyrarlandi, Eyjafjarðarsveit.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki dvalarheimilisins Kjarnalundar fyrir góða umönnun. Fyrir hönd aðstandenda,

Einar Benediktsson.

---

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir og amma,

Soffía Jónsdóttir
Álftamýri 37, Reykjavík,

lést föstudaginn 20. mars á Droplaugarstöðum. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Snorri Jónsson
Jón Snorri Snorrason
Tryggvi Jónsson
Hildur Jónsdóttir
Snorri Jónsson.

---

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristín Pétursdóttir
Hraunbæ 103, Reykjavík,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Grund laugardaginn 21. mars, verður jarðsungin frá Árbæjarkirkju í Reykjavík þriðjudaginn 31. mars kl. 13.00.

Vigdís Kjartansdóttir
Pétur Sævar Kjartansson
Ólafur Marel Kjartansson
Þorvarður Þórðarson
Ingibjörg Hrönn Sveinsdóttir
Guðný Védís Guðjónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Ellert Erlendsson
Höfðabraut 3, Akranesi,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut 20. mars. Útförin fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 2. apríl kl. 14.00.

Áslaug Valdimarsdóttir
Lilja Ellertsdóttir
Jón Ellert Guðnason
Áslaug Kristín Guðnadóttir
Gunnar Þór Gunnarsson
Gunnar Þór Garðarsson
Arnþrúður Kristjánsdóttir
Eva Lind Matthíasdóttir
og langafabörn.

---

†

Innilegar þakkir til allra sem sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Guðmundar Sigurjóns Finnssonar
Huldugili 9, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks dvalarheimilisins Hornbrekku, Ólafsfirði.

Lilja Sigríður Guðmundsdóttir
Steinunn Oddný Guðmundsdóttir
Guðmundur Finnur Guðmundsson
Kristín Björk Guðmundsdóttir
Jón Birgir Guðmundsson
Baldur Snævarr Tómasson
Björgvin Sveinn Jónsson
Rósa Jennadóttir
Guðmundur Jóhannesson
Þórunn Guðlaugsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Viltu skjól á veröndina?

Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.

www.markisur.com • www.markisur.is

Veðrið verður ekkert vandamál

Hrein fjárfesting ehf

REX

Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

Námskeið fyrir þig!

Námskeið á vegum Endurmenntunar Landbúnaðarháskóla Íslands

Ræktum okkar eigin ber
Í samstarfi við Garðyrkjufélag Íslands og Græna geirann
Kennarar: **Guðríður Helgadóttir** forstöðumaður LbhÍ Reykjum og **Jón Kr. Arnarson** verkefnisstjóri LbhÍ
Tími: 18. apríl,
kl. 9:00-15:00 á Hvanneyri
Verð: kr. 12.000

Að breyta sandi í skóg - endurheimt skóglendis á örfoka landi
Kennarar: **Ása L. Aradóttir** prófessor við LbhÍ, **Hreinn Óskarsson** skógfræðingur hjá Hekluskógum og **Guðmundur Halldórsson** rannsóknarstjóri Landgræðslu ríkisins.
Tími: 3. apr. kl. 16:00-19:00 og 4. apríl kl. 9:00-17:15 í Gunnarsholti
Verð: kr. 15.900.

Ræktun áhugaverðra krydd-, lauk- og matjurta í eigin garði
Í samstarfi við Garðyrkjufélag Íslands og Græna geirann
Kennari: Auður Jónsdóttir garðyrkjufræðingur.
Tími: 4. apríl kl. 9:00-15:00 hjá LbhÍ á Reykjum, Ölfusi
Verð: kr. 12.000

Girðinganámskeið í Gunnarsholti
Kennarar: **Grétar Einarsson** bútæknifræðingur hjá LbhÍ og **Hjörtur Bergmann Jónsson** girðingarverktaki og stundakennari hjá LbhÍ
Tími: 15. apríl
kl. 8:30-18:00 í Gunnarsholti
Verð: kr. 13.400

Heimavinnsla mjólkurafurða - Skref 1
Kennari: **Þórarinn Egill Sveinsson** mjólkurverkfræðingur
Tími: 15. apríl
kl 13:00-16:00 á Egilsstöðum
Verð: kr. 4.000

Heimavinnsla mjólkurafurða - Skref 2
Kennari: **Þórarinn Egill Sveinsson** mjólkurverkfræðingur
Tími: 29. apríl
kl. 10:00-17:00 á Egilsstöðum
Verð: kr. 4.000

Beltin bjarga
Kennsla í ræktun skjólbelta.
Kennari. **Samson B. Harðarson** lektor við LbhÍ
Tími: Boðið verður upp á fjögur námskeið:
I: 22. apríl
kl. 10:00-16:00 á Hvanneyri
II: 27. apríl
kl. 10:00-16:00 í Fnjóskadal
III: 28. apríl
kl. 10:00-16:00 á Egilsstöðum
IV: 30. apríl
kl. 10:00-16:00 á Suðausturlandi
Verð: kr. 14.500

Ræktun matjurta í sumarbústaðalandinu
Kennarar: **Gunnþór Guðfinnsson** umhverfisstjóri Ölfuss og **Úlfur Óskarsson** lektor við LbhÍ
Tími: 9. maí
kl. 9:00-15:00 hjá LbhÍ, Reykjum, Ölfusi
Verð: kr. 12.000

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

Allar nánari upplýsingar má finna á www.lbhi.is/namskeid
Skráning fer fram á endurmenntun@lbhi.is eða í síma 433 5000

NOKKUR ORÐ

Ragnheiður Tryggvadóttir

Eigum við að rækta hass?

Við þvottadrengurinn erum löghlýðið fólk. Sakaskráin er skínandi hrein og ætlunin að halda henni svo. Við fréttum bara af glæpum í sjónvarpinu. Þar virðist vera nóg af þeim en undanfarið hefur lögreglan staðið í ströngu við að uppræta kannabisverksmiðjur úti um allan bæ. Magnið er þvílíkt að það hlýtur að höggva eitthvert skarð í markaðinn og við þvottadrengurinn grínuðumst með það yfir kvöldfréttunum að þarna væri kannski komin lausn á greiðsluvanda heimilisins.

Ég hélt allavega að við værum að grínast.

Þvottadrengurinn var hins vegar mjög áhugasamur og útlistaði fyrir mér að einmitt vegna þess að við værum löghlýðið venjulegt fólk myndi engan gruna okkur um neitt misjafnt. Ræktunin þyrfti bara að fara fram úr alfaraleið en þó á einhverjum stað sem okkur væri eðlilegt að heimsækja. Ég benti hlæjandi á skrælnaðar pottaplönturnar í eldhúsglugganum og sagði okkur aldrei geta ræktað eitt né neitt. Þar með hélt ég að málið væri úr sögunni, en mér skjátlaðist. Drengurinn vakti mig um miðja nótt rjóður í kinnum af spenningi og sagðist vera búinn að finna lausnina. Hann fengi tengdamóður sína í lið með sér! Hugmyndin væri fullkomin. Ekki nóg með að tengdó hefði græna fingur heldur byggi hún í afskekktri sveit úr alfaraleið. Engan myndi nokkurn tímann gruna neitt. Þau gætu ræktað heilan hampskóg. Ég trúði ekki mínum eigin eyrum en þvottadrengurinn var kominn á flug. Hann æddi fram og aftur um gólfið, talandi um vatnsræktun og flúorlampa og lífrænan áburð. Ég rétt náði að rífa af honum símtólið þar sem hann var að hringja í grandalausa móður mína um hánótt með spurninguna „eigum við að rækta saman hass?“ á vörunum.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

ÚRVAL RAFTÆKJA

– gæði á betra verði

INNBYGGÐUR **DVD SPILARI**

TOSHIBA

Toshiba 19DV550PG
19" LCD Sjónvarp með innb. fjölkerfa DVD spilara, HD-READY, 1440x900 punkta upplausn, 1000:1 skerpu, Nicam Stereo DTS hljóðkerfi, Analog móttakara, HDMI, Component, Composite og Analog Audio, Scart og PC(VGA, S-Video og heyrnatólstengi.

TILBOÐ ▶ 59.990
FULLT VERÐ kr. 99.990

JVC

30GB HARÐUR DISKUR

JVC GZMG255
Digital Media TÖKUVÉL með 30GB hörðum diski og innbyggðri kyrrmyndavél, 1/3,9" upptökuflögu með 2.2 MegaPixel upplausn, 2,7" LCD skjá, F1.2 linsu, 10x Optical Zoom og 300x Digital Zoom, Dolby Digital hljóði ofl. Everio hleðslustöð með DV, SVHS, AV og USB tengi fylgir.

TILBOÐ ▶ 49.990
FULLT VERÐ kr. 79.990

SJÓNVÖRP HLJÓMTÆKI HEIMABÍÓ FERÐATÆKI MP3 SPILARAR DVD OG BLU-RAY SPILARAR MYNDAVÉLAR TÖKUVÉLAR ÚTVARPSVEKJARAR iPOD VÖGGUR OFL.

Lenco

STAFRÆNN MYNDA RAMMI

Lenco DF703
7" stafrænn LCD TFT MYNDARAMMI með 480x234 punkta upplausn og SD / MMC kortalesara.

TILBOÐ ▶ 9.990
FULLT VERÐ kr. 11.990



NETTUR **MP3 SPILARI**

PHILIPS

Philips SA2820
Lítill MP3 spilari með 2GB minni, innbyggðum diktafóni og hljóðnema, USB 2,0 og ID3. Lithium hleðslurafhlaða með 20 tíma endingu. Spilar MP3/WAV/WMA.

TILBOÐ ▶ 9.990
FULLT VERÐ kr. 11.990

MEÐ USB

Dantax

FÆRÐU VINYL PLÖTUR YFIR Á STAFRÆNT FORM

Dantax USB5
DJ PLÖTUSPILARI með innbyggðum formagnara og USB Plug & Play tengi. 10% Pitch stýring. Styður bæði 33 og 45 snúninga plötur. RCA Phono/Line út.

VERÐ ▶ 29.990
FRÁBÆRT VERÐ

OLYMPUS

VATNS HELD

Olympus MJU550SWB
Digital MYNDAVÉL með 10 milljón punkta upplausn, 3x Optical og 5x Digital Zoom, 38-114mm linsu, 2,5" LCD skjá, Image Stabilisation hristivörn, hreyfimyndatöku með hljóði, Intelligent Auto, USB 2.0 og ryðvörn. Tekur xD eða microSD kort. Vatnsheld að 3m dýpi.

TILBOÐ ▶ 29.990
FULLT VERÐ kr. 36.990

HÁGÆÐA HLJÓMTÆKI, HEIMABÓMAGNARAR OG HÁTALARAR Í MIKLU ÚRVALI

JBL
harman/kardon

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2009

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. Samkaup, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

kl. 15 á morgun.
Helgi Ólafsson, stórmeistari í skák, heldur fyrirlestur um sögu skáklistarinnar í tengslum við sýninguna Skáklist á Kjarvalsstöðum. Að loknum fyrirlestrinum er boðið upp á leiðsögn um sýninguna.

Helgi mun ræða um arabíska skák frá því um árið 1000, söguna Manntafl eftir Stefan Zweig, og skák í verkum Halldórs Laxness.

menning

menning@frettabladid.is

Börn lesa byggingar

Í dag tekur menntamálaráðherra við fyrsta eintaki nýrrar bókar sem Guja Dögg Hauksdóttir arkitekt hefur sett saman um skapandi tjáningu. Er það fyrsta bókin sem íslensk börn hafa aðgang að á sínu eigin tungumáli um byggingarlist.

Bókin Byggingarlist í augnhæð er frumkvöðlaverk á sviði fræðslu í byggingarlist fyrir börn og ungt fólk sem kemur til móts við vaxandi áhuga á manngerðu umhverfi byggingarlistar ásamt nýjum nálgunum í námi út frá persónulegri skynjun og skapandi tjáningu. Bókin er eins konar „stafrófskver í lestri bygginga“, þar sem farið er í grundvallandi þætti fegurðar, forms og rýmis með dæmum sem sótt eru að megninu til í íslenskt umhverfi og menningu. Efnið er þannig fram sett að það kveiki forvitni og örvi margvíslegar vangaveltur jafnframt því að kynna tengsl staðar og sjálfsmyndar, hráefnis og byggingarlags, hugmynda og útlits. Áhersla er lögð á opna og þverfaglega nálgun með áhugaverðum tilvísunum í snertifleti byggingarlistar við ritlist, myndlist og tónlist – ásamt sögu, samfélagsfræði og stærðfræði.

Guja tók að vinna við verkefnið eftir að Alvar Aalto-stofnunin tók að sér forystu um að móta kennsluefni fyrir börn þar í landi í byggingarlist en víða í Norður-Evrópu er námsefni af þeim toga að komast á námskrá. Guja fylgir bókinni úr hlaði á sunnudag með fyrirlestri kl. 15 um börn og byggingarlist, uppsetningu og nálgun bókarinnar og myndlýsingum af nýlegum byggingarlistarsmiðjum og verkefnum barna og unglinga sem unnin hafa verið með hliðsjón af efninu. Fáum getur blandast hugur um áhuga barna á byggingum, þau eru jú stöðugt að byggja. Efni bókarinnar hefur verið kennt í tilraunaskyni í nokkrum grunnskólum og eins við barna- og unglingadeild Myndlistaskólans í Reykjavík.

BYGGINGARLIST Guja Dögg vill að börn læri að lesa umhverfi sitt með þjálfuðum augum.

Bókin er gefin út af Arkitektafélagi Íslands og Námsgagnastofnun, og fjármögnuð með stuðningi arkitektastofa, fyrirtækja og stofnana. Skólar geta sótt bókina til Námsgagnastofnunar en hún verður einnig til sölu í Listasafni Reykjavíkur, hjá Arkitektafélagi Íslands og í helstu bókabúðum, en kennsluleiðbeiningar má sækja frítt á heimasíður útgefendanna: www.nams.is eða www.ai.is.

MYNDLIST Ólafur Elíasson setti upp tvær sýningar í gær, sem eru fyrstu einkasýningar hans á þessu ári. MYND FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

Tvö rými fyllt af verkum

Ólafur Elíasson er kominn á klakann eins og lóan. Hann opnaði í gær sýningu sem hann kallar Limboland sem er samsett af veggverkum, skúlptúrum og innsetningu. Sýningunni er dreift í tvo sali, sýningarsal Orkuveitunnar 100° og gallerí i8 á Klapparstígnum.

Sniðin grjótblökk, jeppar fastir í ám, grá ull í kassa, sólarupprás að hádegi í Reykjavík sem speglast í gráu gólfi, áttaviti sem leitar norður. Landið stendur honum nærri.

Ólafur segist ekki sjá neitt á móti því að sýningar séu á tveim stöðum. Hér sé hefð fyrir því að sýna við margs konar aðstæður. Hann vilji líka stuðla að því að list sé á dagleiðum almennings en ekki í söfnum. Nú sé ástand þannig að smærri salir séu í hættu og því nauðsynlegt að styrkja þá sem geti lifað.

Hann kallar sýninguna Limboland. Hann afneitar ekki hinum guðfræðilega uppruna orðsins: „Heitið átti að vísa til hins óákveðna, það að vera á milli staða, vita ekki hvort við förum upp eða niður. Þú ert gripinn gegn vilja þínum. Það sem er hræðilegt við ástandið hér er að fólk kaus þetta ekki. Nafnið hæfir því vel. Það er þó gott að viðurkenna limbóið, það er eina leiðin út úr því.“

Eitt verkanna á sýningunni er í vinnslu og bíður þátttöku almennings: í röð eru myndir af jeppum föstum í ám. Ólafur vill fá fleiri myndir frá almenningi sem sýna bíl fastan í flaumi. „Þetta er svo sérstakt fyrirbæri hér að fara yfir á á jeppa og þá ekki síður að ef þú festist kemur einhver þér til hjálpar og togið er félagsleg athöfn. Það er best af öllu ef þú ert að draga einhvern úr ófærunni. Það eru örlög í þessu landi að fara yfir á. Vötn skildu jarðir og áður var lífshættulegt að fara yfir vötn. Þess vegna eru svona margar kirkjur hér svo menn gætu sótt guðshús án þess að fara yfir á. Sannleikurinn er sá að við erum núna föst í straumi á þessu landi: ætlum við að snúa við á bakkann sem við komum frá eða komast yfir?“

Ólafur hefur um langt skeið haft áhuga á ullarrækt og vinnslu á kjöti. Hann ásamt fleirum er að rækta upp gráar kindur: „Grátt var alltaf fyrir mér litur óvissu. Í dag er óvissan meira skapandi ástand en sú bylgja hrokafullrar vissu sem við riðum með markaðnum. Hugmyndin með ræktun á gráu fé er að gefa óhefðbundnum greinum tækifæri.“

Hann vill gera hrápylsur hér en segir að eins og málum sé háttað megi það ekki. Reglur banni nýja úrvinnslu á kjöti frá þeim tíma þegar óþrif voru almenn til sveita.

Dýrusta afurð í heimi, kjöt af nýslátruðu lambi, má ekki selja hér meðan gamaldags sjónarmið ráði: „Svo er það ullin sem er þetta dásamlega efni: hér er allri litaðri ull hent. Það er því margt sem er heillandi sem má gera hér. Annars veit ég ekkert um búskap.“

Lambakjöt, ull, jeppar og ófærur, sól yfir bænum. Maðurinn er heima.

pbb@frettabladid.is

Safnahús í eina öld

Í ár er öld liðin frá því að safnahúsið við Hverfisgötu var vígt: það var reist yfir Landsbókasafnið og Landsskjalasafnið árin 1906-1908. Forngripasafnið og Náttúrugripasafnið voru þar fyrstu áratugina. Hinn 28. mars 1909 var lestrarsalur Landsbókasafnsins opnaður almenningi með viðhöfn.

Í dag verða opnaðar þrjár nýjar sýningar: ÍSLAND: KVIKMYNDIR, Að spyrja Náttúruna – saga Náttúrugripasafns Íslands og Þjóðskjalasafn Íslands – 90 ár í Safnahúsi.

ÍSLAND: KVIKMYND dregur upp mynd af þróun kvikmyndagerðar á Íslandi frá 1904 til 2008. Sýningin er eins og opið skjalasafn og þar má sjá hundrað íslenskar myndir frá þessu tímabili.

Að spyrja Náttúruna rekur sögu Náttúrugripasafnsins frá 1889 til 2008. Blómaskeið þess var á fyrstu áratugum 20. aldar. Á sýningunni er að finna upplýsingar um sögu safnsins og nokkra muni þess: geirfugl, tígrisdýr, gróðursýni og apa.

ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ

Þjóðskjalasafnið setur upp sýningu í bókasal. Sýnd verða valin skjöl, tengd Safnahúsinu og tengd stjórnskipun landsins.

Í ár eru 200 ár liðin síðan Jörundur hundadagakonungur ríkti í nokkrar vikur sumarið 1809 og eru af því tilefni sýnd margvísleg gögn frá veru hans hér á landi.

Sýningarnar verða opnar almenningi frá. 11 til 17.

Söngvaseiðsskemmtun í Kringlunni í dag

Söngva Seiður

Tryggðu þér miða á söngleikinn í tíma. Allt að seljast upp!

Leikarar úr Söngvaseiði skemmta í Kringlunni í dag kl. 14

- Sjáðu og heyrðu Von Trapp fjölskylduna syngja lög úr Söngvaseiði.
- Smakkaðu glænýjan og bragðgóðan Söngvaseiðsís. Nóg handa öllum
- Þú gætir unnið miða á söngleikinn sem allur heimurinn elskar.

7/5	Kl. 20:00	UPPSELT	14/5	Kl. 20:00	UPPSELT	20/5	Kl. 20:00	UPPSELT	24/5	Kl. 16:00	UPPSELT	4/6	Kl. 20:00	Ö
8/5	Kl. 20:00	UPPSELT	15/5	Kl. 20:00	UPPSELT	21/5	Kl. 16:00	UPPSELT	28/5	Kl. 20:00	UPPSELT	6/6	Kl. 16:00	UPPSELT
9/5	Kl. 20:00	UPPSELT	16/5	Kl. 16:00	UPPSELT	21/5	Kl. 20:00	UPPSELT	29/5	Kl. 20:00	UPPSELT	6/6	Kl. 20:00	UPPSELT
10/5	Kl. 20:00	UPPSELT	17/5	Kl. 16:00	UPPSELT	22/5	Kl. 20:00	UPPSELT	30/5	Kl. 20:00	UPPSELT	7/6	Kl. 16:00	UPPSELT
13/5	Kl. 20:00	UPPSELT	17/5	Kl. 20:00	UPPSELT	23/5	Kl. 20:00	UPPSELT	3/6	Kl. 20:00	Ö	11/6	Kl. 20:00	Ö

Kringlan

Sett upp í samstarfi við VISA

Miðasala er í síma **568 8000** og á **borgarleikhus.is**

Borgarleikhúsið

Veitt úr Prologus öðru sinni

Veitt var úr sjóði Prologus á fimmtudag, sjóði sem Bjarni Ármannsson og Halla Sverrisdóttir stofnuðu til styrktar leikritun í samvinnu við Þjóðleikhúsið. Umsóknir í sjóðinn voru óvenju margar, alls 53 frá 45 aðilum. Fjórir höfundar hlutu handritsstyrki og einn leikhópur hlýtur styrk vegna leiksmiðjuverkefnis. Úthlutað er úr Prologos þrisvar á ári, og að jafnaði eru veittir tveir handritsstyrkir í hvert sinn. Með hliðsjón af erfiðu efnahagsástandi var ákveðið að fjölga handritsstyrkjum í fjóra þetta sinnið.

Konur voru fyrirferðarmiklar í úthlutun að þessu sinni: Auður Ava Ólafsdóttir er styrkt til að þróa hugmynd sem ber vinnuheitið Svartur hundur prestsins, Margrét Örnólfsdóttir kallar verkefni sitt Og hvernig líður þér?, Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann hlaut styrk til að þróa leikhandritið Fyrirgefningin. Úlfur Eldjárn hlaut styrk til að skrifa leikrit sem nefnist Söngleikurinn um dauðann og Sviðslistahópurinn 16 elskendur hlaut styrk vegna leiksmiðjuverkefnisins Nígeríusvindlið.

AUÐUR A. ÓLAFSDÓTTIR rithöfundur og listfræðingur.

LEIKLIST Þórdís Þorvaldsdóttir Bachman, leikskáld og leikkona.

LEIKLIST Margrét Örnólfsdóttir, tónlistarmaður og rithöfundur.

Auður bíður þess nú hver framgangur hennar verður í kappi við aððra norræna höfunda en saga hennar Afleggjarar var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Áður hafði hún sent frá sér verkin Upphækkuð jörð (1998), Rigning í nóvember (2004), sem hlaut bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar og var tilnefnd til menningarverðlauna DV 2005. Afleggjarar hlaut menningarverðlaun DV í bókmenntum og bókmenntaverðlaun kvenna, Fjöruverðlaunin fyrir skömmu.

Margrét Örnólfsdóttir hefur skrifað handrit að kvikmyndum og leiknu sjónvarpsefni, og samið tónlist fyrir kvikmyndir og fjölda leikhúsverka. Hún samdi handritið að Regínu ásamt Sjón, skrifaði þætti í Rétt og Svarta Engla og var með í samningu Stelpnanna.

Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann hefur skrifað nokkur leikrit fyrir svið: Áttu smit? (2004). Hungur (2006), Fýsn (2007), og Dansaðu við mig (2008). var sýnt í Iðnó. Hún samdi leikritið Dúkkulísu fyrir Þjóðleik, grasrótarverkefni Þjóðleikhússins og fleiri aðila, sem verður sýnt á Austurlandi í vetur.

Úlfur Eldjárn hefur starfað sem tónlistarmaður frá unga aldri, lengst af sem meðlimur í Orgelkvartettinum Apparat. Hann hefur samið tónlist við fjölda leikverka, dansverka og stuttmynda. Úlfur hefur þýtt nokkur leikrit og komið að handritsskrifum fyrir sjónvarp.

Sviðslistahópinn 16 elskendur sýndi sýninguna Íkea-ferðir haustið 2008 og vinnur nú að sýningunni Orbis Terrae í samstarfi við Margréti Vilhjálmsdóttur fyrir Listahátíð í Reykjavík.

Markmið Leikritunarsjóðsins Prologos er að hlúa að leikritun á Íslandi og efla höfundastarf við Þjóðleikhúsið.

Sem fyrr segir er umsóknarfrestur vegna næstu úthlutunar úr Leikritunarsjóðnum Prologos til 18. maí næstkomandi, en úthlutun fer fram í júní. Upplýsingar um sjóðinn og umsóknarferli er að finna á heimasíðu Þjóðleikhússins, leikhusid.is.

pbb@frettabladid.is

ÍSLAND :: KVIKMYNDIR
Berlín - Kaupmannahöfn - Reykjavík



ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS
90 ár í Safnahúsi



AÐ SPYRJA NÁTTÚRUNA
Saga Náttúrugripasafns Íslands

NÝJAR SÝNINGAR
Aldarafmæli í Þjóðmenningarhúsinu

Þjóðmenningarhúsið var tekið í notkun fyrir 100 árum. Af því tilefni hefjast þrjár nýjar sýningar á morgun: **ÍSLAND :: KVIKMYNDIR,** um 100 íslenskar kvikmyndir aðgengilegar í fullri lengd. **Að spyrja Náttúruna – Saga Náttúrugripasafns Íslands**, ýmsir sjaldgæfir og spennandi náttúrugripir auk muna og skjala úr sögu safnsins. **Þjóðskjalasafn Íslands – 90 ár í Safnahúsi,** teikningar úr sögu hússins og næsta nágrennis auk skjala allt frá dögum Jörundar hundadagakonungs. Komdu, sjáðu og gæddu þér á fróðleik.

ALDARAFMÆLI 2009 · ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ

Þjóðmenningarhúsið – The Culture House
National Centre for Cultural Heritage
Hverfisgötu 15 • 101 Reykjavík
Sími 545 1400 • www.thjodmenning.is
Opið daglega kl. 11.00 – 17.00

Sýningar - leiðsögn - veitingar - verslun
Leiðsögn án endurgjalds í boði fyrir skólahópa. Leiðsögn á ensku um handritasýninguna kl. 15.30 á mánudögum og föstudögum. Veitingar á virkum dögum.

Hönnunarsafn upp á gátt

Í tilefni Hönnunardaga opnar Hönnunarsafnið í garðabæ allt upp á gátt um helgina. Nú gefst þér kostur á að kíkja í geymslur safnsins: í geymslum safna leynast fjársjóðir sem almenningur hefur sjaldnast aðgang að. Fjórar ferðir eru í boði um geymslur safnsins í tilefni HönnunarMars. Aðeins er hægt að fara um geymslurnar í fylgd starfsfólks og verða ferðirnar kl. 14 og 16 í dag og sunnudag.

Þar muntu sjá íslensk húsgögn og húsbúnað frá 20. öld og til dagsins í dag.

Þekkir þú Gullstólinn? Hver teiknaði Apollo-húsgögnin? Lampar og skrifborð, hillur, kollar og skatthol mæta þér í geymslunum en þar leynast einnig íslensk svefnherbergishúsgögn. Í húsakynnum safnsins gefst þér færi á að sjá ágætt yfirlit húsgagna teiknuðum af Sveini Kjarval. Í dag kl. E15 mun Arndís S. Árnadóttir listfræðingur flytja erindi og segja frá húsgögnum Sveins Kjarvals (1919-1981) í safnhúsi Hönnunarsafsins.

Sveinn hefði orðið níræður á þessu ári og er kærkomið að minnast við þau tímamót þessa afkastamikla húsgagnahönnuðar. Sveinn Kjarval teiknaði bæði innréttingar og stök húsgögn. Í erindinu verður skoðað hvað húsgögn hans segja okkur um nútímalega húsgagnagerð, tíðarandann og hvernig samstarfi hönnuða við húsgagnaframleiðendur var háttað á þessum tíma. Í miðrými safnhússins getur að líta nokkur húsgögn Sveins í eigu safnsins.

- pbb

HÖNNUN Einn af mörgum gripum Sveins Kjarvals.

Listmunauppboð

Næsta listmunauppboð Gallerís Foldar verður haldið 6. apríl

Af gefnu tilefni tökum við fram að við vitum ekki annað en að sölubóknun sé lægst hjá okkur. Ennfremur að við höfum aldrei selt fölsuð verk eða afhent falsaðar eigendasögur.

Erum að taka á móti verkum

LISTMUNASALA fold

Opið í Galleríi Fold á Rauðarárstíg, virka daga 10–18, laugardaga kl. 11–16 og sunnudaga kl. 14–16

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

„Þegar vel er að verki staðið eru blóðsugubækur dásamleg skemmtun og í þessu tilfelli svínvirkar þetta allt saman.“
Þórarinn Þórarinsson / Nýtt líf

„Kolsvört og grípandi ástarsaga.“
Booklist

„Lesendur bókarinnar geta vart beðið eftir að sökkva tönnunum í meira.“
School Library Journal

„... skemmtileg aflestrar ...ég hvolfdi mér svikalaust í heillandi heim vampýrunnar.“
Úlfhildur Dagsdóttir / www.bokmenntir.is

Twilight - DVD

2.899 kr.



Ljósaskipti
Stephanie Meyer

1.890 kr.
~~1.980 kr.~~

Spenna, ást og vampírur

Ljósaskipti **er safarík og æsispennandi ástarsaga um Isabellu Swan og Edward Cullen – sem reynist vera vampíra. Bella þráir ekkert heitar en að vera með Edward en sér ekki fyrir hætturnar sem því fylgja...**

- *Á metsölulista New York Times*
- *Á lista Publishers Weekly yfir bestu bækur ársins*
- *Besta bók áratugarins hingað til hjá Amazon*
- *Á úrvalslista Teen People*

Tilboðin gilda til 8. apríl

JÓNSSON & LE'MACKS • JL:IS • SÍA

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

LEIKLIST Margrét Vilhjálmsdóttir í hlutverki sínu í Sædýrasafninu.

MYND © FRÉDÉRIC NAUCZYCIEL/ ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ/ CENTRE DRAMATIQUE NATIONAL ORLÉANS LOIRET

Tvö tilraunaverk frumsýnd

Tvær frumsýningar voru í gærkvöldi í stóru leikhúsunum, Þjóðleikhúsi og Borgarleikhúsi. Báðar eru þær nýstárlegar og unnar í tengslum við aðila utan húsanna: Mindcamp og Ríkisleikhúsið í Orleans. Mindcamp eru lausleg samtök leikhúsfólks víða um lönd svo hér taka leikhúslistamenn höndum saman yfir landamæri.

Sædýrasafnið var frumsýnt í Kassanum. Verkið var sérstaklega samið fyrir Þjóðleikhúsið af frönsku skáldkonunni Marie Darrieussecq en leikstjóri er Arthur Nauzyciel. Listamenn frá fimm löndum, Frakklandi, Ítalíu, Belgíu, Bandaríkjunum og Íslandi, skapa þessa óvenjulegu leiksýningu sem einnig verður sýnd í Ríkisleikhúsinu í Orléans í maí.

Verkið fjallar um tvær fjölskyldur sem neyðast til að dvelja saman við undarlegar aðstæður á sædýrasafni í óskilgreindu landi. Íbúar landsins hafa talið sér trú um að þeir byggju í öruggu nútímasamfélagi, en smám saman kemur í ljós hvað heimur þessa fólks er ótraustur, og yfir öllu lífi grúfir ógn þess sem koma skal.

Þýðandi verksins er Sjón: „Marie óskaði eftir að ég þýddi verkið. Það varð til eftir samstarf þeirra Arthurs að Orðinu eftir Munk sem sló í gegn í Avignon í fyrra.“ Íslandstengsl Marie urðu til eftir franska menningarhátíð sem hér var fyrir tveim árum en hún er mest þekkt fyrir skáldsögur sínar, ein þeirra Gylting hefur verið útgefin hér á landi.

LEIKLIST Hallur og Jón Páll í sýningu sinni um ástand eftir hrun. Fórnarlambið er uppstoppað.

MYND MINDCAMP

Sjón hefur komið talsvert að leiktextum. Hann skrifaði tvö leikrit fyrir nemendasýningar fyrir tveim áratugum og hefur komið að samningu kvikmyndahandrita: „Ég vann í þrjár vikur með Lars von Trier að söngtextunum í Dancer in the Dark og það var minn masterclass.“ Þá samdi hann handrit að Regínu með Margréti Örnólfsdóttur og vann einn handritið að Reykjavik Whaling Massacre sem frumsýnd verður í haust. Þá samdi hann libretto fyrir Skuggaleik og handrit að Önnu og skapsveiflunum. Hann segir taltexta Marie afdráttarlausan og beinskeyttan. „Það er ekki ein spurning í verkinu, bara fullyrðingar sem er svarað með fullyrðingum.“ Hann segir verkið fjalla um fólk sem telur sig vera í skjóli: „En það er hvergi skjól.“

Í Borgarleikhúsi var verkið Þú ert hér frumsýnt á Nýja sviði. Upphaflega stóð til að vinna heimildarverk um stöðu útlendinga hér á landi, nýbúa, flóttamanna og gestavinnuafls. Við hrunið ákváðu aðstandendur verksins, Jón Atli Jónasson, Jón Páll Eyjólfsson og Hallur Ingólfsson, að snúa sér að hruninu: „Þetta er rannsókn á kringumstæðum í rústum,“ segir Jón Páll. „Það trúa allir öllu upp á alla: embættismenn, auðmenn, stjórnmálamenn.“

Gengið var út frá því við sköpun verksins að allt sem nýtt yrði í sýninguna yrði að taka úr geymslum Leikfélagsins: „Inn í rýmið var hrúgað hlutum sem hingað komnir fengu aðra merkingu en þeir höfðu haft – allt fékk nýtt hlutverk.“ segir Jón: „Það er sagt að „listin lifi kreppuna af“ hið fagra og sanna er orðið munaður. Annaðhvort tjáir listin samfélag sitt eða ekki. Við stöndum hér á sviðinu – við erum öll á sama stað – við getum ekki sagt við skiljum ykkur því ástand okkar er mjög flókið. Það er búið að reka fleyg í samfélagið og við erum að sýna þann fleyg. Við bjóðum ekki upp á einhverja hreinsun. Það er búið að berja stjórn burt en ekkert hefur breyst. Fyrrverandi forsætisráðherra biður landsfund sjálfstæðismanna afsökunar en getur ekki beðið fólkið afsökunar. Og svo hlaðast bæklingar stjórnmálamannanna upp og þar eru bara gamlir frasar á ferðinni.“

Þú ert hér og Sædýrasafnið eru djarfar tilraunir til að hrista upp leiksýningaformið og vonandi kveikja þær umræður, helst deilur um efni og erindi.

pbb@frettabladid.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

Lau 28/3 kl. 14:00 U	Lau 18/4 kl. 17:00 U	Sun 3/5 kl. 17:00 U
Lau 28/3 kl. 17:00 U	Sun 19/4 kl. 14:00 U	Þri 5/5 kl. 18:00 U
Sun 29/3 kl. 14:00 U	Sun 19/4 kl. 17:00 U	Sun 10/5 kl. 14:00 U
Sun 29/3 kl. 17:00 U	Lau 25/4 kl. 14:00 U	Sun 10/5 kl. 17:00 U
Lau 4/4 kl. 14:00 U	Lau 25/4 kl. 17:00 U	Lau 16/5 kl. 14:00 U
Lau 4/4 kl. 14:00 U	Sun 26/4 kl. 14:00 U	Lau 16/5 kl. 17:00 U
Sun 5/4 kl. 17:00 U	Sun 26/4 kl. 17:00 U	Sun 17/5 kl. 14:00 U
Sun 5/4 kl. 17:00 U	Þri 28/4 kl. 18:00 aukas. U	Sun 17/5 kl. 17:00 U
Lau 18/4 kl. 14:00 U	Sun 3/5 kl. 14:00 U	Sun 24/5 kl. 14:00 U

Ósóttar pantanir seldar þremur dögum fyrir sýningu

Hart í bak (Stóra sviðið)

Mið 1/4 kl. 20:00 Ö	Fim 23/4 kl. 20:00 Ö	Lau 9/5 kl. 20:00
Fim 2/4 kl. 20:00 U	Lau 2/5 kl. 20:00 U	Fös 15/5 kl. 20:00
Mið 15/4 kl. 20:00 Ö	Fös 8/5 kl. 20:00	

Sýningum lýkur 15. maí. Tryggðu þér sæti

Þrettándakvöld (Stóra sviðið)

Fös 3/4 kl. 20:00 6.sýn.	Fös 17/4 kl. 20:00 8.sýn.
Fim 16/4 kl. 20:00 7.sýn. U	Þri 21/4 kl. 20:00

Í samstarfi við Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands

Sædýrasafnið (Kassinn)

Lau 28/3 kl. 21:00 Ö	Fös 17/4 kl. 21:00	Lau 25/4 kl. 21:00
Fös 3/4 kl. 21:00 Ö	Lau 18/4 kl. 21:00	
Sun 5/4 kl. 21:00	Fös 24/4 kl. 21:00	

Ath. snarpt sýningatímabil

Skoppa og Skrítla í söng-leik (Kúlan)

Lau 28/3 kl. 13:00 U	Lau 18/4 kl. 13:00 Ö	Lau 25/4 kl. 14:30 Ö
Lau 28/3 kl. 14:30 U	Lau 18/4 kl. 14:30 Ö	
Lau 28/3 kl. 16:00 Ö	Lau 25/4 kl. 13:00 Ö	

Örfáar aukasýningar með bestu vinkonum barnanna

Eterinn (Smíðaverkstæðið)

Fim 2/4 kl. 21:00	Fim 16/4 kl. 21:00
Fös 3/4 kl. 21:00	Fös 17/4 kl. 21:00

Miðaverð aðeins 2.000 kr.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 28. mars 2009

Kvikmyndir

16.00 Kvikmyndasafn Íslands sýnir myndina „Crimes and Misdemeanors“ eftir leikstjórann Woody Allen í Bæjarbíói við Strandgötu 6 í Hafnarfirði.

Ítalskar kvikmyndir

Ítölsk kvikmyndahátíð 27.-29. mars í **Regnboganum,** Hverfisgötu 54. Sýndar verða kvikmyndir eftir leikstjórann Paolo Sorrentino. Enskur texti.

15.30 The Family Friend

18.00 The Consequences of Love

Hönnun og tíska

Norræni tískutvíæringurinn í **Norræna húsinu** við Sturlugötu 19.3-5.4. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. Nánari upplýsingar á **www.nordice.is.** Opið alla daga kl. 12-17.

14.00 Kynning á **Barets**-tískuvikunni.

20.00 Heimildarmyndin **Hönnun á hvíta tjaldinu.**

Hönnun

Hönnunarmiðstöð Íslands stendur fyrir veglegri dagskrá undir yfirskriftinni HönnunarMars 26-29. mars. Dagskráin inniheldur yfir 150 atburði ólíkra hönnuða og mismunandi hönnunargreina og má finna á **www.honnunarmidstod.is.**

Tónleikar

13.00 Hljóðfærahúsið - Tónabúðin, Síðurmúla 20, býður upp á tónleika þar sem fram koma trommuleikararnir Ólafur Hólm, Kristján Heiðarsson og Hrafnkell Örn Guðjónsson. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

14.00 Tónlistarskólinn í Reykjavík verður með blásaratónleika í Háteigskirkju við Háteigsveg. Á **efnisskránni** verða verk eftir Brahms, Stravinski og Reicha. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

17.00 Bryndís Halla Gylfadóttir selló-leikari og Gerrit Schuil píanóleikari, flytja **kammertónlist** í Kirkjuhvoli, safnaðarheimili Vídalínskirkju við Kirkjulund í Garðabæ.

22.00 Hljómsveitin **Hjálmar** verður á Græna hattinum, Hafnarstræti 96 á Akureyri. Húsið opnar kl. 21.

22.00 Í tilefni af 10 ára afmælis **dordingull.com**, verða tónleikar á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu. Fram koma Brain Police, Skítur, In Siren og Gordon Riots.

22.00 Hljómsveitin **Krummafótur** leikur evrópskan og ameríska djass frá bann- og kreppuárunum á Café Rósenberg við Klapparstíg.

Söngleikir

20.00 Fjölbrautaskólinn í **Breiðholti** sýnir söngleikinn Rent í Loftkastalanum við Seljaveg.

Síðustu forvöð

Margeir Sigurðsson og Georg Óskar sýna í **DaLí Gallery** við Brekkugötu 9 á Akureyri. Sýningu líkur á sunnudag. Opið lau. og sun. kl. 14-17.

Sýning Kristins G. Harðarsonar í **Kubbnum** við Laugarnesveg 91, hefur verið framlengd til föstudagsins 3. apríl. Opið virka daga kl. 13-16 og um helgar kl. 11-17.

Arnar Herbertsson, Guðrún Öyahals, Björk Viggósdóttir, Anna Eyjólfsdóttir, Ragnhildur Stefánsdóttir og Þuríður Sigurðarsdóttir sýna verk í **START ART** listamannahúsi við Laugaveg 12b. Opið þri.-lau. kl. 13-17. Sýningum lýkur á þriðjudag.

Sýningu **Helga Gíslasonar** í Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði, lýkur á sunnudaginn. Opið um lau. og sun. kl. 11-17. Aðgangur ókeypis.

Sýningu **Diddu Hjartardóttur Leaman** í Suðsuðvestur við Hafnargötu í Reykjanesbæ, lýkur á sunnudag. Opið lau. og sun. kl. 14-17.

Fyrirlestrar

13.00 Guðmundur Eggertsson flytur erindið **„Watson og Crick og DNA-líkan þeirra“** í Háskólabíói, sal 2. Erindið er liður í fyrirlestraröð þar sem kynntar eru hugmyndir og einstaklingar sem skarað hafa fram úr á sviði **vísindanna** á 20. öld. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Sýningar

15.00 Leirlistafélag Íslands hefur opnað sýningu í Listasal **Mosfellsbæjar** við Þverholt. Sýningin ber heitið Aska í Öskju en viðfangsefni sýnenda eru duftker. Leirlistafélagið mun í dag bjóða upp á **hljóðfæraleik** með hljómsveitinni Mojito. Sýningin er opin virka daga kl. 12-19 og lau. kl. 12-15. Aðgangur er ókeypis.

Hallgrímur Arnarson hefur opnað sýningu á Thorvaldsen Bar við Austurstræti 8-10. Opið alla daga frá 11.30-22.

Uppákomur

20.00 Konukvöld verður haldið á skemmtistaðnum Hvíta húsið við Hrísmýri 6 á **Selfossi**. Fjölbreytt dagskrá þar sem Heiðar Jónsson er kynnir og veislustjóri. **Stjórnin og Eurobandið** leika fyrir dansi. Ballið hefst á miðnætti.

Dansleikir

Moonboots verða á Players, Bæjarlind 4, Kópavogi.

Hugarástand verða á **Dillon Sportbar** við Trönuhraun 10 í Hafnarfirði. Aðgangur ókeypis.

Leiðsögn

Ninný (Jónína Magnúsdóttir) verður með leiðsögn um sýningu sína **Ljósmál** í Listasal Iðuhússins við Lækjargötu, milli kl. 15 og 17.30. Þar sýnir hún bæði **málverk og lampa** frá á árinu 2009. Sýningin er opin daglega kl. 9-22.

Tónlist

19.00 Undanúrslit **Músíktilrauna** fara fram í Íslensku óperunni við Ingólfsstræti 2a, 27.-30. mars. Nánari upplýsingar á www.musiktilraunir.is.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Sunnudagur 29. mars 2009

Kvikmyndir

Ítölsk **kvikmyndahátíð** 27.-29. mars í Regnboganum, Hverfisgötu 54.

15.30 One Man Up, The Consequences of Love

17.30 The Family Friend

Heimildarmyndir

15.00 Sýndar verða fjórar heimildarmyndir í **MÍR**, Hverfisgötu 105. 1) Bréf til vinar, 2) Skipalestir á Atlantshafi, 3) Nafnakall, 4) Óeirðirnar á Austurvelli 30. mars 1949. **Aðgangur ókeypis.**

Tónleikar

15.00 Egill Ólafsson, Björn Thoroddsen og Jón Rafnsson flytja þekktar erlendar djassperlur og **íslensk dægurlög** í Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði. **Aðgangur er ókeypis.**

20.00 Tríó Reykjavíkur verður með tónleika í Hafnarhúsinu við Strandgötu í **Hafnarfirði.**

Fyrirlestrar

15.00 Helgi Ólafsson stórmeistari í skák heldur fyrirlestur um sögu skáklistarinnar í tengslum við sýninguna **Skáklist** á Kjarvalsstöðum við Flókagötu.

Dans

15.00 Nemendasýning **DanceCenter** Reykjavík verður í **Iðnó** við Vonarstræti. Sérstakur gestur sýningarinnar er Jóhanna Guðrún Jónsdóttir.

Sýningar

Í **Þjóðmenningarhúsinu** við Hverfisgötu eru opnar þrjár nýjar sýningar. Ísland: Kvikmyndir, Að spyrja náttúruna - saga Náttúrugripasafns Íslands og Þjóðskjalasafn Ísland - 90 ár í Safnahúsi. Nánari upplýsingar á **www.thjodmenning.is.**

Bækur

16.00 Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri og leikkona fjallar um Íslandsklukkuna hús skáldsins að **Gljúfrasteini.** Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

Hönnun og tíska

Norræni tískutvíæringurinn í **Norræna húsinu** við Sturlugötu 19.3-5.4. Aðgangur ókeypis.

12.30 Ráðstefna um framtíð **fatahönnunar** frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi. Fyrirlesturinn fer fram á ensku.

16.30 Tískusýning og tjútt. Hljómsveitin **Bárujárn** spilar.

Hátíð

15.00 Skátafélagið **Ægisbúar** við Neshaga 3 heldur upp á 40 ára starfsafmæli sitt. Dagskráin verður sem hefst með hátíðarfundi í **Neskirkju** kl. 15 en færist svo yfir í skátaheimilið Ægisbúð kl. 15.30.

Uppákomur

Myndakvöld og frítt í **Pool** á **Dillon Sportbar** við Trönuhraun 10 í Hafnarfirði.

Dansleikir

20.00 Dansleikur félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni verður að Stangarhyl 4. Hljómsveitin **Klassík** leikur danslög við allra hæfi.

NÝJAR BÆKUR

Út er komin bókin Nótt eftir Elie Wiesel sem almennt er talin meistaraverk hans. Wiesel var á unglingsaldri þegar fjölskylda hans var hneppt í fangabúðir. Nótt er frásögn hans af þeim atburðum, vitnisburður unglings sem mótast í illsku fangabúðanna. Verkið kom út 1958 og er eitt höfuðverk í svonefndum fangabúðasögum sem eru nú orðnar margar og lýsa harðneskjulegri refsivist með einhverjum hætti. Wiesel hefur skrifað fjölda verka og er margverðlaunaður fyrir baráttu sína fyrir betri háttum í heiminum: hann fékk friðarverðlaun Nóbels, Frelsisorðu Bandaríkjanna og Gullorðu bandarísku þingsins, auk Heiðursorðu Frakklands. Stefán Einar Stefánsson þýddi en Ugla gefur út.

Jo Nesbø er einn vinsælasti og virtasti krimmahöfundur Noregs á þessari öld. Hann er þýddur víða um lönd og þykja sögur hans af Harry Holt afar vel heppnaðar. Fyrsta bókin eftir hann er nú komin út á íslensku í þýðingu Bjarna Ólafssonar, Rauðbrystingur. Sagan hefst í skotgröfum Stalíngrad í hópi ungra Norðmanna sem börðust í þýska hernum en tugir þúsunda þeirra gengu honum á hönd í stríðinu. Þaðan víkur sögunni að Harry Holt sem hefur verið fluttur til í lögregluna í Ósló. Þegar á borð hans fellur skýrsla um fund í skógi á skothylki úr Marklin-riffli, einu öflugasta skotvopni sem framleitt hefur verið, fer hann á stúfana. Uppheimar gefa út og má vænta að verk Jo Nesbø haldi mörgum spenntum næstu árin.



Hemmi Gunn hefur valið úrval af sögum úr ritröðinni Vestfirsk fyndni sem Vestfirska forlagið hefur gefið út. Úrvalið kallast Þjóðsögur og gamanmál að vestan. Bókin er 112 síður og myndskreytt en þar fer sögum af ýmsum þekktum Vestfirðingum, skondnum aðstæðum og skörpum svörum.

Skáldsagan Dætur málarans vakti mikla athygli er hún kom út í Svíþjóð fyrir nokkrum árum og hefur verið þýdd víða um lönd. Höfundurinn er Ann Karin Palm og var þetta önnur bók hennar. Þar segir af systkinum sem fá sent málverk frá Englandi sem sagt er eftir föður þeirra. Þau leita uppi slóðir föður síns á suðurhluta Englands þar sem örlagasaga opnast þeim sem hófst fyrir hundrað árum. Uppheimar gefa út en Hjalti Rögnvaldsson þýðir.

Í Bankastræti níu

Sigríður Sigurjónsdóttir og Snæfríð Þorsteins vöruhönnuðir sýna verk sín í versluninni Steinunn í Bankastræti 9 í tilefni hönnunardaga sem nú standa. Um er að ræða hillur hannaðar fyrir smáu hlutina sem fylgja daglegu lífi: smámynt, lykla og síma. Hillurnar voru upphaflega hannaðar fyrir smáhluti gesta á herbergjum á 101 Hótel. Snæfríð og Sigríður hafa síðan þróað hugmyndina áfram og nú eru hillurnar komnar á bambusfætur.

Verslunin Steinunn hefur einnig efnt til samstarfs við myndlistarkonuna Ásdísi Sif Gunnarsdóttur, sem er þekkt fyrir gjörninga og myndbandsinnsetningar. Ásdís hefur skapað innsetningu í versluninni í Bankastræti 9 þar sem hún byggir á verkum Steinunnar Sigurðardóttur fatahönnuðar og sínum eigin. Í innsetningunni er meðal annars að finna ljósmyndir og speglaverk eftir Ásdísi og ýmis verk úr safni Steinunnar: pils handmálað af Magnúsi Pálssyni myndlistarmanni og fleira. Sýningarnar standa til 4. mars, en verslunin Steinunn er opin frá 11 til 18 mánudaga til föstudaga og frá 11 til 16 á laugardögum.

Nánari upplýsingar um verk listamannanna er að finna á vefsíðunum www.steinunn.com, www.asdissifgunnarsdottir.com, www.snaefrid.is. - pbb

HÖNNUN Sigríður Sigurjónsdóttir hönnuður á ný verk sem sýnd verða í Bankastræti 9 næstu daga.

Styrkveitingar

Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar – CIA.IS auglýsir eftir umsóknum um verkefna-, ferða- og útgáfustyrki vegna verkefna myndlistarmanna erlendis. Hver styrkur er 400 þúsund krónur og verða sex styrkir veittir að þessu sinni. Opið er fyrir umsóknir um styrki vegna verkefna með skemmri fyrirvara allan ársins hring. Nánari upplýsingar um styrkjakerfi Kynningarmiðstöðvarinnar fást á heimasíðu miðstöðvarinnar http://www.cia.is/styrkir/index.htm. Umsókn þarf að berast að minnsta kosti 40 dögum áður en verkefni hefst. Umsóknarfrestur er til 17. apríl 2009 og er póststimpill tekinn gildur.

> DEKRAR VIÐ BÖRNIN

Uma Thurman óttast að hún dekri börn sín svo mikið að þau verði óviðráðanleg þegar þau eldast. Leikkonan sem á dótturina Mayu, tíu ára, og soninn Levon Roan, sjö ára, segir móður sína setja mikið út á uppeldisaðferðir sínar, en Thurman viðurkennir að hún gefi börnum sínum oft stórfenglegar gjafir til að reyna að gleðja þau.

fólk

folk@frettabladid.is

HIN HLIÐIN MARGRÉT EINARSDÓTTIR STÍLISTI OG BÚNINGAHÖNNUÐUR

Vonbrigði að hafa aldrei komist í splitt

Hvað er að frétta? Lóan að minnsta kosti komin.

Augnlitur: Brúnn.

Starf: Stílisti/búningahönnuður.

Fjölskylduhagir: Gift Magnúsi Guðmundssyni og saman eigum við Sturlu, Egil og Völu. Nú og kötturinn Greta Garbo.

Hvaðan ertu? Uppalin í Kópavogi og Köben.

Ertu hjátrúarfull? Já, þegar það passar mér, eða Val eða Man U eða Íslenska landsliðinu eða…

Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Ég elska Klovn, vandræðaleg snilld.

Uppáhaldsmaturinn: Fyrsta grill sumarsins.

Fallegasti staðurinn: Flestir staðir fallegir ef maður er í góðu skapi. Spurning um sjónarhorn. Lífið er oftast fallegt.

iPod eða geislaspilari: Alveg sama.

Hvað er skemmtilegast? Hlæja.

Hvað er leiðinlegast? Fólk í fýlu.

Helsti veikleiki: Ég á mjög erfitt með að segja nei.

Helsti kostur: Þolinmæði.

Helsta afrek: Sturla, Egill og Vala. Snillingarnir þrír.

Mestu vonbrigðin? Að hafa aldrei komist í splitt.

Hver er draumurinn? Að hitta Snorra bróður minn með fjölskyldurnar, sem fyrst.

Hver er fyndnastur/fyndnust? Maggi minn.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Óheiðarleiki.

Hvað er mikilvægast? Fjölskyldan, umburðarlyndi og kærleikur.

Ein af plötum ársins til þessa

HILDUR GUÐNADÓTTIR Sellóleikarinn fær góða dóma fyrir sína aðra sólóplötu, Without Sinking.

Önnur sólóplata sellóleikarans Hildar Guðnadóttur, Without Sinking, og hennar fyrsta hjá breska útgáfufyrirtækinu Touch, er í tólfta sæti yfir plötur ársins hingað til á bresku tónlistarsíðunni Factmagazine. Hildur er þekkt fyrir spilamennsku sína með Múm og Stórsveit Nix Noltes en sólóferill hennar virðist nú vera kominn á flug.

„Tilfinningarík og sérlega rómantísk sellóplata frá þessum virta íslenska listamanni þar sem þéttur bassaleikur og rafhljóð sem rétt heyrist í koma einnig við sögu frá Jóhanni Jóhannssyni og Skúla Sverrissyni," segir í umsögninni. „Ekki síðan World of Echo kom út með Arthur Russell hefur eins „hefðbundið" strengjahljóðfæri hljómað eins áhrifaríkt."

Without Sinking var að mestu tekin upp í Berlín síðasta sumar. Auk Skúla og Jóhanns spilaði faðir Hildar, Guðni Franzson, einnig á klarinett í tveimur lögum á plötunni.

Reykjavík leggur Leeds og Belfast sem miðborg í mestri framför

Reykjavíkurborg hefur verið verðlaunuð fyrir árangur við hreinsun og endurreisn miðborgarinnar á liðnu ári. Jakob Frímann Magnússon veitti verðlaununum viðtöku í London.

„Þetta er sérstaklega ánægjulegt og óvænt því hér eru allar helstu borgir heims undir," segir Jakob Frímann Magnússon tónlistarmaður og miðborgarstjóri.

Reykjavíkurborg hlaut að kvöldi fimmtudags verðlaun alþjóðasamtakanna ATCM fyrir frábæran árangur við hreinsun og endurreisn miðborgarinnar á síðastliðnu ári, en ATCM eru alþjóðasamtök miðborgarstjórna 700 borga og aðila tengdum miðborgarrekstri víðs vegar um heiminn. Verðlaunaafhendingin fór fram í Lundúnum á fimmtudagskvöld á stjörnum prýddri samkomu á Park Plaza Riverbank og tóku þeir Jakob Frímann Magnússon miðborgarstjóri og Gestur Guðjónsson, varaformaður Umhverfisráðs Reykjavíkurborgar, við verðlaununum fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Jakob vill ekki gera mikið úr sínum hlut vegna þessa heiðurs sem borginni fellur í skaut.

VERÐLAUNUM VEITT VIÐTAKA Jakob Frímann í góðum hópi í London þar sem hann tók við verðlaunum ATCM fyrir hönd borgarstjóra - verðlaun sem veitt voru fyrir árangur við endurreisn miðborgar.

„Þetta er fyrst og fremst viðurkenning á stórfum framkvæmdasviðs borgarinnar þar sem Hrólfur Jónsson og Guðmundur Vignir Óskarsson eiga stærstan heiðurinn af þessum verðlaunum. Ég lít svo á að ég hafi tekið við verðlaunum fyrir hönd borgarstjóra og þeirra tveggja fyrst og fremst."

Til þess var tekið hve illa útleikin miðborg Reykjavíkur var í upphafi síðastliðins árs af völdum veggjakrots og slæmrar umgengni og hve áþreifanlegur árangur varð af sameinuðu átaki borgarstarfsmanna og sérstaklega sjálfboðaliða við að endurreisa hreina ásýnd Laugavegar og nærliggjandi gatna auk þess sem nærvera og samstarf miðborgarþjóna við lögregluyfirvöld var talin skipta sköpum og stuðla að aukinni öryggistilfinningu og bættri umferðarstjórnun úr miðborginni, einkum að næturlagi um helgar.

Meðal þeirra borga sem veittu Reykjavíkurborg hvað harðasta samkeppni voru borgirnar Leeds sem veitti 12 milljónum punda til endurreisnar og Belfast á Norður-Írlandi sem náð hefur gríðarlegum árangri í bættri umgengni og öryggisvörslu.

Að sögn Jakobs gátu fulltrúar borgarinnar þess við afhendinguna að hér væri fyrst og fremst verið að verðlauna forgangsröðun borgaryfirvalda, en bæði borgarstjóri og borgarstjórn hefðu sett málefni miðborgarinnar á oddinn og áfram yrði haldið með þetta átaksverkefni í þágu miðborgarinnar sem bæði er andlit Reykjavíkur gagnvart Íslendingum og ferðamönnum fjölmargra þjóðlanda.

jakob@frettabladid.is

AÐ KOMAST TIL MANNS

Í ***Merg málsins*** er fjallað um liðlega 9000 orðatiltæki, notkun þeirra, uppruna og sögu. Vandfundið er annað eins safn dæma um fjölbreytni tungmálsins og umhverfið sem það er sprottið úr.



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

GÓÐ OG GAGNLEG FERMINGARGJÖF

OKURIBITO Japanska Óskarsverðlaunamyndin verður sýnd á Bíódögum í Háskólabíói.

17 myndir á Bíódögum

Sautján myndir verða sýndar á kvikmyndahátíðinni Bíódagar sem verður haldin í Háskólabíói 17. apríl til 4. maí á vegum Græna ljóssins. Opnunarmyndin verður Me and Bobby í leikstjórn Friðriks Guðmundssonar sem fjallar um samskipti Sæmundar Pálssonar og skáksnillingsins Bobbys Fischer.

Á meðal annarra mynda verður Man on Wire, sem hlaut Óskarinn sem besta heimildarmyndin. Hún fjallar um línudansarann og götulistamanninn Philippe Petit sem framdi „listræna glæp aldarinnar" árið 1974 þegar hann setti vír á milli tvíburaturnanna og eyddi svo 45 mínútum í að labba, dansa og krjúpa á vírnum sér og öðrum til skemmtunar.

Einnig verða sýndar Okuribito frá Japan, sem fékk Óskarinn í ár sem besta erlenda myndin, Frozen River, sem hlaut tvær Óskarstilnefningar, Slacker Uprising eftir Michael Moore þar sem hann heldur fyrirlestra í bandarískum háskólum, þýska myndin Die Welle og Two Lovers með Joaquin Phoenix og Gwyneth Paltrow í aðalhlutverkum. Önnur áhugaverð mynd er Gomorra sem fjallar um innviði ítölsku mafíunnar. Hún vann Gullpálmann á Cannes-hátíðinni og BAFTA-verðlaunin sem besta erlenda myndin.

Miðasala á Bíódaga mun fara fram á Midi.is og þar verður einnig hægt að nálgast sýningardagskrána í heild sinni.

Frábært Tvennutilboð

Þú sækir pizzu og stóran skammt af brauðstöngum og færð aðra pizzu sömu stærðar að auki.

NÝTT Á MATSEÐLI

Domino's kynnir þrjár rjúkandi nýjar pizzur á matseðli:

Paradís, Grísaveisla og Dínamít.

Þú getur svo valið úr tveimur nýjum eftirréttum:

Súkkulaðigotti og ljúffengum ís.

58·12345 | www.dominos.is

Domino's Pizza®

01 - 12554

Passa typpi íslenskrar æsku

„Við heyrðum að það væri vandamál að litlir strákar væru að missa niður klósettsetuna þegar þeir væru að læra að pissa í klósett og út frá því fengum við hugmyndina," segir Hermann Ingi Gunnarsson, nemandi í viðskiptaáfanga í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Áfanginn, sem er í samstarfi við Junior Achievement, gengur út á að nemendurnir stofni sitt eigið fyrirtæki og ákváðu Hermann og sjö samnemendur hans að hanna og markaðssetja klósettsetudempara í fyrirtæki sínu, Skellur.

„Demparinn hægir ferðina á setunni áður en hún lokast alveg og kemur í veg fyrir að hún skelli niður. Seta með dempara alla leið kostar um 50.000 krónur svo okkur datt í hug að koma með ódýra lausn á þessu vandamáli," útskýrir Hermann, sem er aðstoðarforstjóri fyrirtækisins. Hann segir mikla vinnu fólgna í verkefninu og Guðný Vala Þorsteinsdóttir forstjóri og Elva Dögg Pálsdóttir, gjaldkeri og ritari, taka undir. „Þetta er ekkert sem maður lærir í skólabókum. Þetta reynir mikið á samskiptahæfileika manns því við þurfum sjálf að gera viðskiptaáætlun, ráða í stöður og sækja um styrki svo eitthvað sé nefnt. Kennarinn er okkur innan handar, en við fáum að gera mistök og þurfum sjálf að greiða úr flækjum," segir Guðný Vala.

„Við bjuggum demparana að mestu leyti til sjálf í skólanum, en fengum Vélvík til að framleiða 100 stykki því þau þurfa öll að vera eins og Húsasmiðjan styrkti okkur með dempara og skrúfur. Við erum búin að gera sölusamning við Húsasmiðjuna svo í næstu viku mun klósettsetudemparinn fást í verslunum þeirra í Skútuvogi og á Akureyri," segir Hermann. Áhugasamir geta tryggt sér eintak af demparanum í Smáralind í dag þar sem nemendur kynna vörur sínar milli 11 og 16. - ag

SNIÐUG HÖNNUN Hermann Ingi Gunnarsson, Guðný Vala Þorsteinsdóttir og Elva Dögg Pálsdóttir hafa unnið hörðum höndum við hönnun klósettsetudemparans ásamt samnemendum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Coen-bræður í endurgerð

Bræðurnir Joel og Ethan Coen ætla að endurgera vestrann True Grit sem kom út árið 1969 með John Wayne í aðalhlutverki. Sú mynd var byggð á samnefndri skáldsögu eftir Charles Portis og ætla Coen-bræður að byggja mynd sína frekar á bókinni en gömlu myndinni. Skáldsagan fjallar um fjórtán ára stúlku sem leitar að morðingjum föður síns í heimkynnum indíána með aðstoð lögreglustjóra og aðstoðarmanns hans. Í upphaflegu myndinni var lögreglustjórinn, sem John Wayne lék, í forgrunni en í Coen-myndinni verður stúlkan í aðalhlutverki.

HAMINGJUSÖM Jamie Lynn Spears segist vera ánægð með samband sitt eins og það er og finnst óþarfi að gifta sig strax. NORDICPHOTOS/GETTY

Frestar brúðkaupinu sínu

Jamie Lynn Spears, litla systir Britney Spears, hefur ákveðið að fresta fyrirhuguðu brúðkaupi sínu.

Samkvæmt heimildum bandaríska tímaritsins OK höfðu Jamie Lynn, sem er 17 ára og unnusti hennar Casey Aldrige, 18 ára, ákveðið að gifta sig bráðlega, en vilja nú fresta því þar sem þau eru bæði ánægð með sambandið eins og það er. Mikið hefur gengið á í sambandi Jamie Lynn Spears og Aldrige. Sextán ára varð hún ófrísk eftir hann, og er dóttir þeirra Maddie nú níu mánaða, en Aldrige var grunaður um að hafa haldið fram hjá henni meiri hlutann af meðgöngunni.

FYRSTA LAGIÐ AF SÓLÓPLÖTUNNI Böðvar Reynisson hefur sent frá sér hið hugljúfa lag Lullaby. Í laginu syngur hann til dóttur sinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Syngur til dóttur sinnar

Fyrsta smáskífulagið af væntanlegri sólóplötu Böðvars Reynissonar, eða Bödda úr Dalton, er komið út. Böðvar samdi lagið, sem nefnist Lullaby, til dóttur sinnar þegar hann var á ferðalagi um Bandaríkin fyrir tveimur árum með hljómsveitinni The Foghorns. „Nú er svo komið að um síðustu helgi eignaðist ég splunkunýjan dreng sem heitir Eyþór og finnst mér því kjörið að henda laginu hennar Emilíu Bjartar út í tilefni af því. Nú geta þau átt þetta lag í sameiningu um ókomna tíð," segir Böðvar. Platan hans kemur út í haust og þar verða áhrifin úr ýmsum áttum, meðal annars frá Sting, U2, Bob Dylan og Pearl Jam.

GUNNAR SMÁRI Rauði þráðurinn í ráðum hans til að lifa af kreppuna er komast sem næst ríkisjötunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Sígild kreppuráð Gunnars Smára

Gunnar Smári Egilsson, fyrrverandi forstjóri og blaðamaður, varð forviða þegar haft var við hann samband og rifjuð upp grein hans, 21 aðferð til að lifa kreppuna af, frá árinu 1991 – en þá var dýpsta kreppa í manna minnum.



SMÁRI Á PRESSUÁRUNUM Uppgötvaði skítblankur að það að neita sér um eina litla kók í gleri er betra en innihaldið.

„Sagan getur ekki endurtekið sig. Það vita þeir sem hafa lesið Sören Kirkegaard. Nema þá sem skopstæling eða harmleikur," segir Gunnar Smári Egilsson blaðamaður.

Í október árið 1991 var Gunnar Smári ritstjóri Pressunnar. Og skrifaði grein í blað sitt sem heitir 21 aðferð til að lifa kreppuna af. Í inngangi er talað um dýpstu kreppu Íslandssögunnar sem sé orðin 41 mánaðar gömul. Ekki sé vonum seinna að fólk leiti að raunverulegum aðferðum til að lifa kreppuna af og Smári býður upp á 21 ráð til þess – misgóð en öll haldgóð. Yfirskrift ráða Gunnars Smára, sem eru svo útlistuð nánar, eru:

Gakktu í Ananda Marga, Gefðu út ljóðabók, Keyptu laxeldisstöð, Farðu á myndlistarsýningar, Tæmdu sykurkör, Finndu ættingja meðal Vestur-Íslendinga, Byrjaðu að tala eins og Einar Oddur, Gakktu í stjórnmálaflokk, Farðu á Mokka, Reyndu að komast að sem aðstoðarmaður ráðherra, Gakktu í Sálarrannsóknarfélagið, Sæktu um alla styrki, Farðu í samninganefnd, Hnuplaðu, Kauptu veitingastað, Flyttu til Súganda og Farðu í vinnu hjá ríkinu: „Skattborgarar greiða niður matinn ofan í ríkisstarfsmenn. Alveg á sama hátt og með skattinn er betra að vera meðal þeirra sem éta matinn en þeirra sem borga hann en fá ekki neitt. Bestu mötuneytin eru í Seðlabankanum og Byggðastofnun. Þótt máltækið ‚það besta er alltaf ódýrast' eigi sjaldnast við þá á það við um þessi mötuneyti."

Þarna er rauði þráðurinn í hinum meinfyndnu ráðum Gunnars Smára. Þótt Smári muni ekki eftir grein sinni né að kreppan 1991 sé honum eftirminnileg, segir kreppur ekki eftirminnilegar í eðli sínu, þá sé þetta svona í kreppum. „Þá hafa þeir það best sem geta stjórnað tekjunum. Ríkið getur bara hækkað skatta og á auðveldara með að koma sér í gegnum kreppuna. Getur orðið ‚big bisness'. Er ekki einhver milljarður farinn í laun í skilanefndir? Fólk í nefndum við að skoða eitthvað, hafa skoðun á einhverju og fá borgað fyrir það," segir Smári sem sér reyndar eitt og annað jákvætt við kreppu. Hún býður upp á eitthvað nýtt. Kreppan 1991 byrjaði úti á landi en kom svo til Reykjavíkur að hausti til. „Menn héldu að hún kæmi ekki til Reykjavíkur. Ég var þá á Pressunni í Kópavogi. Hafði verið eitthvert góðæri en svo fóru þeir að tínast úr löngu sumarfríi, forstjórarnir, og komust að því að fyrirtækin voru gjaldþrota. Það varð 50 prósenta hrap í auglýsingatekjum. Þegar kreppan loksins kom var hún eins og stálbiti í hausinn á okkur. En fólk er fljótt að aðlagast. Hendir minni mat en áður, sleppir óþarfa eins og utanlandsferðum, uppgötvar kjúklingabaunir en það eru eins miklir fagnaðarfundir og tófú sem er flutt með flugi beint frá Japan. Eitt sinn, þegar ég var óhemju blankur, uppgötvaði ég að það að neita sér um eina litla kók í gleri er í raun miklu betra en innihaldið. Að neita sér um að fara í bíó er yfirleitt betra en myndin. Fáar myndir framleiddar sem eru betri en það," segir Smári en gefur í sjálfu sér ekki meira fyrir það hvort ráð hans frá 1991 kunni að nýtast nú sem þá.

jakob@frettabladid.is

Pete semur fyrir BBC

Breska ríkissjónvarpið, BBC, ætlar að framleiða sjónvarpsþætti um hina myrku hlið tónlistarbransans og vill fá vandræðagemlinginn Pete Doherty til að semja handritið.

„Þeir vilja að hann semji handrit að prufuþætti á næstu sex vikum. Þetta verður síðan að þáttaröð ef hann stendur í stykkinu," sagði heimildarmaður The Sun. „Stjórnendur BBC telja að sköpunargáfa Petes muni tryggja þeim skemmtilegt sjónvarpsefni. Hann hefur lifað rokkstjörnulífinu og veit um hvað það snýst og þess vegna vilja þeir nýta sér reynslu hans."

PETE DOHERTY Tónlistarmaðurinn og vandræðagemlingurinn ætlar að semja handrit fyrir BBC.

Semja verk fyrir lyktaróperu

„Þetta er svolítið óvenjulegt og spennandi," segir upptökustjórinn Valgeir Sigurðsson. Hann og bandaríski tónlistarmaðurinn Nico Muhly eru að semja tónlist fyrir verk sem nefnist Scent Opera og verður frumflutt í hinu virta Guggenheim-nýlistasafni í New York í lok maí.

Um hálftíma langa innsetningu er að ræða sem byggist á tónlist og lykt. Hún fer fram í myrkvuðum sal með fjörutíu til fimmtíu gestum og eiga þeir félagar að semja tónlist við hverja þá lykt sem verður látin sveima um salinn. „Það er amerískur framleiðandi sem er með hugmyndina að þessu. Hann vinnur þetta í samvinnu við aðila í Bretlandi sem búa til sérstaka lyktarmaskínu. Franskur lyktarsérfræðingur býr til lyktina sem er af öllum gerðum og ekkert endilega sérstaklega góð," segir Valgeir. „Þetta er allt frá því að vera lykt af fersku lofti í það að vera eldur og brennisteinn. Hugmyndin er að reyna að segja sögu í gegnum tónlist og lykt."

VALGEIR SIGURÐSSON Upptökustjórinn og tónlistarmaðurinn er að semja óvenjulegt verk með Nico Muhly. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Valgeir og Muhly, sem nýlega samdi tónlistina við Hollywood-myndina The Reader, hófust handa við verkefnið í janúar. „Þetta er svolítið öðruvísi nálgun. Við vinnum þetta eftir ákveðnum tímaramma. Hlutirnir þurfa að gerast upp á sekúndu," segir hann og á við að hver lykt vari í ákveðið langan tíma þar til sú næsta tekur við. Þurfa þeir að semja nákvæmlega jafnlanga tónlistarbúta og hæfir hverri lykt.

Innsetningin verður framkvæmd nokkrum sinnum og ef hún gengur vel er hugmyndin að fara með hana í fleiri listagallerí.

-fb

HÚSFYLLIR Á TÍSKUSÝNINGU

Fatahönnuðurinn Mundi sýndi nýja línu sína í Hafnarhúsinu á fimmtudagskvöld. Öll módelin voru krakkar með Downs-heilkenni.

PÓSAÐ Um tíu manns sýndu nýjustu línu Munda í Hafnarhúsinu á fimmtudagskvöldið við góðar undirtektir. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Ég held að það hafi mætt um 500 manns og ekki allir komist að sem vildu," segir Sigyn Eiríksdóttur um tískusýningu á nýjustu línu Munda sem fram fór í Listasafni Reykjavíkur á fimmtudagskvöldið. Sigyn, sem er móðir Munda og framkvæmdastjóri hönnunarfyrirtækisins, segir sýninguna hafa heppnast vel og viðbrögðin hafa verið mjög góð.

„Ein sem var að stílisera fyrir okkur þekkir konu sem á dreng með Downs-heilkenni. Þegar Mundi stakk upp á því að hafa módel sem eru með Downs-heilkenni hafði hún samband við móður drengsins sem var rosalega spennt fyrir þessu og kom okkur í samband við hin módelin," útskýrir Sigyn, en um tíu manns sýndu fatnað Munda. „Það voru krakkar þarna innan um sem eru frábær módel. Það eina sem þau voru beðin um að gera var að stoppa fyrir framan ljósmyndarana, annars kom allt sem þau gerðu frá þeim sjálfum," bætir hún við. Sýningin er einn af viðburðum HönnunarMars sem Hönnunarmiðstöð Íslands heldur nú í fyrsta sinn, en nýjasta lína Munda er væntanleg í verslanir í haust. - ag

FLOTT MÓDEL Sygin Eiríksdóttir segir módelin á sýningu Munda hafa staðið sig með mikilli prýði, eins og sjá má á myndunum.

SPENNANDI LÍNA Nýjasta tískulína Munda er væntanleg í verslanir næstkomandi haust, en hönnun hans nýtur mikilla vinsælda.

SAMBÍÓIN

FRUMSÝND!
NICHOLAS CAGE ER Í TOPP FORMI Í ÞESSUM MAGNAÐA SPENNUTRYLLI FRÁ LEIKSTJÓRA I-ROBOT - ALEX PROYAS!
★★★★ Einn besti spennutryllir sem ég hef séð - MÖGNUÐ, ÓTRÚLEGA SNJÖLL og þegar á þarf að halda ÓHUGNALEGA SPENNANDI Roger Ebert, Chicago Sun-Times
NICOLAS CAGE
KNOWING

JULIA ROBERTS CLIVE OWEN
DUPLICITY

WATCHMEN
STÆRSTA OPNUN Í USA Á ÞESSU ÁRI!
FRÁ LEIKSTJÓRA 300 KEMUR FYRSTA STÓRMYND ÁRSINS 2009!

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		
KNOWING	kl. 5:50 - 8D - 10:30D	12
KNOWING	kl. 1:30 - 4 - 8 - 10:30	VIP
WITCH MOUNTAIN	kl. 1:30D - 3:40D - 5:50D - 8	L
DUPLICITY	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
WATCHMEN	kl. 5 - 8:20 - 10:10	16
ELEGY	kl. 3:40	12
GRAN TORINO	kl. 5:40 - 8 - 10:30	12
DESPEREAUX m/ísl tali	kl. 1:30 - 3:40	L
CHIHUAHUA m/ísl tali	kl. 1:30 - 3:30	L
BOLT m/ísl tali	kl. 1:30	L
SHOPAHOLIC	kl. 2	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI		
KNOWING	kl. 4D - 8D - 10:30D	12
WITCH MOUNTAIN	kl.1:30D - 3:40D - 5:50D	L
WATCHMEN	kl. 7D - 10D	16
SHOPAHOLIC	kl. 3:40 - 5:50 - 8	L
GRAN TORINO	kl. 10:10	12
CHIHUAHUA m/ísl tali	kl. 1:30	L
BOLT 3-D m/ísl tali	kl. 2	L

SAMBÍÓIN SELFOSS		
WATCHMEN	kl. 7 - 10	16
GRAN TORINO	kl. 10:10	12
WITCH MOUNTAIN	kl. 2 - 6 - 8	L
BLÁI FÍLINN m/ísl tali	kl. 2 miðverð kr.650	L
HOTEL FOR DOGS m/Ensku tali	kl. 3:50	L
MARLEY AND ME	kl. 4	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI		
KNOWING	kl. 8 - 10:20	12
WITCH MOUNTAIN	kl. 2 - 4 - 6 - 8	7
HILLS CHIHUAHUA	kl. 2	L
WATCHMEN	kl. 4 - 10	16

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK		
WITCH MOUNTAIN	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8	7
THE INTERNATIONAL	kl. 8 - 10:20	16
THE WRESTLER	kl. 10:10	14
DESPEREAUX m/ísl tali	kl. 2 - 6	L
BLÁI FÍLLINN m/ísl tali	kl. 4	L

SparBíó 550kr
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

NÝTT Í BÍÓ!
KEVIN JAMES
Vinsælasta gamanmynd ársins í USA 2 vikur á toppnum!
PAUL BLART MALL COP
Öryggi tekur sér aldrei frí!
Smáralind LÚXUS L

THE BOY IN THE STRIPED PYJAMAS
★★★½ ROGER EBERT ★★★½ USA TODAY
ÓGLEYMANLEG SAGA UM STRÁKINN Í RÖNDÓTTU NÁTTFÖTUNUM
BYGGÐA Á SAMNEFNDRI METSÖLUBÓK SEM FARIÐ HEFUR SIGURFÖR UM HEIMINN.
SAGA UM VINSKAP SEM ÁTTI SÉR ENGIN LANDAMÆRI 12

KILLSHOT
MYND UM HJÓN SEM ERU HUNDELT AF LEIGUMORÐINGJA OG FÉLAGA HANS! 16

BLÁI FÍLLINN
750 kr. fyrir fullorðna 600 kr. fyrir börn L

WATCHMEN 16

THE INTERNATIONAL 16 · ARN 14 · The Reader 14 · L · L · HARVEY L · Vicky Cristina Barcelona L · Marley & Me L · VILTU VINNA MILLJARÐ? 12 · 12

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ		
MALL COP	kl. 1 - 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10	L
MALL COP LÚXUS	kl. 1 - 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10	L
KILLSHOT	kl. 6 - 8 - 10	16
BLÁI FÍLLINN	kl. 1 - 4	L
WATCHMEN D	kl. 5.50 - 9	16
MARLEY AND ME	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L
ÆVINTÝRI DESPERAUX	kl. 1 - 3.40	L
THE PINK PANTHER 2	kl. 1 - 3.40	L
HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ		
THE BOY IN THE STRIPED PYJAMAS	kl. 3 - 5.50 - 8 - 10.10	12
MALL COP	kl. 3 - 5.50 - 8 - 10.10	L
ARN THE NIGHT TEMPLAR	kl. 6 - 9	14
LAST CHANCE HARVEY	kl. 10.20	L
THE READER	kl. 8	14
VICKY CRISTINA BARCELONA	kl. 3 - 5.50	L
BLÁI FÍLLINN	kl. 3	L

5% AUKAKRÓNUR

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

MARLEY AND ME	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	L
KILLSHOT	kl. 8 - 10	16
THE INTERNATIONAL	kl. 10.30	16
HE'S JUST NOT THAT INTO YOU	kl. 3 - 6 - 9	12
VILTU VINNA MILLJARÐ	kl. 5.30 - 8	12
THE CONSEQUENCES OF LOVE	kl. 6 / kl. 4 sunnudag	L
THE FAMILY FRIEND	kl. 3.30 / kl. 5.30 sunnudag	L
ONE MAN UP	kl. 3.30 lau. og sun.	L

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ		
MALL COP	kl. 2 - 4 - 8 - 10	L
MARLEY AND ME	kl. 8 - 10.10	L
BLÁI FÍLLINN	kl. 2 - 4 - 6	L

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
KEVIN JAMES · JULIA ROBERTS CLIVE OWEN · Ævintýri Desperéaux ÍSLENSKT TAL ★★★ - S.V. MBL · VILTU VINNA MILLJARÐ? 8 ÓSKAR TILNEFNINGAR
500 kr. í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!
ATH! 650 kr. · HOTEL FOR DOGS

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR		
MALL COP	kl. 2, 4, 6, 8 og 10	L
DUPLICITY	kl. 5.40, 8 og 10.30	16
BLÁI FÍLLINN - Ísl. tal	kl. 2 og 4 (650 kr)	L
ÆVINTÝRI DESPEREAUX	kl. 2 - Íslenskt tal	L
HOTEL FOR DOGS	kl. 4	L
VILTU VINNA MILLJARÐ	kl. 5.45, 8 og 10.15	12

Sími: 553 2075 LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus
Ódýrt í bíó
KEVIN JAMES · PAUL BLART MALL COP ÖRYGGI TEKUR SÉR ALDREI FRÍ! ATH. SÝND KL.2
BLÁI FÍLLINN ÍSLENSKT TAL ATH. SÝND KL.2
Ævintýri Desperéaux ÍSLENSKT TAL ATH. SÝND KL.2
500 kr. Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ
750 kr. fyrir fullorðna 600 kr. fyrir börn
750 kr. KL.3 HÁSKÓLABÍÓ
750 kr. KL.1 SMÁRABÍÓ
KL.1-4 SMÁRABÍÓ KL.3 HÁSKÓLABÍÓ KL.2 BORGARBÍÓ
750 kr. ÖRYGGI TEKUR SÉR ALDREI FRÍ! KL.3 HÁSKÓLABÍÓ KL.1 SMÁRABÍÓ
750 kr. KL.3 HÁSKÓLABÍÓ
KL.1 SMÁRABÍÓ 750 kr.

SparBíó SAMbio.is SAMBÍÓIN
RACE TO WITCH MOUNTAIN
kl. 1.30 í Álfabakka, í Kringlunni og í Keflavík
kl. 2 á Akureyri og á Selfossi
550kr
kl. 1.30 í Álfabakka
kl. 2 í Keflavík
BOLT m/ísl tali
kl. 1.30 í Álfabakka (kr 550)
kl. 2 í Kringlunni (3D kr 850)
550kr
CHIHUAHUA m/ísl tali
kl. 1.30 í Álfabakka og í Kringlunni
kl. 2 á Akureyri

Nýtt í Skífunni!

S·K·Í·F·A·N

Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifan.is

Coca-Cola zero zero 007

Fylgir með hverju eintaki*

2.499 kr

*Meðan birgðir endast

DVD

TÓNLIST



ATH: Titlarnir hér að ofan eru ekki á 2fyrir2200 tilboði

ATH: Á ekki við um nýja titla en það eru hundruðir titla í boði.

2 fyrir 2200

Þú kaupir tvær plötur **merktar 2 fyrir 2200** og borgar aðeins **2200 kr.**

> Verður helgin „Haukahelgi“?

Stuðningsmenn Hauka gætu lent í því að fagna alla helgina. Klukkan 16.00 í dag tekur kvennalið Hauka í handbolta á móti FH og með sigri verða Haukastúlkur deildarmeistarar og fá bikarinn. Karlalið Hauka tekur síðan á móti HK á sama tíma á sunnudag og getur með sigri einnig orðið deildarmeistari. Önnur bikarafhending yrði þá. Á sunnudagskvöldið eru síðan Haukastelpurnar í körfunni að keppa við KR í Vesturbænum. Með sigri verða Haukastelpur Íslandsmeistarar. Það gæti því orðið glatt á hjalla hjá Haukafólki þessa helgina.

sport

sport@frettabladid.is

HLYNUR BÆRINGSSON: SPILAR GEGN GRINDAVÍK Í DAG ÞÓ SVO AÐ HANN SÉ AUMUR, MARINN OG BLÁR

Hlynur hóstaði blóði allt kvöldið eftir fallið

„Ég get nú ekki neitað því að ég var örlítið áhyggjufullur um kvöldið. Ég byrjaði nefnilega að hósta blóði fljótlega eftir leik og það stóð yfir fram eftir kvöldi,“ sagði Hlynur Bæringsson, leikmaður og þjálfari Snæfells, við Fréttablaðið. Það fór um áhorfendur í Fjárhúsinu á miðvikudag þegar Hlynur lenti illa á öxlinni undir lok leiksins. Óttuðust menn það versta enda fallið skelfilegt.

„Bróðir minn er læknir og hann sagði mér að ég gæti verið slakur ef ég myndi hætta að hósta blóðinu. Ef ekki yrði ég að fara á spítala sem ég er nú ekkert sérstaklega hrifinn af. Sem betur fer hætti blóðið að koma upp úr mér áður en ég fór að sofa,“ sagði Hlynur sem neitar því ekki að hafa verið aumur síðustu daga.

„Ég hef oft verið betri og í raun ekkert spes. Ég er bara aumur í allri síðunni og mjóbakinu. Það er samt ekkert brotið eða slitið. Ég hef engar áhyggjur af þessu. Þegar ég verð búinn að hita vel og adrenalínið fer að flæða mun ég ekki finna fyrir þessu,“ sagði Hlynur sem hafði ekki enn horft á atvikið þegar Fréttablaðið talaði við hann í gær. „Ég man bara eftir að ég hoppaði upp í frákastið og svo fann ég að lappirnar voru ekki að fara rétta leið. Ég vissi því að ég myndi fá skell. Það er ekki gott þegar lappirnar fara á flug og ágæt regla að hafa lappirnar undir sér þegar maður hoppar upp,“ sagði Hlynur léttur.

Snæfell mætir til Grindavíkur í dag án Slobodans Subasic sem var rekinn frá félaginu. Að sögn Hlyns var Subasic einstaklega neikvæður og leikmenn liðsins orðnir ansi pirraðir á honum.

„Við erum alls ekki að kasta inn hvíta handklæðinu og gefast upp með þessu eins og eflaust einhverjir halda. Þvert á móti teljum við okkur vera sterkari án hans en með honum. Hann var orðinn baggi á okkur,“ sagði Hlynur.

„Vonandi fer þessi breyting vel í mannskapinn og menn mæti með gleðina og baráttuna að vopni til Grindavíkur. Þetta leggst vel í mig og ég held að við vinnum,“ sagði Hlynur sannfærandi.

Undankeppni Hm 2010:

Vængbrotnir Skotar mæta Hollendingum

FÓTBOLTI Einn leikur er í riðli Íslands í undankeppni HM 2010 í dag. Hollendingar mæta þá Skotum á heimavelli en Ísland mætir svo Skotum í Glasgow á miðvikudaginn í næstu viku. Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari og Pétur Pétursson, aðstoðarmaður hans, eru staddir í Amsterdam til að horfa á leikinn.

Skotar eru í bullandi vandræðum því margir leikmanna hafa annaðhvort þurft að draga sig úr hópnum vegna meiðsla eða voru þegar búnir að boða forföll. Meðal þeirra má nefna Alan Hutton, Stephen McManus, David Weir, Kirk Broadfoot, Paul Hartley, Barry Robson og James McFadden.

Þá er Kris Boyd í fýlu út í George Burley landsliðsþjálfara og gefur ekki kost á sér.
Bert van Marwijk, þjálfari Hollands, hefur þó úr fríðum hópi leikmanna að velja og gæti þess vegna stillt upp þeim Dirk Kuyt, Klaas Jan Huntelaar og Robin van Persie upp í fremstu víglínu. Síðast þegar Skotar spiluðu í Hollandi, árið 2003, töpuðu þeir 6-0 og vilja þeir sjálfsagt ekki upplifa þá raun aftur. **- esá**

Birgir Leifur Hafþórsson:

Enn á góðu skriði

GOLF Birgir Leifur Hafþórsson lék á einu höggi yfir pari á öðrum keppnisdegi opna Andalúsíumótsins á Sevilla á Spáni í gær en mótið er hluti af Evrópumótaröðinni í golfi. Hann er samtals á tveimur höggum undir pari og komst auðveldlega í gegnum niðurskurðinn.
Hann hóf leik snemma í gærmorgun og var meðal fyrstu manna til að klára. Hann byrjaði á tíundu holu og fékk par á fyrstu sex holunum. Birgir Leifur var svo á ágætu skriði þar til á síðustu þremur holunum er hann fékk tvo skolla. Alls fékk hann fjóra slíka í gær og þrjú pör. Birgir Leifur púttaði ágætlega í gær. Hann þurfti eitt pútt á níu holum en þrípúttaði tvívegis, rétt eins og á fyrsta keppnisdeginum. Hann hefur ekki enn fengið skramba á mótinu en náði sér í örn á níundu holu á fyrsta keppnisdeginum.

- esá

BIRGIR LEIFUR Keppir áfram í Andalúsíu á Spáni um helgina.
NORDIC PHOTOS / GETTY IMAGES

ÞANNIG ER Í POTTINN BÚIÐ!

Nú er Lottópotturinn fjórfaldur og stefnir fyrsti vinningur í **24 milljónir.**
Veðjaðu á vinning og vertu með.

Lottó

FARÐU Á NÆSTA SÖLUSTAÐ EÐA Á WWW.LOTTO.IS OG FÁÐU ÞÉR MIÐA

Jafnar Arnar Freyr Jónsson met í úrslitakeppni karla?

Tíu sigurleikir í röð

SIGURSÆLL Arnar Freyr Jónsson. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

KÖRFUBOLTI Arnar Freyr Jónsson komst í fámennan hóp á miðvikudaginn þegar hann var í sigurliði Grindavíkur í Stykkishólmi. Hann varð þá aðeins níundi leikmaðurinn í sögu úrslitakeppni úrvalsdeildar karla sem nær því að spila tíu sigurleiki í röð.

Arnar Freyr varð Íslandsmeistari með Keflavík í fyrra þegar liðið lenti 0-2 undir í undanúrslitaeinvígi á móti ÍR en vann síðan sex síðustu leiki sína og tryggði sér titilinn. Arnar Freyr skipti síðan yfir í Grindavík fyrir þetta tímabil og hefur liðið unnið fjóra fyrstu leikina sína í úrslitakeppninni í ár.

Njarðvík setti met með því að vinna 11 leiki í röð í úrslitakeppninni á árunum 1985 til 1988. Fimm leikmenn Njarðvíkur tóku þátt í öllum ellefu leikjunum og tveir til viðbótar misstu aðeins úr einn leik. - óój

PARKETLAGNIR - PARKETSLÍPUN
veldu fagmenn til verksins
www.fip.is
FÍP FÉLAG ÍSLENSKRA PARKETMANNA
félag íslenskra parketmanna
tryggir viðskiptavinum faglega og góða þjónustu

Verð kr. 265.000.-
Rainbow
Bjóðum nokkrar Rainbow á 186,000
Eða gömul Rainbow upp í nýja tilboð 155,000
Hrein fjárfesting ehf
Dalbraut 3 105 reykjavík • rainbow@rainbow.is
Sími verslun 567 7773 . kvöld og helgar 893 6337

Meisturunum sópað í frí í maraþonleik aldarinnar

Einhver ótrúlegasti körfuboltaleikur síðari tíma fór fram í Vesturbænum í gær. Þá vann KR lið Keflavíkur, 129-124, í leik sem þurfti að framlengja fjórum sinnum. KR er því komið í úrslitaleikina þar sem það mætir Grindavík eða Snæfelli.

KÖRFUBOLTI Það lak svitinn af áhorfendum þegar þeir gengu út úr DHL-höllinni seint í gærkvöld. Það bað enginn um endurgreiðslu eftir einhvern sögulegasta og lygilegasta körfuboltaleik sem spilaður hefur verið á Íslandi og eflaust víðar.

Skylmingakappar frá KR og Keflavík börðust á banaspjótum í hátt í þrjá klukkutíma. Eftir venjulegan leiktíma og fjórar framlengingar stóð uppi sigurvegari. Það var KR sem hafði betur í taugastríðinu endalausa og er þar með komið í úrslitaleikina í deildinni.

Rosa með 51 stig

Dramatíkin var rosaleg allan tímann. Jesse Rosa, sem skoraði 51 stig, tryggði Keflavík fyrstu framlenginguna með körfu þegar sekúnda var eftir. Helgi Már var næstum búinn að skora síðan í lokaskotinu. Sigurður Þorsteinsson tryggði Keflavík aðra framlengingu þegar 11 sekúndubrot voru eftir af þeirri fyrstu. Þvílík dramatík sagði fólk en það var nóg eftir af spennu og fjöri.

KR var þrem stigum undir þegar 6 sekúndur voru eftir af framlengingu tvö. Þá skoraði Jón Arnór Stefánsson einhverja rosalegustu þriggja stiga körfu sem sést hefur um leið og leiktíminn rann út. Fólkið í húsinu trúði vart sínum eigin augum og gárungarnir héldu því fram að á þeim tímapunkti hefðu sprengitöflur gengið manna í millum í stúkunni.

Það var engin dramatík í lok þriðju framlengingar. Í þeirri fjórðu reyndist þrek KR meira og taugarnar sterkari. Keflvíkingar hafa þó ekkert til að skammast sín fyrir þó svo þeim hafi verið sópað úr mótinu. Þeir börðust af kjarki í gær og geta gengið upprétt-ir eftir ótrúlegan slag gegn einhverja besta liði sem hefur spilað á Íslandi.

„Þetta var bara geðveiki. Ég meina fjórar framlengingar. Maður hefur aldrei lent í öðru eins. Ég hef heyrt af svona leikjum en átti ekki beint von á því að lenda í einum," sagði Jakob Örn Sigurðarson, leikmaður KR, brosmildur, sveittur og þreyttur eftir leik.

Lappirnar löngu farnar

„Þetta tók gríðarlega á líkamann. Lappirnar voru löngu farnar og maður gekk bara á þrjóskunni og viljanum. Það var svo fáranlega ljúft að vinna svona leik. Ég efa að það gerist sætara," sagði Jakob sem skoraði 31 stig.

Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflvíkinga, hafði ekki einu sinni hugmynd um hversu margar framlengingarnar hefðu verið þegar Fréttablaðið hitti hann eftir leik.

„Ég var löngu hættur að telja. Þetta er þess utan líklega mest svekkjandi tap sem ég hef lent í á mínum ferli," sagði Sigurður brúnaþungur og útúrtaugaður líkt og aðrir í húsinu. „Það voru bæði lið algjörlega búin á því og það segir ekkert þegar lið tapar eftir fjórar framlengingar."

Sigurður var engu að síður afar ósáttur við að tapa öllum leikjunum gegn KR. „Það á ekki að gerast og ég er mjög ósáttur við það. Við leggjum samt ekki árar í bát og ætlum að byggja áfram upp lið í Keflavík," sagði Sigurður sem verður áfram þjálfari liðsins.

henry@frettabladid.is

